  - a. Fleytibúnaði til þess að ná upp olíu sem flýtur á sjó.
  - b. Flotgirðingum til að hefða útbreiðslu olíu sem flýtur á sjó.
  - c. Svokölluðum dreifiefnum sem eru sérstaklega gerð til að sundra olúfleck sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.5 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43 svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eigu björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða,

- reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngum og tengi-stykkjum fyrir þær og öðrum sérþúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) og snjóbifreiða sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparveita og rauðakrossdeilda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radiótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhæfðum tækjum, þ.e. hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi, svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem flutt er inn af aðiljum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar hér á landi í atvinnuskyni. Heimildin tekur einnig til búnaðar (Decoder) sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpsendingu slíkra leyfðra útvarpsstöðva. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.10 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.14 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússímum fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af neyðar- og kallkerfum sem sett verða upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði til björgunarsveita:
- Línubýssum, merkjabýssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháska.
  - Útanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
  - Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.
  - Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
  - Sérhönnuðum björgunarbátum.
- Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.



- 3.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.18 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af skíðalyftum.
- 3.19 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum til notkunar í kirkjum.
- 3.20 Að undanþiggja sölugjaldi sölu Listasafns Íslands á 30 glermyndum eftir Leif Breiðfjörð.
- 3.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt. Enn fremur að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af byggingarefni og sölugjald af jarðvinnu vegna framkvæmda við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt. Ofangreind heimild nær ekki til bifreiða og gaffallyftara. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
- 3.22 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum og vélum til byggingar hveitimyllu á vegum Fóðurbliðndunnar hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.23 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.24 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðfærum, svo og hlutum til þeirra, í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.25 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem verða tollafgreidd á árinu 1987. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 3.27 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.
- 3.28 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af steindum gluggum sem setja á upp í Tjarnarkirkju í Svarfaðardal.
- 3.29 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af línuhraðli sem keyptur verður vegna K-byggingar á landspítalalóð.
- 3.30 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjótroðara sem keyptur hefur verið fyrir svonefnt Bláfjallasvæði svo og snjótroðara sem keyptur verður vegna skíðasvæðisins í Skálafelli.
- 3.31 Að endurgreiða björgunarsveitinni Víkverjum aðflutningsgjöld og sölugjald af vatna-bifreið sem hún hefur keypt til nota við björgunarstörf.
- 3.32 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borverkum og aðföngum til orkurannsóknaborana til vinnslu jarðvarma. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
- 3.33 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhæfðum hjarta- og gjörgæslubúnaði fyrir Borgarspítalann.

#### *Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds*

- 4.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.
- 4.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánnum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa og endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.
- 4.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

#### *Ráðstöfun eigna*

- 5.1 Að selja húseignina Brautarholt 6, Reykjavík.
- 5.2 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
- 5.3 Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.
- 5.4 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.
- 5.5 Að selja íbúð á 1. hæð að Hörðuvöllum 6 og húseignina Hrúsholt 8, Selfossi.
- 5.6 Að selja fasteignina Suðurgötu 8, Hafnarfirði.
- 5.7 Að selja húseignina Lagarás 4, Egilsstöðum.
- 5.8 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.
- 5.9 Að selja húseignina Ægisbraut 7, Búðardal.
- 5.10 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.
- 5.11 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.
- 5.12 Að selja Andakílsárvirkjun u. þ. b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.
- 5.13 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Nordurgötu 2b á Akureyri.
- 5.14 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.
- 5.15 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.
- 5.16 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
- 5.17 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.
- 5.18 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
- 5.19 Að selja íbúðarhús í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.
- 5.20 Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitapjónustu.
- 5.21 Að selja Umferðarmiðstöðina að Vatnsmýrarvegi 10 í Reykjavík.
- 5.22 Að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 í Reykjavík og jarðhús í Ártúnsbrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík og leggja andvirðið í sjóð er stofnaður var með 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985.
- 5.23 Að selja eignarhlut Kristnesspítala í fasteigninni Geislagötu 12, Akureyri.

#### *Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.*

- 6.1 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Vatnshömrumstrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.2 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Skútustaðahreppi og taka til þess nauðsynleg lán.

- 6.3 Að kaupa eignir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.4 Að kaupa 5. hæð hússins Laugavegur 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.5 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.6 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
- 6.7 Að kaupa fasteignina Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.
- 6.8 Að kaupa húsnæði til að nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
- 6.9 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.10 Að kaupa húsnæði að A-götu 6 á Hvanneyri og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.11 Að kaupa húsnæði að Bildshöfða 16 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.12 Að kaupa húseignina Laugarholt 3a á Húsavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.13 Að kaupa húseign Verslunarskóla Íslands að Þingholtsstræti 37 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.14 Að kaupa hluta fasteignarinnar Glæsibæjar við Álfheima 74 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 6.15 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.
- 6.16 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík (98 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði).
  
- 7.1 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.
- 7.2 Að hafa makaskipti á 180 m<sup>2</sup> skemmu Vegagerðar ríkisins á Þórhöfn á Langanesi og 100 m<sup>2</sup> skemmu Kaupfélags Langnesinga ásamt tilheyrandi lóðum.
- 8.1 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.
- 8.2 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi kjörum að mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.
- 8.3 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.

#### *Ýmsar heimildir*

- 9.1 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd útgjöld til að bæta fjarskipti ef til fækkunar loftskammtanna á stórum togurum kemur.
- 9.2 Að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna.
- 9.3 Að semja um, bæta tjón og greiða kostnað að hluta með Framleiðnisjóði landbúnaðarins vegna sauðfjársjúkdóma.
- 9.4 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.
- 9.5 Að fella niður allt að 10 m. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
- 9.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs lán sem tekin kunna að verða til kaupa á dýpkunarskipi, enda liggi fyrir áætlanir samgönguráðuneytisins um líkleg verkefni fyrir slík skip, svo og áætlanir um rekstur þess.
- 9.7 Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál þjóðgarðsvarðar.
- 9.8 Að semja við Akraneskaupstað um byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

## 1 Inngangur

Fjárlagafrumvarp það, sem nú er lagt fram, einkennist um margt af almennu efnahagsástandi í landinu. Það mikilvægasta við niðurstöður þessa frumvarps er að þær samræmast því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári. Þá er gengið út frá að önnur útgjöld þjóðarbúsins fari ekki fram úr því sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Ríkisfjármálin verða því áfram veigamikill þáttur í að koma á og viðhalda efnahagslegu jafnvægi í landinu þó að hvorki sé í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni heildarskattheimtu né niðurskurði á framlögum til velferðar- og menntamála.

Í byrjun þessa árs voru gerðir samningar um kaup og kjör launafólks þar sem kauphækkunum var stillt í hóf, útflutningsatvinnuvegunum tryggð viss gengisfesta og ákveðið var að ríkisfjármálum skyldi beitt til þess að halda niðri verðlagshækkunum innanlands.

Um langt árabíl hefur þjóðin ekki búið við jafn litla verðbólgu og á þessu ári, atvinna hefur verið næg og afkoma útflutningsgreinanna verið góð. Afkoma ríkissjóðs hefur ráðist af því að ákveðið var, til lausnar á kjaradeilu í ársbyrjun, að ríkissjóður drægi verulega úr skattheimtu og yki niðurgreiðslur á vöruverði.

Horfur eru nú á að afkoma ríkissjóðs 1986 verði nokkru lakari en að var stefnt við endurskoðun á ríkisfjármálunum í febrúar 1986 í kjölfar kjarasamninganna. Þá var reiknað með að halli á ríkissjóði næmi um 1,5 milljarði króna. Launahækkanir opinberra starfsmanna á árinu og ýmsar launatengdar bótagreiðslur valda því að nú eru horfur á að halli á ríkissjóði verði um 2,2 milljarðar króna sem jafngildir um 1,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1986. Leitað hefur verið til Seðlabanka um að fjármagna þennan viðbótarhalla til áramóta. Jafnframt er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 leitað heimildar til langtímalántöku í þessu skyni. Af þessum aðstæðum mótast stefna og horfur í ríkisfjármálum á árinu 1987.

Á árinu 1987 er áformað að halda áfram á þeirri braut að draga úr erlendum lántökum opinberra aðila. Rekstarhalli á ríkissjóði, um tæpan 1,6 milljarð króna, veldur því að leitað verður allra ráða til innlendrar fjármögnunar. Í öðru lagi er með þessu frumvarpi stefnt að því að umsvif ríkisins verði svipuð og á þessu ári. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á skattheimtu ríkissjóðs. Dregið er úr tekjuskatti í samræmi við markaða stefnu þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag ríkissjóðs en til þess að koma í veg fyrir þensluáhrif vegna aukins halla á rekstri ríkissjóðs þykir óhjákvæmilegt að afla nokkurra tekna með gjaldi á innfluttar olíuvörur. Af sömu ástæðu standa ekki efni til annars en að framlengja ákvæði um svonefnt húsnæðisgjald sem er ein prósent af núverandi 25% söluskatti. Loks er að nefna að stefnt er að aðhaldi í útlánum fjárfestingarlánasjóða enda er bankakerfið nú mun betur undir það búið að fjármagna rekstur og fjárfestingu atvinnuveganna en verið hefur. Í samræmi við stöðu ríkissjóðs og afkomuhorfur atvinnuveganna þarf að marka stefnuna í peningamálum. Frumvarp til lánsfjárlaga er lagt fram jafnhliða þessu frumvarpi. Skoða þarf þessi tvö frumvörp sem eina heild þegar hugað er að stefnunni í opinberum fjármálum.

Fjárlagafrumvarpið er miðað við sömu forsendur og þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár að því er varðar þróun verðlags, launa og gengis. Svigrúm aðila vinnumarkaðarins til launaákvæðana á næsta ári ræðst af markmiðum þjóðhagsáætlunar um þjóðarútgjöld og lækun verðbólgu. Tekjur ríkissjóðs svo og launa- og rekstrarliðir í fjárlagafrumvarpinu er því sett fram á áætluðu verðlagi í árslok 1986. Almennir kjarasamningar í landinu gilda

velflestir til næstu áramóta. Við gerð kjarasamninga fyrir árið 1987 er ljóst að ekki verður svigrúm til aðgerða í opinberum fjármálum með sama hætti og var á þessu ári.

Það er markmið ríkisstjórnarinnar að jafna halla á ríkissjóði þannig að aðhaldsaðgerðir komi til áhrifa á nokkru tímabili. Fyrsta skrefið er stigið á árinu 1987 með því að lækka halla ríkissjóðs um sem nemur fjórðungi frá því sem spáð er að verði í ár. Þrátt fyrir þetta er lagt til í þessu frumvarpi að ýmsar stefnumarkandi ákvarðanir komi til framkvæmda á árinu 1987. Hjá því verður þó ekki komist að ýmsar þarfar framkvæmdir á vegum ríkisins og áform um ýmsar grundvallarbreytingar á fjármálum ríkisins verða að bíða.

Í frumvarpinu er lagt til að skref verði stigið í átt til lækkunar tekjuskatts af launatekjum. Miðað er við að ríkissjóður lækki tekjur sínar af þessum skatti um 300 m.kr. Útfærsla þessarar lækkunar mun koma fram í sérstöku frumvarpi í þingbyrjun. Í annan stað er samstada um það meðal stjórnarflokkanna að leggja á innfluttar olíuvörur gjald og er fjáröflun með þessum hætti áformuð 600 m.kr. Í þingbyrjun verður lagt fram frumvarp í þessum tilgangi. Til þessa hefur þjóðarþúfið hagnast á lækkun verðs á innfluttum olíuvörum sem nemur um 2 milljörðum króna. Ávinningurinn af þessari lækkun hefur til þessa allur komið fram í bættum fjárhag atvinnufyrirtækja og einstaklinga.

Á haustþingi munu lögð fram frumvörp til breytinga á ýmsum veigamiklum þáttum tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs. Unnið er að undirbúningi á upptöku virðisaukaskatts. Þá verður á næstunni lagt fram frumvarp til breyttra tollalaga og álagningar vörugjalds. Þetta eru málefni sem hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Loks er unnið að athugun á staðgreiðslukerfi skatta.

Í útgjaldaáætlun ríkisins hefur þeirri stefnu verið fylgt að beita aðhaldi, þó þannig að rekstrarfé til starfsemi stofnana sé miðað við raunverulegt umfang. Annað leiðir aðeins til aukinnar ásóknar í aukafjárveitingar þegar líða tekur á árið. Meðal annars af þessum sökum hafa einstök ráðuneyti átt meiri þátt en oft áður í undirbúningi frumvarpsins. Leitað var eftir samvinnu við ráðuneytin um samdrátt í útgjöldum og raunsæja áætlanagerð. Jafnhliða þessu felst einnig aukin ábyrgð á því að framkvæmd fjárlaga verði í samræmi við fjárframlög. Framlögum til framkvæmdaverkefna er stillt í hof. Í mörgum tilvikum er miðað við það að framkvæmdafjárhæðir séu óbreyttar í krónum talið frá árinu 1986. Í því felst raunlækkun útgjalda. Framlög til skólamannvirkja, hafnargerðar og sjúkrahúsa hækka nokkuð að raungildi frá því sem er í ár. Á sviði menningarmála er mikilvægust hækkun á framlagi til Kvikmyndasjóðs. Framlög til atvinnuvegasjóða og annarra fjárfestingarlánasjóða hafa farið lækkandi á liðnum árum. Ekki er gert ráð fyrir breytingu hér á.

Á árinu 1987 mun ríkissjóður þurfa að afla 4,8 milljarða króna lánsfjár og verður samið við Seðlabanka Íslands um skuldbreytingu á 960 m.kr. afborgunum af umsömdum lánnum á því ári. Stefnt er að því að afla með sölu spariskírteina 500 m.kr. umfram innlausn á eldri bréfum. Auk þess er gengið út frá að lánastofnanir kaupi verðbréf ríkissjóðs fyrir 1.650 m.kr en hér er farið inn á nýjar brautir í lánsfjáröflun á innlendum markaði.

Í greinargerð frumvarpsins felst sú nýjung að gerð er grein fyrir fjárhag ríkisfyrirtækja með fyllri hætti en áður. Í ríkisstjórninni hefur verið rætt um að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði sérstaklega fjallað um fjármál þessara fyrirtækja, fjárfestingu þeirra, rekstrarumsvif og verðlagningu á næsta ári. Þannig er ríkisstjórnin reiðubúin að leggja sitt af mörkum til þess að verðbreytingar á árinu 1987 verði innan viðunandi marka.

## 2 Fjárlagafrumvarp 1987, yfirlit

Athugasemdir með þessu frumvarpi eru nú settar fram með svipuðu sniði og gert var fyrir árið 1986, en þá voru gerðar ýmsar grundvallarbreytingar á gerð og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings.

Greinargerð frumvarpsins er í nokkrum aðalköflum. Á eftir inngangi er í 2. kafla gefið yfirlit um helstu þætti og stefnuatriði frumvarpsins. Þá eru 3. og 4. kaflar greinargerðarinnar um tekju- og gjaldahlíð frumvarpsins. Í 5. kafla er fjallað sérstaklega um fjárhag B-hluta fyrirtæka og sjóða. Í 6. kafla er lýst heildarskuldbindingum ríkissjóðs, formi lána og veittra ábyrgða. Í þessum kafla er byggt á grunni frá frumvarpi ársins 1986. 7. kaflar er um fjárfestingar- og lánsfjármál opinberra aðila og annarra. Að lokum er í 8. kafla gerð grein fyrir horfunum í ríkisfjármálum á næstu árum. Þá eru tvö fylgiskjöl, annað um kostnað og stöðu framkvæmda á sviði heilbrigðismála, hitt um veittar aukafjárveitingar frá ársbyrjun til loka september. Loks eru ýmis töfluyfirlit.

## 2.1 Verðforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1987 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis. Kjarasamningar flestra launþega eru lausir um næstkomandi áramót og þróun launa á árinu 1987 því óráðin. Af þessu leiðir að óvissa ríkir um þróun verðlags á því ári og því er frumvarpið sett fram á áætluðu verðlagi um næstkomandi áramót.

Við gerð kjarasamninga í ársbyrjun 1986 var stefnt að gengisfestu út árið. Bandaríkjadalur hefur farið lækkaði á erlendum gjaldeyrismörkuðum og gagnvart íslensku krónunni á árinu. Ýmsar aðrar myntir, sem vega þungt í innflutningi, hafa aftur á móti styrkst. Gengi dalsins hefur t.d. lækkað gagnvart íslensku krónunni um 3,5% frá ársbyrjun til septemberloka meðan gengi þýska marksins hefur hækkað um 15,7%, japanska yensins um 26,3% og svissneska frankans um 20,0%. Gengishreyfing helstu viðskiptamynta skiptir verulegu máli, ekki aðeins fyrir afkomu útflutningsgreina og fyrir almennt innflutningsverðlag í landinu, heldur einnig fyrir tekjur og gjöld ríkissjóðs. Hvorki er spáð fyrir um innbyrðishreyfingu erlendra mynta á árinu 1987 né um gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum en reiknað er með óbreyttu gengi frá því sem var í september 1986 til ársloka. Spár um verðbólgu á næsta ári í helstu viðskiptalöndum okkar fela í sér um 3% hækkun milli árana 1986 og 1987. Auk þess er í tekjuáætlun frumvarpsins reiknað með 1–2% aukningu á viðskiptaveltu.

Laun á innlendum markaði hafa hækkað meira en reiknað var með við gerð kjarasamninga. Lætur nærri að launahækkun allra starfsmanna í þjónustu ríkisins nemi um 25,5% frá upphafi til loka árs 1986 og um 30–32% milli árana 1985 og 1986. Hækkun þessi er breytileg eftir starfshópum. Launabreyting á almennum markaði liggur ekki eins ljóst fyrir. Talið er að kauptaxtar almennt hafi hækkað um 20–21% frá upphafi til loka árs. Við þetta bætist launaskrið þannig að heildarhækkun launa á almennum markaði gæti legið á bilinu 24–25% frá upphafi til loka árs eða svipað og hjá opinberum starfsmönnum. Óljóst er hver raunveruleg þróun þessara mála hefur orðið hjá einstökum starfsstéttum. Sérkjarasamningar við fjölmenna starfshópa á almennum markaði leiða til tekjuhækkunar hjá launþegum vegna vinnutímabreytinga, hagræðingar í rekstri fyrirtækja o.fl.

Innlent verðlag hefur hækkað mun minna en laun. Við gerð kjarasamninganna var við það miðað að verðbreyting frá upphafi til loka árs yrði um 8½%. Samkvæmt síðustu spám er talið að þessi breyting verði um 11% en í því felst um 21% verðhækkun að meðaltali á milli árana 1985 og 1986. Loks er við það miðað að vísitala byggingarkostnaðar hækki um 15% frá upphafi til loka árs 1986.

Á þessum forsendum er áætlun um tekjur og gjöld byggð en nánari grein er gerð fyrir einstökum verðlagsþáttum í almennum athugasemdum hér að neðan.

## 2.2 Afkomuhorfur ríkissjóðs 1986 og 1987, samanburður

Samhliða gerð kjarasamninga í febrúar s.l. voru ákveðnar ýmsar aðgerðir sem áhrif hafa á fjárhag ríkissjóðs, sbr. lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og

lánsfjármálum 1986. Í lögnum var fjármálaráðherra m.a. heimilað að lækka ríkisútgjöld um 860 m.kr. og tekjur ríkissjóðs um 2.510 m.kr. Auk þess hafa önnur ákvæði laganna áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Í tímans rás á árinu 1986 hafa að auki orðið tilteknar breytingar á fjárhagsáætlun ríkissjóðs. Fjárlög og endurskoðun fjárlaganna skal nú skoðuð í samhengi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1987.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs er nú talin verða lakari en áætlað var eftir gerð kjarasamninganna. Skýrist það bæði af því að útgjöld eru talin verða hærri en áður var áætlað og einnig hitt að tekjur hafa þróast með öðrum hætti en áætlað var. Í 3. kafla um tekjuhlið frumvarpsins og 4. kafla um gjaldahlið þess er fjallað nánar um einstaka liði. Hér er lögð áhersla á heildarniðurstöður.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins 1987 samanborið við fjárlög 1986 (afgreidd á Alþingi í des. 1985), endurskoðaða áætlun í mars 1986, sbr. lög nr. 3/1986, og nýja áætlun um afkomu ríkissjóðs út árið frá í september sem er hluti af gerð og undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1987. Sérstaklega skal tekið fram að til samanburðar við árið 1987 eru lagðar til grundvallar tekjur og gjöld og aðrar fjárheimildir skv. lögum nr. 3/1986 enda eru það fjárlögin eins og þau eru í framkvæmd:

	Fjárlög,		Endurskoðuð áætlun 1986 M.kr.	Frumvarp 1987 (4)	Breyting %	
	Fjárlög 1986 M.kr.	sbr. lög 3/1986 M.kr.			(4/2)	(4/3)
	(1)*	(2)	(3)			
1. Tekjur .....	37.854	35.344	37.000	40.001	13,2	8,1
2. Gjöld .....	37.691	36.830	39.177	41.584	12,9	6,1
<b>3. Jöfnuður .....</b>	<b>163</b>	<b>-1.486</b>	<b>-2.177</b>	<b>-1.583</b>		
4. Lánahreyfingar, ústreymi						
Afborganir, nettó .....	2.559	2.409	2.409	1.510		
Veitt lán .....	960	960	1.004	1.370		
Hluta- og stofnfjárframlög .....	100	100	100	80		
Viðskiptareikningar .....	1.150	1.150	1.150	300		
<b>5. Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs, brúttó .....</b>	<b>4.606</b>	<b>6.105</b>	<b>6.840</b>	<b>4.843</b>		
6. Lántökur:						
Innlend lán .....	2.100	3.575	3.575	3.150		
Erlend lán .....	2.550	2.550	2.594	1.700		
Yfirdráttur hjá Seðlabanka .....	—	—	671	—		
7. Greiðsluafkoma .....	44	20	0	7		

\*Allur samanburður við fjárlög 1986 miðast við fjárlögin eins og þau voru eftir aðgerðir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 3/1986. Dálkur 1 er því aðeins birtur til þess að sýna áhrif efnahagsaðgerðanna á fjárhag ríkissjóðs.

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld 1986 verði um 39.177 m.kr. en það eru 6,4% hærri niðurstaða en fjárlög, sbr. lög nr. 3/1986, gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið um 37.000 m.kr. en það er um 4,7% hærri fjárhæð en í fjárlögum eins og þau voru afgreidd með breytingum í febrúar 1986. Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs verður samkvæmt yfirlitinu 691 m.kr. verri en að var stefnt. Þetta á sér ýmsar skýringar sem nú skulu tilgreindar.

Tekjur hækka um tæpar 1.660 m.kr., þar af beinir skattar um 850 m.kr., en álagning og þar með innheimta beinna skatta á árinu er áætluð hærri en áður var talið. Skýrist þetta fyrst og fremst af meiri hækkun atvinnutekna milli árána 1984 og 1985 en reiknað var með. Að öðru leyti skýrist hækkun tekna ríkissjóðs aðallega af nokkru meiri tekjum af óbeinum sköttum. Verður þessi hækkun fyrst og fremst rakin til meiri veltu og viðskipta en áætlað hafði verið.

Á hinn bóginn skýrist verri afkoma ríkissjóðs af breytingu á gjaldahlið. Útgjöld eru alls talin hækka um tæpar 2.350 m.kr. Þyngst í þessari hækkun vegna hærri launagreiðslur vegna áhrifa sérkjarasamninga og niðurstöðu kjaradóms. Alls er talið að launaútgjöld aukist um 640 m.kr. umfram fjárlög. Þá hækka bætur lífeyristrygginga og útgjöld vegna sjúkratrygginga af sömu ástæðu um 500 m.kr. Á fyrri hluta árs var ákveðið að greiða niður áburðarverð til bænda og var það liður í því að draga úr verðhækkun á búvörum. Útgjöld vegna þessa nema 170 m.kr. Þá er að nefna að veitt var aukaframlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 258 m.kr. Útsala á kindakjöti í ágúst og september leiddi til 81 m.kr. aukaútgjalda. Þá eru ýmsar aðrar greiðslur taldar geta numið um 700 m.kr.

Litlar breytingar eru taldar verða á lánahreyfingum ríkissjóðs frá því sem áætlað var skv. lögum nr. 3/1986. Veitt lán hækka um 44 m.kr. og er það vegna þess að ríkissjóður annast lántökur erlendis og endurlánar nokkrum aðilum utan A- og B-hluta ríkissjóðs. Ekki var miðað við slík lánaumsvif í fyrri áætlun. Fjáröflun innanlands var áætluð alls 3.575 m.kr., þar af var ráðgert að afla 2.100 m.kr. með sölu spariskírteina, 850 m.kr. með verðbréfa-kaupum bankakerfisins og 625 m.kr. með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Innlausn spariskírteina var áætluð um 1.720 m.kr. og var því nettó fjáröflun með þessum hætti áætluð 380 m.kr. á árinu 1986. Þrátt fyrir lækkun vaxta innanlands og harða samkeppni um sparifé hefur sala spariskírteina numið 1.977 m.kr. í lok september og er það 576 m.kr. umfram innlausn á sama tímabili. Nú hefur sölu nýrra skírteina á innlendum markaði verið hætt um tíma og geta aðeins þeir sem eiga innleysanleg skírteini skipt á nýjum bréfum á móti. Þá hafa verðbréfa kaup lífeyrissjóða og bankakerfis haldist nokkurn veginn í takt við áætluð kaup þeirra á árinu. Að svo stöddu þykir því ekki ástæða til að endurskoða tölur fyrir innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1986.

Aformað er að leita til Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs, þ.e. 671 m.kr. Jafnframt er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir 1987 leitað heimildar til langtímalántöku í þessu skyni. Lánsfjármál ríkissjóðs 1986 og 1987 eru skýrð sérstaklega síðar í greinargerðinni.

Tekjur ársins 1987 eru alls taldar verða 40.001 m.kr. en það er hækkun um 8,1% frá því sem talið er að verði í ár. Tvö meiri háttar stefnuatriði felast í tekjuáætlun ársins 1987. Í fyrsta lagi er reiknað með lækkun á skatti af tekjum einstaklinga um 300 m.kr. Þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum. Í öðru lagi er samstaða meðal stjórnvalda um að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 600 m.kr. Þessi gjaldtaka er nauðsynleg til þess að styrkja fjárhag ríkissjóðs enda má benda á að allur hagur af lækkun olíuverðs á síðastliðnum mánuðum hefur komið í hlut fyrirtækja og heimila.

Gjöld ríkissjóðs 1987 eru alls talin verða 41.584 m.kr. en það er hækkun um 2.407 m.kr. eða um 6,1% hækkun frá endurskoðaðri áætlun í ár. Hækkun gjalda er því minni en hækkun tekna enda dregur úr rekstrarhalla ríkissjóðs.

Nokkra útgjaldaliði er sérstök ástæða til að nefna en jafnframt eru þeir skýrðir frekar í greinargerðinni hér á eftir.

Fyrst er til að taka að framlög ríkissjóðs til húsbýggingarsjóða eru alls 1.300 m.kr. en voru 1.600 m.kr. á árinu 1986. Er þetta í samræmi við markaða stefnu í þessu efni.

Í öðru lagi er að nefna að útgjöld til þýðingarmikilla framkvæmdaflokka svo sem hafnargerðar, skólabygginga og sjúkrahúsa hækka frá því sem er í ár, enda hafa þessir liðir verið lækkaðir umtalsvert á liðnum árum. Nú er svo komið að ekki þykir fært að ganga lengra á þeirri braut.

Í þriðja lagi er að nefna að vaxtagjöld og afborganir af lánum taka aukið vægi í fjármálum ríkisins. Þannig er talið að vextir og afborganir nemi alls 7.945 m.kr. 1986 eða um 21,5% af heildartekjum ríkissjóðs það ár. Í frumvarpinu er sambærilegt hlutfall 16,9%. Hlutfallsleg lækkun 1987 kemur einkum til af frestun afborgana í Seðlabankanum og



skuldbreytingum lána erlendis á þessu ári. Þá hefur lækkun vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum komið ríkissjóði vissulega til góða en á móti vegur að raunvextir á innlendum markaði eru þrútt fyrir allt háir og tiltölulega stuttur lánstími. Í 7. kafla er gerð grein fyrir horfum í vaxta- og afborgunarmálum ríkissjóðs.

Í fjórða og síðasta lagi er þess að geta að skil ríkissjóðs á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru lækkuð sérstaklega um 130 m.kr. til viðbótar 177 m.kr. skerðingu lögbundinna skila, en sambærileg skerðing hefur gilt um tveggja ára skeið. Viðbótarlækkun þessi er til bráðabirgða og mun standa þar til stjórnvöld og samtök sveitarfélaga hafa tekið ákvörðun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú eru starfandi nefndir sem um þetta fjalla og er þess vænst að þær skili álit á næstu vikum þannig að fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 verði ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Ein leið er að sýna tekjur, gjöld og lántökur sem hlutfall af landsframleiðslu. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður A-hluta ríkissjóðs sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 %	Endurskoðuð áætlun 1986 %	Frumvarp 1987 %
Tekjur .....	25,1	25,9	25,9
Gjöld .....	26,2	27,4	27,0
Rekstrarhalli .....	-1,1	-1,5	-1,1
Lánsfjárbörf, brúttó .....	4,3	4,8	3,1*
Lánsfjárþröf, nettó .....	1,3	1,8	1,0

\* Væri endurgreiðsla til Seðlabanka 960 m.kr meðtalin næmi hlutfallið 4%

Annar kostur er sá að skoða áhrif opinberra fjármála með því að skipta þeim eftir hagrænu eðli eins og gert er í uppgjöri þjóðhagsreikninga. Greinarmunur er þá gerður á því hvort til útgjalda er stofnað vegna eiginlegs rekstrar á stofnunum og starfsemi ríkisins eða hvort fé er veitt til annarra aðila í hagkerfinu, t.d. atvinnuvega, samtaka eða einstaklinga, til endanlegrar ráðstöfunar. Í því frumvarpi, sem hér er kynnt, er nokkrum vandkvæðum bundið að gera samanburð sem þennan vegna ýmiss konar formbreytinga. Í frumvarpi fyrir árið 1987 eru t.d. útgjöld þorra sjúkrahúsa í landinu færð sem laun, rekstrargjöld o.s.frv. og flokkast því sem samneysla. Á árinu 1986 eru þessi útgjöld aftur á móti talin sem tilfærslur. Í yfirlitinu hér á eftir hafa skilgreiningar verið samræmdar auk þess sem breytingartölurnar taka til ríkissjóðs og annarra opinberra aðila í víðara samhengi en einungis A-hluta ríkissjóðs:

Ár	Fjárfesting hins			Fjárfesting alls	Verg lands- framleiðsla
	Samneysla <sup>1)</sup>	opinbera <sup>2)</sup>	Einkaneysla		
1980*	4,0	18,2	3,5	9,5	5,5
1981*	7,2	1,0	4,7	1,0	2,6
1982*	5,5	-0,5	1,4	-0,5	-0,3
1983*	5,5	-12,3	-8,3	-12,3	-5,0
1984*	0,1	7,8	3,0	7,8	3,4
1985*	4,5	0,0	5,0	0,0	3,1
1986, áætlun	3,0	-8,8	5,0	0,0	5,0
1987, þjóðhagsáætlun	1,7	6,0	1,5	2,2	2,2

1) Til samneyslu teljast launagreiðslur, rekstrarfé og viðhaldsgjöld ríkis og sveitarfélaga.

2) Það er fjárfesting ríkissjóðs, opinberra fyrirtækja og sveitarfélaga.

\* Skv. þjóðhagsuppgjöri Þjóðhagsstofnunar.

### 2.3 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sínd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborgarnir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

*Afborganir, nettó.* Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 3.335 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 1.000 m.kr. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu en í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara, sem útistandandi bréf bera, er innlausn spariskírteina áætluð. Afborganir ríkissjóðs af erlendum og gengisbundnum lánum nema alls 1.420 m.kr. og er það um 43% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Aborganir af lánum innanlands nema þannig 1.915 m.kr. Loks er þess að geta að leitað mun til Seðlabankans um skuldbreytingu á afborgunum af skuldabréfaskuldum í bankanum, alls að fjárhæð 960 m.kr.

Innheimtar afborganir nema alls 1.825 m.kr. Þær eru lægri, sem nemur um 300 m.kr. en annars væri, vegna ákvörðunar um að ríkissjóður yfirtaki hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þetta er gert í framhaldi af ákvörðun um niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku, sbr. lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl.

*Veitt lán.* Til veittra lána teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru til flugstöðvarbyggingar í Keflavík 520 m.kr., Lánasjóðs íslenskra námsmanna 750 m.kr. og Rafmagnsveitna ríkisins 100 m.kr. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar í 6. kafla og athugasemdum með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

*Hluta- og stofnfjárframlög.* Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 80 m.kr. á árinu 1987. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta sjötta greiðsla af tólf.
2. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur 27,4 m.kr. Hér er um að ræða lokagreiðslu af 75 m.kr. heildarframlagi til þróunaraðstoðar sem aðildarríki Alþjóðabankans ákváðu.
3. Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjäreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—86 hafa árlega verið greiddar 11,9 m.kr. Lokagreiðsla, 11,9 m.kr., fer fram á árinu 1987 og er greiðslum vegna þessa þar með lokið.
4. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að, alls 33 m.kr.

*Viðskiptareikningar.* Á undanförunum árum hafa breytingar á ýmsum skammtímakröfum ríkissjóðs numið hærri fjárhæðum en þær kröfur sem á ríkissjóði standa. Ávallt er um nokkurt útstreymi á viðskiptareikningum að ræða, svo sem skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda, innheimtukröfur o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi úr ríkissjóði sem þarf að fjármagna. Áætlað nettóútstreymi af þessum reikningum nemur alls 300 m.kr.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 4.850 m.kr., þar af verða 1.370 m.kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlaga. Með þessum heildarlántökum næst greiðslujöfnuður á ríkissjóði. Í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði er ráðstöfun lánsfjárins skýrð. Taka ber fram að lánsfjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna telst ekki til lánsfjármála ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem

lánastofnanir enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðunum ekki um ríkissjóð heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja.

Heildarlántökur innanlands nema þannig 3.150 m.kr. samanborið við 3.575 m.kr. á árinu 1986. Á árinu 1986 er sala spariskírteina ríkissjóðs alls talin 2.100 m.kr. en einungis 1.500 m.kr. 1987. Á hitt ber einnig að líta að í ár er talið að bankakerfið kaupi skuldabréf ríkissjóðs fyrir 850 m.kr. en á árinu 1987 verði innlánsstofnunum boðnar til kaups 1.650 m.kr. í verðbréfum ríkissjóðs til skemmri eða lengri tíma. Loks er ekki gert ráð fyrir skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af ríkissjóði á árinu 1987 en áformuð kaup í ár verða 625 m.kr. Til fyllri skýringa um lánamálin í heild vísast til 6. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun í heild.

#### 2.4 Lagabreytingar

Með sama hætti og í frumvarpi fyrir árið 1986 er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar og heimildir til innlendirar og erlendirar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánnum ríkissjóðs og fleiri aðila.

##### *Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins*

**Lög um tekju- og eignarskatt.** Á því er byggt í frumvarpinu að lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt þannig að innheimtur tekjuskattur lækki um 300 m.kr.

**Sérstakur barnabótaauki.** Lög nr. 112/1985, um sérstakan barnabótaauka, verði framlengd.

**Húsnæðisgjald.** Ákvæði 1. gr. laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, verði framlengd.

**Lög um almannatryggingar.** Ákvæði laga um álagningu sjúkratryggingagjalds verði framlengd, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, lög nr. 95/1975 og lög nr. 105/1985.

**Lög um tollskrá o.fl. nr. 120/1976.** Ákvæði laganna um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta verði framlengd.

**Lög um vörugjald.** Lög nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, verði framlengd a.m.k um eitt ár.

**Orkugjald.** Sett verði lög sem kveði á um sérstakt gjald sem verði lagt á bensín og olíuvörur. Áætlað er að afla um 600 m.kr. tekna með þessu á árinu 1987.

##### *Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins*

**Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 22,2 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989.

**Bjargráðasjóður.** Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 4,7 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna vaxta og afborgana af lánum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

**Framkvæmdasjóður fatlaðra.** Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs að viðbættum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 100 m.kr. á árinu 1987. Ógreiddar markaðar tekjur frá árinu 1985 falla jafnframt niður.

**Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.** Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar 1987 fremur en 1985 og 1986.

**Hafnabótasjóður.** Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 15 m.kr. á árinu 1987.

**Iðnlánasjóður.** Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, sbr. lög nr. 52/1986, verður framlag ríkissjóðs á árinu 1987 eigi hærri fjárhæð en 25 m.kr.

**Ferðamálaráð.** Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki herra en 15 m.kr. á árinu 1987.

**Kvikmyndasjóður.** Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 55 m.kr. á árinu 1987.

**Félagsheimiliasjóður.** Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 12 m.kr. á árinu 1987.

**Meningarsjóður.** Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 7,9 m.kr. á árinu 1987.

**Forfalla- og afleysingapjónusta í sveitum.** Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingapjónustu í sveitum, skulu framlögin falla niður.

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur.** Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1987 eigi nema hærri fjárhæð en 722,5 m.kr.

**Atvinnuleysistryggingasjóður.** Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema hærri fjárhæð á árinu 1987 en 428 m.kr.

**Ríkisútvarpið.** Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986 og 1987 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð.

## 2.5 Horfur í ríkisfjármálum 1987—1990

Fjármálaráðherra er skylt samkvæmt lögum að leggja fram með fjárlagafrumvarpi hvers árs áætlun um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára. Ákvæði 12. gr. laga nr. 84/1985 kveða svo á að í áætlun þessari skuli sýna meðal annars meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1986 var lögð fram allitarleg greinargerð um þetta efni og líkleg þróun tekna og útgjalda sýnd. Í annað sinn er nú leitast við að gefa yfirlit um líklegar horfur í ríkisfjármálum næstu ára, þó svo að fjölmargir veigamiklir liðir tekna og útgjalda ríkissjóðs séu verulega háðir efnahagsframvindu í landinu og stjórn málaákvörðunum hverju sinni. Áhersla hefur verið lögð á samræmi við þjóðhagshorfur til næstu ára sem Þjóðhagsstofnun leggur fram og er hluti af þjóðhagsáætlun. Tekjur eru metnar út frá þeim tekjustofnun sem ríkissjóður hefur yfir að ráða samkvæmt þessu frumvarpi, auk þess sem fylgt er stefnumörkun stjórnvalda í skattamálum. Útgjöld ríkissjóðs eru metin út frá þeim útgjaldaáformum sem uppi eru 1987, að teknu tilliti til lagaákvæða sem gagngert hafa áhrif til breytinga á næstu árum. Um útgjaldahorfur er m.a. tekið mið af fólksfjölgun að því er tekur til útgjalda í trygginga- og fræðslumálum og aukinnar framleiðni í opinberri starfsemi almennt. Þá er líkleg þróun vaxtagjalda og afborganir af lánnum hvort tveggja metið út frá líklegu vaxtastigi, áhvílandi skuldum og þeirri viðbót sem líklegt er að stofnað verði til, bæði vegna endurlána til verklegra framkvæmda og óhjákvæmilegs halla á rekstri ríkissjóðs.

Horfur í ríkisfjármálum á næstu árum eru eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, sbr. einnig 8. kafla hér síðar í greinargerðinni:

	Frumvarp M.kr. 1987	Hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu			
		1987	1988	1989	1990
Tekjur .....	40.001	25,9	25,9	25,6	25,5
Gjöld .....	41.584	27,0	26,7	26,5	26,4
Rekstrarafkoma .....	-1.583	-1,1	-0,8	-0,9	-0,9
Lánsfjárbörf, brúttó .....	4.843	3,1	3,3	3,7	4,3
Lánsfjárbörf, nettó .....	1.508	1,0	0,7	0,6	0,7

## 3 Tekjuhlíð

Áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 er sem fyrr gerð í Þjóðhagsstofnun. Miðað er við áætlaða afstöðu verðlags, kauplags og gengis í árslok 1986 og endurskoðaða áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs árið 1986. Á þessum forsendum er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 40 milljarðar króna samanborið við 37 milljarða í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986 eða 8,1% hækkun. Að frátöldum vaxtatekjum af langtímalánum hækka heildartekjur ríkissjóðs úr 35,3 í 38,6 milljarða króna milli árana 1986 og 1987 eða um 9,5%.

	1981	1982	1983	1984	1985	Endurskoðuð	
						áætlun 1986	Frumvarp 1987
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr. <sup>1)</sup> ...	5.995	9.577	15.144	20.771	27.110	35.268	38.632
Hækkun frá fyrra ári, % .....	62,9	59,7	58,1	37,2	30,5	30,1	9,5

1) Heildartekjur ríkissjóðs án vaxtatekna af langtímalánum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu tekjustofnum ríkissjóðs á þessu ári og horfum fyrir árið 1987. Rétt er að vekja athygli á því að í þessari umfjöllun er yfirleitt borið saman við endurskoðaða fjárlagaáætlun frá því í marsmánuði s.l., sbr. lög nr. 3/1986, en hún miðaðist við forsendur kjarasamninganna í ársbyrjun og efnahagsaðgerðir tengdar þeim. Þessi áætlun er edlilegri viðmiðun en fjárlögin sem afgreidd voru í desember í fyrra og byggðust á öðrum og hærri verðlags- og gengisforsendum.

**Eignarskattar.** Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1986 tæpum 550 m.kr. sem er 37,2% hækkun frá árinu áður. Þar af nam álagður eignarskattsauki rúmum 52 m.kr. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði heldur minna, eða um 35%, og er áætluð um 416 m.kr. á þessu ári. Þar af nemur álagður eignarskattsauki 87 m.kr. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, en með lögum nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu, var gjaldtaka eignarskattsaukans framlengd óbreytt til ársins 1989. Gert er ráð fyrir að innheimtur eignarskattur einstaklinga, að meðtöldum eignarskattsauka og eftirstöðvum fyrri ára, nemi 507 m.kr. á þessu ári miðað við heldur betri innheimtu í ár en í fyrra sem var óvenju slök. Innheimtur eignarskattur félaga er talinn verða 310 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1986.

Álagning eignarskatta á árinu 1987 er miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði milli árána 1986 og 1987 haldist óbreytt. Í því felst að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagninguna varða, verði ákveðnir í samræmi við það, m.a. með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Í ljósi þessa er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 6—7% á árinu 1987, miðað við verðlag í árslok 1986. Að meðtalinni innheimtu eftirstöðva hækkar innheimtan meira en álagning milli ára eða um rúmlega 11% hjá einstaklingum og 14½% hjá félögum. Innheimta eignarskatts einstaklinga er áætluð 564 m.kr. á árinu 1987 en innheimta eignarskatts félaga 355 m.kr. miðað við svipað innheimtuhlutfall og í ár. Athygli er vakin á því að álagningargrunnur eignarskatta á næsta ári gæti hins vegar hækkað um allt að 25% miðað við áætlaða hækkun byggingarvísitölu milli árána 1985 og 1986.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði 120 m.kr. eða óbreytt frá fjárlögum. Áætlunin fyrir árið 1987 er reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin og er reiknað með að innheimtan verði 145 m.kr. 1987 að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára.

Innheimta erfðafjárskatts fyrstu átta mánuði ársins 1986 bendir til þess að fjárlagaáætlunin, 45 m.kr., gangi eftir. Árið 1987 er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti geti orðið 48 m.kr. en um þennan tekjustofn ríkir alltaf mikil óvissa.

**Tekjuskattar.** Á fjárlögum fyrir árið 1986, sem samþykkt voru í desember 1985, var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, gætu numið 2.615 m.kr. Sú áætlun var reist á þeirri forsendu að tekjur einstaklinga hækkuðu um nálægt 36% á mann að meðaltali milli árána 1984 og 1985. Á grundvelli þessa var skattvísitala ársins ákveðin 136 stig (miðað við 100 1985). Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, var ákveðin sérstök lækkun á tekjuskatti einstaklinga til samræmis við breyttar tekjuforsendur í því skyni að auðvelda gerð nýrra kjarasamninga. Talið var að þessi ráðstöfun hefði í för með sér um það bil 150 m.kr. tekjutap, nettó, fyrir ríkissjóð á þessu ári.

Niðurstöður úrtaksathugunar Þjóðhagsstofnunar úr skattframtölum ársins 1986, sem lágu fyrir í aprilmánuði s.l., bentu til þess að tekjur einstaklinga hefðu hækkað talsvert meira á árinu 1985 en áður var talið eða um og yfir 40%. Endurskoðuð áætlun um beina skatta á þessum breyttu tekjuforsendum benti til 400 m.kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð á árinu 1986.

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

14

Tölur um frumálagningu ársins lágu fyrir um miðjan júlímánuð. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra var álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, 5.927 m.kr., eða 51,2% hærri en á árinu 1985. Hins vegar hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur aðeins um 32,1% milli árana 1985 og 1986 sem gerði það að verkum að álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, hækkaði um 64,6%.

Sérstök athygli skal vakin á lakari innheimtu tekjuskatts á síðasta ári en undanfarin ár, sem veldur því að óvenju mikið var útstandandi í ársbyrjun 1986 eða tæplega einn milljarður króna. Þessi inneign mun að öllum líkindum skila sér í aukinni innheimtu á þessu ári umfram fyrri áætlanir en innheimtuhlutfallið á þessu ári er þó óvísst, ekki síst vegna þyngrri skattbyrði á síðari helmingi ársins. Enn fremur kann innheimtustofninn að reynast rýrari en oft áður vegna þess að tekjur við frumálagningu 1986 hafa verið áætlaðar hjá óvenju mörgum einstaklingum. Slíkar áætlanir lækka alla jafna við kærur og endurúrskurði. Með fyrirvara um betri innheimtu í ár en í fyrra og að teknu tilliti til viðbótarinnheimtu eftirstöðva er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, nettó, verði 3.065 m.kr. á árinu 1986, eða 600 m.kr. umfram áætlun í mars.

Tekjuskattsálagning einstaklinga brúttó árið 1987 er miðuð við tekjustig í árslok 1986. Í því felst að brúttóálagning hækkar í samræmi við áætlaða hækkun tekna frá meðaltali til loka árs 1986 eða um 11½% að meðtalinni áætlaðri fjölgun framteljenda. Nettóálagning tekjuskatts hækkar þó mun minna, eða um 3%, þar sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka tekjuskatt einstaklinga um allt að 300 m.kr. á árinu 1987. Álagningargrunnur tekjuskatts hækkar þó mun meira, eða um og yfir 30% miðað við síðustu áætlanir um launabreytingar milli árana 1985 og 1986, en skattbyrðin ræðst sem endranær af ákvörðunum stjórnvalda um skattvísitölu, persónuafslátt og barnabætur. Samkvæmt þessu gæti innheimta ríkissjóðs á tekjuskatti einstaklinga, nettó, að meðtöldum eftirstöðvum orðið 3.390 m.kr. á árinu 1987 eða um 10½% hærri en á þessu ári. Þá er miðað við svipaða innheimtu á næsta ári og gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986. Þessi ráðstöfun kallar á lagabreytingu. Því er ekki að finna í frumvarpinu tillögu um skattvísitölu fyrir árið 1987.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1987 er reist á sömu tekjuforsendum og álagning tekjuskatts en einnig á óbreyttri skattbyrði frá árinu 1986 og svipaðri innheimtu. Innheimta gjaldsins ásamt eftirstöðvum gæti numið 305 m.kr. árið 1987, samanborið við 265 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1986. Hækkunin milli ára er rúmlega 15%.

Tekjur ríkissjóðs af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldra eru taldar verða um 99 m.kr. á þessu ári. Á næsta ári er áætlað að þessi skattur skili ríkissjóði um 115 m.kr. í innheimtum tekjum.

Tekjuskattur félaga hækkaði verulega í ár samanborið við árið 1985 eða um 57,5%. Þessa miklu hækkun má vafalaust rekja bæði til betri afkomu fyrirtækja á síðasta ári en árin á undan og hertrar skattheimtu og skatteftirlits, en einnig var álagningin óvenju lág í fyrra. Sem endranær ríkir óvissa um endanlegan tekjuskatt félaga á þessu ári en reynsla undangenginna ára sýnir að fyrstu álagningartölur lækka oft töluvert við meðferð eftir kærur og endurúrskurði. Áætlað er að nettóinnheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir frá fyrra ári, geti numið um 849 m.kr. árið 1986, eða 50% hærri en árið áður, miðað við svipað innheimtuhlutfall bæði árin. Bankaskatturinn, sem í raun var fyrirframgreiðsla innlánsstofnana á tekju- og eignarskatti, var felldur niður um síðustu áramót. Að svo stöddu er ekki ljóst hvernig fyrirframgreiðslu þeirra á beinum sköttum verður háttáð á næsta ári.

Áætluð tekjuskattsálagning félaga næsta ár byggir á forsendum um óbreytta skattbyrði frá árinu 1986 miðað við verðlag í árslok 1986. Gengið er út frá því að tekjur og gjöld hækki svipað, eða um nálægt 8%, sem er áætluð meðaltalshækkun almenns verðlags og

atvinnutekna frá ársmeðaltali þessa árs til ársloka. Miðað við svipaða innheimtu og á þessu ári gæti innheimtur tekjuskattur féлага orðið 1.040 m.kr. á árinu 1987, eða 22-% meiri en á árinu 1986. Þessi mikla hækkun stafar m.a. af því að á næsta ári kemur bankaskatturinn ekki lengur til frádráttar. Rétt er að ítreka óvissar innheimtutölur fyrir árið 1986 en á þeim hvílir áætlun um tekjuskatt féлага í fjárlagafrumvarpi 1987. Þar getur brugðið til beggja vona.

**Gjöld af innflutningi.** Á fjárlögum ársins 1986 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 3.540 m.kr. Í mars s.l. voru gerðar stórfelldar breytingar á tollskrárlögum en þær voru liður í aðgerðum stjórnvalda til að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Þessar breytingar fólu í sér umtalsverðan tekjumissi fyrir ríkissjóð. Mest munar um lækkun tolla á fólksbifreiðum úr 70% í 10% en einn þáttur í samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var að smásöluverð bifreiða skyldi lækka um að minnsta kosti 30% eða sem svaraði til 1½% lækkunar vísitölu framfærslukostnaðar í marsbyrjun. Í kjölfar þessarar lækkunar á bílverði jókst bifreiðainnflutningur mjög mikið. Fyrstu átta mánuði ársins voru fluttar inn tæplega 11 þúsund bifreiðar fyrir rúmlega 2 milljarða króna, samanborið við 4.700 bifreiðar sömu mánuði 1985. Þrátt fyrir þessa aukningu nema áætlaðar tolltekjur af bílainnflutningi fyrstu átta mánuði ársins 1986 aðeins 350—400 m.kr., en á sama tíma í fyrra voru þær 600 m.kr., enda var tollur af fólksbifreiðum þá 90% í stað 10% nú. Á móti kemur tekjuauki af innflutningsgjaldi.

Tollar á matvælum, hjólbörðum og heimilistækjum lækkuðu einnig talsvert. Þessu til viðbótar kemur síðan mikil lækkun bensínverðs á heimsmarkaði sem veldur lægri tolltekjum hjá ríkissjóði þar sem 50% tollur er lagður á innflutningsverð bensíns. Í áætlun, sem gerð var í ljósi fyrrgreindra tollskrárbreytinga og lækkandi olíuverðs í mars s.l., var talið að tekjur ríkissjóðs af almennum tollum yrðu 2.790 m.kr. á þessu ári. Með hliðsjón af innheimtu aðflutningsgjalda fyrstu átta mánuði ársins er nú reiknað með að tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni verði talvert meiri eða 2.830 m.kr. Þessar tölur verður að taka með fyrirvara vegna óvissu um endanleg áhrif tollabreytinganna. Þess má geta að hækkun tollhlutfalls, þ.e. hlutfallsins milli tolltekna og innflutningsverðmætis um eina prósentu, gæti lauslega áætlað, hækkað tekjur ríkissjóðs um allt að 400 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1986.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum nemi 2.785 m.kr. á árinu 1987, eða um 1½% minna en á þessu ári. Gert er ráð fyrir að bensínverð verði nálægt 10% lægra í árslok en að meðaltali á árinu. Enn fremur er reiknað með að innflutningur fólksbifreiða verði mun minni árið 1987 en í ár en á móti er talið að annar almennur innflutningur aukist lítillega. Nú eru uppi áform um að leggja fram frumvarp að nýjum tollskrárlögum sem gert hafði verið ráð fyrir að lagt yrði fram á síðast liðnu ári. Enn er ýmislegt óráðið um framkvæmd þessa og verður því að svo stöddu reiknað með óbreyttri skipan mála, enda við það miðað að nettóáhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs verði óveruleg.

Áhrifa meiri bílainnflutnings gætir einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bifreiðum. Við endurskoðun í mars voru tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 200 m.kr. á þessu ári en nú er gert ráð fyrir að þær verði um 260 m.kr. Þessi hækkun stafar annars vegar af auknum bifreiðainnflutningi á árinu og hins vegar af meiri verðlags- og gengisbreytingum en gert var ráð fyrir. Þá var gjaldinu breytt í tengslum við lækkun bifreiðatolla. Nú er það eingöngu lagt á fólksbifreiðar og er hærra af kraftmeiri og þyngri bifreiðum. Ólíklegt er að bílainnflutningur á næsta ári verði jafnmikill og í ár. Ekki er fjarri lagi að ætla að hann verði svipaður og á árunum 1981 og 1982 eða um 10 þúsund bílar. Miðað við svipað gjaldhlutfall og á þessu ári er áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða geti numið 200 m.kr. á árinu 1987.

Innflutningsgjald af bensíni hefur haldist óbreytt frá 1. október 1985, þ.e. 9.54 kr. á hvern lítra. Á fjárlögum 1986 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi gætu orðið 1.365 m.kr., að því gefnu að heimildarhækkunar yrðu nýttar. Í mars s.l. var sú áætlun



endurskoðuð þar sem sýnt þótti að aukinn innflutningur bifreiða og lægra bensínverð mundi leiða til meiri sölu á bensíni. Að því gefnu, að bensíngjaldið héldist óbreytt allt þetta ár, var reiknað með að tekjur yrðu 1.320 m.kr. Þessi áætlun hefur að mestu gengið eftir, þó að bensínsala aukist líklega heldur minna en reiknað var með. Tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi eru því taldar verða 1.310 m.kr. á árinu 1986. Miðað við að bensínsalan aukist um 2% á næsta ári og að gjaldið hækki um nálægt 6%, eða sem nemur áætlaðri hækkun byggingarvísitölu frá ársmeðaltali til ársloka 1986, má ætla að tekjur af bensíngjaldi geti orðið 1.410 m.kr.

Í heild eru tekjur af innflutningi áætlaðar 4.925 m.kr. á þessu ári, samanborið við 4.705 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fjárlaga frá því í mars s.l. Meginhluta þessarar hækkunar má rekja til meiri tekna ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum bifreiða en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun, auk viðbótartekna af fódurgjaldi og nýjum kartöfluskatti.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að heildartekjur af innflutningi verði 5.533 m.kr. eða rúmlega 600 m.kr. meiri en á þessu ári. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af sérstöku innflutningsgjaldi af olíu og bensíni sem áformað er að skili ríkissjóði 600 m.kr. á árinu 1987. Samkvæmt því yrðu innflutningsgjöld tæplega 14½% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987, að vaxtatekjum af langtímalánum undanskildum, eða hálfri prósentu hærri en á þessu ári. Árið 1985 var þetta hlutfall rúmlega 15½% en á tímabilinu 1981—1984 að meðaltali um 18%. Þessi lækkun hlutfallsins á vitaskuld rætur að rekja til tollalækkana á ýmsum vöruflokkum undangengin ár, ekki síst á bifreiðum.

**Söluskattur.** Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 14.500 m.kr. í fjárlögum þessa árs eftir endurskoðun í mars, þar af var hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 770 m.kr. Nú er hins vegar áætlað að söluskattstekjurnar verði 15.030 m.kr. árið 1986 eða rúmlega 3½% meiri en áður var gert ráð fyrir. Meginskýring þessarar hækkunar er að velta í landinu hefur aukist nokkru meira en reiknað hafði verið með en þá þróun má rekja til aukins kaupmáttar. Þessi auknu umsvif koma ekki síst fram í sölu nýrra fólksbifreiða og þeirra vöruflokka sem tollabreytingarnar snertu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti verði 16.250 m.kr. á verðlagi í árslok 1986. Þar af hefði hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga orðið 853 m.kr. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að lækka hlut hans sérstaklega í heildarsöluskattstekjum um 130 m.kr. á næsta ári, eða í 723 m.kr. Reiknað er með að velta aukist um 2—2½% á árinu 1987, meðal annars með hliðsjón af 2% aukningu þjóðarútgjalda, 3½% aukningu almenns vöruinnflutnings og að einkaneysla aukist um 1½%. Hér er við það miðað að söluskattur verði óbreyttur á næsta ári eða 25%. Í því felst að ákvæði 1. gr. laga nr. 48/1986, um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, verði framlengd. Að öðrum kosti lækkar áætluð innheimta söluskatts um ríflega 600 m.kr. á næsta ári frá því sem nú er reiknað með.

**Skattar af launagreiðslum.** Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða tekjur af launatengdum gjöldum 2.474 m.kr. á þessu ári eða um 9,8% lægri en í fjárlögum. Þessa lækkun má að mestu rekja til breytinga á lögum um launaskatt sem var liður í aðgerðunum í tengslum við gerð kjarasamninga á fyrstu mánuðum ársins. Þær fólust m.a. í því að ákveðið var að undanþiggja frá launaskatti fiskverkun og allar greinar iðnaðar sem veldur því að launaskattstofninn lækkar um allt að þriðjung. Meiri launabreytingar á þessu ári en reiknað hafði verið með hafa þó dregið úr áhrifum þessa að einhverju marki. Ekki þykir ástæða til að breyta áætlaðri innheimtu launatengdra gjalda, annarra en launaskatts, frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1986. Áætlað er að skattar af launagreiðslum skili tæplega 2.900 milljónum króna í ríkissjóð árið 1987 á verðlagi í árslok 1986. Þessi tala er þó mjög óviss.

**Rekstrarhagnaður ÁTVR.** Í endurskoðun fjárlaga fyrir árið 1986 í mars var áætlað að rekstrarhagnaður ÁTVR yrði 2.332 m.kr. á þessu ári. Sú áætlun virðist ætla að standast þó að samdráttar gæti í sölu tóbaks fyrstu sex mánuði ársins og sala áfengis hafi aukist óverulega á sama tímabili. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ÁTVR skili í ríkissjóð 2.550 m.kr. af hagnaði sínum eða um 9½% meira en í ár.

**Skattar af framleiðslu.** Skattar af framleiðslu eru taldir munu verða 2.048 m.kr. á þessu ári eða 70 m.kr. lægri en áætlun í mars gerði ráð fyrir. Hér er um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Þessa lækkun má að einhverju leyti rekja til tollabreytinganna í vor. Auk þess var reiknað með að vörugjald af innlendum brauðvörum skilaði ríkissjóði um 100 m.kr. tekjuauka. Framkvæmd gjaldtökunnar varð hins vegar ekki eins og ráðgert hafði verið og það hefur skert áætlaðar tekjur. Í áætlun fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að heildartekjur af þessum framleiðslugjöldum geti numið 2.180 m.kr. Þessi áætlun er þó gerð með fyrirvara um óbreytta álagningu vörugjalda á næsta ári en áformað er að taka upp nýtt vörugjald í tengslum við ný tollskrárlög og verða þá ákvæði um önnur eldri felld niður.

**Skattar af bifreiðum.** Í endurskoðaðri tekjuáætlun 1986 eru tekjur af bifreiðasköttum taldar verða 840 m.kr. eða lítið eitt lægri en reiknað var með í mars þrátt fyrir mikla aukningu bifreiðainnflutnings. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er áætlað að þessar tekjur verði 887 m.kr. eða rúmlega 5½% hærri en á þessu ári.

**Aðrir óbeinir skattar.** Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hefur verið getið, eru nú áætlaðir 1.834 m.kr. á árinu 1986, samanborið við 1.702 m.kr. í mars. Einn þáttur í fyrrnefndum aðgerðum stjórnvalda, sbr. lög nr.3/1986, var niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku en reiknað hafði verið með að það skilaði 440 m.kr. á þessu ári. Áætlað er að tekjur af öðrum óbeinum sköttum verði um 1.756 m.kr. á árinu 1987. Hér vega þyngst tekjur af stimpilgjaldi og af sölu á erlendum gjaldeyri.

**Vextir.** Í áætlun fyrir árið 1986 eru vaxtatekjur taldar verða 2.481 m.kr. eða nánast óbreyttar frá endurskoðun í mars. Mikil óvissa ríkir þó um innheimtu þeirra. Tekjur af deyttavöxtum fyrstu átta mánuði ársins gefa vísbendingu um heldur meiri vaxtatekjur en áður var áætlað en á móti koma minni vaxtatekjur af langtímalánum. Í áætlun fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs nemi 2.119 m.kr. á verðlagi í árslok 1986. (Sjá einnig 6. kafla um lánamál ríkissjóðs).

**Arðgreiðslur.** Áætlað er að tekjur af arðgreiðslum nemi 527 m.kr. á þessu ári. Þar vega þyngst arðgreiðsiur af starfsemi Fríhafnarinnar og hluti af hagnaði Seðlabankans og Póst- og símamálastofnunarinnar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er áætlað að tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum verði 562 m.kr. á árinu 1987, eða heldur meiri en í ár.

**Ýmsar tekjur.** Ýmsar tekjur eru áætlaðar röskar 52 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1987 er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili sömu tekjum og í ár.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 samkvæmt þessu frumvarpi og samanburður við fjárlög 1986 og endurskoðaðar áætlanir fyrir árið 1986.

**Tekjuáætlun ríkissjóðs 1986—1987**  
**Innheimtar tekjur**

	Hlutfallsleg breyting frá september				Hlutfallsleg skipting tekna											
	Fjárlög 1986		Mars-áætlun 1986		Frumvarp 1987		Fjárlög 1986		Mars-áætlun 1986		September-áætlun 1986		Frumvarp 1987			
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%		
Eignarskattar	985	982	1.112	13,2	985	982	1.112	2,6	985	982	1.112	2,6	985	982	1.112	2,8
Tekjuskattar	3.575	4.278	4.850	13,4	3.425	4.278	4.850	9,4	3.425	4.278	4.850	9,7	3.425	4.278	4.850	12,1
Gjöld af innflutningi	5.471	4.925	5.533	12,3	4.705	4.925	5.533	14,5	4.705	4.925	5.533	13,3	4.705	4.925	5.533	13,8
Skattar af framleiðslu og innflutningi	2.221	2.118	2.180	6,4	2.048	2.048	2.180	5,9	2.048	2.048	2.180	6,0	2.048	2.048	2.180	5,5
Sölugjald, nettó	14.335	13.730	15.528	9,1	13.730	14.230	15.528	37,9	13.730	14.230	15.528	38,4	13.730	14.230	15.528	38,8
Rekstrargagnaður ÁTVR	2.430	2.332	2.550	9,3	2.332	2.332	2.550	6,4	2.332	2.332	2.550	6,6	2.332	2.332	2.550	6,4
Skattar af launagreiðslum	2.744	2.474	2.871	16,0	2.474	2.474	2.871	7,2	2.474	2.474	2.871	7,0	2.474	2.474	2.871	7,2
Skattar af bifreiðum	842	840	887	5,6	840	840	887	2,2	840	840	887	2,2	840	840	887	2,2
Áðrir óbeinir skattar	2.067	1.834	1.756	-4,3	1.834	1.834	1.756	-4,3	1.834	1.834	1.756	-4,3	1.834	1.834	1.756	-4,3
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	3.184	3.061	2.734	-10,7	3.061	3.061	2.734	-8,4	3.061	3.061	2.734	-8,4	3.061	3.061	2.734	-8,4
Heildartekjur ríkissjóðs	37.854	37.004	40.001	8,1	35.344	37.004	40.001	100,0	35.344	37.004	40.001	100,0	35.344	37.004	40.001	100,0
p.a. beinir skattar	4.560	5.260	5.962	13,3	4.410	5.260	5.962	12,0	4.410	5.260	5.962	12,5	4.410	5.260	5.962	14,2
p.a. óbeinir skattar	30.110	28.683	31.305	9,1	27.913	28.683	31.305	79,6	27.913	28.683	31.305	79,0	27.913	28.683	31.305	78,3
p.a. aðrar tekjur	3.184	3.061	2.734	-10,7	3.021	3.061	2.734	-8,4	3.021	3.061	2.734	-8,5	3.021	3.061	2.734	-8,3

## 4 Gjaldahlið

Greinargerð um gjaldahlið frumvarpsins er með svipuðu sniði og var í frumvarpi ársins 1986. Fyrst er gerður samanburður við fjárlög 1986 og afkomuhorfur ríkissjóðs það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna A-hluta ríkissjóðs. Á eftir fylgir greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði sem er nýmæli.

### 4.1 Samanburður á frumvarpi 1987 og útgjaldahorfum 1986

Fjárlögum, sem afgreidd voru á Alþingi í desember 1985, var breytt með lögum nr. 3/1986, um ríkisfjármál o.fl. Í þeim samanburði, sem gerður er hér að neðan, er að öllu jöfnu gengið út frá þeim fjárhæðum sem ákveðnar voru með umræddum lögum. Breytingin frá fjárlögum, sem afgreidd voru í desember til þeirra fjárlaga sem gilda í ár, felst fyrst og fremst í niðurfærslu verðlags í kjölfar kjarasamninganna í febrúar. Ýmsum tekjulíðum ríkissjóðs, svo og framlögum til niðurgreiðslna og heimildum til lántöku, var einnig breytt.

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1987 nema alls 41.584 m.kr. Þetta er 2.407 m.kr. hærrí niðurstaða en talið er að verði lokatala á árinu 1986 eða um 6,1%. Útgjöld ríkissjóðs 1986 og 1987 skiptast í aðalatriðum sem hér segir í milljónum króna:

	Fjárlög 1986 <sup>*</sup> (1)	Fjárlög sbr. lög nr. 3/1986 (2)	Endurskoðuð áætlun 1986 (3)	Frumvarp 1987 (4)
<b>1. Rekstrarliðir:</b>	<b>11.738</b>	<b>11.411</b>	<b>12.553</b>	<b>16.812</b>
Laun .....	9.049	8.846	9.486	13.356
Önnur gjöld .....	3.820	3.647	4.152	5.242
– Sértekjur .....	–1.131	–1.082	–1.085	–1.786
<b>2. Rekstrar- og neyslu- tilfærslur:</b>	<b>16 272</b>	<b>16 155</b>	<b>17 220</b>	<b>15 053</b>
Lífeyristryggingar .....	4.813	4.717	4.881	5.676
Sjúkratryggingar .....	4.944	4.798	5.005	3.862
Niðurgreiðslur á vöruverði .....	870	1.090	1.220	1.090
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	865	865	1.123	865
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi .....	600	600	654	700
Verðjöfnunargjald af raforku .....	440	405	405	0
Útflutningsuppbætur .....	720	720	720	720
Niðurgreiðsla á rafhitun .....	220	220	220	145
Annað .....	2.800	2.740	2.992	1.995
<b>3. Vaxtagjöld .....</b>	<b>3.807</b>	<b>3.550</b>	<b>3.690</b>	<b>3.440</b>
<b>4. Viðhald .....</b>	<b>1.003</b>	<b>962</b>	<b>962</b>	<b>1.103</b>
<b>5. Fjárfesting .....</b>	<b>4.871</b>	<b>4.752</b>	<b>4.752</b>	<b>5.176</b>
Stofnkostnaður .....	1.857	1.776	1.776	2.396
Fjármagnstilfærslur .....	3.014	2.976	2.976	2.780
Samtals	37.691	36.830	39.177	41.584

\* Fjárlög afgreidd í desember 1985.

Hlutfallsbreyting milli ára er ekki sýnd vegna tilfærslna milli gjaldategunda.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringar almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar helstu tilgreindar.

*Laun.* Launaliðir fjárlaganna frá því í desember 1985 voru lækkaðir með lögum nr. 3/1986 um sem nemur 2,2%. Þannig var reiknað með 14—15% launahækkun frá upphafi til loka árs 1986 eftir breytingu. Þessi hækkun var í samræmi við almennar kauphækkningar samkvæmt kjarasamningunum í febrúar 1986.

Launaliður fjárlagafrumvarpsins fyrir 1987 hækkar alls um 4.510 m.kr. frá fjárlögum skv. lögum nr. 3/1986 og um 3.870 m.kr. frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1986. Þessi hækkun á sér þrjár meginþýringar:

Í fyrsta lagi hefur sú breyting verið gerð að 13 sjúkrahús, sem áður voru á daggjöldum, fá nú framlög á fjárlögum með öðrum hætti. Því teljast launagjöld, rekstrarfé og önnur útgjöld og tekjur þessara stofnana með hlutadeigandi útgjaldategundum. Útgjöld þessara stofnana voru áður færð sem tilfærslur til sjúkratrygginga. Fjögur sjúkrahús voru á svokölluðum föstum fjárlögum 1986 en þau voru Landakotsspítali, Fjórðungsjúkrahúsið á Akureyri, Sólvangur í Hafnarfirði og sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Nú teljast framlög til þessara húsa með launum, rekstrargjöldum o.s.frv. en töldust til tilfærslna í fjárlögum 1986 eins og áður sagði. Í töflunni hér fyrir neðan eru áhrif þessarar formbreytingar sýnd í samandreginni mynd:

	Frumvarp 1987 m.kr.	Sjúkrahús, breytt fram- setning m.kr.	Mismunur m.kr.
Laun .....	13.356	-2.371	10.985
Önnur gjöld m. vaxtagjöldum .....	8.682	-1.211	7.471
Tilfærslur .....	15.053	+3.283	18.336
Viðhald .....	1.103	-38	1.065
Stofnkostnaður .....	5.176	-53	5.123
-Sértekjur .....	-1.786	+390	-1.396
Samtals	41.584	-	41.584

Að formbreytingum frátöldum hækkar launaliðurinn um 24,2% frá gildandi fjárlögum og um 15,8% frá áætlaðri niðurstöðu launagjalda 1986.

Í öðru lagi hækka launagjöld frumvarpsins vegna aukinnar starfsemi og fjölgunar ríkisstarfsmanna. Stærstu liðir af þessum toga eru eftirfarandi: Vegna aukinnar kennslu í grunnskólum vaxa útgjöld um 19 m.kr. og fjölgun nemenda í framhaldsskólum er talin auka kennsluútgjöld um 20 m.kr. Einnig fjölga starfsmönnum við háskólann um 16 sem leiðir til um 10 m.kr. hækkunar á launalið. Þá er áætlað fyrir starfsemi við nýja unglingsgeðdeild ríkisspítalanna, þ.e. 8 stöðugildi frá 1. maí 1987, alls 6 m.kr., og reiknað er með því að við sjúkrahúsið á Akureyri taki til starfa hjúkrunardeild frá 1. júní 1987 með 11 starfsmönnum en sá rekstur er talinn kosta 5,3 m.kr. í launum. Starfsfólki á heilsugæslustöðvum fjölga og eykur það útgjöld um 18 m.kr. á launalið, þó svo um tilflutning af sjúkratryggingum sé að ræða. Þá er að nefna að teknar eru inn 9 nýjar stöður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkflugvelli vegna öryggisgæslu en launagjöld vegna þessa eru 6,5 m.kr. Við stofnanir fatlaðra er áætlað fyrir 33,59 nýjum stöðugildum og útgjöldum sem nema um 22 m.kr. Aðrar breytingar þykir ekki ástæða til að tíunda enda koma þær fram í greinargerðinni um einstakar stofnanir. Óhjákvæmilegt hefur verið að fjölga starfsmönnum hjá örfáum stofnunum ríkisins enda hefur þess að jafnaði verið gætt að lausamönnun fækki á móti. Þá hefur í fjórum tilvikum verið gerð leiðrétting á áætlun um launagjöld og rekstrarfé stofnana. Þessar stofnanir eru ríkisspítalar, lögreglustjórinn í Reykjavík, lögreglustjórinn á Keflavíkflugvelli og Bifreiðaefirlit ríkisins. Launaliður ríkisspítala misreiknaðist í fjárlögum 1986 um

50 m.kr. sem nú er leiðrétt. Þá lætur nærri að hækkun launaliðar vegna leiðréttinga á eftirlitsstofnunum þremur nemi um 60 m.kr. Þannig fæst skýring á hækkun launaliðarins sem nemur 217 m.kr.

Þriðji liðurinn til skýringar á hækkun launa, og sá veigamesti, er breyting á töxtum og röðun starfsmanna ríkisins í launaflokka frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins 1986. Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfallsleg hækkun launa helstu samningsaðila ríkisins:

	Hlutfallsleg hækkun launa		
	BSRB	BK	BHMR
Febrúar .....	5,0	4,5*	—
Mars .....	6,0 <sup>1)</sup> *	—	—
Júni .....	—	5,0	5,0
September .....	—	9,0*	9,0 <sup>2)</sup> *
Desember .....	3,06	3,06	3,06
Hækkun launa frá upphafi til loka árs 1986 .....	3,39	3,39	3,39
Meðalhækkun launa 1985—1986 .....	2,5	5,5*	5,5*
Hækkun launa einstakra starfshópa var á bilinu 3—9%. Þá hafa sérhópar, svo sem löggæslumenn, fengið launahækkun sem hefur annan gildistíma en hér er tilgreint.	21,5	34,5	28,5
Niðurstaða kjaradóms er metin á bilinu 6—12%, mismunandi eftir félögum og starfsheimum.	30,0	38,0	31,0
* Sérkjarasamningar/dómsorð kjaradóms.			

1) Hækkun launa einstakra starfshópa var á bilinu 3—9%. Þá hafa sérhópar, svo sem löggæslumenn, fengið launahækkun sem hefur annan gildistíma en hér er tilgreint.

2) Niðurstaða kjaradóms er metin á bilinu 6—12%, mismunandi eftir félögum og starfsheimum.

\* Sérkjarasamningar/dómsorð kjaradóms.

Launahækkun opinberra starfsmanna milli árána 1985 og 1986 er metin þannig að laun aðildarfélaganna BSRB hækki um 30%, BHM félaga um 31% og félaga í Bandalagi kennara um 38%.

Laun ríkisstarfsmanna hækka misjafnlega á árinu 1986. Þess gætir að félagsmenn BSRB hafa almennt fengið launahækkanir fyrr á árinu heldur en félagar í BHMR. Þá hafa einstakar starfsstéttir hjá ríkinu fengið mismikla hækkun launa á árinu 1986. Laun félaga í Bandalagi kennara hækka þannig um 35% frá upphafi til loka árs. Svipuðu máli gegnir um laun lögreglumanna en laun þeirra hækka um 37,8%. Í júlí 1986 féll kjaradómur í máli fjármálaráðuneytis og BHMR. Niðurstaða þess dóms var að laun félaga í BHMR hækkuðu almennt um 6—12% frá og með 1. mars auk áfangahækkunar 1. desember sem nemur einum launaflokki. Áður höfðu aðilar samið um breytingu á starfsaldursreglum. Frá og með 1. desember n.k. mun tekin upp svokölluð prófaldursviðmiðun.

Samanburður á þróun launa opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði liggur ekki jafnljós fyrir. Að því er næst verður komist hækka kauptaxtar almennt um 20—21% frá upphafi til loka ársins. Launaskrið er talið geta jafngilt um 3—4% þannig að laun hækka á bilinu 24—25% á árinu eða svipað og hjá opinberum starfsmönnum í heild. Áður er sagt að ekki liggi fyrir mat á áhrifum vinnutímabreytingar eða annarra ráðstafana sem metnar verða launþegum til tekna. Út frá þekktum launabreytingum er talið að laun sem VSÍ og ASÍ semja um, hækki að meðaltali um 29% milli árána 1985 og 1986.

Launaútgjöld ríkissjóðs á árinu 1986 hækka um 640 m.kr. frá gildandi fjárlögum og er það nær eingöngu vegna niðurstöðu kjaradóms og kjarasamninga á árinu. Í stað tæplega 15% launahækkunar frá upphafi til ársloka 1986 eru horfur á að breytingin nemi 25—27%. Á árinu 1987 skýra launaforsendur um einn milljarð króna af hækkun launaliðar frumvarpsins. Alls hafa þá verið skýrðir tæpir 3,6 milljarðar króna af hækkun launaliðarins.

*Rekstrargjöld.* Rekstrarfé er áætlað á sama hátt og laun á verðlagi í árslok 1986. Framlög hafa því verið færð upp um 9,5% frá verðlagi í ársbyrjun 1986. Nokkrir rekstrarliðir stofnana hafa lítið hækkað og raunar hafa t.d. útgjöld vegna orku lækkað frá ársbyrjun. Rekstrarfé stofnana er í fjárlögum 1986 áætlað á meðalverðlagi ársins. Lætur nærri að verðlag hækki um 4—5% frá meðaltali 1986 til ársloka. Að frádregnum tilfærslum milli gjaldategunda hækka rekstrargjöld um 3,8%.

*Sértekjur.* Sértekjur stofnana hafa markvisst farið hækkandi á síðari árum. Tekjur eru nú alls áætlaðar 1.786 m.kr. og hækka um 65% frá fjárlögum. Að teknu tilliti til tilfærslna á gjaldaliðum hækka sértekjur um 29%. Um 390 m.kr. sértekna eru tekjur sjúkrahúsa og um 260 m.kr. eru tekjur rannsóknarstofnana.

*Rekstrar- og neyslutilfærslur.* Þessi veigamikli útgjaldaliður ríkissjóðs nemur alls 15.053 m.kr. og lækkar um tæplega 7% frá fjárlögum og rúm 12% frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1986. Að teknu tilliti til tilfærslu milli gjaldategunda hækka tilfærslurnar um 6,5% frá áætlaðri útkomu ársins 1986. Vísað er í athugasemdirnar hér á eftir til skýringar á einstökum tilfærsluliðum.

*Vaxtaútgjöld.* Vaxtaútgjöld eru samkvæmt þessu frumvarpi 3.440 m.kr. en það jafngildir 8,3% af heildargjöldum þess. Til samanburðar er áætlað að vaxtagjöld verði um 9,4% gjalda 1986. Vextir af skuldum eru hér áætlaðir samkvæmt áætluðu gengi og verðlagi í árslok n.k. Vextir af erlendum skuldum, sem bera breytilega vexti, eru reiknaðir 7%, en um helmingur erlendra skulda ríkissjóðs ber breytilega vexti. Aðrar erlendar skuldir bera fasta vexti. Vextir af innlendum skuldum bera fasta umsamda vexti auk þess sem áætlað er að vextir af óteknum en áformuðum lánnum 1986 beri 6,5% raunvexti. Í 6. kafla er gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs auk þess sem vaxtaútgjöld og afborganir ríkissjóðs eru sundurliðuð og skýrð.

*Viðhald.* Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 80% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 7,6% frá fjárlögum 1986. Til viðhalds húseigna og annarra eigna ríkisins eru áætlaðar 225 m.kr. og hækkar það framlag um rúmlega 50% frá fjárlögum.

*Fjárfesting.* Þessi gjaldaliður skiptist í stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Framlög til fjárfestingar hækka um 8,9% og nema alls 5.176 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmda. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófum dráttum flokkun á fjárfestingarútgjöldum:

	Fjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986 m.kr.	Frumvarp 1987 m.kr.	Breyting m.kr.
<b>Stofnkostnaður:</b>	<b>1.776</b>	<b>2.396</b>	<b>620</b>
Vegamál .....	915	961	46
Sjúkrahúsbyggingar .....	60	133	73
Skólabyggingar .....	307	384	77
Flugvellir .....	58	70	12
Framkvæmdasjóður fatlaðra .....	76	100	24
Aðrar byggingarframkvæmdir .....	132	407	275
Tækjakaup .....	228	341	113
<b>Fjármagnstílfærslur:</b>	<b>2.976</b>	<b>2.780</b>	<b>-196</b>
Byggingarsjóður ríkisins .....	1.300	1.000	-300
Byggingarsjóður verkamanna .....	300	300	—
Framkvæmdasjóður aldraðra .....	95	115	20
Hafnarframkvæmdir .....	110	193	83
Orkusjóður .....	192	297	105
Ríkisábyrgðasjóður .....	177	100	-77
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða .....	82	120	38
Sýslu- og þéttbýlisvegafé .....	120	199	79
Annað .....	600	456	-144
<b>Samtals</b>	<b>4.752</b>	<b>5.176</b>	<b>424</b>

Eins og áður segir er nú talið að vísitala byggingarkostnaðar verði um 6% hærri í árslok en að meðaltali 1986. Að framlögum til vegamála og húsnæðismála frátöldum nema framkvæmdaframlög alls 2.915 m.kr. og er það um 30% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1986. Verður nú vikið að skýringum á einstökum fjárlagaliðum.



#### 4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1986. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1986.

#### 00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins .....	261.345	328.526	67.181	25,7
Samtals	261.345	328.526	67.181	25,7

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

#### 101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 18.681 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 21.918 þús.kr. eða um 17,3%. Launagjöld undir viðfangsefninu *yfirstjórn* hækka úr 6.889 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 8.005 þús.kr. eða um 16,2%. Ráðninganefnd heimilaði nýtt stöðugildi fulltrúa á árinu. Áætlað var fyrir því stöðugildi í fjárlögum 1986. Til viðfangsefnisins *opinberar heimsóknir* eru ætlaðar 3.988 þús.kr. en var í fjárlögum 1986 1.910 þús.kr. Til *viðhalds* á forsetasetrinu að Bessastöðum eru veittar 3.896 þús.kr. Ætlunin er m.a. að endurnýja gólf á árinu 1987 og er það áfangi í endurnýjun húsa á setrinu.

#### 201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 199.914 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 224.826 þús.kr. eða um 12,5%. Launagjöld hækka úr 102.982 þús.kr. í 115.371 þús.kr. eða um 12,0%. Önnur gjöld hækka úr 70.565 þús.kr. í 78.410 þús.kr. eða um 11,1%. Viðfangsefnið *viðhald fasteigna* hækkar úr 2.388 þús.kr. í 5.500 þús.kr. Viðfangsefnið *ýmis stofn-  
kostnaður* verður 18.000 þús.kr. Fé þessu verður varið til að kaupa öryggiskerfi, endurnýja húsgögn í þingsæum og halda áfram tölvuvæðingu Alþingis. Til frekari skýringar eru fjárveitingar til hinna ýmsu viðfangsefna sýndar í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Pingfararkaup alþingismanna .....	61.454	70.208	8.754	14,2
Starfskostnaður .....	22.922	27.202	4.280	18,7
Skrifstofu- og alþingiskostnaður .....	57.973	63.335	5.362	9,3
Yfirskoðunarmenn .....	632	646	14	2,2
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda .....	13.319	12.440	-879	-6,6
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka .....	6.822	7.085	263	3,9
Rekstrarkostnaður fasteigna .....	3.709	6.242	2.533	68,3
Hús Jóns Sigurðssonar .....	1.798	2.192	394	21,9
Þingmannasamtök NATO .....	1.056	1.107	51	4,8
Þingmannanefndir Evrópuráðsins .....	1.697	1.732	35	2,1
Norðurlandaráð .....	6.482	6.618	136	2,1
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu ....	1.543	1.095	-448	-29,0
Alþjóðaþingmannasamtökin .....	929	1.424	495	53,3
Viðhald fasteigna .....	2.388	5.500	3.112	130,3
Ýmis stofnkostnaður .....	17.190	18.000	810	4,7
Samtals	199.914	224.826	24.912	12,5

Eins og sést af þessari töflu hækka viðfangsefni mismikið og sum lækka jafnvel. Skýringin er fyrst og fremst sú að tekið er mið af reikningstölum 1985 við áætlun gjalda.

## 202 Ríkisendurskoðun

Þetta er nýr fjárlagaliður undir ædstu stjórn ríkisins en ríkisendurskoðun hefur verið sérstakt ráðuneyti. Með lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, er ákveðið að stofnunin starfi á vegum Alþingis og skal hún vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna frá því sem verið hefur, 38 mönnum. Fjárveiting til ríkisendurskoðunar hækkar úr 32.556 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 43.394 þús.kr. eða um 33,3%. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar má einkum rekja til 3.300 þús.kr. fjárveitingar til að ráða óháða löggilta endurskoðendur til að vinna að einstökum verkefnum, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga. Launagjöld hækka um 23,9% og verða 32.646 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 76,3% og verða 10.266 þús.kr. Veittar eru 500 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði en í fjárlögum 1986 eru veittar 382 þús.kr. til þeirra kaupa.

## 301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 24.975 þús.kr. en var 30.991 þús.kr. í fjárlögum 1986 og lækkar því um 19,4%. Laun lækka um 7,7% og verða 19.991 þús.kr. og önnur gjöld lækka úr 9.342 þús.kr. í 4.984 þús.kr. eða um 46,6%. Skýring á þessari lækkun er sú að laun ráðherrabílstjóra og rekstrarkostnaður vegna bifreiða ráðherra flyst af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofur viðkomandi ráðuneyta. Nú er áætlað fyrir launum tíu ráðherra og níu aðstoðarmanna ráðherra en aðstoðarmennirnir voru sjö í fjárlögum 1986.

## 01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkanna forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	37.128	47.641	10.513	28,3
Annað .....	105.677	110.735	5.058	4,8
Samtals	142.805	158.376	15.571	10,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

### 101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu hækkar úr 37.128 þús.kr. í 47.641 þús.kr. eða um 28,3%. Launagjöld hækka um 25,8%, úr 10.635 þús.kr. í 13.379 þús.kr. Auk almennra launahækkana skýrist þessi hækkun af aukinni yfirvinnu. Launaliður viðfangsefnisins *yfirstjórn* hækkar einnig sérstaklega vegna nýrrar stöðu ráðherrabílstjóra sem flyst frá viðfangsefninu *ríkisstjórn* eins og áður hefur verið sagt frá. Launaliður viðfangsefnisins *stjórnarráðshús* hækkar úr 1.610 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 2.594 þús.kr. eða um 61,1%. Hækkun þessi er vegna ákvörðunar um að auka öryggisgæslu í stjórnarráðshúsinu. Önnur gjöld hækka úr 11.406 þús.kr. í 12.337 þús.kr. eða um 8,2%. Hækkunin skýrist af því að tillit er tekið til ríkisreiknings 1985 við áætlun rekstrargjalda. Viðfangsefnið *yfirstjórn* hækkar þó sérstaklega um 2.000 þús.kr. vegna fíkniefnanefndar og um 590 þús.kr. vegna reksturs ráðherrabifreiðar sem flyst af viðfangsefninu *ríkisstjórn*. Fíkniefnanefnd var sett á fót samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og er henni ætlað að vera framkvæmdanefnd til að samhæfa aðgerðir opinberra aðila í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna hér á landi. Undir viðfangsefninu *yfirstjórn* er áætlað fyrir verkefninu *fram tíðarspá*. Í fjárlögum 1986 nam áætlaður kostnaður 2.460 þús.kr. en í frumvarpinu eru veittar 1.000 þús.kr. til að ljúka verkefninu og til kynningar á niðurstöðum. Til viðhalds eigna er áætlað að verja samtals 2.842 þús.kr. Til viðhalds á stjórnarráðshúsi er áformað að verja 2.254 þús.kr., þar af eru 1.254 þús.kr. til viðgerðar á gluggum og til frágangs á lóð og 1.000 þús.kr. til endurbóta innanhúss. Til viðhalds á ráðherrabústað við Tjarnargötu verður varið 588 þús.kr. vegna viðgerðar á gólfi og endurnýjunar á innréttingum. Loks er að geta 300 þús.kr. stofnkostnaðar vegna tölvukaupa hjá aðalskrifstofu.

### 102 Þjóðhagsstofnun

Endurnýjað hefur verið samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um að skipta kostnaði af starfi Þjóðhagsstofnunar. Áður greiddi Seðlabankinn 50% af öllum rekstrarkostnaði stofnunarinnar og var það framlag fært sem sértekjur hennar. Samkvæmt hinu nýja samkomulagi greiðir Seðlabankinn nú allan húsnæðiskostnað og ýmsa aðra þjónustu en einungis 40% af öðrum rekstrarkostnaði. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að Þjóðhagsstofnun flyst í húsnæði Seðlabankans á næsta ári. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar úr 15.256 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 18.412 þús.kr. eða um 20,7%. Launagjöld hækka um 6,0% og stafar það af almennum launabreytingum. Rekstrargjöld lækka um 3.064 þús.kr. eða um 33,0% og sértekjur lækka einnig eða um 27,0%. Þá eru áætlaðar 650 þús.kr. til að kaupa og endurnýja skrifstofubúnað vegna fyrrgreindra flutninga.

**171 Byggðastofnun, framlag**

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1986 er framlag ríkissjóðs 80.000 þús.kr. Byggðastofnunar er ekki getið í B-hluta fjárlagafrumvarps því að lítið er á hana sem hverja aðra lánastofnun.

**901 Húsameistari ríkisins**

Fjárveiting til embættis húsameistara ríkisins lækkar úr 2.463 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 1.017 þús.kr. Eins og áður er starfsemi embættisins nær eingöngu kostuð af sértekjum. Launagjöld hækka úr 13.696 þús.kr. í 19.609 þús.kr. eða um 43,2% og rekstrargjöld hækka um 37,8%. Lækkun framlags er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að þjónustustofnanir standi í auknum mæli undir eigin rekstri. Ljóst er að minna verður um verkefni á vegum embættisins þegar framkvæmdum við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli lýkur á næsta ári.

**902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd**

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 7.958 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.306 þús.kr. eða um 42,1%. Launagjöld hækka um 15,7% og rekstrargjöld um 69,6%. Skýring á hækkun rekstrargjalda er sú að tekið er tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1985. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.000 þús.kr. Til stofnkostnaðarverkefna verður samtals varið 3.250 þús.kr. og skiptist upphæðin þannig: Til viðfangsefnisins *aðalskipulag, hönnun* verður varið 2.000 þús.kr. en á árinu 1987 hefst úrvinnsla gagna og gerðar verða frumtillögur að skipulagi. Til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* verður varið 1.000 þús.kr. og til *annars stofnkostnaðar* 250 þús.kr. Er þar um að ræða kostnað við kortagerð vegna endurskoðunar sumarhúsabygðar.

**02 Menntamálaráðuneyti**

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986 Þús. kr.	1987 Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	54.728	75.745	21.017	38,4
Fræðslumál .....	5.071.602	6.053.863	982.261	19,4
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi .....	402.955	580.076	177.121	44,0
Samtals	5.529.285	6.709.684	1.180.399	21,4

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirfarandi: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happraættis Háskóla Íslands er 22.500 þús.kr. og hækkar um 1.190 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskjóðs, verður 39.500 þús.kr. og hækkar um 2.500 þús.kr. Miðdagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 500 þús.kr. og verður 6.500 þús.kr. Verður nú fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun einstakra málaflokka.

**101 Aðalskrifstofa**

Heildarfjárveiting nemur 75.745 þús.kr. og hækkar um 38,4% frá fjárlögum 1986. Áætlun launa byggist á 44 heimiludum stöðugildum en þau voru 43 áður. Staða

bifreiðastjóra ráðherra bætist við en fyrir kostnaði vegna bifreiðar ráðherra var áður áætlað undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Er nú gert ráð fyrir þessum kostnaði á aðalskrifstofum viðkomandi ráðuneyta og er talið að tilfærslan hafi samtals í för með sér um 1.200 þús.kr. kr. kostnaðarauka fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta. Skýrir þessi tilfærsla hluta launahækkunar á aðalskrifstofu og hluta af hækkun annars rekstrar-kostnaðar. Önnur skýring á hækkun umfram almennar launa- og verðlagshækkunir er 1.250 þús. kr. framlag til undirbúnings háskólakennslu á Akureyri. Á vegum ráðuneytisins er nú starfandi nefnd sem vinnur að athugun og tillögugerð um tilhögun æðri menntunar á Akureyri. Að svo komnu máli hefur engin ákvörðun verið tekin um námsgreinar eða skipulag þessarar fræðslu en Alþingi og fjárveitinganefnd verður fljótlega gerð grein fyrir áformum í þessu efni. Framlagið er fært undir aðalskrifstofu ráðuneytisins en verður fært á hlutaðeigandi fjárlagalið þegar fyrir liggur hvernig skólastarfinu verður háttáð. Að frátöldum þessum tveim skýringum hækka laun um 28% frá fjárlögum 1986 og er áætlað fyrir nokkurri aukningu yfirvinnu í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka sem næst 36% frá fjárlögum. Hefur verið tekið tillit til niðurstöðutalna ársins 1985 og fyrstu mánaða ársins 1986. Helstu liðir sem hækka eru húsaleiga, risna og ýmis þjónusta.

## 201 Háskóli Íslands

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar úr 498.154 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986 í 589.273 þús.kr. eða um 18,3%. Launagjöld hækka um 27,8% og verða 463.636 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 142.790 þús.kr. í 163.062 þús.kr. eða um 14,2%. Fjárveiting til viðhalds fasteignum, tækjakaupa og byggingarframkvæmda nemur 90.000 þús.kr. en er 105.050 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 13,3% og verða 127.425 þús.kr., þar af nema áætlaðar tekjur af Happprætti Háskóla Íslands 90.000 þús.kr. Fjárveiting til háskólans á árinu 1987 tekur að nokkru leyti mið af tillögum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í janúar 1985 til að fjalla um fjárlaga- og þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands 1986-1989. Nefndin skilaði álit í júní 1986 undir heitinu „Virðjun þekkingar“. Þar kemur m.a. fram að leggja beri aukna áherslu á fjölgun fastráðinna kennara og sjálfsnám nemenda, rannsóknir við háskólann skuli eflaðar, bókasafn skólans styrkt og leitað leiða til úrbóta í húsnæðismálum hans. Í samræmi við tillögur nefndarinnar er í frumvarpinu gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna háskólans um sextán (11.445 þús.kr.), dregið er úr fjárveitingu til stundakennslu (1.225 þús.kr.), auknu fé er veitt til rannsóknasjóðs skólans (6.300 þús.kr.) og til Háskólabókasafns er veitt auknu fé til kaupa á bókum og tímaritum (2.750 þús.kr.). Auk þess er gert ráð fyrir flutningi á 9,5 stöðum frá Hjúkrunarskóla Íslands til námsbrautar í hjúkrunarfræðum við háskólann (6.161 þús.kr.) og stofnunar fræðaseturs tengdu nafni Sigurðar Nordals við heimspeki-deild (1.200 þús.kr.). Í tilefni af 75 ára afmæli háskólans nýverið var ákveðið að veita auknu fé til rannsóknasjóðs skólans. Með tilliti til þessa þarf að endurskoða framlag til skólans fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting 16 nýrra stöðuheimilda á deildir háskólans:

1.01	Yfirstjórn:	Deildarstjóri fyrir verkfræði- og raunvísindadeild
1.02	Sameiginleg útgjöld:	Sex tímabundnar lektorsstöður
1.15	Viðskiptadeild:	Dósent í stærðfræði, tölfraði og hagfræði
1.16	Heimspekideild:	Prófessor í almennri bókmenntafræði
1.17	Verkfræðideild:	Prófessor á tölvusviði
1.18	Félagsvísindadeild:	Dósent í aðferðafræði og lektor í stjórnmálaheimspeki
1.20	Háskólabókasafn:	Tveir bókaverðir og fulltrúi
1.25	Raunvísindadeild:	Prófessor í kennilegri eðlisfræði

*Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna og tækjakaup*

Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi alls 90.000 þús.kr. á árinu 1987. Það jafngildir áætluðum tekjum af Happraetti Háskóla Íslands. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjármögnun og ráðstöfun fjár samkvæmt fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
<b>Fjármögnun:</b>	<b>105.050</b>	<b>90.000</b>
Framlag H.H.Í.	90.725	90.000
Fjárveiting úr ríkissjóði	14.325	-
<b>Ráðstöfun:</b>	<b>105.050</b>	<b>90.000</b>
<b>A. Almenn verkefni</b>	<b>35.050</b>	<b>32.000</b>
Viðhald húsa og lóða	14.325	15.000
Tækjakaup deilda	5.000	6.000
Breytingar á húsnæði	3.000	5.000
Tækjakaup vegna nýiðnaðarverkefna	6.000	-
Annað	6.725	6.000
<b>B. Nýbyggingar</b>	<b>70.000</b>	<b>58.000</b>
Framkvæmdir á háskóla- og landspítalalóð	70.000	48.000
Hús Raunvísindastofnunar háskólans við Dunhaga	-	10.000

## 202 Tilraunastöð háskólans að Keldum

Fjárveiting til Tilraunastöðvar háskólans að Keldum hækkar úr 17.285 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986 í 22.789 þús.kr. eða um 31,8%. Launagjöld hækka um 33% og verða 23.245 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 17.514 þús.kr. í 22.338 þús.kr. eða um 27,5%. Sértekjur hækka um 34,5% milli ára og verða 26.394 þús.kr. Veittar eru 1.600 þús.kr. til tækjakaupa en engin slík fjárveiting er í fjárlögum fyrir árið 1986. Til viðhalds húseignum tilraunastöðvarinnar eru ætlaðar 2.000 þús.kr. samanborið við 1.910 þús.kr. á árinu 1986. Með lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, var ákveðið að sérstök deild með sjálfstæðan fjárhag skyldi opnuð í Tilraunastöð háskólans að Keldum og þar yrði sinnt rannsóknum á fisksjúkdómum og reglubundnu eftirliti með heilbrigði hrognna, seiða og alifiska. Í lögnum er gert ráð fyrir að sértekjur þessarar deildar nemi um 2/3 hlutum af kostnaði við starfsemi hennar og framlag ríkissjóðs um 1/3. Í samræmi við ákvæði laganna hefur Tilraunastöð háskólans að Keldum verið skipt í tvö viðfangsefni og þrjár af starfsmönnum stofnunarinnar fluttir undir hið nýja viðfangsefni. Fjárveitingar til stofnunarinnar hækka heldur meira milli ára en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og skýrist það að nokkru af auknum umsvifum með tilkomu þessarar nýju deildar, þó svo að starfsmönnum stofnunarinnar fjölgi ekki við þessa breytingu. Að öðru leyti skýrist hækkun framlags umfram verðlagsforsendur af fjárveitingu til eignakaupa.

## 203 Raunvísindastofnun háskólans

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 55.913 þús.kr. og hækkar um 29,4% frá fjárlögum fyrir árið 1986. Gert er ráð fyrir auknum umsvifum frá því sem fram hefur komið í fjárlögum fyrri ára þar sem meira tillit er nú tekið til hinna ýmsu söluverkefna stofnunarinnar. Ekki er þó gert ráð fyrir breytingu á fjölda fastra stöðugilda frá því sem verið hefur en þau eru 40,16. Launagjöld hækka um 40,9% frá fjárlögum 1986, önnur gjöld vegna rekstrar um 26,8% og sértekjur um 107,7%. Helstu söluverkefni

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

15

eru fyrir Hval hf., Lýsi hf. og Járblendifélagið hf. Hækkun framlags umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist að mestu leyti með því að gert er ráð fyrir 2.300 þús.kr. framlagi til byggingar hæðar ofan á hús stofnunarinnar að Dunhaga 3. Til viðbótar framlagi ríkissjóðs til byggingarframkvæmdanna kemur geymt fé stofnunarinnar frá fyrri árum að fjárhæð 6.000 þús.kr. og áætlað 10.000 þús.kr. framlag frá Háskóla Íslands. Á árinu 1987 er ráðgert að reisa nýtt stigahús og byggja þakhæð. Kostnaður á árinu er áætlaður 18.300 þús.kr.

**205 Stofnun Árna Magnússonar**

Fjárveiting nemur 18.042 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum 1986 um 28,6%. Á viðfangsefninu *yfirstjórn* er helsta breyting sú að önnur gjöld hækka umfram almennar verðlagshækkanir. Sérstakt framlag, 1.100 þús.kr., til kaupa á filmum og spólum skýrir þó hluta hækkunarinnar. Mjög mikil hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði stofnunarinnar hin síðustu ár og var á árinu 1985 veitt aukafjárveiting til þess að rétta af fjárhag hennar. Er þess vænst að með hækkun áætlunar nú náist jafnvægi í rekstri.

**206 Orðabók háskólans**

Heildarframlag nemur 7.336 þús.kr. Vegna launa eru áætlaðar 6.404 þús.kr. og byggir það á óbreyttri starfsemi. Önnur gjöld nema 932 þús.kr. og hækka um 50,3% frá fjárlögum 1986. Skýring er kostnaður vegna tölvuvinnslu í Reiknistofnun háskólans.

**207 Íslensk málstöð**

Framlag nemur 3.955 þús. kr. og er að krónutölu svo til óbreytt frá fjárlögum 1986. Launatala byggir á þrem heimiluðum stöðugildum en framlag vegna lausráðinna starfsmanna fellur niður. Önnur gjöld eru miðuð við óbreytta starfsemi og sértekjur hækka frá áætlun í fjárlögum 1986.

**231 Náttúrufræðistofnun**

Heildarframlag til stofnunarinnar er 14.337 þús.kr. Þar af er 2.500 þús.kr. framlag til stofnkostnaðar. Af því er 1.100 þús.kr. ætlað til framkvæmda við sýningarsali en 1.400 þús.kr. eru til ýmissa eignakaupa. Framlag til rekstrar er 11.837 þús.kr. Til launa eru áætlaðar 9.609 þús.kr. og byggist áætlunin á 11 heimiluðum stöðum. Hækkun frá fjárlögum skýrist af stöðu náttúrufræðings sem sagt var frá í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1986 en launaáætlun þá var ekki hækkuð sem nemur kostnaði við þessa stöðu. Fjárlög 1986 eru því vanáætluð hvað þetta snertir. Önnur gjöld hækka umfram verðlagshækkanir eða um 24,5% en sértekjur hækka á móti og nema alls 1.770 þús.kr. Stofnunin hefur í auknum mæli útvegað sér verkefni sem hafa aflað henni tekna.

**232 Rannsóknaráð ríkisins**

Fjárveiting til ráðsins hækkar úr 8.659 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 13.102 þús.kr. eða um 51,3%. Launagjöld hækka um 35,3% og verða 6.367 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 4.781 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 9.000 þús.kr. eða um 88,2%. Þessi hækkun skýrist að miklu leyti af 2.500 þús.kr. fjárveitingu til að kosta vinnu að skipulagi fyrir Keldur og Keldnaholtsland samkvæmt samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um makaskipti á landi Keldna í Grafarvogi. Að öðru leyti skýrist hækkun gjaldaliða umfram verðlagsforsendur af hækkun húsaleigugjalda, hækkun framlags til erlendra samskipta og auknum umsvifum vegna söluverkefna. Á móti kemur hækkun sértekna um 73,4% frá fjárlögum 1986 og verða þær 2.265 þús.kr. Ekki er gert ráð

fyrir fjölgun staða frá þeim sjö sem heimilaðar eru. Sú breyting er gerð á viðfangsefnum stofnunarinnar að viðfangsefnið *langtímaáætlun* er fellt niður. Í staðinn er áætlað fyrir útgjöldum tengdum gerð langtímaáætlunar og ýmsum öðrum verkefnum í starfi ráðsins á viðfangsefninu *rannsóknir og þróunarstarfsemi*. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar háskólans og Tilraunastöðvar háskólans að Keldum, hækka alls um 15,6%. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að styðja við og efla rannsókn- og þróunarstarfsemi í landinu. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1986 og fjárlagafrumvarpi 1987 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Tilraunastöð háskólans að Keldum .....	17.285	22.789	5.504	31,8
Raunvísindastofnun háskólans .....	43.226	55.913	12.687	29,4
Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....	53.920	68.658	14.738	27,3
Veiðimálastofnunin .....	15.857	18.801	2.944	18,6
Hafrannsóknastofnun .....	167.049	182.201	15.152	9,1
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins .....	26.833	35.718	8.885	33,1
Iðntæknistofnun Íslands .....	48.175	51.274	3.099	6,4
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins .....	24.478	28.366	3.888	15,9
Orkustofnun .....	129.066	144.264	15.198	11,8
Samtals	525.889	607.984	82.095	15,6

Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

### 233 Rannsóknasjóður

Styrkjum hefur tvisvar verið úthlutað úr sjóði sem komið var á laggirnar við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 til eflingar rannsókn- og þróunarstarfsemi í landinu. Styrkjum hefur verið úthlutað til ýmiss konar verkefna, einkum á sviði líf- og líffefnataekni og á sviði fiskeldis. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til sjóðsins verði óbreytt frá því sem er í fjárlögum fyrir árið 1986 eða 50.000 þús.kr. Fjárveitinganefnd verður gerð grein fyrir skiptingu styrkja á árunum 1985 og 1986.

### 301—307 Menntaskólar

Heildarframlag til þessara skóla nemur 329.263 þús. kr. Framlag til rekstrar nemur samtals 307.563 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 28,1%. Gert er ráð fyrir um 3800 nemendum í þessum skólum en áætlun fyrir árið 1986 byggði á 3700 nemendum. Fjölgunin er öll áætluð í skólum utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í menntaskólunum á Akureyri, Laugarvatni, Ísafirði og á Egilsstöðum. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Laun .....	216.190	276.123	59.933	27,7
Önnur gjöld .....	31.802	39.019	7.217	22,7
Stofnkostnaður .....	8.788	21.700	12.912	146,9
Samtals	256.780	336.842	80.062	31,2
Sértekjur	-7.834	-7.579	255	-3,3
Mismunur	248.946	329.263	80.317	32,3



Launahækkun er í samræmi við launabreytingar kennara á þessu tímabili. Önnur gjöld hækka nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir og er það aðallega í þeim skólum sem nemendafjöldgun á sér stað, m.a. vegna kostnaðar við heimavistir. Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá skólunum en undir fjárlagalið 02-319 er óskipt fjárhæð til viðhalds, 5.000 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög vegna endurbóta á húseignum: Til Menntaskólans í Reykjavík 700 þús.kr., til Menntaskólans á Akureyri 1.500 þús.kr., til Menntaskólans á Laugarvatni 2.000 þús.kr., til Menntaskólans við Hamrahlíð 1.000 þús.kr. og til Menntaskólans við Sund 1.500 þús.kr. Vegna nýbygginga eru 4.000 þús.kr. til Menntaskólans á Ísafirði til innréttinga á kennsluhúsnæði og 11.000 þús.kr. eru til byggingar kennsluhúsnæðis fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum.

### 308, 351—360 Fjölbrautaskólar

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskóli Austurlands, sem áður hét Framhaldsskólinn í Neskaupstað, eru fjölbrautaskólar. Hér er fjallað um þá ásamt öllum öðrum skólum sem bera það nafn. Heildarframlag til þessara skóla nemur 514.618 þús.kr. að stofnkostnaðarframlögum meðtöldum. Til rekstrar eru áætlaðar 452.818 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum líðandi árs er 341.372 þús.kr. Hækkun er því um 32,6%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram sundurliðun milli gjaldategunda og samanburður við fjárlög í ár:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Laun .....	310.137	411.414	101.277	32,7
Önnur gjöld .....	31.235	41.404	10.169	32,6
Stofnkostnaður .....	43.454	61.800	18.346	42,2
Samtals	384.826	514.618	129.792	33,7

Talið er að nemendum fjölgi um 200 frá áætlun fyrir 1986 og hækka því laun og önnur rekstrargjöld umfram almennar launa og verðlagshækkanir. Starfsemi öldungadeilda og meistarakóla eykst einnig á nokkrum stöðum. Áætlað er að hefja starfsemi meistarakóla við Fjölbrautaskólann á Selfossi og við Verkmenntaskólann á Akureyri er áætlað að hefja kennslu í öldungadeild og meistarakóla. Ríkissjóður greiðir 1/3 hluta kostnaðar við öldungadeildir og meistarakóla á móti 1/3 hluta nemenda og 1/3 hluta sveitarfélaga. Þetta eru helstu skýringar á hækkun launa í þessum skólum en sammingsbundnar hækkunir á launum kennara hafa einnig verið miklar á þessu tímabili. Rekstrargjöld hækka vegna fjölgunar nemenda og aukinnar starfsemi en einnig virðist vera mikil hækkun rekstrargjalda milli ára í flestum þessara skóla, í mörgum tilvikum langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Skiptist rekstrarkostnaður til helminga milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga og liggur uppgjör fyrra árs oft ekki fyrir þegar unnið er að fjárlagagerð. Loks er þess að geta að margir skólanna eru enn í mótun og nægir að minna á Verkmenntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskóla Austurlands og Fjölbrautaskólann á Selfossi sem flyst trúlega í nýtt húsnæði á árinu 1987. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbraut, 500 þús.kr. vegna endurbóta, til Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1.000 þús.kr., framlag vegna uppgjörs frá fyrra árum, og til Fjölbrautaskólans á Akranesi eru ætlaðar 4.800 þús. kr. vegna uppgjörs á lokaáfangi heimavistarhúss. Til Framhaldsskólans í

Vestmannaeyjum er lagt til að veittar verði 1.200 þús.kr. vegna uppgjors og 300 þús.kr. vegna tækjabúnaðar. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki eru veittar 2.800 þús.kr. vegna uppgjors og 7.200 þús.kr. vegna heimavistarbyggingar og til Fjölbrautaskólans á Selfossi 18.000 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda. Þá er að nefna að til Verkmenntaskóla Austurlands eru ætlaðar 6.000 þús.kr. til undirbúnings og fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar heimavistarhúss og til Verkmenntaskólans á Akureyri er framlag 16.300 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda og 1.700 þús.kr. vegna kaupa á vélhermi. Loks er 2.000 þús.kr. framlag til Fjölbrautaskólans í Garðabæ vegna húsakaupa.

**319 Framhaldsskólar, almennt**

Fjárveiting nemur samtals 51.699 þús.kr. að meðtöldu 5.000 þús. kr. framlagi til viðhalds framhaldsskóla og 4.000 þús. kr. framlagi til tölvukaupa. Að þessu frátöldu nemur framlag 42.699 þús.kr. og hækkar um 8,5% frá fjárlögum. Útgjaldategundir hækka mismikið og er það fyrst og fremst vegna tilfærslna milli útgjaldategunda eins og kemur fram í texta hér á eftir. Verkefni undir launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) laun prófdómara, 3) orlof kennara, 4) forfallakennsla, 5) sérkennsla, 6) almenn þróunarverkefni, 7) réttindanáms skipstjórnarmanna (var í fjárlögum 1986 flokkað undir tilfærslur), 8) framlag vegna óvissu um nemendafjölda í framhaldsskólum (var í fjárlögum 1986 flokkað undir önnur gjöld) og 9) námsefnisgerð. Síðast talda verkefnið er nýtt undir þessum fjárlagalið. Í því felst kennslubókargerð fyrir framhaldsskólastigið samsvarar framlagið lausn kennsluskyldu fyrir tvo kennara. Stefnt er að betra skipulagi á starfseminni með því að hafa sérstakt framlag í fjárlögum tengt þessu starfi. Framlag til annarra gjalda er 548 þús. kr. vegna tölvuvinnslu og 4.380 þús. kr. til uppgjors samrekstrarskóla en framlag til þess var 6.500 þús.kr. í fjárlögum 1986. Tilfærslur eru vegna endurmenntunarnámskeiða framhaldsskólakennara.

**321 Kennaraháskóli Íslands**

Heildarfjárveiting nemur 103.902 þús.kr. Framlag til rekstrar nemur 97.052 þús.kr. og hækkar um 30% frá fjárlögum líðandi árs. Laun nema 83.823 þús.kr. og að frátöldu viðbótarframlagi um 1.350 þús.kr. vegna framhaldsnáms í sérkennslufræðum hækka laun rúmlega 33%. Í áætlun launa er byggt á föstum launum 44,8 stöðuheimilda. Er það fjölgun um eina stöðuheimild frá fjárlögum 1986. Þó er ekki um beina aukningu að ræða vegna þess að viðkomandi staða, kennslu- og æfingastjóri, var á öðrum dagvinnulaunum og er því um tilfærslu að ræða. Stundakennsla og yfirvinna eykst nokkuð. Hækkun launa til kennara er hátt í 30% og felst fyrst og fremst í launaflokkatilfærslum en ákvæði í kjarasamningum um starfsaldurshækkunir vege einnig mjög þungt í launaútgjöldum þessa skóla. Hækkun annarra gjalda er í hátt við almennar verðlagshækkunir á tímabilinu. Til viðhalds fasteignar eru ætlaðar 1.250 þús.kr. og framlag til stofnkostnaðar er samtals 5.600 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. vegna lyftu og lóðar, 2.000 þús.kr. til kennslubúnaðar og 600 þús.kr. framlag er vegna endurbyggingar gamla kennaraskólans við Laufásveg.

**322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands**

Fjárveiting til skólans nemur 23.068 þús.kr. og er 1.000 þús.kr. framlag til viðhalds húseignar meðtalið. Framlag til rekstrar nemur 22.068 þús.kr. og hækkar um 30,7% frá gildandi fjárlögum. Fyrst og fremst eru það laun sem hækka mikið en sú hækkun er þó í samræmi við ákvæði kjarasamninga kennara á þessu tímabili. Stór hluti kennara í

Þessum skóla tók áður laun samkvæmt aðalkjarasamningi BSRB en nú samkvæmt aðalkjarasamningi Bandalags kennara (BK). Er hér áætlað fyrir óbreyttri starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1986.

**331 Íþróttakennaraskóli Íslands**

Framlag til rekstrar nemur samtals 9.454 þús.kr. og hækkar um 21,8% frá gildandi fjárlögum. Laun nema 8.130 þús.kr. og hækka um 28,3% frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir um 10% aukningu kennslu og hækka önnur gjöld af sömu ástæðu svo og vegna stækkunar húsnæðis. Hækkun á sértekjum er vegna leigutekna af nýja íþróttahúsinu. Framlag til stofnkostnaðar er 8.700 þús.kr. og skiptist svo: 1.300 þús.kr. eru vegna uppgjors á útboðsverki 2, 4.400 þús.kr. eru vegna kaupa á gólfefni og 3.000 þús. kr. eru vegna búnaðar og frágangs.

**422 Námsgagnastofnun**

Framlag til stofnunarinnar er 91.903 þús.kr. sem er hækkun um 6.419 þús.kr. eða 7,5% frá fjárlögum 1986. Fjárveitingin jafngildir um 2.480 kr. á hvern nemanda í skyldunámi. Miðað er við að umfang starfseminnar verði sem næst óbreytt frá því sem er í fjárlögum 1986. Áætlun launa byggist á 40,15 stöðugildum, þar af 25,4 föstum heimiludum stöðum og 15,65 sem ráðið er í vegna sérstakra verkefna. Til útgáfu eru ætlaðar 63.072 þús.kr. eða um 1.700 kr. á nemanda í skyldunámi og til kaupa á myndböndum eru ætlaðar 3.011 þús.kr. eða um 81 kr. á hvern nemanda.

**423 Námsstjórn og þróunarverkefni**

Heildarfjárveiting nemur 14.448 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum um 26,7%. Fyrst og fremst er það hækkun annarra gjalda en launa sem er umfram almennar verðlags-hækkanir og er skýringin 770 þús.kr. framlag vegna flutninga. Starfsemin flytur seinni hluta árs 1986 úr húsnæði að Ingólfsstræti 5 í hús fasteigna ríkissjóðs að Skippholti 37.

**501 Tækniskóli Íslands**

Heildarfjárveiting er 61.565 þús.kr. Þar af er 2.500 þús.kr. stofnkostnaðarframlag vegna tækjakaupa. Til rekstrar eru áætlaðar 59.065 þús.kr. og hækkar fjárveiting frá fjárlögum líðandi árs um 29,9%. Framlagið miðast við óbreytta starfsemi að frátalinni aukningu sem verður vegna röntgentæknináms. Það var tekið upp í fyrsta sinn í áætlun fyrir árið 1986 og kemur nú með fullum þunga, enda um tveggja ára nám að ræða.

**506 Vélaskóli Íslands**

Heildarfjárveiting nemur 29.596 þús.kr. Framlag til rekstrar er 26.596 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir enda gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans. Framlag til stofnkostnaðar er 3.000 þús.kr. og er til kaupa á vélhermi sem ákveðin voru af Alþingi á árinu 1985.

**514—516 Iðnskólar**

Áætlun um iðnskóla gerir ráð fyrir nokkurn veginn óbreyttri starfsemi þeirra skóla. Þó er fremur samdráttur í starfsemi utan Reykjavíkur. Framlag til rekstrar er samtals 129.490 þús.kr. og hækkar um 25,7% frá fjárlögum 1986. Laun hækka um tæplega 26% í heild. Hækkun annarra gjalda en launa í Iðnskólanum í Reykjavík er nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar en á móti kemur hækkun sértekna. Til viðhalds fasteigna Iðnskólans í Reykjavík eru ætlaðar 2.000 þús.kr. Skipting stofnkostnaðarframlags undir fjárlagalið 02-516 er þannig: Til Iðnskólans í Reykjavík

4.800 þús.kr. Þar af 2.000 þús.kr. vegna lagfæringa á Vörðuskóla, 1.800 þús.kr. vegna gluggaviðgerða og 1.000 þús.kr. vegna tækjakaupa. Til Iðnskólans í Hafnarfirði er 1.000 þús.kr. framlag til kaupa á tækjabúnaði og jafnhátt framlag er til kaupa á tækjabúnaði fyrir Iðnskólann á Ísafirði.

**517 Hótel- og veitingaskóli Íslands**

Heildarfrjárveiting til skólans nemur 10.885 þús.kr. Þar af er 1.450 þús.kr. stofnkostnaðarframlag og eru 500 þús.kr. vegna tækjakaupa og 950 þús.kr. framlag vegna fyrirhugaðs flutnings skólans að Laugarvatni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans.

**518 Fiskvinnsluskólinn**

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans og er framlag til rekstrar í samræmi við það. Til nýbyggingarframkvæmda eru ætlaðar 26.500 þús.kr. Þar af eru 5.800 þús.kr. vegna uppgjors á því útboðsverki sem nú er unnið að. Næsti byggingaráfangi er útboð á innréttingum og frágangi innanhúss. Kostnaðaráætlun við það verk nemur 35.000 þús.kr. Reiknað er með að verkið taki a.m.k. tvö ár og er framlag vegna ársins 1987 ætlað 20.700 þús.kr.

**521 Hjúkrunarskóli Íslands**

Framlag til Hjúkrunarskóla Íslands nemur alls 1.473 þús. kr. Framlagið er ætlað til ýmissa frágangsverkefna sem fyrirsjáanlegt er að ekki verður lokið fyrir árslok 1986. Engin kennsla verður í skólanum en verið er að ganga frá námsgögnum svo og öðrum gögnum er tengjast sögu skólans.

**553 Hússtjórnarskólar**

Heildarframlag til hússtjórnarskóla nemur 13.117 þús.kr. Þar af er framlag til viðhalds samtals 3.000 þús.kr. Framlag til rekstrar er því 10.117 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum um 16,6%. Ákveðið hefur verið að hætta rekstri skólanna að Laugum, Laugarvatni og að Varmalandi. Launagjöld lækka því um 30,3% frá fjárlögum en gert er ráð fyrir að nokkurt fjármagn þurfi vegna upphitunar, minni háttar viðhalds o.fl. svo að önnur gjöld vegna rekstrar lækka ekki strax á árinu 1987. Kennsla, sem eftir er í hússtjórnarskólum, er fyrst og fremst í formi sjálfstæðra námskeiða svo og kennsla í hússtjórnargreinum fyrir aðra skóla. Heimiluð stöðugildi eru samtals 8,35, þar af 3,6 í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, 2,75 á Hallormsstað og 2 á Ísafirði.

**562 Leiklistarskóli Íslands**

Heildarframlag nemur 12.265 þús.kr. Þar af nemur framlag til rekstrar 9.265 þús.kr. og hækkar um 16,2% frá fjárlögum 1986. Til stofnkostnaðar eru áætlaðar 3.000 þús.kr. og eru 2.300 þús.kr. til að ljúka innréttingum og 700 þús.kr. til tækjakaupa. Skólinn og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar fluttu í september 1986 í landssmiðjuhúsið við Sölvhólsgötu og hefur þessum stofnunum nú verið fundinn staður sem þeim ætti að duga um langa hríð. Báðar stofnanirnar hafa um árabíl verið á hrakhólum.

### 563 Tónlistarfræðsla

Heildarframlag nemur 127.537 þús.kr. Þar af eru stofnkostnaðarstyrkir 1.400 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986. Rekstrarframlag er 126.137 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 42,7%. Helstu skýringar á þessari hækkun er aukið kennslumagn og hækkun launa. Miklar flokkatilfærslur hafa átt sér stað í kjölfar samninga og einnig starfsaldurshækkunar. Það var trúlega vanmetið í fjárlögum 1986.

### 601—610 Héraðsskólar

Hér verður fjallað um öll framlög til héraðsskóla. Samtals nema þau 99.280 þús.kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlögum frátöldum eru samtals 81.380 þús.kr. ætlaðar til rekstrar. Áætlanir eru uppi um að leggja starfsemi niður í héraðsskólunum að Laugarvatni og á Núpi í Dýrafirði. Verður það þó ekki fyrir en haustið 1987 og er þessi áætlun miðuð við það. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Laun .....	50.041	60.922	10.881	21,7
Önnur gjöld .....	22.971	23.527	556	2,4
Viðhald .....	3.343	3.500	157	4,7
Stofnkostnaður .....	10.505	14.400	3.895	37,1
Samtals	86.860	102.349	15.489	17,8
Sértekjur	-2.529	-3.069	-540	21,4
Mismunur	84.331	99.280	14.949	17,7

Til viðhalds skólanna eru áætlaðar 3.500 þús.kr. og til stofnkostnaðar eru 14.400 þús.kr. Af því eru 8.000 þús.kr. til Héraðsskólans í Reykholti vegna áframhaldandi byggingaframkvæmda mótuneytishúss. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu framlags milli einstakra héraðsskóla.

### 621 Skálholtsskóli

Heildarframlag nemur 5.007 þús.kr. og er 900 þús.kr. framlag til viðhalds húseigna þar meðtalið. Til rekstrar áætlast 4.107 þús.kr. og byggist áætlun á óbreyttri starfsemi skólans frá fjárlögum 1986.

### 700—720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins bæði rekstrarframlög til grunnskóla-starfs í fræðsluumdæmum og á liðnum *Grunnskólar, almennt*. Heildarkostnaður er áætlaður 2.109.360 þús.kr. sem er hækkun um 383.582 þús.kr. eða 22,2% frá fjárlögum 1986. Launagjöld eru 1.890.375 þús.kr. og hækka um 358.027 þús.kr. eða 23,4% frá fjárlögum 1986. Launagjöld í frumvarpinu fyrir 1987 skiptast í aðalatriðum þannig:

		Frumvarp 1987 þús.kr.
Fræðsluskrifstofur		10.554
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		12.244
Almennur kennslukostnaður		1.457.692
þar af almenn kennsla	1.437.306	
einkaskólar	13.499	
annað	6.887	
Stuðningskennsla		72.036
Forfallakennsla		47.263
Orlof kennara		13.283
Önnur laun		159.796
þar af gæsla í skólum	15.450	
mötuneyti í grunnskólum	31.263	
mötuneyti í héraðsskólum	7.096	
önnur laun, kvótastörf	105.987	
Sérkennsla		79.199
Námsstjórar í fræðsluumdæmum		2.854
Framhaldsdeildir grunnskóla		31.106
Stjórnskipaðir prófdómarar		4.348
	Samtals	1.890.375

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga skýrist hækkun launagjalda fyrst og fremst af eftirtöldum atriðum:

- Almennur kennslukostnaður hækkar um 14.200 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda og óhagkvæmari skiptingar nemenda í bekkjardeildir.
- Sérkennsla hækkar um 4.700 þús.kr. vegna aukinnar starfsemi.
- Safnakennsla hækkar um 325 þús.kr. vegna fjölgunar um hálfst stöðugildi.

Önnur gjöld grunnskólastigsins nema alls 182.151 þús.kr. Hækkun þeirra nemur 11% frá gildandi fjárlögum. Að gefnu tilefni þykir rétt að sýna skiptingu rekstrar- gjalda í frumvarpinu sérstaklega:

		Þús kr.
Rekstrargjöld fræðsluumdæma		178.062
Akstur skólabarna	127.497	
Húsaleiga, heilsugæsla og tryggingar	31.263	
Annað	19.302	
Rekstrargjöld grunnskóla, almennt		4.420
	Samtals	182.491

Eignakaup eru 5.000 þús. kr. vegna kaupa á tölvum og hugbúnaði. Tilfærslur eru alls 31.494 þús. kr. sem er hækkun um 6.999 þús. kr. eða 28,6%. Þessi liður skiptist þannig í aðalatriðum:

		Þús. kr.
Lögbundin framlög til fræðsluskrifstofa		6.429
Sundskylda í skólum		20.000
Höfundagreiðslur		4.715
Annað		350
	Samtals	31.494

Með tilfærslum teljast lögbundin framlög til fræðsluskrifstofa 6.429 þús.kr. nema framlag til Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurmæmis sem nemur 3.183 þús.kr. og skiptist á launa- og rekstrargjaldalið. Þar af eru 1.260 þús.kr. umfram lagaskyldu vegna sérstaks samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um rekstur fræðsluskrifstofunnar. Á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta og í samvinnu við sveitarfélögin er nú unnið að endurskoðun á skipan og kostnaðarskiptum sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Nú liggur ekki fyrir hvaða verkefni og útgjaldabættir muni færast til sveitarfélaganna en menntamálaráðherra hefur lagt til að akstur skólabarna á grunnskólastigi og ýmis annar kostnaður, er tengist starfi grunnskóla, færist til sveitarfélaganna. Í þessu frumvarpi er að svo komnu máli áætlað fyrir þeim útgjaldabáttum grunnskólanna sem kemur til álita að flytja til. Aftur á móti hafa skil ríkissjóðs á söluskattstekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verið lækkuð sérstaklega um 130 m.kr. Náist samkomulag um tilfærslu verkefna verða fjármál jöfnunarsjóðsins endurskoðuð.

### **730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra**

Framlag nemur samtals 185.500 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 70.571 þús.kr. eða rúmlega 61%. Af fjárveitingunni eru 5.500 þús.kr. ætlaðar til uppgjors við tvo skóla, þ.e. 3.000 þús. kr. til Ísafjarðar vegna byggingarframkvæmda við grunnskóla og 2.500 þús.kr. til Laugaskóla í Dalasýslu. Þá er þess að geta að á árinu 1986 hafa verið gerðir samningar um byggingu grunnskóla á Akranesi og í Bessastaðahreppi. Fjárveitinganefnd Alþingis mun að veltu gera tillögu um skiptingu fjárveitingar til einstakra framkvæmda.

### **750 Skólar fyrir þroskaheft börn**

Liðurinn hækkar um 25.819 þús.kr. eða 23,3% frá fjárlögum 1986 og verður 151.057 þús.kr. Eina nýja starfsemin, sem gert er ráð fyrir, er svo nefnt starfsleikninám og er það starfsnám tengt námi í sérkennslufræðum á vegum Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður er áætlaður 1.799 þús.kr. og miðast við 3,6 reiknuð stöðugildi. Gert er ráð fyrir að í Öskjuhlíðarskóla fjölgi nemendum um 9 frá fyrra skólaári. Í þjálfunarskólum ríkisins fjölga nemendum um 26 og eru það allt nemendur í fullorðinsfræðslu en hlutfallslega fleiri nemendur búa við meiri fötlun en áður var talið og er það aðallega vegna nákvæmari mælinga á greindarskerðingu en áður hefur tíðkast. Þessi atriði valda aukningu á áætluðu kennslumagni og þar með nokkurri fjölgun kennara. Þær stöður, sem tilgreindar eru í yfirlitinu hér á eftir, eru reiknaðar stöður án tillits til samþykktra heimilda. Flestar eru stöðurnar kennarastöður nema 10 stöðugildi annarra en kennara eru við Öskjuhlíðarskóla (voru 10,5 en 0,5 stöðugildi hefur verið flutt til fjölskylduheimilisins að Reynilundi 4) og engin kennarastaða er við fjölskyldu- og skóladagheimilin. Skipting reiknaðra stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	Sér- tekjur	Fjár- veiting
Óskjuhlíðarskóli	51,65	8.885		38.885
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	3,85	3.295		3.295
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4,03	2.844		2.844
Þjálfunarskólar ríkisins	90,04	64.152		64.152
Þjálfunarskóli Kópavogshæli	21,77	15.805		15.805
— Sólheimum	2,0	1.580		1.580
— Hringsins	10,0	7.110		7.110
— Bjarkarási	9,01	16.346		6.346
— Safamýri	31,2	21.792		21.792
— Tjaldanesi	2,31	11.369		1.369
— Akureyri	13,75	10.150		10.150
Dagvistun forskólabarna	1,0	18.438		18.438
Sameiginleg þjónusta	3,6	22.424	1.075	21.349
Starfsleikninám	3,6	1.799		1.799
Fargjöld		506		506
Tannlækningar		340	96	244
Akstur skólabarna		10.320		10.320
Dvalarkostnaður, vistanir		6.074	979	5.095
Sumardvöl		3.385		3.385
Almennt		2.094		2.094
Forfallakennsla		1.239		1.239
Orlof		756		756
Bliss-nefnd		99		99
Samtals	154,17	152.132	1.075	151.057

#### 799 Heyrnleysingjaskólinn

Heildarfjárveiting nemur 29.869 þús.kr. Framlag til stofnkostnaðar er 100 þús.kr. vegna símakerfis og framlag til viðhalds er 440 þús.kr. vegna viðgerða á skólahúsi, málningarvinnu og til uppbyggingar á tónstofu. Framlag til rekstrar er 29.329 þús.kr. og er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkningar enda ekki gert ráð fyrir breytingu á starfsemi skólans.

#### 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Framlag er 20.000 þús.kr. en var 39.200 þús.kr. í fjárlögum 1986.

#### 871 Unglingaheimili ríkisins

Framlag til heimilisins nemur 6.490 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Í greinargerð um B-hluta fyrirtæki er fjallað um stafsemi og fjárhag heimilisins.

#### 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986 eða 865.000 þús.kr. Umfjöllun um Lánasjóð íslenskra námsmanna er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

#### 881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 11.852 þús.kr. en var 13.834 þús.kr. í fjárlögum 1986. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum 1986. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og framlögum í fjárlögum 1986:



	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum .....	1.729	2.077	348	20,1
Menningarstofnun Bandaríkjanna .....	120	125	5	4,2
Styrkur til útgáfustarfa .....	1.200	1.400	200	16,7
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld .....	600	623	23	3,8
Félagsstofnun stúdenta .....	3.300	3.427	127	3,9
Stúdentagarðar, viðhald .....	6.685	4.000	-2.685	-40,2
Hjónagarðar, hönnun .....	200	200	-	-
Samtals	13.834	11.852	-1.982	-14,3

Framlag til viðhalds stúdentagarða er miðað við greiðslu af áhvilandi láni sem Félagsstofnun stúdenta hefur tekið til framkvæmdanna. Ekki er gert ráð fyrir framlagi umfram þetta enda hefur fjárveitinganefnd Alþingis árlega fjallað um þennan lið sérstaklega.

#### 883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla

Framlag nemur samtals 1.337 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum liðandi árs um 73,2%. Skýring þeirrar hækkunar er ný staða kennara í íslensku við Lundúnaháskóla og er framlag vegna þess um 300 þús.kr.

#### 885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag nemur 1.284 þús.kr. en var 1.155 þús.kr. í fjárlögum 1986. Framlag til félagsmálanámskeiða fellur niður og önnur framlög breytast eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Bréfaskólinn .....	550	642	92	16,7
Námsflokkar .....	150	175	25	16,7
Félagsmálanámskeið .....	125	-	-125	.
Heimilisiðnaðarskólinn .....	180	292	112	62,2
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði .....	150	175	25	16,7
Samtals	1.155	1.284	129	11,2

#### 901 Landsbókasafn Íslands

Framlag til Landsbókasafns Íslands nemur 19.748 þús.kr. Af því er 2.500 þús.kr. stofnkostnaðarframlag og eru 2.300 þús.kr. til bókakaupa en 200 þús.kr. vegna kaupa á ljósritunarmálum. Framlag til rekstrar nemur 17.248 þús.kr. og hækkar um 18,6% frá fjárlögum 1986. Byggir áætlunin á óbreyttri starfsemi safnsins.

#### 902 Þjóðminjasafn Íslands

Heildarfjárveiting til safnsins nemur 22.743 þús.kr. Til rekstrar áætlast 17.743 þús.kr. sem er um 18,5% hækkun frá framlagi til rekstrar í fjárlögum 1986. Sú breyting er á áætlun launa að niður fellur framlag fyrir staðgengil forstöðumanns þjóðháttadeildar en á móti bætist við ein staða verkefnaráðs sérfræðings. Í heild litið er miðað við

óbreytta starfsemi bæði í áætlun launa og annarra gjalda. Til utanhússviðgerðar á safnhúsinu eru 4.000 þús.kr. og 1.000 þús.kr. er til viðhalds gamalla bygginga í vörslu Þjóðminjasafns. Á árinu 1987 er stefnt að því að Listasafn Íslands flytji í nýtt húsnæði við Fríkirkjuveg en safnið hefur haft til afnota eina hæð í Þjóðminjasafnhúsinu.

**903 Þjóðskjalasafn Íslands**

Framlag nemur samtals 16.008 þús.kr. og eru 4.000 þús.kr. ætlaðar til innréttinga í nýju húsnæði að Laugavegi 164 og 1.000 þús.kr. til tækjabúnaðar. Framlag til rekstrar nemur 11.008 þús.kr. og hækkar um 17,6% frá fjárlögum 1986. Áætlunin byggist á óbreyttri starfsemi safnsins.

**905 Listasafn Ásgríms Jónssonar**

Framlag til safnsins nemur 1.448 þús.kr. Þar af er 260 þús. kr. fjárveiting til kaupa á viðvörunkerfi og ljósrítunarvél. Framlag til rekstrar byggist á óbreyttri starfsemi safnsins.

**906 Listasafn Einars Jónssonar**

Heildarfjárveiting nemur 2.812 þús.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 1.812 þús.kr. og er þetta smávegis hækkun frá fjárlögum 1986 fyrst og fremst vegna aukinnar gæslu í tengslum við höggmyndagerð. Til viðhalds safnhússins eru ætlaðar 1.000 þús. kr.

**907 Listasafn Íslands**

Heildarfjárveiting til safnsins er 59.359 þús.kr. Framlag til rekstrar nemur 11.859 þús.kr. og hækkar um 23% frá fjárlögum líðandi árs. Hækkun launa umfram almennar launahækkanir er vegna einnar stöðu húsvarðar og stöðu gæslumanna sem nemur 1,8 stöðugildi og áætlað er fyrir vegna flutnings í nýtt húsnæði við Fríkirkjuveg. Heimild til fjölgunar er bundin því að ekki verði ráðið í stöðurnar fyrr en flutt verður í nýtt húsnæði en í áætlun er miðað við heils árs útgjöld. Stofnkostnaðarframlag er 47.500 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. til *listaverkakaupa* og 44.500 þús. kr. til framkvæmda við nýtt safnahús við Fríkirkjuveg. Þar af renna 26.000 þús.kr. til þess útboðsverks sem nú er unnið að og á að skila 1. maí 1987. Afgangurinn, 18.500 þús.kr., er til kaupa á lyftum og nauðsynlegum búnaði til að geta tekið húsið í notkun.

**908 Kvikmyndasafn Íslands**

Fjárveiting til safnsins verður 2.563 þús.kr. en var 1.245 þús.kr. í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 87,8% og rekstrargjöld um 56%. Hækkun launa er vegna yfirvinnu sem ekki var áætluð í fjárlögum 1986. Hækkun annarra gjalda er m.a. vegna hærri leigugjalda. Sértekjur lækka um 77,3%. Þær hafa að meginhluta til verið framlög fyrirtækja og stofnana til viðgerða á gömlum kvikmyndum. Forráðamenn Kvikmyndasafns telja ekki líkur á slíkum tekjum á næsta ári.

**931 Náttúruverndarráð**

Heildarfjárveiting til Náttúruverndarráðs nemur 14.449 þús.kr. og hækkar úr 12.083 þús.kr. eða um 19,6%. Launagjöld hækka um 20,8% og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 32,2. Rekstrarviðfangsefni voru sjö í fjárlögum 1986 en eru nú átta talsins. Viðfangsefninu *rannsóknastörf við Mývatn* er skipt í tvö viðfangsefni. Annars vegar *rannsóknastörf við Mývatn* með framlag að fjárhæð 1.473 þús.kr. og hins vegar *eftirlit við Mývatn og Laxá* en til þess eru veittar 622 þús.kr. Sértekjur viðfangsefnisins *rannsóknastörf við Mývatn* eru áætlaðar 2.360 þús.kr. þannig að samtals verður varið

4.455 þús.kr. á næsta ári til rannsókna á lífríki Mývatns og áhrifum kísilgúrtöku á það. Til viðhalds eru ætlaðar 800 þús.kr. og til meiri háttar stofnkostnaðar 2.650 þús.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að til rannsóknastöðvar við Mývatn eru áætlaðar 1.000 þús.kr., til hreinlætisaðstöðu við tjaldstæðin í Skaftafelli 650 þús.kr. og til endurnýjunar girðinga við Jökulsárgljúfur 1.000 þús.kr.

**973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Umfjöllun um þessar tvær stofnanir er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Vísast því til þeirra greinargerða undir viðfangsefnanúmerum 22-973 og 22-974. Framlag til Þjóðleikhússins verður alls 82.970 þús.kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru ætlaðar 33.160 þús.kr. Sambærilegar tölur í fjárlögum 1986 voru 64.241 þús.kr. og 25.985 þús.kr. Framlag til Þjóðleikhússins hækkar þannig um 29,2% og til Sinfóníuhljómsveitar um 27,6%.

**975 Vísindasjóður**

Framlag nemur 2.000 þús.kr. og hækkar um 1.300 þús.kr. frá fjárlögum. Hækkunin er vegna sérstaks framlags til viðhalds húseignar sjóðsins að Bárugötu 3.

**976 Menningarsjóður**

Tekjur menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum af kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 6.500 þús.kr. en að auki eru veittar 1.400 þús.kr. til sjóðsins upp í endurgreiðslu á 3.200 þús.kr. láni sem sjóðurinn tók til útgáfustarfa. Þá er að nefna að geymd fjárveiting sjóðsins frá árinu 1985 nemur 1.476 þús.kr.

**977 Þjóðarbókhlaða**

Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlaðu, skal á árunum 1987-89 lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlaðu. Áætlað er að innheimta af álagningu ársins 1987 nemi 95.000 þús.kr. Þrátt fyrir áætlaðar tekjur þá er áformað að verja eigi hærri fjárhæð en 45.000 þús.kr. til framkvæmda á árinu 1987 og eru framlög úr ríkissjóði miðuð við það.

**981 Kvikmyndasjóður**

Framlag til sjóðsins nemur 55.000 þús.kr. og hækkar úr 16.000 þús.kr. framlagi í fjárlögum 1986. Auk framlagsins 1986 var sjóðnum aflað lánsfjár að upphæð 16.000 þús.kr. Af framlagi ársins 1987 eru 8.000 þús.kr. ætlaðar til kaupa á hentugu húsnæði fyrir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Talið er rétt að framlög til kvikmyndamála, þ.e. Kvikmyndasafns og Kvikmyndasjóðs, færist undir sama fjárlagalið. Fyrir afgangi fjárlaga mun leitað eftir endurskoðun á þessu atriði frumvarpsins.

**982 Listir, framlög**

Heildarframlag nemur 74.446 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 11%. Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	
Launasjóður rithöfunda	8.385	-	-8.385	.
Starfslaun listamanna	-	23.340	23.340	.
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	206	222	16	7,8
Rithöfundasjóður Íslands	4.021	4.851	830	20,6
Þýðingarsjóður	2.604	2.918	314	12,1
Leikfélag Reykjavíkur	5.200	5.602	402	7,7
Leikfélag Akureyrar	4.700	4.901	201	4,3
Leiklistarstarfsemi	4.800	-	-4.800	.
Bandalag íslenskra leikfélaga	625	-	-625	.
Önnur leiklistarstarfsemi	1.750	9.435	7.685	439,1
Leiklistarráð	125	-	-125	.
Alþýðuleikhús	1.650	-	-1.650	.
Norrænt leiklistarþing	250	-	-250	.
Kynning á íslenskri list erlendis	1.550	1.634	84	5,4
Íslenska óperan	3.750	4.085	335	8,9
Íslenski dansflokkurinn	750	794	44	5,9
Tónlistarstarfsemi, styrkir	2.250	2.334	84	3,7
Listasöfn, styrkir	1.725	1.832	107	6,2
Myndlistaskólinn í Reykjavík	1.250	1.342	92	7,4
Myndlistaskólinn á Akureyri	2.000	2.124	124	6,2
Samband íslenskra myndlistarmanna	625	665	40	6,4
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	500	531	31	6,2
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	4.125	4.429	304	7,4
Listamannalaun	4.107	-	-4.107	.
Starfslaun listamanna	4.692	-	-4.692	.
Bandalag íslenskra listamanna	50	58	8	16,0
Listkynning, styrkir	185	198	13	7,0
Lista- og menningarmál, ýmis	3.000	3.151	151	5,0
Leikfélög, skuldagreiðslur	2.200	-	-2.200	.
Samtals	67.075	74.446	7.371	11,0

Helstu breytingar eru þær að niður falla framlög til viðfangsefnanna: *launasjóður rithöfunda*, *listamannalaun* og *starfslaun listamanna* en nýtt viðfangsefni *1.12 Starfslaun listamanna* er tekið upp í staðinn og fjárframlag sameinað undir því viðfangsefni. Einnig falla niður viðfangsefnin *1.22 Leiklistarstarfsemi*, *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga*, *1.25 Leiklistarráð* og *1.26 Alþýðuleikhúsið* en framlag til viðfangsefnisins *1.24 Önnur leiklistarstarfsemi* hækkar tilsvareandi.

#### 984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 9.036 þús.kr. og hækkar úr 5.163 þús.kr. í fjárlögum 1986. Nýtt viðfangsefni *1.21 Alþjóðleg rannsóknáætlun um borun á hafsbótmi* er tekið upp og erframlagið vegna norrænnar þátttöku í alþjóðlegu verkefni á sviði hafsbotsrannsóknna. Að öðru leyti skiptast framlög samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Norrænt samstarf .....	400	426	26	6,5
Norræna félagið .....	125	134	9	7,2
Samstarf á sviði menningarmála skv. norrænni fjárhagsáætlun .....	4.063	7.204	3.141	77,3
Menningarsamskipti við Færeyinga .....	275	292	17	6,2
Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO .....	300	478	178	59,3
Alþjóðleg rannsóknáætlun um borun á hafsbotni .....	-	502	502	.
Samtals	5.163	9.036	3.873	75,0

### 985 Félagsheimilásjóður

Framlag til sjóðsins er samtals 12.000 þús.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 1986. Leitað verður heimildar til skerðingar lögboðins framlags í frumvarpi til lánsfjárlaga.

### 986 Íþróttasjóður

Heildarframlag nemur 30.277 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1986 um 1.949 þús.kr. Rekstrarstyrkir nema 2.077 þús.kr. samanborið við 2.000 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja er 28.000 þús.kr. og lækkar um 2.026 þús.kr. frá fjárlögum líðandi árs.

### 988 Æskulýðsmál

Fjárveiting nemur alls 11.484 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum 1986 um 9,1%. Viðfangsefni eru hin sömu og skiptist fjárveitingin samkvæmt eftirfarandi yfirliti sem sýnir einnig samanburð við fjárlög 1986. Bent skal á að Bandalag íslenskra skáta fékk sérstaka hækkun á framlagi í fjárlögum 1986 vegna alþjóðlegs skátamóts á Íslandi. Nú er hins vegar hækkun á framlagi til starfsemi skátahreyfingarinnar að Úlfljótsvatni vegna uppbyggingar á aðstöðu þar.

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Æskulýðsráð ríkisins .....	750	817	67	8,9
Æskulýðssamband Íslands .....	180	187	7	3,9
Ungmennafélag Íslands .....	5.250	5.485	235	4,5
Bandalag íslenskra skáta .....	2.850	1.984	-866	-30,4
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns .....	300	1.751	1.451	483,7
Íslenskir ungtemplarar .....	200	210	10	5,0
Starfsemi KFUM og KFUK .....	1.000	1.050	50	5,0
Samtals	10.530	11.484	954	9,1

### 989 Ýmis íþróttamál

Fjárveiting nemur samtals 33.053 þús.kr. og hækkar um 5.638 þús.kr. eða 20,6% frá fjárlögum 1986. Þrjú viðfangsefni falla niður, *farkennsla í íþróttum, útgáfa handbóka um skólaíþróttir* og *Bridgesamband Íslands*. Eitt viðfangsefni bætist við *íþróttastarfsemi, almenn*. Af framlagi til Íþróttasambands Íslands eru 2.500 þús.kr. sérstaklega

ætlaðar til Handknattleikssambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuleikunum í Seoul. Liðurinn *stórmeistarar í skák* hækkar vegna fjölgunar þeirra sem væntanlega fá laun þessi á árinu 1986. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Íþróttasamband Íslands .....	22.500	26.258	3.758	16,7
Ólympíufélag .....	1.500	1.575	75	5,0
Ólympíufélag fatlaðra .....	500	525	25	5,0
Íþróttamál fatlaðra .....	1.500	1.575	75	5,0
Farkennsla í íþróttum .....	100	-	-100	.
Útgáfa handbóka um skólaíþróttir .....	50	-	-50	.
Skáksamband Íslands .....	250	263	13	5,2
Stórmeistarar í skák .....	700	2.250	1.550	.
Skákmót, styrkir .....	300	315	15	5,0
Bridgesamband Íslands .....	15	-	-15	.
Íþróttastarfsemi, almenn .....	-	292	292	.
Samtals	27.415	33.053	5.638	20,6

#### 991 Húsfriðun

Framlag nemur samtals 10.054 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1986 um 3.199 þús.kr. Eitt viðfangsefni bætist nú við þennan fjárlagalið og er það *Hið íslenska fornleifafélag*. Í fjárlögum 1986 var áætlað fyrir 175 þús.kr. framlagi til þess undir fjárlagalið 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Viðfangsefnið *Húsið, Eyrarbakka* fellur niður og einnig fellur niður framlag til Viðeyjarstofu en framlög breytast frá gildandi fjárlögum eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Húsfriðunarsjóður .....	1.803	1.650	-153	-8,5
Viðeyjarstofa og Nesstofa .....	2.500	-	-2.500	.
Nesstofa .....	-	500	500	.
Húsið, Eyrarbakka .....	450	-	-450	.
Byggða- og minjasöfn .....	6.500	5.900	-600	-9,2
Sjóminjasafn Íslands .....	2.000	1.800	-200	-10,0
Hið íslenska fornleifafélag .....	-	204	204	.
Samtals	13.253	10.054	-3.199	-24,1

#### 999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 17.556 þús.kr. en var 12.454 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun er því um 41%. Viðfangsefni sem falla niður eru eftirfarandi: *Söfn, styrkir, félag, styrkir, vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins, Náttúrugripasafn Vestmannaeyja, sædýrasafn, og Hlíðardalsskóli, viðhald*. Ný viðfangsefni eru *tónlistarsaga Íslands, útflutnings- og markaðsskólinn, útvarpsréttarnefnd og Norræna húsið, kaup á sýning-armunum*. Framlag skiptist eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu .....	150	163	13	8,7
Reykholtsstaður .....	250	268	18	7,2
Landssamband hjálparveita skáta .....	900	957	57	6,3
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur .....	1.500	1.587	87	5,8
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur .....	1.850	1.961	111	6,0
Til Cornell- og Manitobaháskóla .....	100	105	5	5,0
Söfn, styrkir .....	900	-	-900	.
Félög, styrkir .....	250	-	-250	.
Ýmis framlög .....	2.500	4.085	1.585	63,4
Kvenfélagsamband Íslands .....	750	794	44	5,9
Iðnsaga Íslands .....	2.179	2.451	272	12,5
Vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins .....	100	-	-100	.
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja .....	125	-	-125	.
Safnastofnun Austurlands .....	600	1.500	900	150,0
Hlíðardalsskóli, viðhald .....	300	-	-300	.
Tónlistarsaga Íslands .....	-	1.167	1.167	.
Útflutnings- og markaðsskólinn .....	-	1.500	1.500	.
Útvarpsréttarnefnd .....	-	700	700	.
Norræna húsið, kaup á sýningarmunum .....	318	318	.	.
Samtals	12.454	17.556	5.102	41,0

### 03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Pús. kr.	%
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	
Yfirstjórn .....	73.579	83.403	9.824	13,4
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli .....	68.738	93.169	24.431	35,5
Sendiráð .....	151.314	173.357	22.043	14,6
Alþjóðastofnanir .....	101.114	102.986	1.872	1,9
Samtals	394.745	452.915	58.170	14,7

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málaflokka.

#### 101 Aðalskrifstofa

Framlög til rekstrar aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 5.242 þús.kr. eða 8,6% og verða 66.105 þús.kr. Auk þess er gert ráð fyrir 500 þús.kr. framlagi vegna áframhaldandi tölvuvæðingar á skrifstofuhaldi ráðuneytisins. Í töflu hér fyrir neðan er gerð nánari grein fyrir skiptingu framlagsins eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	45.096	53.156	8.060	17,9
Kjörræðismenn .....	461	547	86	18,7
Samningar við erlend ríki .....	440	631	191	43,4
Alþjóðaráðstefnur .....	7.088	8.760	1.672	23,6
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi .....	1.697	2.190	493	29,1
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning .....	1.125	821	-304	-27,0
Markaðsmál .....	4.956	-	-4.956	.
Samtals	60.863	66.105	5.242	8,6

Við aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 24 stöðugildi starfsmanna í föstu starfi. Auk þess starfa lausráðnir gæslumenn hjá aðalskrifstofunni sem jafngildir einu stöðugildi. Stöðufjöldi er óbreyttur frá gildandi fjárlögum. Hækkun launaliðar um 22,5% skýrist því annars vegar af umsömdum taxtabreytingum og flokkatilfærslum og hins vegar því að tekið hefur verið tillit til raunverulegs umfangs yfirvinnu og launagreiðslna fyrir nefndarstörf. Í fjárlagaáætlun ráðuneytisins er aukin áhersla lögð á að beina fé til *upplýsinga- og kynningarstarfsemi*. Þá er þess sérstaklega að geta að ekki eru ætluð framlög til *markaðsmála* en framlag til þess viðfangsefnis nam 4.956 þús.kr. í fjárlögum ársins 1986. Þessu framlagi hefur aðallega verið varið til að kosta störf markaðsfulltrúa í London og í New York. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um *Útflutningsráð Íslands*, sbr. fjárlagalið 12-910 undir viðskiptaráðuneytinu.

## 102 Varnarmálaskrifstofa

Framlög til varnarmálaskrifstofu hækka um 4.560 þús.kr. eða 37,3% og verða 16.798 þús.kr. Nánar vísast til meðfylgjandi yfirlits varðandi talnalegar breytingar:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Varnarmálaskrifstofa .....	10.619	13.768	3.149	29,7
Fulltrúi í Brussel .....	1.619	3.030	1.411	87,2
Samtals	12.238	16.798	4.560	37,3

Eins og yfirlitið hér að ofan ber með sér hækka framlög til viðfangsefna varnarmálaskrifstofu nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stöðugildi á varnarmálaskrifstofu verði 9 sem er einu fleira en er í gildandi fjárlögum. Er þar um að ræða stöðugildi fulltrúa og skýrir sú breyting hækkun fjárveitingar um 552 þús.kr. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri raunaukningu rekstrargjalda enda hafa umsvif skrifstofunnar aukist ört undanfarin ár. Varðandi framlög til fulltrúa í Brussel er það að segja að nú er áætlað fyrir húsaleigu þar auk hækkunar staðaruppbótar.



## 201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Útgjöld vegna lögreglustjóraembættisins eru alls áætluð 93.169 þús.kr. og hækkar framlag um 24.431 þús.kr. Þetta er meiri hækkun en gengur og gerist og skýrist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir átta nýjum stöðugildum öryggisvarða í flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Áætlað er að launaútgjöld vegna þessa hækki um 4.800 þús.kr. Önnur gjöld hækka um 1.095 þús.kr. vegna þessarar fjölgunar stöðugilda. Á móti er gert ráð fyrir hækkun sértekna er nemur 1.829 þús.kr. Einnig er gert ráð fyrir einni stöðu löggæslumanns vegna ratsjárstöðvar á Stokksnesi. Kostnaður vegna þessa er áætlaður 600 þús.kr. Að auki er gert ráð fyrir launagreiðslum vegna fjögurra verkefnaráðinna manna er annast hafa hliðgæslu um árabíl samkvæmt sérstöku samkomulagi við varnarliðið. Launaliður hækkar um 1.670 þús.kr. vegna þessa. Á móti eru sértekjur hækkaðar um álíka upphæð. Um árabíl hafa útgjöld embættisins verið meiri en fjárlög hafa gefið tilefni til. Í samráði við og að ósk utanríkisráðuneytis hefur verið reynt að meta fjárþörf embættisins með hliðsjón af verkefnum þess og núverandi umsvifum. Í því sambandi hefur ráðuneytið ákveðið að breyta fyrirkomulagi í ýmsum eignum og stuðla þannig að hagræðingu og sparnaði í rekstri. Þá hefur verið ákveðið að skilja á milli innheimtufjár annars vegar og rekstrarfjár hins vegar. Þetta hefur þegar verið gert þar sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga í hlut, sbr. greinargerðir með fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1985 og 1986. Í þessu frumvarpi er einnig lagt til að sami háttur verði hafður á varðandi lögreglustjórann í Keflavík og lögreglustjórann í Reykjavík. Samkvæmt þessari tilhögun skila embættin öllum tekjum óskertum til ríkissjóðs en fá framlög til rekstrar í samræmi við fjárlög hverju sinni. Framlög til viðfangsefna embættisins skiptast þannig:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	6.153	8.774	2.621	42,6
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli .....	27.087	34.886	7.799	28,8
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli .....	34.781	46.344	11.563	33,3
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar .....	717	765	48	6,7
Rekstrarviðfangefni .....	68.738	90.769	22.031	32,1
Stofnkostnaður .....	0	2.400	2.400	
Samtals	68.738	93.169	24.431	35,5

Áformað er að veita 500 þús.kr. til endurnýjunar á símakerfi en það mun úr sér gengið. Þá eru 1.900 þús.kr. ætlaðar til endurnýjunar tveggja bifreiða en viðhaldskostnaður bifreiða hefur verið langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

## 301—313 Sendiráð Íslands erlendis

Lagt er til að fjárveiting til rekstrar sendiráða Íslands erlendis verði 165.657 þús.kr. og hækki um 21.028 þús.kr. frá gildandi fjárlögum. Það jafngildir 14,5% hækkun. Nánari sundurliðun eftir sendiráðum kemur fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu .....	9.755	11.285	1.530	15,7
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn .....	11.325	12.975	1.650	14,6
Sendiráð Íslands í London .....	12.893	13.963	1.070	8,3
Sendiráð Íslands í Moskvu .....	11.492	12.650	1.158	10,1
Sendiráð Íslands í Ósló .....	10.705	11.018	313	2,9
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO .....	14.488	15.373	885	6,1
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi .....	9.263	10.052	789	8,5
Sendiráð Íslands í Washington .....	16.577	16.717	140	0,8
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður í New York .....	20.619	21.701	1.082	5,3
Fastanefnd Íslands hjá Evrópubandalaginu .....		7.891	7.891	.
Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO .....	13.505	15.279	1.774	13,1
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og hjá EFTA í Genf .....	14.007	16.753	2.746	19,6
Samtals	144.629	165.657	21.028	14,5

Hækkanir dreifast þannig eftir tegundum að laun hækka um 13,9% og önnur gjöld um 15,7%. Nánari sundurliðun eftir tilefnum til hækkunar kemur fram í töflu hér að neðan:

	Laun	Önnur gjöld	Samtals
Almennar gengis-, launa- og verðlagsbreytingar .....	5.779	5.539	11.318
Skrifstofa fastanefndar hjá Evrópubandalaginu .....	5.103	2.788	7.891
Hækkun vegna kjaradóms .....	1.819	-	1.819
Samtals	12.701	8.327	21.028

Breytingar rekstrarliða orsakast annars vegar af gengis-, launa- og verðlagsþróun og hins vegar af auknum umsvifum í rekstri. Langmestur hluti af tilkostnaði við starfsemi sendiráðanna fellur til í mynt þess lands þar sem sendiráðið er. Við áætlun annarra gjalda og launa starfsfólks sem ráðið er á staðnum er tekið tillit til verðlags og launaþróunar í viðkomandi landi eftir því sem mögulegt er. Einnig er miðað við að kaupmáttur launa starfsmanna, sem sendir eru að heiman, sé óbreyttur milli ára. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt gengistöflu 15. september 1986. Vegna mismunandi hreyfinga á gengi helstu mynta er verulegur munur á breytingum framlaga til einstakra sendiráða samanborið við gildandi fjárlög. En að öllu samanlögðu hækka heildarframlög vegna gengis-, launa- og verðlagsþróunar um 11.318 þús.kr. Um breytt fyrirkomulag er það að nefna að á árinu 1986 tekur til starfa skrifstofa fastanefndar hjá Evrópubandalaginu. Starfsmenn verða þrír. Heildarkostnaður vegna starfseminnar er áætlaður 7.891 þús.kr. á árinu 1987. Ekki er gert ráð fyrir þessari starfsemi í gildandi fjárlögum. Launaliður sendiráðanna hækkar um 1.819 þús.kr. vegna sérstakrar leiðréttingar launa sendiherra í kjölfar kjaradóms snemma árs 1985. Sá dómur fól í sér aukið vægi fastra launa á kostnað staðaruppbótar þessara aðila. Vegna skattalegrar meðhöndlunar fastra launa orsakaði þetta nokkra kjararýrnun og er nú leiðrétt. Til meiri háttar viðhalds eru ætlaðar 5.000 þús.kr. Samsvarandi upphæð í gildandi fjárlögum nemur 3.820 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru ætlaðar 2.700 þús.kr. Samsvarandi upphæð í gildandi fjárlögum er 2.865 þús.kr.

### 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Ekki liggur fyrir tillaga um skiptingu fjáris en mun væntanlega lögð fyrir fjárveitinganefnd á síðari stigum umfjöllunar.

### 399 Ýmis utanríkismál

Breytingar á fjárveitingum samkvæmt þessum lið koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Pús. kr.	Frumvarp 1987 Pús. kr.	Breyting	
			Pús. kr.	%
Lögberg-Heimskringla .....	184	232	48	26,1
Samskipti við Vestur-Íslendinga .....	166	162	-4	-2,4
Háskóli Sameinuðu þjóðanna .....	6.125	8.462	2.337	38,2
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar .....	4.800	-	-4.800	.
Tækniástoð við Kólumbíu .....	970	-	-970	.
Samtals	12.245	8.856	-3.389	-27,7

Framlög til *Lögbergs-Heimskringlu* eru nú miðuð við að samsvara 8.000 kanadískum dólum og hækka þannig nokkuð að raungildi. Framlag til *samskipta við Vestur-Íslendinga* verður sem næst 5.600 kanadískum dólum sem er sama upphæð og í gildandi fjárlögum. Raungildi framlags er þannig lítt breytt þrátt fyrir lækkun í íslenskum krónum. Viðfangsefni *matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* og *tækniástoð við Kólumbíu* falla niður. Framlög til jarðhitadeildar *háskóla Sameinuðu þjóðanna* hækka um rúm 38% eða 2.337 þús.kr. Þar af eru 800 þús.kr. ætlaðar til endurnýjunar á bifreið skólans.

### 401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana hækka um 5.261 þús.kr. og verða 70.130 þús.kr. Viðfangsefni eru þau sömu og í gildandi fjárlögum nema ekki er gert ráð fyrir framlögum til *norrænnar nefndar um neytendamál*. Framlög til þess viðfangsefnis námu 10 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Framlögum á þessum lið má skipta í tvennt eftir því hvort um skyldugreiðslu er að ræða eða frjáls framlög. Með aðild sinni að ýmsum alþjóðastofnunum og samningum hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði viðkomandi stofnunar. Ekki er hægt að komast hjá slíkum greiðslum nema íslenska ríkið taki aðild sína að viðkomandi stofnun til endurskoðunar. Frjáls framlög eru hins vegar ákvörðunaratriði ríkisstjórnar og Alþingis. Þannig er lagt til í þessu frumvarpi að framlög til *þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna* og *Alþjóðabarnahjálparsjóðsins* hækki annars vegar úr 5.000 þús.kr. í 6.000 þús.kr. og hins vegar úr 500 þús.kr. í 800 þús.kr. Í báðum tilvikum eru upphæðir ákvarðaðar í íslenskum krónum. Langflest framlaga samkvæmt þessum fjárlagalið eru aftur á móti ákvörðuð í erlendri mynt. Viðmiðunargengi frumvarpsins er samkvæmt gengistöflu 15. september 1986. Gengi nokkurra mynta var lægra þá en áætlað meðalgengi þeirra er í gildandi fjárlögum. Því lækkar framlag til nokkurra stofnana mælt í íslenskum krónum, þó svo að hin erlenda upphæð sé óbreytt. Auk gengisbreytinga hafa í sumum tilvikum orðið lítils háttar breytingar á framlagi í erlendri mynt, ýmist vegna breytinga á umsvifum eða breyttrar kostnaðarskiptingar. Slíkar breytingar eru þó óverulegar.

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	25.734	30.178	4.444	17,3
Búnaðarmál .....	1.233.767	1.244.216	10.449	0,9
Skólar .....	82.417	98.413	15.996	19,4
Samtals	1.341.918	1.372.807	30.889	2,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

##### 101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1987 verður 20.392 þús.kr. en var 15.340 þús.kr. í fjárlögum 1986. Er því um 32,9% hækkun að ræða á milli ára. Fyrir dyrum stendur að ráðuneytið flytji starfsemi sína í annað húsnæði á árinu 1987 og til að mæta kostnaði þar að lútandi er varið 1.100 þús.kr.

##### 171 Jarðeignir ríkisins

Framlag verður 7.786 þús.kr. sem er 914 þús.kr. lækkun frá fjárlögum 1986. Framlag þetta er ætlað til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

##### 172 Jarðasjóður

Veittar eru 2.000 þús.kr. til sjóðsins sem er 306 þús.kr. hækkun frá fjárlögum 1986. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum.

##### 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 53.920 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 68.658 þús.kr. eða um 27,3%. Launagjöld hækka um 41,0% og verða 49.436 þús.kr. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist með því að nú er áætlað fyrir stöðu sérfræðings sem féll niður fyrir nokkrum árum, 580 þús.kr. Starfsmannahald miðast við 52 menn í föstu starfi auk þess sem ráðið er í 4,5 störf til að sinna sérstökum verkefnum alls 56,5 stöður. Auk þess hefur áætlun um yfirvinnu verið endurskoðuð og hækkuð frá fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 19.498 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 20.412 þús.kr. eða um 4,7% og er það í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 14,0% og verða 6.390 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru veittar 1.200 þús.kr. samanborið við 1.051 þús.kr. í fjárlögum 1986. Veittar eru 1.500 þús.kr. til byggingar fjóss að Stóra-Ármóti og 500 þús.kr. til byggingar fjóss að Möðruvöllum. Þá eru veittar 2.000 þús.kr. til tækjakaupa fyrir deildir og tilraunastöðvar. Samtals eru því veittar 4.000 þús.kr. til framkvæmda og tækjakaupa samanborið við 3.916 þús.kr. í fjárlögum 1986. Skipulagi stofnunarinnar og framsetningu í fjárlögum hefur verið breytt á þann veg að í stað 11 deilda kemur nú viðfangsefnið *rannsóknasvið* auk þess sem viðfangsefnið *útgáfa* hefur verið sameinað *yfirstjórn*. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting starfsmanna á viðfangsefni og fjárveiting í fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga 1987:

	Starfsmenn	Fjárlög 1986	Frumvarp 1987	Breyting %
Yfirstjórn .....	6,0	7.119	8.702	22,2
Rannsóknasvið .....	39,0	36.857	47.663	29,3
Korpa og Þormóðsdalur .....	1,0	1.603	1.720	7,3
Stóra-Ármót .....	1,0	904	1.155	27,8
Tilraunabúið Hesti .....	2,0	1.517	2.041	34,5
Tilraunastöðin Reykhólum .....	1,0	1.199	1.366	13,9
Tilraunastöðin Möðruvöllum .....	2,0	1.705	2.358	38,3
Tilraunastöðin Skriðuklaustri .....	2,0	1.767	2.198	24,4
Tilraunastöðin Sámsstöðum .....	2,5	1.886	2.645	40,2
Viðhald .....	.	1.051	1.200	14,2
Stofnkostnaður .....	.	3.916	4.000	2,2
Samtals	56,5	59.524	75.048	26,1
Sértekjur	.	5.604	6.390	14,0
Fjárveiting	.	53.920	68.658	27,3

### 231 Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa á árunum 1985 og 1986 unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Í samræmi við niðurstöður hennar var ákveðið að sýna raunverulegt rekstrarumfang stofnunarinnar í fjárlögum 1987. Tekjur stofnunarinnar sem hlutfall af heildargjöldum hefur legið á bilinu 30 til 40% og er stefnt að því að það verði 45 til 50%. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 36.467 þús.kr. sem er 16,5% hækkun frá fjárlögum 1986. Þar af er sérstaklega gert ráð fyrir 560 þús.kr. fjárveitingu til tímabundinnar ráðningar starfsmanns vegna skógræktaráætlunar. Slík áætlun er talin forsenda fyrir öflugu og markvissu skógræktarstarfi í framtíðinni. Þá er undir launalið áætlað fyrir 160 þús.kr. til úrvinnslu gagna og birtingar niðurstaðna um áhringi og vöxt trjáa. Að þessu úrvinnsluverkefni hefur verið unnið undanfarin ár. Þá eru 700 þús.kr. ætlaðar til ýmissa viðhaldsverkefna og 4.480 þús.kr. til stofnkostnaðar, þar af 2.480 þús.kr. vegna nýframkvæmda og vegur þar þyngst 1.500 þús.kr. framlag til byggingar gróðurhúss að Mógilsá. Til endurnýjunar vélum og tækjum er varið 1.000 þús.kr. og 750 þús. til landakaupa. Auk þess eru veittar 250 þús.kr. til að kaupa tölvur.

### 235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er nú 28.017 þús.kr. sem er 13,8% hækkun frá fjárlögum 1986. Þrátt fyrir tiltölulega litla heildarhækkun á milli ára verða töluverðar breytingar á útgjaldategundum, þ.e. launalið og öðrum rekstrargjöldum. Þannig hækkar launaliður um 41,0% en rekstrargjöld lækka um 3,8%. Ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað stöðu skrifstofustjóra hjá stofnuninni frá og með 1. janúar 1987 en hann hefur um árabil verið lausráðinn. Þá er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki um 21% frá fjárlögum 1986. Til viðhalds eru ætlaðar 2.150 þús.kr., þar af 500 þús.kr. til fasteigna í Gunnarsholti, 650 þús.kr. til skoðunar flugvéla og 1.000 þús.kr. til viðhalds girðinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 2.200 þús.kr. sem ætlað er annars vegar til framkvæmda við starfsmannahús, 1.200 þús.kr., og hins vegar til endurnýjunar á bifreiðum, 1.000 þús.kr.

### 242 Mat á landbúnaðarafurðum

Fjárveiting nemur 3.195 þús.kr. sem er 14,1% hækkun frá fjárlögum 1986 og miðast við að starfsemi verði með sama hætti og undanfarin ár.

#### 243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag nemur alls 28.911 þús.kr. sem er 5,4% hækkun frá fjárlögum 1986. Launaliður er samtals að upphæð 8.653 þús.kr. og hækkar um 21,8% hækkun frá fjárlögum 1986. Hjá stofnuninni eru 8 starfsmenn í 7 heimiluðum stöðugildum og auk þeirra starfar töluverður fjöldi við endurnýjun, viðhald og lagningu nýrra girðinga. Reiknað er með svipuðum launagjöldum vegna þessa og í fjárlögum 1986. Rekstrarfé er 2.387 þús.kr. sem er 13,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir 16.221 þús.kr til bótagreiðslna vegna búfjárnidurskurðar og til aðgerða honum tengdum. Til viðhalds sauðfjárveikivarnagirðingum víðs vegar um landið eru ætlaðar 1.650 þús.kr.

#### 246 Veiðimálastofnunin

Fjárveiting til Veiðimálastofnunarinnar hækkar úr 15.857 þús.kr. á árinu 1986 í 18.801 þús.kr. eða um 18,6%. Launagiöld hækka um 41,7% og verða 12.118 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna frá þeim 12 sem nú er heimild fyrir. Hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist með því að áætlun um yfirvinnu er hækkuð í ljósi reynslu síðustu ára. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 9,8% og verða 5.443 þús.kr. Á móti hækkun launa- og rekstrargjalda kemur 93,3% hækkun sértekna og eru þær áætlaðar 2.360 þús.kr. á árinu 1987. Stofnunin leiðbeinir landeigendum og öðrum í ýmsum málum er lúta að ræktun og eldi fiska í ám og vötnum. Því sýnist sjálfsagt, og er lagt til eins og fram kemur í áætlunum sértekjum, að stofnunin endurskoði stefnu sína í gjaldskrármálum. Framlag til Fiskræktarsjóðs er áætlað 550 þús.kr. samanborið við 600 þús.kr. á árinu 1986. Veittar eru 1.150 þús.kr. til tækjakaupa, þar á meðal er gert ráð fyrir kaupum á bifreið fyrir Austurlandsdeild stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir því að hafin verði bygging húss að Hólum í Hjaltadal fyrir starfsmann Norðurlandsdeilda. Fjárveiting til byggingarframkvæmda nemur 1.900 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Í fjárlögum 1986 voru veittar 2.400 þús.kr. til stöðvarinnar. Skiptist fjárveitingin þannig að 800 þús.kr. voru ætlaðar til greiðslu afborgana af lánum og 1.600 þús.kr. til að bæta stofnuninni það tjón sem hún varð fyrir þegar slátra þurfti seiðum vegna sjúkdóms. Tekjur stöðvarinnar á árinu 1986 munu reynast mun meiri en áætlað var vegna þess hve heimtur á laxi frá stöðinni hafa verið góðar. Fjárhagsstaða á árinu 1987 er þó ótrygg enda hætt við sveiflum í endurheimtu á laxi. Laxeldisstöðin í Kollafirði sinnir fyrst og fremst rannsóknum í fiskeldi og virðist rétt að leitað sé til einstaklinga og fyrirtækja í þeirri atvinnugrein um fjárframlög og annan stuðning áður en ríkissjóði er ætlað að fjármagna rekstur stöðvarinnar að fullu.

#### 247 Yfirdýralæknir

Heildarframlag til embættisins nemur 31.766 þús.kr. sem er 40,9% hækkun frá fjárlögum 1986. Launaliður nemur samtals 25.943 þús.kr. og er það 46,1% hækkun. Hækkun umfram almennar launahækkunar skýrist af því að hjá yfirstjórn hefur verið ráðið í hálfá stöðu ritara sem hefur í för með sér 310 þús.kr. hækkun launaliðar. Þá bætist við einn nýr dýralæknir, þ.e. í Hreppaumdæmi, og eru útgjöld vegna þess áætluð 750 þús.kr. Hækkun launa skýrist að öðru leyti af almennum kjara- og sérkjarasamningum. Gengið er út frá því að 28 stöður séu setnar. Í lögum nr. 77/1981 er kveðið á um að héraðsdýralæknar skuli vera alls 31. Um viðfangsefnið *dýralæknir fiskisjúkdóma* er það að segja að launaliður hækkar verulega frá fjárlögum 1986. Orsökina er að þar sem um nýja starfsemi var að ræða í fjárlögum 1986 og kostnaður ekki ljós voru launagjöld vanáætluð en rekstrargjöld hins vegar ofáætluð. Vegna þessa lækka önnur rekstrargjöld þessa embættis nú sem svarar hækkun launaliðar. Önnur

rekstrargjöld stofnunarinnar nema í heild 3.946 þús.kr. sem er 8,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Fjárveiting til viðhalds dýralæknabústaða er 2.000 þús.kr. en var 1.910 þús.kr. í fjárlögum 1986. Fjárveiting til byggingar dýralæknabústaða er 1.400 þús.kr. en var 287 þús.kr. í fjárlögum 1986. Ráðgert er átak í viðhaldi og lokafrágangi á húsum sem verið hafa í byggingu um árabíl. Framlag til viðfangsefnisins *búfjárslúk-dómar* hækkar úr 124 þús.kr. 1986 í 246 þús.kr. og framlag til *eftirlits og eftirlitsferða* hækkar úr 199 þús.kr. 1986 í 230 þús.kr.

## 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar er 51.718 þús.kr. samanborið við 49.864 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárins á einstök verkefni:

	Fjárlög 1986, sbr.	Frumvarp	Breyting	
	lög nr. 3/1986	1987	Þús. kr.	%
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	
Landgræðsluáætlun, RALA .....	3.641	3.813	172	4,7
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins .....	5.895	6.173	278	4,7
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins .....	28.459	29.800	1.341	4,7
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi .....	1.342	1.405	63	4,7
Fyrirhleðslur .....	8.600	8.600	-	-
Sjóvarnargarðar .....	1.927	1.927	-	-
Samtals	49.864	51.718	1.854	3,7

## 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 22.200 þús.kr. rennur til *Lífeyrissjóðs bænda*. Framlag í fjárlögum 1986 nam 41.580 þús.kr. og var varið á sama hátt en reyndist ofátlað miðað við útgjöld lífeyrissjóðsins. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimildar til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar.

## 288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur 150.719 þús.kr. en var 139.376 þús.kr. í fjárlögum 1986. Fjárhæð til viðfangsefnisins *ráðunautar* er 20.719 þús.kr. en var 15.226 þús.kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 36,1%. Af þessum lið eru greidd laun 36 búfjárráðunauta. Viðfangsefnið *jarðræktarframlög o.fl.* verður 130.000 þús.kr. en var 124.150 þús.kr. í fjárlögum 1986.

## 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1986-1990 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Á árinu 1987 verður framlag ríkissjóðs 720.000 þús.kr. sem skiptist þannig að til greiðslu *uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir* verður varið 480.000 þús.kr. sem jafngildir 6% og til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* verður varið 240.000 þús.kr. sem jafngildir 3%.

## 291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag nemur nú 23.939 þús.kr. og hækkar um 5,7% frá fjárlögum 1986. Launagjöld vegna 34 frjótækna hækka um 12,2% og verða 11.939 þús.kr. Tilfærslur, þ.e. ýmsir styrkir og verðlaun vegna búfjárræktar, verða 12.000 þús.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1986.

- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi**  
 Framlag nemur 2.393 þús.kr. en var 32.424 þús.kr. í fjárlögum 1986. Lækkun á milli ára er 30.031 þús.kr. og er til komin vegna þess að viðfangsefnið *lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982* fellur niður þar sem lánið hefur verið greitt upp. Framlag til *tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* er 292 þús.kr. en var 275 þús.kr. í fjárlögum 1986. Framlag til *Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu* er 175 þús.kr. en var 165 þús.kr. í fjárlögum 1986. *Skógræktarfélagi Íslands* eru ætlaðar 175 þús.kr. en fékk 330 þús.kr. í fjárlögum 1986. Að endingu eru ætlaðar 1.751 þús.kr. til viðfangsefnisins *ýmis verkefni* en samsvarandi fjárhæð var 1.300 þús.kr. í fjárlögum 1986. Af fjárveitingu þessa viðfangsefnis eru 500 þús.kr. ætlaðar til samtakanna Landverndar.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri**  
 Heildarframlag til skólans er 45.014 þús.kr. sem er 12,9% hækkun frá fjárlögum 1986 en þá var framlagið 39.884 þús.kr. Launagjöld vegna reksturs hækka úr 21.127 þús.kr. í 27.303 þús.kr. eða um 29,2%. Hækkun umfram almenna hækkun kauptaxta má rekja til endurmats á greiðslum vegna sumarafleysinga. Önnur rekstrargjöld lækka á milli ára, sérstaklega varðandi yfirstjórn og búrekstur. Af heildarframlaginu verður 2.000 þús.kr. varið til viðhalds fasteigna og 9.550 þús.kr. til stofnkostnaðarverkefna. Stofnkostnaður skiptist þannig að 1.000 þús.kr. fara til ýmiss konar endurbóta á fasteignum og umhverfi, 4.550 þús.kr. til rannsóknahúss, 3.500 þús.kr. til kaupa á tækjum og búnaði í rannsóknahúsi og 500 þús.kr. til kaupa á tækjum vegna búreksturs. Bygging rannsóknahúss er nú senn lokið og með 4.550 þús.kr. á að vera hægt að greiða skuldir og kosta lokafrágang. Tækjakaupafé er til kaupa á nauðsynlegum búnaði til þess að starfsemi geti gengið með eðlilegum hætti.
- 502 Bændaskólinn á Hólum**  
 Fjárveiting til skólans er 30.950 þús.kr. en var 25.008 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 5.942 þús.kr. Hlutur skólareksturs er 21.950 þús. kr. en var 17.349 þús.kr. í fjárlögum 1986. Starfsemi skólans hefur vaxið undanfarin ár og er búist við að svo haldi áfram. Ákveðið hefur verið að gera átak í viðhaldi mannvirkja og verja til þess 3.900 þús.kr. Skiptist fjárveitingin þannig að 2.400 þús.kr. skal verja til endurbóta á vélahúsi, 1.100 þús.kr. verði varið til endurbóta á smíðalofti sem skólahúsnæði og að 400 þús.kr. verði notaðar til að kosta málun húsa. Varðandi stofnkostnaðarverkefni eru 4.050 þús.kr. ætlaðar til anddyrisbyggingar og 1.050 þús.kr. til tækjakaupa, þar af 850 þús.kr. vegna búnaðar fyrir fiskeldiskennslu og 200 þús.kr. til tölvukaupa.
- 503 Garðyrkjuskóli ríkisins**  
 Gert er ráð fyrir að verja 22.449 þús.kr. til skólans nú en 17.525 þús.kr. var varið til hans í fjárlögum 1986. Framlagið hækkar því milli ára um 4.924 þús.kr. Hér er um að ræða hækkun umfram eðlilegar verðlagshækkanir og er hún til komin vegna fjölgunar nemenda og vegna aukinnar starfsemi á ýmsum sviðum garðyrkjunnar, ásamt því að kostnaður hefur aukist vegna tilrauna- og rannsóknastarfa. Til viðhalds á gróðurhúsum og skólamannvirkjum eru ætlaðar 2.000 þús.kr., til endurbyggingar gróðurhúsa 3.300 þús.kr. og 500 þús.kr. til kaupa á tækjum.



## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	21.749	29.113	7.364	33,9
Útvegsból .....	927.585	1.061.447	133.862	14,4
Annað .....	26.666	34.898	8.232	30,9
Samtals	976.000	1.125.458	149.458	15,3
Par af markaður tekjustofn .....	14.500	-	-14.500	.

Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var m.a. ákveðið að fella úr gildi lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum. Hluti af þessu útflutningsgjaldi hefur runnið í ríkissjóð og verið markaður tekjustofn sjávarútvegsráðuneytisins. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

### 101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins hækkar úr 21.749 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 29.113 þús.kr. eða um 33,9%. Af þessari hækkun má rekja um 1.200 þús.kr. til þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að færa laun bifreiðastjóra og reksturskostnað bifreiða ráðherra á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Áætlun um yfirvinnu starfsmanna er hækkuð örlítið frá fjárlögum 1986 en að öðru leyti er ekki um breytingar á starfsemi aðalskrifstofunnar að ræða. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 16 í föstum störfum og ráðið í sem svarar 0,21 af starfi til að sinna sérstökum verkefnum.

### 201 Fiskifélag Íslands

Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar úr 22.583 þús.kr. á árinu 1986 í 28.949 þús.kr. eða um 28,2%. Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins lagður niður en Fiskifélag Íslands annaðist afgreiðslur sjóðsins skv. ákvæðum laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður taki á sig ýmsan kostnað við gagnavinnslu og skýrslugerð sem áður var greiddur af Aflatryggingasjóði. Því hækkar framlag til Fiskifélagsins umfram það sem ella væri.

### 202 Hafrannsóknastofnunin

Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar úr 167.049 þús.kr. á árinu 1986 í 182.201 þús.kr. eða um 9,1%. Það sem skýrir litla hlutfallshækkun er einkum tvennt. Í fyrsta lagi sérstakt 3.000 þús.kr. uppgjör í fjárlögum 1986 vegna skulda fyrri ára. Í öðru lagi hefur verið á brennsluolíu, sem vegur þungt í rekstri skipa stofnunarinnar, lækkað um 42% frá því sem gert var ráð fyrir í verðlagsforsendum fjárlaga 1986. Ætla má að lækkun annarra gjalda vegna þessa sé um 9.000 þús.kr. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 27,2% milli ára sem skýrist af almennum launataxta- og flokkahækkunum auk fjölgunar yfirvinnustunda frá því sem áætlað hefur verið í fjárlögum fyrri ára. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á starfsmannafjölda stofnunarinnar. Að undanskildum áhöfnum rannsóknaskipanna er starfsmannahald miðað við 54 menn í föstu starfi og ráðið í sem svarar 11,2 stöðum til að sinna sérstökum verkefnum. Gert er ráð fyrir að hálf staða ritara verði flutt frá útibúinu á Húsavík til aðalskrifstofunnar í

Reykjavík. Þá er reiknað með launum stjórnanda útibús í Vestmannaeyjum en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var ákveðið að þar skyldi opnað útibú undir lok ársins 1986. Launagjöld útibúsins hækka af þessum sökum úr 164 þús.kr. á árinu 1986 í 986 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs lækka um 5,3% frá fjárlögum 1986 og verða 80.781 þús.kr. Þessi lækkun milli ára stafar eingöngu af verðlækkun brennsluolíu. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar, r/s Bjarna Sæmundssyni, r/s Árna Friðrikssyni og r/s Dröfn. Undir viðfangsefninu *annar skiparekstur* kemur fram kostnaður við „togaraverkefnið“ svokallaða og er hann áætlaður 16.000 þús.kr. Leigutekjur af skipi stofnunarinnar, r/s Hafþóri, sem nú stundar rækjuveiðar, eru áætlaðar 14.976 þús.kr. Til viðhalds á skipum, tækjum og fasteignum eru veittar 12.000 þús.kr. samanborið við 12.521 þús.kr. í fjárlögum 1986. Til kaupa á tækjabúnaði eru veittar 14.010 þús.kr. samanborið við 15.367 þús.kr. á árinu 1986. Á síðustu tveimur árum hefur höfuðáhersla verið lögð á endurnýjun á tækjabúnaði í skipum stofnunarinnar en nú er gert ráð fyrir að leggja meiri áherslu á endurnýjun tækja í landi.

#### 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækkar um 33,2% og verður 35.718 þús.kr. Launagjöld hækka úr 24.752 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 36.464 þús.kr. eða um 47,3%. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist að mestu leyti af aukinni vinnu við söluverkefni og 1.500 þús.kr. framlagi til tímabundinnar ráðningar á tveimur starfsmönnum undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Verkefni þeirra er að byggja upp verkþókhald og skipuleggja tölvumál stofnunarinnar. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 24,1% og verða 13.093 þús.kr. en á móti kemur 71,9% hækkun sértekna og verða þær 17.839 þús.kr. Framlag til tækjakaupa er hækkað úr 1.910 þús.kr. á árinu 1986 í 4.000 þús.kr. svo að stofnunin geti endurnýjað tæki til mælinga á magni þungmálma í útfluttum sjávarafurðum. Skipulagi stofnunarinnar hefur verið breytt þannig að viðfangsefnin *efnafræðideild*, *gerladeild* og *tæknideild* eru sameinuð undir viðfangsefninu *rannsóknasvið*.

#### 216 Ríkismat sjávarafurða

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1984, um ríkismat sjávarafurða, þar sem lagt er til að stofnunin hætti ferskfiskmati í núverandi mynd. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem felur í sér að ferskfiskmat verði fært í verulegum mæli til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Við þessa breytingu fækkar stöðheimildum stofnunarinnar um 43,6 og verða þær 37,6. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar úr 69.790 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 48.001 þús.kr. eða um 31,2%. Launagjöld lækka um 31,8% milli ára og verða 34.785 þús.kr. Lækkunin stafar alfarið af fækkun starfsmanna. Gert er ráð fyrir launagreiðslum til starfsmanna, sem sagt verður upp, í þrjá mánuði á árinu 1987. Önnur gjöld vegna reksturs lækka um 16,1% og verða 22.426 þús.kr. Aftur á móti hækka sértekjur um 33,3% milli ára og verða 11.210 þús.kr. enda er öflun sértekna óháð ferskfiskmati. Gert er ráð fyrir 2.000 þús.kr. framlagi til kaupa á ýmsum tækjum, svo sem nýrri símstöð, en ekkert slíkt framlag er í fjárlögum 1986.

#### 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Fjárveiting til Verðlagsráðs sjávarútvegsins stendur nánast í stað frá fjárlögum 1986 og verður 3.416 þús.kr. samanborið við 3.297 þús.kr. Er þá tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrri ára sem og því að ákveðið hefur verið að hluti af þjónustu Þjóðhagsstofnunar í þágu Verðlagsráðs verði því að kostnaðarlausu.

**272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**

Til viðbótar launum húsvardar eru nú veittar 5.000 þús.kr. til viðhalds húsinu að Skúlagötu 4. Nánari grein er gerð fyrir áætluðum framkvæmdum í þeim kafla greinargerðarinnar sem fjallar um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

**280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla**

Lagt er til að veittar verði 700.000 þús.kr. til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi. Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 600.000 þús.kr. til þessa verkefnis.

**290 Veiðieftirlit**

Fjárveiting til veiðieftirlitsins nemur 23.066 þús.kr. samanborið við 17.916 þús.kr. á árinu 1986. Hækkun milli ára er 28,8%. Launagjöld hækka um 38,8% og verða 15.968 þús.kr. Hækkunin skýrist af umsömdum launataxtabreytingum auk þess sem veiðieftirlitsmenn hafa fengið tveggja launaflokka hækku á árinu 1986. Þá er gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu frá því sem áætlað er í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs standa nánast í stað milli ára og verða 6.318 þús.kr. samanborið við 6.412 þús.kr. í fjárlögum 1986. Lækkunin skýrist af áætluðum samdrætti í notkun bílaleigubíla en á móti eru veittar 780 þús.kr. til kaupa á bifreiðum fyrir eftirlitsmenn. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri veiðieftirlitsins og fjöldi starfsmanna er óbreyttur frá fjárlögum 1986 (14,21).

**298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu**

Þessi fjárlagaliður er ætlaður til greiðslu á kostnaði við ýmis verkefni á sviði sjávarútvegs. Gert er ráð fyrir að veittar verði 6.128 þús.kr. til þessara verkefna samanborið við 5.900 þús.kr. á árinu 1986.

**299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi**

Helstu breytingar á þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986 eru þær að fjárveiting vegna *norrænnar fiskimálaráðstefnu* sem haldin var á árinu 1986 fellur niður. Þá eru viðfangsefni *sjóvinnukennsla* og *sjóvinnu- og rannsóknabátur* sameinuð enda starfsemi samtvinnuð. Fjárveiting til *námskeiða fyrir fiskvinnslufólk* hækkar úr 5.000 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 16.900 þús.kr. Þessi hækkun er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra í febrúar 1986 um að hann mundi beita sér fyrir því að ríkissjóður greiddi kostnað við þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk og var það hluti af samkomulagi Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuálagasambands samvinnufélaganna við síðustu kjarasamninga. Kostnaður við námskeiðshaldið verður mestur á árunum 1986 og 1987 og þegar hefur verið heimilúð 11.850 þús.kr. aukafjárveiting til þessa verkefnis á árinu 1986. Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1986 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur .....	3.491	6.788	3.297	94,4
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum .....	200	204	4	2,0
Norræn fiskimálaráðstefna .....	1.146	-	-1.146	.
Stjórn fiskveiða .....	4.000	4.668	668	16,7
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk .....	5.000	16.900	11.900	.
Samtals	13.837	28.560	14.723	106,4

### 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hækkar úr 26.666 þús.kr. á árinu 1986 í 34.898 þús.kr. eða um 30,9%. Það er einkum tvennt sem skýrir hækkun fjárveitingar umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru veittar 3.000 þús.kr. til viðhalds húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti samanborið við 573 þús.kr. framlag í fjárlögum 1986. Í öðru lagi hækka önnur gjöld vegna viðfangsefnisins *yfirstjórn* um 1.200 þús.kr. vegna tengingar með beinni línu við SKÝRR og stóraukins skýrsluvélakostnaðar við bókhaldsþjónustu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Launagjöld hækka um 26,5% og verða 10.968 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfsmannahaldi frá því sem verið hefur. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 17.968 þús.kr. á árinu 1986 í 21.474 þús.kr. eða um 19,5%. Til meiri háttar eignakaupa eru veittar 400 þús.kr. samanborið við 430 þús.kr. á árinu 1986.

### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	30.201	38.739	8.538	28,3
Dómgæsla, lögreglumál o.fl .....	1.478.004	1.907.211	429.207	29,0
Þjóðkirkjan .....	160.196	203.477	43.281	27,0
Samtals	1.668.401	2.149.427	481.026	28,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

### 101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur 31.413 þús.kr. sem er hækkun frá fjárlögum 1986 um 8.024 þús.kr. eða 34,3 %. Launaliður er áætlaður 21.728 þús.kr. og hækkar um 37,5%. Heimilud stöðugildi voru 23,66 í fjárlögum 1986 en eru nú 27,66. Í fjárlögum er þegar áætlað fyrir stöðu fulltrúa í sífjamáladeild, fulltrúa vegna löggæslumála og fulltrúa vegna eftirlits og fjármálaumsýslu. Ráðninganefnd ríkisins hefur nú staðfest þessar stöður. Umrædd fjölgun leiðir því ekki til hækkunar útgjalda miðað við fjárlög 1986. Hins vegar flyst staða ráðherrabílstjóra til aðalskrifstofu af fjárlagaliðnum *ríkisstjórn* og hækkar launaliður af þeim sökum sérstaklega. Skýring á hækkun launaliðar umfram almennar launahækkunar er fyrst og fremst að teknar hafa verið upp gæsluvaktir í ráðuneytinu auk þess sem yfirvinna hefur reynst meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Önnur rekstrargjöld nema 8.455 þús.kr. og hækka um 17,6%. Rekstrargjöld hækka vegna þess að rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar flyst yfir á ráðuneytið auk þess sem leigugjöld og almennur kostnaður vex. Til meiri háttar eignakaupa verður samtals varið 900 þús.kr., þar af 300 þús.kr. til endurnýjunar á bifreið og 600 þús.kr. til húsbúnaðar og innréttinga vegna stækkunar húsnæðis.

#### **201 Hæstiréttur**

Fjárveiting til embættisins hækkar úr 7.647 þús.kr. í 10.941 þús.kr. eða um 43,0%. Launagjöld hækka um 25,6% vegna almennra launahækkana. Rekstrargjöld hækka hins vegar um 40,7%. Skýring á þessari hækkun rekstrargjalda er að framlög til viðfangsefnanna *útgáfa Hæstaréttardóma* og *ljósprentun Hæstaréttardóma* eru aukin sérstaklega til þess að hraða útgáfu þeirra. Sértekjur stofnunarinnar vegna sölu á Hæstaréttardómum koma að jöfnu á móti útgjöldum og hækka um 48,6% miðað við fjárlög 1986. Til viðhalds og meiri háttar eignakaupa verður samtals varið 900 þús.kr. Skiptist fjárhæðin þannig að 250 þús.kr. eru ætlaðar til að mála stigagang og bæta lýsingu í húsakynnum Hæstaréttar og 650 þús.kr. eru ætlaðar til kaupa á ritvinnslubúnaði, dómarskikkjum o.fl.

#### **202 Ríkissaksóknari**

Framlag til embættisins hækkar úr 13.921 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 18.816 þús.kr. eða um 35,2%. Laun hækka um 25,2% en rekstrargjöld um 31,0%. Rekstrargjöld hækka vegna þess að gert er ráð fyrir að embættið greiði nú leigu og rekstrarkostnað fyrir allt viðbótarhúsnæðið að Hverfisgötu 6 sem er 221 fermetri en í fjárlögum 1986 var talið að dómsmálaráðuneytið fengi 40% af því til afnota. Til kaupa á húsgögnum, skápum og símaskiptiborði eru ætlaðar 1.700 þús.kr.

#### **204 Borgarfégetinn í Reykjavík**

Framlag til borgarfégetaembættisins hækkar úr 29.012 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 37.528 þús.kr. eða um 29,3%. Launagjöld hækka um 30,1% og nema alls 27.545 þús.kr. Áætlað er fyrir einum starfsmanni til tímabundinna verkefna við tölvuvæðingu og verða starfsmenn sem ráðnir eru til sérstakra verkefna þá samtals 5. Útgjöld vegna þessa starfsmanns nema 600 þús.kr. Föst stöðugildi verða eftir sem áður 30. Rekstrargjöld hækka um 62,5% og skýrist hækkunin af því að á árinu 1987 hefst tölvuvinnsla veðmálabóka. Leiga fyrir símalínur og tölvubúnað hjá SKÝRR er áætluð 1.308 þús.kr. Rekstrargjöld hækka einnig almennt vegna þess að tillit er tekið til reikningsniðurstöðu 1985. Umfangsmiklum skiptamálum hefur fjölgað mjög hjá embættinu síðast liðin tvö ár. Hefur þetta óhjákvæmilega leitt til aukinna útgjalda. Til áframhaldandi vinnu við tölvuvæðingu á veðmálabókum embættisins er áætlað að verja 900 þús.kr.

#### **205 Sakadómur Reykjavíkur**

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 22.586 þús.kr. í 27.512 þús. kr. eða um 21,8%. Laun hækka um 15,6% og rekstrargjöld um 16,3%. Engin breyting er áformuð á starfsemi Sakadóms frá því sem er 1986. Fjárveiting til meiri háttar eignakaupa er nú 1.200 þús.kr. en var engin í fjárlögum 1986. Ákveðið er að kaupa nýja símsstöð fyrir embættið. Vegagerð ríkisins kostar kaupin að hluta en að auki eru áætlaðar 700 þús.kr. til þessa verkefnis. Til kaupa á ritvinnslubúnaði eru áætlaðar 500 þús.kr.

#### **206 Lögreglustjórinn í Reykjavík**

Fjárveiting til embættisins nemur alls 354.744 þús.kr. og hækkar um 117.706 þús.kr. eða 49,6%. Undanfarin ár hefur mikið ósamræmi verið milli fjárveitinga til embættisins og reikningsniðurstöðu. Í þessu frumvarpi er gerð breyting hér á. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hafa áætlanir embættisins verið yfirfarnar og er nú ætlast til að ekki verði ósamræmi milli fjárveitinga og rekstrarumsvifa. Niðurstaðan er

að rekstrargjöld hækka verulega umfram almennar verðlagshækkanir eða um 90,0% og launaliður hækkar um 37,7%. Þá er ákveðið að skilja að innheimtu embættisins á ýmsum tekjum fyrir ríkissjóð og rekstrarfjárgjöld. Miðað er við að sú breyting taki gildi í upphafi árs 1987. Varðandi hækkun launaliðar ber þess sérstaklega að geta að áætlunin gerir ráð fyrir að yfirvinna lækki samfara breyttu vaktaskipulagi lögreglumanna enda byggjast nýgerðir kjarasamningar lögreglumanna á þeirri forsendu. Þá mun haldið áfram endurskipulagningu á starfsemi lögreglunnar í Reykjavík í framhaldi af athugun norskra ráðunauta sem hér störfuðu síðla árs 1985. Ekki er talin ástæða til þess að fjalla sérstaklega um hvert einstakt rekstrarviðfangsefni. Undantekningu verður þó að gera um *almenn löggæslu*. Heimiluðum stöðum fjölgar þar um 4 og verða þær nú alls 238. Fíkniefnalögreglumönnum fjölgar um fjóra vegna aukins eftirlits. Framlög til lögreglunnar í Reykjavík skiptast annars á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	14.595	25.590	10.995	75,3
Sími og fjarskipti .....	1.982	3.760	1.778	89,7
Almenn löggæsla .....	209.383	302.783	93.400	44,6
Eftirlit á vegum .....	2.268	2.277	9	0,4
Fangaklefar .....	5.409	7.166	1.757	32,5
Eftirlit með vinveitingahúsum .....	1.827	2.335	508	27,8
Lögregluskóli .....	1.397	2.470	1.073	76,8
Útlendingaeftirlit .....	3.238	5.660	2.422	74,8
Mötuneyti .....	5.773	6.828	1.055	18,3
Aðallögreglustöð við Hverfisgötu .....	7.898	15.192	7.294	92,4
Viðhald .....	1.653	4.560	2.907	175,9
Stofnkostnaður .....	5.253	6.980	1.727	32,9
Samtals	260.676	385.601	124.925	47,9
Sértekjur	23.638	30.857	7.219	30,5
Fjárveiting	237.038	354.744	117.706	49,7

Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 6.330 þús.kr. og skiptist þannig að til *endurnýjunar á lögreglubifreiðum* verður varið 5.830 þús.kr. og til undirbúnings vegna tölvuvinnslu 500 þús.kr. Til viðhalds á aðalstöð lögreglunnar verður varið 4.560 þús.kr. Er þar um að ræða viðgerðir á steinskemmdum, þakviðgerð og endurnýjun hitakerfis auk málningavinnu.

## 208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 58.612 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 78.392 þús.kr. eða um 33,7%. Laun hækka um 35,2%. Heimiluð stöðugildi eru 51 eða jafnmörg og í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að yfirvinna lækki miðað við reikningstölur en verði óbreytt miðað við fjárlagatölur 1986. Er það gert í samráði við dómismálaráðuneytið. Rekstrargjöld hækka um 33,6% eða talsvert umfram almennar verðlagshækkanir. Ástæðan er sú að rekstrargjöld voru vanáætluð í endurskoðuðum fjárlögum enda hefur stofnunin þegar á þessu ári fengið 3.500 þús.kr. í aukafjárveitingu. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur 2.290 þús.kr. sem skiptist þannig að 900 þús.kr. eru áætlaðar til endurnýjunar bifreiða, 500 þús.kr. til kaupa á

stólum og pappírstætara, 210 þús.kr. til kaupa á fjarskiptatækjum og 680 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa vegna tæknideildar. Til viðhalds húsnæðis embættisins eru áætlaðar 1.300 þús.kr. sem skiptist þannig að 800 þús.kr. eru áætlaðar til viðgerðar á þaki og 500 þús.kr. til úrbóta vegna alkalískemmda.

#### 211—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Framlög til rekstrarliða embætta sýslumanna og bæjarfógeta hækka um 116.236 þús.kr. eða 20,6% og verða 680.278 þús.kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir hækka um 27.429 þús.kr. og verða 100.935 þús.kr. Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir áætlaðri þróun einstakra gjaldategunda:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
<b>Laun:</b>				
Yfirstjórn .....	169.251	210.129	40.878	24,2
Löggæsla .....	225.496	295.751	70.255	31,2
Hreppstjórar .....	7.277	8.348	1.071	14,7
<b>Laun samtals .....</b>	<b>402.024</b>	<b>514.228</b>	<b>112.204</b>	<b>27,9</b>
<b>Önnur gjöld með eignakaupum:</b>				
Yfirstjórn .....	68.447	69.978	1.531	2,2
Löggæsla .....	104.195	107.175	2.980	2,9
Hreppstjórar .....		633	633	
<b>Önnur gjöld samtals .....</b>	<b>172.642</b>	<b>177.786</b>	<b>5.144</b>	<b>3,0</b>
<b>Sértekjur .....</b>	<b>-10.624</b>	<b>-11.736</b>	<b>-1.112</b>	<b>10,5</b>
<b>Rekstrarviðfangsefni samtals .....</b>	<b>564.042</b>	<b>680.278</b>	<b>116.236</b>	<b>20,6</b>
<b>Viðhaldsviðfangsefni samtals .....</b>	<b>4.775</b>	<b>6.500</b>	<b>1.725</b>	<b>36,1</b>
<b>Stofnkostnaðarviðfangsefni samtals .....</b>	<b>68.731</b>	<b>94.435</b>	<b>25.704</b>	<b>37,4</b>
<b>Samtals .....</b>	<b>637.548</b>	<b>781.213</b>	<b>143.665</b>	<b>22,5</b>

Eins og fram kemur í töflunni hækkar launaliður um 26% en önnur gjöld um 3%. Stöðugildum fjölgar um eitt. Er þar um að ræða nýja stöðu aðalvarðstjóra löggæslu í Grindavík. Skýrir það hækkingu launaliðar um 972 þús.kr. Aðrar efnisbreytingar eru ekki undir launalið. Rétt er að vekja athygli á mikilli hækkingu launaliðar löggæslu en hana má rekja til almennra hækkinga launa aðildarfélaganna BSRB og til nýlegs sérkjara-samnings fjármálaráðuneytisins og Félags lögreglumanna. Samkvæmt samningnum dregur úr yfirvinnugreiðslum. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur verið metið hve mikil þessi lækkun sé. Í eftirfarandi töflu er gefið yfirlit yfir fjölda stöðugilda hjá embættunum:

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla
212 Akranes	8,75	11,00
213 Borgarnes	7,50	5,00
214 Stykkishólmur	8,50	9,00
215 Búðardalur	3,00	0,50
216 Patreksfjörður	6,00	4,00
217 Bolungarvík	3,00	2,00
218 Ísafjörður	11,00	12,00
219 Hólmavík	3,00	-
221 Blönduós	7,50	4,00
222 Sauðárkrúkur	8,00	7,00
223 Siglufjörður	5,00	6,00
224 Ólafsfjörður	2,50	2,00
225 Akureyri	28,50	32,00
226 Húsavík	11,00	8,00
227 Seyðisfjörður	7,25	3,00
228 Neskaupstaður	4,00	2,00
229 Eskifjörður	9,00	6,00
230 Höfn í Hornafirði	4,50	3,00
231 Vík í Mýrdal	3,00	-
232 Hvalsöllum	6,00	4,00
233 Vestmannaeyjar	9,00	10,00
234 Selfoss	16,00	20,00
235 Keflavík	23,00	31,00
236 Hafnarfjörður	31,50	39,00
237 Kópavogur	23,00	24,00
Samtals	249,50	244,50

Yfirlitið ber með sér að heildarfjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna og bæjarfógeta sé 494,00. Fjallað hefur verið um öll þessi stöðugildi í ráðninganefnd ríkisins að 1,5 stöðugildi undanskildu. Þar er um að ræða 0,5 stöðugildi við yfirstjórn á Eskifirði. Áætlað var fyrir þeirri stöðu í gildandi fjárlögum án þess að sótt hafi verið um heimild til að nýta hana. Ekki hefur ráðninganefnd heldur fjallað um þá stöðu aðalvarðstjóra í Grindavík sem nefnd var sem ný staða hér á undan. Önnur gjöld með eignakaupum hækka heldur minna en verðlagsforsendur frumvarpsins segja til um. Það ber sérstaklega að nefna að nú er í fyrsta skipti áætlað fyrir starfskostnaði hreppstjóra en samkvæmt reglugerð útgefinni af dómsmálaráðuneyti er hreppstjórum ætlaður starfskostnaður í gefnu hlutfalli við launagreiðslur til þeirra.

*Viðhaldsviðfangsefni.* Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur eru 19 talsins. Í gildandi fjárlögum var tekin upp sá háttur að áætla fyrir viðhaldi þessara bústaða undir einum fjárlagalið er dómsmálaráðuneyti ráðstafar. Þetta fyrirkomulag þykir hafa gefist vel.

*Stofnkostnaðarviðfangsefni.* Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:



Fjúbl.n.r.	Viðfangsefni	Pús.kr.
211-6.10	Fjarskiptabúnaður	9.000
213-6.01	Bifreiðageymsla, Borgarnesi	856
215-6.10	Embættisbústaður, Búðardal	680
215-6.50	Stjórnsýsluhús, Búðardal	2.000
223-6.10	Lögreglustöð, Siglufirði	5.000
225-6.01	Skrifstofuhúsnæði, Akureyri	2.479
225-6.51	Lögreglustöð, Dalvík	2.210
226-6.01	Skrifstofa og lögreglustöð, Húsavík	14.000
229-6.21	Lögreglustöð, Egilsstöðum	7.000
231-6.01	Bifreiðageymsla, Vík	100
232-6.20	Lögreglustöð, Hvolsvelli	500
233-6.10	Stjórnsýsluhús, Vestmannaeyjum	11.380
234-6.51	Lögreglustöð, Selfossi	15.000
235-6.01	Skrifstofuhúsnæði, Keflavík	12.700
236-6.50	Lögreglustöð, Hafnarfirði	7.000
237-6.50	Skrifstofuhúsnæði, Kópavogi	2.500
	Samtals	92.405

Nokkrar skipulagsbreytingar eiga sér nú stað á embætti lögreglustjórans í Reykjavík eins og rakið er á öðrum stað í greinargerðinni. Liður í þeirri endurskipulagningu er uppbygging fjarskiptamála embættisins. Þá er einnig þörf endurbóta á fjarskiptamálum víða úti um land og eru 9.000 pús.kr. ætlaðar til þess verkefnis. Dómsmálaráðuneytið mun fjalla um ráðstöfun þessa fjár. Í Borgarnesi stendur til að rífa ónýta bifreiðageymslu og byggja nýja. Í Búðardal hefur verið keyptur embættisbústaður fyrir sýslumann og er hér áætlað fyrir lokagreiðslum vegna þeirra kaupa. Þá er fyrirhugað áframhald á vinnu við stjórnsýsluhús í Búðardal en því verkefni lýkur senn. Í Siglufirði er lögreglustöð í húsnæði sem ekki þykir uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til heilbrigðis og hollustu. Hér er lagt til að fé verði veitt til kaupa á hentugu húsnæði. Á Akureyri er enn unnið að innréttingum á skrifstofuhúsnæði bæjarfógeta. Áætlað er að unnt verði að ljúka byggingu lögreglustöðvar á Dalvík á næsta ári. Á Húsavík er unnið að byggingu skrifstofuhúss og lögreglustöðvar. Það verk hefur verið boðið út til lokafrágangs. Stefnt er að því að taka þann hluta hússins sem hýsir lögreglustöð í notkun á miðju ári 1987. Verkinu á öllu að vera lokið á árinu 1988. Á Egilsstöðum er gert ráð fyrir að hús verði keypt til nota sem lögreglustöð. Í Vík í Mýrdal er enn unnið að byggingu bifreiðageymslu, þriðja árið í röð. Þá eru ætlaðar 500 pús.kr. vegna lokafrágangs lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Í Vestmannaeyjum er fjárveiting til innréttinga á húsinu að Heiðarvegi 15. Hönnun hefur dregist þannig að framkvæmdir hefjast naumast fyrr en seint á árinu 1986. Til framkvæmda á árinu 1986 eru ætlaðar 11.460 pús.kr. í gildandi fjárlögum. Á Selfossi er ætlað að hefja byggingu lögreglustöðvar. Í Keflavík verður lokið endurbótum á skrifstofuhúsnæði embættisins. Í Hafnarfirði er stefnt að því að ljúka byggingu lögreglustöðvar. Fjárveitingin skiptist þannig að 5.000 pús.kr. eru ætlaðar til að ljúka byggingunni og 2.000 pús.kr. eru ætlaðar til kaupa á skrifstofuhúsgögnum og öðrum búnaði. Loks eru 2.500 pús.kr. ætlaðar til frágangs á lóð og bílageymslu við húsnæði bæjarfógetans í Kópavogi. Auk ofangreindra framkvæmda eru ætlaðar 2.030 pús.kr. í ýmis önnur stofn- kostnaðarverkefni. Stærsti liður þar er 1.000 pús.kr. vegna kaupa á tölvubúnaði til embættanna.

### 238 Dómstóll í ávana- og fikiefnamálum

Framlag til dómstólsins hækkar úr 3.543 þús.kr. í gildandi fjárlögum 1986 í 4.968 þús.kr. eða um 40,2%. Launagjöld hækka um 42,4%. Ástæða þess að launaliður hækkar umfram almennar launahækkunar er að yfirvinna hækkar um 141% miðað við fjárlög 1986. Yfirvinna hefur verið vanáætluð undanfarin ár. Á sama tíma hefur auk þess málum fjölgað mjög mikið hjá embættinu. Rekstrargjöld hækka hins vegar um 5,0% eða í takt við almennar forsendur frumvarpsins um hækkanir.

### 241—244 Vinnuhæli, hegningarhús og fangelsi

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem hafa að markmiði að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum 1986 og samkvæmt frumvarpi 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Hegningarhúsið í Reykjavík .....	13.319	20.160	6.841	51,4
Vinnuhælið að Litla-Hrauni .....	44.464	60.031	15.567	35,0
Vinnuhælið að Kvíabryggju .....	9.813	10.634	821	8,4
Fangelsi við Síðumúla .....	11.359	15.166	3.807	33,5
Skilorðseftirlit ríkisins .....	2.170	2.774	604	27,8
Samtals	81.125	108.765	27.640	34,1

Eins og sést af þessari töflu hækka útgjöld allra fangelsanna nema *vinnuhælisins að Kvíabryggju* verulega umfram almennar verðlagshækkunar. Ástæður þessara hækkanar er mjög ólíkar. Skýring á mikilli hækkun útgjalda hjá *fangelsi við Síðumúla* og *hegningarhúsinu í Reykjavík* er fyrst og fremst fjölgun fanga. Hækkun vegna vinnuhælisins að Litla-Hrauni er hins vegar vegna þess að sértekjur voru ofáætlaðar í fjárlögum 1986. Heimilaðar hafa verið stóður tveggja fangavarda til næstu tveggja ára. Auk þess hækka framlög til meiri háttar stofnkostnaðar og viðhalds verulega frá síðasta ári en brýn þörf er talin á úrbótum í ýmsum málum staðarins. Til kaupa á nýrri vörubifreið og innréttingum og húsgögnum í nýtt húsnæði verður varið 3.600 þús.kr. Einnig er fyrirhugað að mála fangelsið að utan og mun sú framkvæmd kosta 1.000 þús.kr. Hækkun á framlagi til Skilorðseftirlits ríkisins á sér hins vegar þær skýringar að yfirvinna eykst og gerðir hafa verið nýir aksturssamningar við starfsmenn.

### 251 Landhelgisgæsla Íslands

Framlag hækkar úr 250.030 þús.kr. í 277.898 þús.kr., eða um 11,1%. Forsendur um rekstur skipa og flugvéla eru óbreyttar frá fjárlögum 1986. Þannig er gert ráð fyrir 12 mánaða úthaldi varðskipanna *Ægis* og *Týs* og 9 mánaða úthaldi *Óðins*. Gert er ráð fyrir 1.200 flugtímum fyrir loftför stofnunarinnar en hún hefur nú til umráða eina Fokker flugvél (TF-SÝN) og tvær þyrlur (TF-SIF og TF-GRÓ). Launagjöld hækka um 29% og verða 139.228 þús.kr. Þessi hækkun er heldur meiri en hækkanir kaupaxta starfsmanna gefa tilefni til. Helsta ástæða umframhækkunar eru ákvæði samninga sjómanna um uppgjör vegna frídaga en útgjöld vegna þessa hafa reynst of lágt metin í fjárlögum 1986. Áætlun um yfirvinnu, vaktageiðslur, dag- og fæðispenninga og önnur launagjöld hefur verið endurskoðuð gaumgæfilega. Önnur gjöld vegna

rekstrar lækka úr 135.455 þús.kr. í 124.375 þús.kr. eða um 8,2%. Tvennt veldur þessari lækkun. Í fyrsta lagi hefur verð á brennsluolíu lækkað um rúmlega 42% frá því sem áætlað var í fjárlögum 1986 og verð á flugvélaeldsneyti (flugsteinolíu) um rúmlega 27%. Vegna þessa dragast útgjöld saman um u.þ.b. 17.000 þús.kr. milli ára. Í öðru lagi var í fjárlögum 1986 gert ráð fyrir greiðslu iðgjalds af húftryggingu þyrlunnar TF-SIF fyrir tímabilið nóvember 1985 til desember 1986, eða 14 mánuði, samanborið við 12 mánuði í fjárlagafrumvarpi 1987. Að auki hefur gengi dollars lækkað frá því sem áætlað var við gerð fjárlaga 1986 og hefur það áhrif á iðgjaldgreiðslur sem miðaðar eru við þá mynt. Til þessa má rekja rúmlega 4.000 þús.kr. Á móti lækkun útgjalda koma aukin framlög til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna, eða 17.245 þús.kr., samanborið við 9.360 þús.kr. í fjárlögum 1986. Veittar eru 11.245 þús.kr. til meiri háttar viðhalds á flugskýli stofnunarinnar á Reykjavíkflugvelli. Ráðgert er m.a. að steypa nýtt gólf í skýlið, ryðverja burðarvirki og setja upp nýtt hitakerfi. Þá eru veittar 6.000 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði og er hér einkum um að ræða eldvarna- og slökkvibúnað og ýmis björgunartæki í skip stofnunarinnar.

#### **252 Bifreiðaeftirlit ríkisins**

Heildarfjárveiting til embættisins nemur 96.733 þús.kr. en það var 44.208 þús. kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 118,8 %. Verulegt ósamræmi hefur verið milli fjárveitinga í fjárlögum og rekstrar stofnunarinnar. Í þessu fjárlagafrumvarpi er ætlunin að breyting verði hér á. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur verið ákveðið að hækka launalið stofnunarinnar um 90,5%. Hækkunin er vegna þess að nú er í fyrsta sinn áætlað fyrir 12 af 23,5 óheimilum stöðum hjá embættinu. Föst stöðugildi verða eftir sem áður 50,66 en 12 stöðugildi verða fyrir starfsmenn sem vinna að sérstökum verkefnum. Yfirvinna er einnig hækkuð. Rekstrargjöld hækka um 25,0% og er þá tekið mið af reikningstölum 1985. Fjárveitingar til meiri háttar stofnkostnaðar nema alls 20.280 þús.kr. sem skiptist þannig: Til endurnýjunar bifreiða verður varið 1.800 þús.kr., til innréttinga á húsnæði á Húsavík 600 þús.kr. og til innréttinga og tækjakaupa í leiguhúsnæði að Bíldshöfða 8 eru ætlaðar 17.880 þús.kr. Auk þess er geymd fjárveiting, 5.500 þús.kr. vegna Bíldshöfða 8, sem notuð verður til framkvæmda á árinu 1986 og 1987. Með þeim breytingum á að verða unnt að bæta aðstöðu til skoðunar bæði fyrir viðskiptavinum og starfsmenn.

#### **253 Almannaþing ríkisins**

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 8.405 þús.kr. samkvæmt fjárlögum 1986 í 11.167 þús.kr. eða um 32,8%. Launagjöld hækka um 33%. Ástæðan er sú að yfirvinna hækkar til samræmis við reikningstölur en auk þess hækka önnur dagvinnulaun, þ.e. ræsting og afleysing, fyrst og fremst vegna vanáætlunar í fjárlögum. Ekki er því áætlað fyrir neinum nýjum stöðugildum hjá stofnuninni og eru heimilud stöðugildi eftir sem áður fjögur. Rekstrargjöld hækka um 33,1% og tekur sú hækkun mið af reikningstölum 1985. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar er 1.500 þús.kr. og til viðhalds er áætlað að verja 500 þús.kr. vegna skipta á loftnetsköplum sem kosta 150 þús.kr. og skipta á asbestsklæðningu í stjórnstöð sem kostar 350 þús.kr.

#### **255 Umferðarráð**

Framlag nemur alls 8.264 þús.kr. og hækkar um 30% frá fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 46,2% og rekstrargjöld um 14,7%. Skýringin á þessari hækkun er eingöngu að fallist er á að taka mið af reikningstölum 1985 við áætlun gjalda. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 500 þús.kr. til þess að tölvaða slysaskrá.

### 281 Dómsmál, ýmis starfssemi

Framlag er samtals 24.644 þús.kr. og hækkar um 3.716 þús.kr. eða um 17,8%. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp: *próf skjalapýðenda*, 194 þús.kr., en þau eru haldin annað hvert ár, *próf fasteignasala*, 112 þús.kr., samkvæmt nýjum lögum um fasteignasölu. Stofnkostnaðarviðfangsefnið *dómsmál, ýmis starfssemi* er vegna ýmissa tölvuverkefna á vegum dómsmálaráðuneytisins. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Málskostnaður	10.600	10.889	289	2,7
Meðdómsmenn	2.639	2.999	360	13,6
Setu-og varadómarar	1.069	1.372	303	28,3
Siglingadómur	250	334	84	33,6
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	1.543	1.879	336	21,8
Próf málflytjanda	162	202	40	24,7
Próf skjalapýðenda	-	233	233	.
Próf fasteignasala	-	134	134	.
Útgáfa norræns lagasafns	142	185	43	30,3
Tölvunefnd	694	1.165	471	67,9
Matsnefnd eignarnámsbóta	639	829	190	29,7
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	118	138	20	17,0
Norræn samvinna á sviði sakfræði	177	190	13	7,3
Aðgerðir gegn fíkniefnum	985	1.095	110	11,2
Dómsmál, ýmis starfssemi	1.910	3.000	1.090	57,1
Samtals	20.928	24.644	3.716	17,8

### 301 Biskup Íslands

Fjárveiting til embættisins hækkar um 1.021 þús.kr. og verður 11.126 þús.kr. Er það hækkan um 10,1%. Viðfangsefni eru fjögur eins og í fjárlögum 1986. *Yfirstjórn, æskulýðsstarf, biskupsbústaður og biskupsbústaður, viðhald*. Heimiluð stöðugildi á viðfangsefninu yfirstjórn voru 4,5 í fjárlögum 1986 en verða nú 5. Staða fjármálastjóra verður nú heilt stöðugildi. Stöðugildi undir fjárlagaliðnum verða þá alls níu, þ.e. fimm undir *yfirstjórn* og fjögur undir *æskulýðsstarfi*. Fjárveiting til meiri háttar viðhalds nemur 250 þús.kr. vegna almenns viðhalds embættisbústaðar biskups.

### 302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Fjárveiting hækka úr 3.812 þús.kr. í 6.274 þús.kr. eða um 64,5%. Launagjöld hækka um 17,7% og rekstrargjöld um 45,4%. Skýringin á hækkan rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir er m.a. að stofnunin flytur í nýtt og stærra húsnæði að Sölvhólsgötu 13 á árinu, gamla landssmiðjuhúsið. Rekstrarkostnaður, þ.m.t. leigugjöld, hækka af þeim sökum. Undir viðfangsefninu *yfirstjórn* eru einnig áætlaðar 400 þús.kr. til minni háttar eignakaupa vegna þessa flutnings, svo sem kaupa á skápum og öðrum húsgögnum og síma. Að öðru leyti er ástæða hækkanarinnar að tekið er mið af reikningstölum 1985.

### 303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við endurskoðuð fjárlög 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Prestar og prófastar .....	100.724	127.779	27.055	26,9
Byggingar á prestssetrum .....	-	7.000	7.000	.
Kaup á eignum á kirkjujörðum .....	1.433	1.600	167	11,7
Viðhald embættisbústaða .....	17.763	20.000	2.237	12,6
Byggingareftirlit .....	198	273	75	37,9
Samtals	120.118	156.652	36.534	30,4

Á viðfangsefninu *prestar og prófastar* er áætlað fyrir nýju stöðugildi prests í Reykjavík. Samtals eru heimiluð stöðugildi 122 en auk þess er áætlað fyrir nýrri stöðu prests í Reykjavík og lausráðnum presti í London. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp *byggingar á prestssetrum* 7.000 þús.kr. en engu fé var veitt til byggingar prestsbústaða í fjárlögum 1986. Fé þessu verður varið til kaupa á embættisbústöðum.

### 304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 16.437 þús.kr. og hækkar um 1.264 þús.kr. eða um 8,3%. Til skýringar er sýndur samanburður við endurskoðuð fjárlög í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Húsmæðraskólinn á Löngumýri .....	749	518	-231	-30,8
Kirkjugarðæftirlit .....	659	1.018	359	54,5
Ýmislegt .....	4.980	6.076	1.096	22,0
Skálholtsstaður .....	560	600	40	7,1
Hallgrímskirkja .....	8.000	8.000	-	.
Hólar í Hjaltadal .....	225	225	-	.
Samtals	15.173	16.437	1.264	8,3

### 373 Kristnisjóður

Fjárveiting nemur alls 9.742 þús.kr. og hækkar um 1.352 þús.kr. eða 16,1%. Þar af nemur framlag til að standa undir afborgunum af skuldabréfum vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu 2.172 þús.kr. Framlag til sjóðsins 1987 verður því herra en gert er ráð fyrir í 20 gr. laga nr. 35/1970.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	18.787	27.986	9.199	49,0
Húsnæðismál .....	1.600.000	1.300.000	-300.000	-18,8
Önnur félagsmál .....	651.388	707.832	56.444	8,7
Samtals	2.270.175	2.035.818	-234.357	-10,3
Par af markaðir tekjustofnar .....	809.000	73.000	-736.000	-91,0

Markaðir tekjustofnar félagsmálaráðuneytisins breytast mikið frá fjárlögum 1986 þar sem lög nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála, falla úr gildi í árslok 1986. Samkvæmt þeim runnu tekjur af húsnæðisgjaldi, sem nam 1% af söluskattsstofni, tekjur af eignarskattsauka og tekjur af sérstakri hækkun áfengis og tóbaks til húsnæðismála. Þessar mörkuðu tekjur eru áætlaðar 747.000 þús.kr. á árinu 1986. Á árinu 1987 verða markaðar tekjur félagsmálaráðuneytisins þessar: Tekjur af skipulagsgjaldi, sem renna til skipulagsstjóra ríkisins, 25.000 þús.kr., og tekjur af erfðafjárskatti, sem renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, 48.000 þús.kr. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokkar félagsmálaráðuneytisins.

#### **101 Aðalskrifstofa**

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins hækkar úr 18.787 þús.kr. á árinu 1986 í 27.986 þús.kr. eða um 49,0%. Þrennt skýrir þessa miklu hækkun milli ára. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir launagjöldum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði bifreiða þeirra á aðalskrifstofum ráðuneytanna en ekki undir einum lið undir forsætisráðuneyti eins og verið hefur. Viðbótarútgjöld aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins vegna þessa eru áætluð um 1.200 þús.kr. Föst störf á aðalskrifstofunni verða því alls 14,9. Í öðru lagi hefur aðsetur aðalskrifstofunnar verið flutt úr Arnarhvíli í Hafnarhúsið við Tryggvagötu. Þar hefur aðalskrifstofan rýmra húsnæði til afnota en í Arnarhvíli og því hækka leigugjöld og annar reksturskostnaður húsnæðis meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Viðbótarútgjöld vegna þessa eru áætluð um 1.500 þús.kr. Í þriðja lagi eru veittar 500 þús.kr. til kaupa á fullkominni ljósritunarevél og öðrum skrifstofubúnaði. Í fjórða lagi eru veittar 500 þús.kr. til að þróa gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar.

#### **271, 272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna**

Með lögum nr. 54/1986, um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 77/1985, var gerð umtalsverð breyting á útlánareglum og fjármögnun byggingarsjóðanna. Í fjárlögum 1986 nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna 1.600.000 þús.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið á árinu 1987 nemi 1.300.000 þús.kr. Nánar er fjallað um sjóðina í kaflanum um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

#### **301 Skipulagsstjóri ríkisins**

Fjárveiting til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 20.404 þús.kr. á árinu 1986 í 24.329 þús.kr. eða um 19,2%. Þar af hækka tilfærslur til sveitarfélaga vegna vinnu við skipulagsmál úr 5.500 þús.kr. í 5.800 þús.kr. eða um 5,5%. Launagjöld hækka um 39,5% og verða 8.077 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir að föstum störfum fjölgi frá þeim 7,61 sem heimildir eru fyrir en hins vegar hefur áætlun um yfirvinnu verið hækkuð frá fjárlögum 1986 í ljósi reynslu síðustu ára. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 9.115 þús.kr. á árinu 1986 í 10.452 þús.kr. eða um 14,7%. Með þessari hækkun hefur fullt tillit verið tekið til niðurstöðu ríkisreiknings 1985. Áætlaðar tekjur af skipulagsgjaldi, en þeim skal varið til að greiða kostnað við embætti skipulagsstjóra ríkisins, eru 25.000 þús.kr.

### 302 Ríkissáttasemjari

Framlag til embættis ríkissáttasemjara hækkar um 17,2% og verður 8.640 þús.kr. Launagjöld hækka úr 4.808 þús.kr. á árinu 1986 í 5.981 þús.kr. eða um 24,4%. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsmannahaldi og hækkun milli ára skýrist alfarið af umsömdum launahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 14,2% og verða 2.659 þús.kr.

### 399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar úr 9.900 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 10.000 þús.kr.

### 700—708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna þessara liða hækkar úr 395.710 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 454.834 þús.kr. eða um 19,9%. Laun hækka um 71.420 þús.kr. og verða 310.109 þús.kr. og er það hækkun um 29,9%. Reiknuð stöðugildi í þessu frumvarpi eru 435,77 og fjölgar frá fjárlögum 1986 um 33,59, þar af 12,4 vegna tveggja nýrra heimila. Þessi nýju heimili eru Vistheimili við Holtaveg, en fullbyggðu húsi verður skilað 1. júlí 1987 samkvæmt verksamningi, og Sambýli einhverfra, sem væntanlega verður hafinn rekstur á um mitt næsta ár. Kostnaður við þessa fjölgun á stöðum um 33,59 stöðugildi er um 22.000 þús.kr. Sé þessi fjölgun starfsmanna ekki talin með er hækkun launa frá fjárlögum 1986 um 20,7%. Önnur gjöld verða 116.209 þús.kr. og er það 9,2% hækkun frá fjárlögum 1986. Tilfærslur eru í frumvarpinu 60.854 þús.kr. en voru í fjárlögum 1986 76.257 þús.kr. og lækka því um 15.403 þús.kr. eða 20,2%. Skýring lækkunarinnar er sú að í fjárlögum 1986 var í viðfangsefninu 700-1.04 *kostnaður samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra*, talin með skuld við lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að fjárhæð 25.429 þús.kr. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins hefur annast greiðslur á bótum til einstaklinga samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Um er að ræða bætur til þeirra fatlaðra barna á aldrinum 0-18 ára sem dveljast í heimahúsum eða njóta takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar. Að frátalinni þessari skuld hækka tilfærslurnar um 10.026 þús.kr. eða 19,7%. Viðhald er áætlað 350 þús.kr. vegna Sambýlis að Dreka Voggi og stofnkostnaður 900 þús.kr. til bifreiðakaupa að Sólheimum. Sértekjur verða 33.588 þús.kr. og hækka um 7.922 þús.kr. eða 30,9%. Breytingar á viðfangsefnum eru þessar: Áður er getið tveggja nýrra viðfangsefna í Reykjavík, þ.e. Vistheimilis við Holtaveg og Sambýlis einhverfra, og eru það einu nýju viðfangsefnin. Við afgreiðslu fjárlaga 1986 tók fjárveitinganefnd inn Sambýli á Sauðárkróki en þeirri starfsemi hefur verið breytt í Leikfangasafn (705-1.42). Undir viðfangsefninu 707-1.01 *svæðisstjórn* eru veittar 250 þús.kr. til greiðslu eftirstöðva af verði bifreiðar sem keypt var á árinu 1986. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu á fjárveitingum og stöðugildum á viðfangsefni:

	Stöðugildi		Gjöld samtals Þús.kr.	Sér- tekjur Þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. Þús.kr.
	Reiknuð	Þar af heimiluð			
<b>700 Málefni fatlaðra</b>			<b>46.938</b>		<b>46.938</b>
Stjórnarnefnd			745		745
Samráðsnefnd			675		675
Samráðsnefnd um ferlimál			945		945
Kostnaður skv. 10. gr.			37.811		37.811
Kostnaður skv. 19. gr.			3.993		3.993
Vistanir			1.206		1.206
Starfsþjálfun			1.563		1.563
<b>701 Málefni fatlaðra, Reykjavík</b>	<b>117,77</b>	<b>21,3</b>	<b>110.625</b>	<b>5.310</b>	<b>105.315</b>
Svæðisstjórn	3,5	3,5	4.682		4.682
Sambýli Drekkavogi 16	4,0	4,0	3.138		3.138
Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.739		1.739
Sambýli Háteigsvegi 6	1,51		1.295		1.295
Sambýli Sigluvogi 5	3,19		2.119		2.119
Sambýli Auðarstræti 15	4,07		3.359		3.359
Sambýli Víðihlíð 11	4,92		4.007		4.007
Sambýli Víðihlíð 7	3,01		2.479		2.479
Sambýli Víðihlíð 5	2,08		1.910		1.910
Vinnustofan Ás	4,0		9.159	4.484	4.675
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			2.494		2.494
Dagvistun Lækjarási	12,0		9.519		9.519
Dagvistun Bjarkarási	14,0		12.632		12.632
Dagvistun Lyngási	24,9		17.479		17.479
Skammtímavistun Víðihlíð 9	6,39		6.115	826	5.289
Skammtímavistun Dalbraut 12 (Reykjavíkurborg)			4.627		4.627
Trönuhólar 1 (einhverf börn)	13,8	13,8	13.380		13.380
Sambýli Sóleyjargötu	4,0		3.365		3.365
Sambýli einhverfra (1/2 ár)	5,4		3.589		3.589
Vistheimili við Holtaveg (1/2 ár)	7,0		1.748		1.748
Atvinnuleit			1.440		1.440
Sambýli Drekkavogi 16 (viðhald)			350		350
<b>702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi</b>	<b>116,35</b>	<b>18,75</b>	<b>109.525</b>	<b>5.754</b>	<b>103.771</b>
Svæðisstjórn	3,0	2,5	3.728		3.728
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	6,55	3,65	5.299		5.299
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	4,0	3,0	3.250		3.250
Sambýli Garðabæ	4,8		3.907		3.907
Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	5,5	3,0	9.636	3.658	5.978
Leikfangasafn Keflavík	0,6	0,6	444	70	374
Skammtímavistun	7,4	3,0	6.379	953	5.426
Dagvistun Keflavík	5,0	3,0	4.464	212	4.252
Vistheimilið Skálatúni	57,0		51.392	861	50.531
Vistheimilið Tjaldanesi	21,7		18.694		18.694
Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,8		1.515		1.515
Atvinnuleit			817		817
<b>703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi</b>	<b>14,5</b>	<b>6,5</b>	<b>15.110</b>	<b>2.568</b>	<b>12.542</b>
Svæðisstjórn	2,0	2,0	2.469		2.469
Sambýli Akranesi	7,5	4,0	5.238		5.238
Verndaður vinnustaður Akranesi	2,0		4.662	2.464	2.198
Leikfangasafn Borgarnesi	0,5	0,5	680	104	576
Dagvistun Akranesi	2,5		2.061		2.061



	Stöðugildi		Gjöld samts. Þús.kr.	Sér- tekjur Þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. Þús.kr.
	Reiknuð	Þar af heimiluð			
<b>704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum</b> .....	<b>18,5</b>	<b>8,25</b>	<b>18.011</b>	<b>694</b>	<b>17.317</b>
Svæðisstjórn .....	1,25	1,25	2.119		2.119
Þjónustumiðstöð Bræðratungu .....	17,25	7,0	15.892	694	15.198
<b>705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra</b> .....	<b>10,5</b>	<b>6,0</b>	<b>10.024</b>	<b>439</b>	<b>9.585</b>
Svæðisstjórn .....	2,0	2,0	2.956		2.956
Sambýli Siglufirði .....	4,5	2,0	3.468		3.468
Leikfangasafn Siglufirði .....	1,0	1,0	862	135	727
Leikfangasafn Blönduósi .....	1,0	1,0	929	146	783
Leikfangasafn Sauðárkróki .....	1,0		894	158	736
Sumardvöl Egilsá .....	1,0		915		915
<b>706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra</b> .....	<b>86,1</b>	<b>35,1</b>	<b>96.864</b>	<b>9.105</b>	<b>87.759</b>
Svæðisstjórn .....	2,5	2,5	4.366		4.366
Sambýli Byggðavegi 91 .....	5,0	2,3	3.288		3.288
Sambýli Borgarhlíð 3 .....	4,0	1,1	2.413		2.413
Sambýli Vanabyggð 4 c .....	4,0	1,6	2.562		2.562
Iðjulundur, verndaður vinnustaður .....	7,0	3,0	15.664	7.132	8.532
Bjarg, verndaður vinnustaður .....			5.164		5.164
Leikfangasafn Akureyri .....	0,6	0,6	542	85	457
Vistheimilið Sólborg .....	63,0	24,0	61.233	1.888	59.345
Sumarbúðir í Botni .....			1.632		1.632
<b>707 Málefni fatlaðra, Austurlandi</b> .....	<b>26,5</b>	<b>10,3</b>	<b>24.854</b>	<b>2.036</b>	<b>22.818</b>
Svæðisstjórn .....	2,0	1,8	2.973		2.973
Sambýli Egilsstöðum .....	5,0	3,0	3.393		3.393
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum .....	2,0		4.454	1.947	2.507
Leikfangasafn .....	0,5	0,5	583	89	494
Vonarland, þjónustumiðstöð .....	17,0	5,0	13.451		13.451
<b>708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi</b> .....	<b>45,5</b>	<b>14,0</b>	<b>56.471</b>	<b>7.682</b>	<b>48.789</b>
Svæðisstjórn .....	2,5	2,5	2.833		2.833
Sambýli Ásvegi 8, Selfossi .....	4,0	4,0	3.492		3.492
Verndaður vinnustaður Selfossi .....	2,0	2,0	2.630	590	2.040
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum .....	2,0		6.197	5.240	957
Leikfangasafn Vestmannaeyjum .....	0,5	0,5	586	90	496
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi .....	6,0	5,0	5.090	224	4.866
Vistheimilið Sólheimum .....	28,5		34.743	1.538	33.205
Vistheimilið Sólheimum, bifreiðakaup .....			900		900
<b>Samtsals</b>	<b>435,72</b>	<b>120,2</b>	<b>488.422</b>	<b>33.588</b>	<b>454.834</b>

#### 750 Greiningarstöð ríkisins

Í fjárlögum 1986 er gert ráð fyrir 17,3 stöðugildum, þar af eru 4 talin með öðrum dagvinnulaunum, auk hálfis stöðugildis lækna í hlutastörfum. Ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað þessi 17,3 stöðugildi sem fastar stöður hjá Greiningarstöð ríkisins. Til viðbótar þessum stöðum er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 gert ráð fyrir 3 stöðugildum sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og eru laun vegna þeirra talin með öðrum dagvinnulaunum. Auk þessara þriggja staðna er á öðrum dagvinnulaunum gert ráð fyrir launum til þriggja lækna í hlutastöðum eða samtals 0,5 stöðugildi. Þessar þrjár stöður á öðrum dagvinnulaunum hækka launaliðinn um rúmlega 2.100 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Launaliðurinn í heild verður 13.320 þús.kr. og hækkar um 4.152 þús.kr. en þar af eru 2.100 þús.kr. vegna nýrra staðna sem fyrr er getið. Í heild hækkar liðurinn úr 12.577 þús.kr. í 17.896 þús.kr. eða um 42,3%.

**795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er áætluð 100.000 þús.kr. samanborið við 76.400 þús.kr. á árinu 1986. Hækkunin nemur 30,9%. Tekjur af erfðafjárskatti renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af skattinum á árinu 1987 eru 48.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs til sjóðsins þarf að vera 52.000 þús.kr. til þess að heildarfjárhæðinni verði náð.

**951 Brunamálastofnun ríkisins**

Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til reksturs Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða. Í fjárlögum fyrir árið 1986 var gert ráð fyrir nýrri stöðu verkfræðings við stofnunina en ráðninganefnd ríkisins heimilaði stofnuninni að ráða tvo brunaeftirlitsmenn í stað verkfræðings. Alls er því gert ráð fyrir átta starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 39,3% milli ára og verða 6.619 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 5.402 þús.kr. í 5.964 þús.kr. eða um 10,4%. Gert var ráð fyrir 478 þús.kr. útgjöldum á árinu 1986 til kaupa á ýmsum tækjabúnaði en ekki er gert ráð fyrir slíku á árinu 1987.

**953 Jafnréttisráð**

Framlag til Jafnréttisráðs hækkar um 39,9% frá árinu 1986 og verður 3.443 þús.kr. Hækkunin er meiri en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilfærni til enda er gert ráð fyrir vaxandi umsvifum ráðsins eftir setningu laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsmannahaldi en starfsmannaheimildir eru tvær. Launagjöld hækka um 48,3% frá 1986 og verða 2.135 þús.kr. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist af flokkahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 1.020 þús.kr. á árinu 1986 í 1.308 þús.kr. eða um 28,2%.

**954 Vinnueftirlit ríkisins**

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir framlagi til Vinnueftirlits ríkisins fremur en í fjárlögum fyrri ára. Útgjöld stofnunarinnar hækka um 43,2% og er það meira en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilfærni til. Tvennt skýrir þessa hækkun útgjalda. Í fyrsta lagi er tekið tillit til reynslu síðustu ára við áætlun yfirvinnu og annarra gjalda vegna reksturs. Og í öðru lagi er gert ráð fyrir um 4.000 þús.kr. endurgreiðslu Vinnueftirlitsins í ríkissjóð á árinu 1987 vegna lána til húsnæðiskaupa stofnunarinnar að Bíldshöfða 16. Á móti kemur að stjórn Vinnueftirlitsins, sem skipuð er fulltrúum vinnuveitenda og launþega, hefur samþykkt hækkun á vinnueftirlitsgjaldinu, sem er helsti tekjustofn stofnunarinnar, vegna húsnæðiskaupanna. Félagsmálaráðherra hefur þegar staðfest hækkunina fyrir árið 1986. Launagjöld hækka um 30,8% milli ára og verða 28.614 þús.kr. Miðað er við óbreyttan fjölda starfsmanna frá því sem er í fjárlögum 1986, þ.e. 29 mönnum í föstum stöðum og ráðið verður í 3,33 stöður til að sinna sérstökum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 12.142 þús.kr. á árinu 1986 í 15.877 þús.kr. eða um 30,8%. Framlag til meiri háttar eignakaupa nemur 6.020 þús.kr. og þar af eru 4.000 þús.kr. til greiðslu á skuld við ríkissjóð vegna húsaupa. Auk þess er gert ráð fyrir kaupum á bifreiðum fyrir skoðunarmenn utan Reykjavíkur og öðrum tækjabúnaði fyrir stofnunina.

**972 Bjargráðasjóður Íslands**

Fjárveiting til sjóðsins er 4.700 þús.kr. og miðast við afborganir og vexti af lánum sem tekin voru 1980-1982 vegna harðæris og þungra búsiþja. Fjárveiting í fjárlögum 1986 nemur 18.240 þús.kr.

**981 Vinnumál**

Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 18.512 þús.kr. í 19.534 þús.kr. eða um 5,5% og er það í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar frá meðalverðlagi 1986 til ársloka. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur viðfangsefni en viðfangsefnið *ýmislegt*. Gert er ráð fyrir að fjárveiting undir þeim lið skiptist eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er sýnd skipting í fjárlögum 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi . . . . .	3.122	3.278	156	5,0
ASÍ, vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu . . . . .	2.200	2.310	110	5,0
Félagsmálaskóli alþýðu . . . . .	3.003	3.153	150	5,0
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM . . . . .	2.660	2.793	133	5,0
ASÍ, vegna norræna verkalyðsskólans í Genf . . . . .	75	79	4	5,3
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum . . . . .	850	892	42	4,9
Fræðslumál BSRB . . . . .	730	766	36	4,9
Fræðslumál BHM . . . . .	120	126	6	5,0
Fræðslumál annarra . . . . .	120	126	6	5,0
Upplýsingastarfsemi um kjaramál . . . . .	230	242	12	5,2
Þátttaka í erlendu vinnuálagstarfi . . . . .	620	651	31	5,0
Samtals	13.730	14.416	686	5,0

**982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota**

Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 5.000 þús.kr. til þessa fjárlagaliðar. Ljóst er að útgjöld á árinu munu verða þó nokkru hærrí. Erfitt er að áætla endanlega fjárhæð þar sem óvíst er hversu mikið af útgjöldum ríkissjóðs fæst endurgreitt úr þrotabúum. Ákveðið hefur verið að tvöfalda fjárveitinguna á árinu 1987 og nemur hún því 10.000 þús.kr.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi**

Helsta breytingin undir þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986 er að tvö viðfangsefni, *varnargarður við Höfðabrekkujökul* og *Markarfljót, varnargarðar*, falla niður. Önnur viðfangsefni hækka yfirleitt í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Helstu undantekningarnar eru viðfangsefnið *meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga*, þar sem áætlaðar kröfur á árinu 1986 samanborið við fjárveitingu gefa tilefni til lækkunar áætlunar, og *meðlög skv. lögum nr. 9/1981*, þar sem í fjárveitingu 1986 var gert ráð fyrir sérstöku 25.980 þús.kr. uppgjóri við Tryggingastofnun ríkisins vegna skulda frá fyrri árum. Hins vegar hafa viðfangsefnið *kvennaathvarf í Reykjavík* og *snjóflóða- og skriðufallavarnir* verið hækkuð meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna á árinu 1986, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingin milli ára:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga . . . . .	3.251	2.984	-267	-8,2
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981 . . . . .	63.549	34.519	-29.030	-45,7
Slysavarnafélag Íslands . . . . .	4.625	4.806	181	3,9
Sjómannastofur . . . . .	440	460	20	4,6
Félagasamtök, styrkir . . . . .	4.700	4.887	187	4,0
Kvennaathvarf í Reykjavík . . . . .	2.034	2.500	466	22,9
Snjóflóða- og skriðufallavarnir . . . . .	2.000	3.000	1.000	50,0
Ýmis framlög . . . . .	1.250	1.300	50	4,0
Varnargarður við Höfðabrekkujökul . . . . .	573	-	-573	.
Markarfljót, varnargarðar . . . . .	2.388	-	-2.388	.
Samtals	84.810	54.456	-30.354	-35,8

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn . . . . .	24.204	32.309	8.105	33,5
Tryggingamál . . . . .	9.989.913	10.297.310	307.397	3,1
Heilbrigðismál . . . . .	3.700.305	6.541.976	2.841.671	76,8
Annað . . . . .	23.746	26.863	3.117	13,1
Samtals	13.738.168	16.898.458	3.160.290	23,0
Þar af markaðir tekjustofnar . . . . .	1.206.441	1.490.120	283.679	23,5

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 1.050.000 þús.kr. og hækkar um 190.000 þús.kr. frá fjárlögum 1986, slystryggingaiðgjöld atvinnurekenda verða 178.000 þús.kr. og hækka um 45.779 þús.kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 30.600 þús.kr. og verður 142.600 þús.kr. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra verður 115.000 þús.kr. og hækkar um 20.000 þús.kr. Hlutur Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.500 þús.kr. og hækkar um 300 þús.kr. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta er 20 þús.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 1986 og sömuleiðis eru tekjur af samúðarskeytum Landssímans óbreyttar eða 3.000 þús.kr. Sérlyfjagjald fellur niður sem markaður tekjustofn og er áætlað sem sértekjur Lyfjanefndar. Verður nú fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

### 101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu er 32.309 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum um 7.405 þús.kr. ef stofnkostnaður er frátalinn. Laun nema 19.433 þús.kr. og er áætlað fyrir 18,5 stöðum á föstum launum auk annarra launa. Ein staða bætist við frá fjárlögum 1986 og er það staða bifreiðastjóra ráðherra sem áætlað hefur verið fyrir á aðalskrifstofu forsætisráðuneytis hin síðari ár. Tímabundið verkefni sem unnið hefur verið í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit með langvinnum sjúkdómum er framlengt um eitt ár. Önnur gjöld ásamt minni háttar eignakaupum eru áætluð 12.811 þús.kr. og hækka nokkuð umfram verðlag, m.a. vegna kostnaðar við

bifreið ráðherra, en alls eru útgjöld vegna þeirrar tilfærslu talin 1.200 þús.kr. Sértekjur eru áætlaðar 1.208 þús.kr. og framlag til eignakaupa 1.273 þús.kr. er vegna lokaáfangna í tölvuvæðingu á skrifstofuhaldi ráðuneytisins.

## 271 Tryggingastofnun ríkisins

Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins nema samtals 9.813,0 m.kr. Viðfangsefni eru fjögur og renna framlögin til lífeyrstrygginga, sjúkratrygginga, slysatrygginga og svo til almenns rekstrar og stjórnunar stofnunarinnar. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1986:

### Almannatryggingar 1986 og 1987

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%
Yfirstjórn .....	100	107	7	7,0
Lífeyrstryggingar .....	4.717	5.676	959	20,3
Sjúkratryggingar .....	4.669	3.862	-807	-17,3
Slysatryggingar .....	129	168	39	30,2
Samtals	9.615	9.813	198	2,1

Almennt gilda sömu forsendur um framlög til almannatrygginga og við eiga um laun og verðlag í frumvarpinu. Heilbrigðisráðherra mun gera ráðstafanir til lækkunar lyfjakostnaðar um 100 m.kr. og almenns lækniskostnaðar um 50 m.kr. eða samtals til 150 m.kr. Er þetta í samræmi við markaða stefnu stjórnvalda. Verður nú fjallað um hvert viðfangsefni fyrir sig.

*1.01 Yfirstjórn.* Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 106.984 þús.kr. samanborið við 100.176 þús.kr. í fjárlögum 1986. Launaáætlun er byggð á launagreiðslum 112,7 stöðugilda ásamt öðrum launagreiðslum. Kostnaðarhlutdeild atvinnuleysistrygginga og ýmissa sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar koma fram sem sértekjur á þessu viðfangsefni.

*1.10 Lífeyrstryggingar.* Heildarframlag nemur 5.676 m.kr. og hækkar um 20,3% frá fjárlögum 1986. Eins og fram kemur annars staðar í þessu frumvarpi er áætlað að framlög til lífeyrstrygginga 1986 verði í raun um 160 m.kr. hærra en í fjárlögum 1986, eða um 4.880 m.kr. Hækkun frá þeirri tölu er því 16,3%. Við áætlun fyrir árið 1987 var tekið mið af hækkun bóta fyrr á þessu ári ásamt almennum launahækkunum. Undir einum lið, mæðra- og feðralaunum, er sérstök hækkun vegna lagabreytingar um greiðslu mæðralauna til 18 ára aldurs barna í stað 16 ára. Vaxtagreiðslur eru áætlaðar 70 m.kr. en voru ekki áætlaðar í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Að meðaltali er um 3% aukningu að ræða en því er misjafnlega skipt á hina ýmsu bótaþætti og má nefna sem dæmi aukna tekjutryggingu og heimilisuppbót. Í eftirfarandi yfirliti má sjá áætluð útgjöld lífeyrstrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög liðandi árs:

### Lífeyrstryggingar 1986 og 1987

		Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
		M.kr.	M.kr.	M.kr.	%
<b>Gjöld</b>					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur .....	4.009	4.740	802	20,0
	Elli- og örorkulífeyrir .....	1.650	1.915	265	16,1
	Tekjutrygging .....	1.670	2.000	330	19,8
	Uppbót .....	390	460	70	18,0
	Heimilisuppbót o.fl. ....	169	210	41	24,3
	Örorkustyrkur .....	130	155	25	19,2
104	Barnalífeyrir .....	104	120	16	15,4
105,107	Ekkju-, ekkla- og makabætur .....	95	110	15	15,8
106	Mæðra- og feðralaun .....	259	340	81	31,3
108	Fæðingarorlof .....	250	296	46	18,4
120	Meðlög .....	400	490	90	22,5
171	Vextir .....	-	70	70	.
	<b>Samtals</b>	<b>5.117</b>	<b>6.166</b>	<b>1.049</b>	<b>20,5</b>
<b>Tekjur</b>					
180	Framlög ríkissjóðs .....	4.717	5.676	959	20,3
181	Meðlög, sveitarfélög .....	400	490	90	20,0
	<b>Samtals</b>	<b>5.117</b>	<b>6.166</b>	<b>1.049</b>	<b>20,5</b>

Bótahækkningar á árinu 1986 eru eftirfarandi: Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 5%, frá 1. júní um 3,06%, 1. september um 3,4% og áætluð hækkun 1. desember er 2,5%. Lífeyrisuppbætur, til samræmis við kjarasamninga, voru greiddar út í apríl og júní, samtals um 100 m.kr. Hækkningar þessar eru í samræmi við breytingar á almennum kaupþóxtum en auk þess hafa laun hækkað samkvæmt sérkjarasamningum og er áætlað fyrir hækkun lífeyrisbóta umfram kaupþaxtahækkningar.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 3.862,0 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

### Sjúkratryggingar 1986 og 1987

		Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
		Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
<b>Gjöld</b>					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum .....	3.045	1.964	-1.081	-35,5
302	Heimþjónusta við aldrada .....	44	55	11	25,0
303	Hjálpartæki .....	134	126	-8	-6,0
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga .....	58	73	15	25,9
310	Lækniskostnaður .....	427	500	73	17,1
311	Tannlæknakostnaður .....	181	257	76	42,0
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður ..	360	470	110	30,6
315	Lyfjakostnaður .....	900	1.030	130	14,4
316	Sjúkradagpeningar .....	103	132	29	28,2
370	Rekstrarkostnaður .....	53	71	18	34,0
	<b>Samtals</b>	<b>5.305</b>	<b>4.678</b>	<b>-627</b>	<b>-11,8</b>
<b>Tekjur</b>					
380	Hlutur ríkissjóðs .....	4.668	3.862	-806	-17,3
	Hlutur sveitarfélaga .....	637	816	179	28,1
	<b>Samtals</b>	<b>5.305</b>	<b>4.678</b>	<b>-627</b>	<b>-11,8</b>

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

18

Sem sjá má lækka framlög um 627 m.kr. og er lækkunin öll á vistgjöldum sjúkra- stofnana. Sú breyting er nú gerð að 13 sjúkrahús, sem hafa fengið greidd daggjöld, eru flutt af sjúkratryggingum og verða framvegis sérstök viðfangsefni í fjárlögum undir fjárlagaliðum 08-384 og 08-388. Til stóð að gera þessa breytingu við fjárlagagerð 1986 en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frestaði því um eitt ár. Í beinu framhaldi af því var skipuð nefnd til þess að undirbúa tillögur um samræmt rekstrarfyrirkomulag vegna undirbúnings fjárlaga 1987. Við gerð fjárhagsáætlana var leitað samráðs við stjórnendur sjúkrahúsanna og þróun launa- og rekstrarkostnaðar athuguð fyrir hvert þeirra. Eru þetta öll helstu sjúkrahús landsins og vísast til viðkomandi greinargerða varðandi nöfn og framlög til þeirra. Hlutur sveitarfélaga í rekstrarkostnaði þessara sjúkrahúsa, sem verið hefur um 5-10% fyrir einstök hús, fellur nú niður en á móti hækkar hlutur þeirra í öðrum þáttum sjúkratrygginga. Í áætlun vistgjalda er innifalið um 350 m.kr. framlag til uppgjors á halla ársins 1986 til þessara sjúkrahúsa. Eftirfarandi hækkunir hafa orðið á töxtum rekstrargjalda sjúkrahúsa á árinu 1986: 1. janúar varð 1% hækkun, 1. mars 4,6% hækkun, 1. júní 1,9% hækkun og 1. september varð 10% hækkun en hluti af þeirri hækkun var vegna afturvirkra sérkjarasamninga. Þann 1. desember er áætlað að laun hækki um 2,5%. Daggjöld hafa því hækkað um rúmlega 21% frá upphafi til loka árs 1986. Ekki er áætlað fyrir nýrri starfsemi. Aðrir útgjaldaþættir sjúkratrygginga hækka misjafnlega mikið, mest þeir sem hreyfast að fullu með launum og hefur verið tekið mið af greiðslum síðustu mánaða. Loks er í áætluninni gert ráð fyrir 150 m.kr. sparnaði á liðunum lyf og læknishjálp.

*1.30 Slysatryggingar.* Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 168 m.kr. auk 10 m.kr. hlut- deildar í yfirstjórn. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 206/1985 er áætluð 178 m.kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

### **273 Atvinnuleysistryggingasjóður**

Framlag til sjóðsins er áætlað 427.788 þús.kr. og hækkar um 29,4% frá framlagi í fjárlögum 1986. Samkvæmt lögum nr. 10/1985 rýmkast réttur til atvinnuleysisbóta og má búast við aukningu vegna þessa. Framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga skal vera til jafns við framlag ríkissjóðs. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er leitað heimildar til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 427.788 þús.kr. á árinu 1987.

### **274 Eftirlaunasjóður aldraðra**

Framlag til sjóðsins verður 56.548 þús.kr. sem er hækkun um 29,1% frá gildandi fjárlögum eða um 12.753 þús.kr. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985 um framlengingu á greiðslum bóta til ársloka 1989.

### **301 Landlæknir**

Heildarframlag til landlæknisembættisins nemur 11.391 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 12,6%. Viðfangsefnin *læknaráð* og *lækningaferðir sérfræðinga* hækka eillítið umfram almennar verðlagshækkunir og hefur verið tekið tillit til þess að lækningaferðum hefur fjölgað og kostnaður aukist vegna ritaraaðstoðar hjá lækna- ráði. Framlag til yfirstjórnar embættisins er miðað við óbreytta starfsemi frá því sem er í fjárlögum 1986 og byggir launatala á 6,25 heimiludum stöðum.

**324 Heyrnar- og talmeinstöð**

Heildarframlag nemur 29.703 þús.kr. Að frátöldum meiri háttar stofnkostnaði hækkar framlagið um 34%. Fyrst og fremst stafar þetta af hækkun framlags til heyrnartækjakaupa en hún nemur 5.504 þús.kr. eða 64,8% frá gildandi fjárlögum. Laun hækka um 33,5% og er áætlun nú byggð á 18 stöðugildum. Hefur þá verið bætt við hálfu stöðugildi starfsmanns í útibúi stöðvarinnar á Akureyri. Framlag til stofnkostnaðar, 200 þús. kr., er einnig vegna útibúsins svo að starfsemi geti hafist þar í ársbyrjun 1987. Að öðru leyti er áætlunin byggð á óbreyttri starfsemi.

**325 Hollustuvernd ríkisins**

Sú breyting hefur orðið frá gildandi fjárlögum að starfsemi Geislavarna ríkisins hefur verið greind frá mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og gerð að sjálfstæðri stofnun samkvæmt lögum nr. 117/1985. Viðfangsefni stofnunarinnar eru því fjögur í stað fimm í fjárlögum 1986. Fjárveiting til stofnunarinnar í heild nemur 26.088 þús.kr., þar með talið framlag til óskipts stofnkostnaðar 500 þús.kr. Þrátt fyrir fækkun viðfangsefna hækkar framlag til rekstrar um 21,3% frá fjárlögum 1986. Munar þar mest um hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Sú hækkun er fyrst og fremst vegna hærri húsaleigu og annars kostnaðar vegna stærra húsnæðis sem stofnunin fékk til afnota á árinu 1986. Að teknu tilliti til fækkunar starfsmanna vegna flutnings Geislavarna ríkisins hækka laun í samræmi við almennar launahækkanir og byggist launaáætlun á 23,3 stöðuheimildum.

**326 Sjónstöð Íslands**

Framlag til rekstrar nemur 6.733 þús.kr. og hækkar um 15,7% frá fjárlögum 1986. Laun hækka í samræmi við almennar launahækkanir og eru heimilaðar stöður við stofnunina 4,5 talsins. Önnur rekstrargjöld hækka umfram almennar verðlagshækkanir eða um 54,7% enda um nýja starfsemi að ræða sem fékk í fyrsta sinn heils árs framlag í fjárlögum 1986.

**327 Geislavarnir ríkisins**

Samkvæmt lögum nr. 117/1985 er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins sé sérstök stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Útgjöld fyrir stofnunina eru því áætluð undir sérstökum fjárlagalið en hún heyrði áður undir Hollustuvernd ríkisins. Framlag til rekstrar nemur 3.276 þús.kr. Laun eru áætluð 3.397 þús.kr. og eru stöðuheimildir 3,5 talsins. Auk þess er 700 þús.kr. framlag fyrir launum deildareðlisfræðings til eins árs. Til annarra rekstrargjalda eru áætlaðar 2.239 þús.kr. og sértekjur eru áætlaðar 2.360 þús.kr. Framlag til tækjabúnaðar er 850 þús.kr. og er vegna tækja til eftirlits með geislavirkum efnem og geislatækjum.

**350 Málefni fatlaðra**

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Heildarframlag er 19.386 þús.kr. og hækkar um 3.503 þús.kr. eða 22,1% frá fjárlögum 1986. Þrjú ný viðfangsefni bætast nú við, *1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands*, *1.60 Gigtarfélag Íslands* og *MS-félag Íslands*. Skipting framlags og samanburður við fjárlög 1986 kemur fram í eftirfarandi yfirliti:



	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra .....	5.324	5.718	394	7,4
Sjálfsbjörg Akureyri .....	3.403	3.618	215	6,3
Sumardvalarheimili í Reykjadal .....	4.156	5.382	1.226	29,5
Endurhæfingarstöð				
Geðverndarfélag Íslands .....	-	875	875	.
Gigtarfélag Íslands .....	-	2.334	2.334	.
MS-félag Íslands .....	-	292	292	.
Önnur starfsemi .....	3.000	1.167	-1.833	-61,1
Samtals	15.883	19.386	3.503	22,1

### 371 Ríkisspítalar

Heildarfjárveiting nemur 2.644.582 þús.kr. Til rekstrar eru 2.429.282 þús.kr. og er það 17,7% hækkun frá framlagi til rekstrar í fjárlögum 1986. Gengið er út frá óbreyttri starfsemi að því frátöldu að framlag er til starfsemi unglingsgeðdeilda frá 1. maí 1987. Nýjar stöður vegna þessa eru 8 talsins en aðrar stöður vegna starfseminnar verða fluttar til innan spítalanna. Aukning þessi kemur öll á viðfangsefni 1.20 Geðdeild og nemur samtals 13.700 þús.kr., þar af 6.000 þús.kr. vegna launa og 7.700 þús.kr. vegna annarra gjalda. Stöðuheimildum vegna núverandi starfsemi fjölga um fjórar. eru það þrjú starfsmenn við Kópavogshælið og ein staða skurðlæknis við barnadeild. Auk þess er 2.500 þús.kr. framlag vegna stöðubreytinga. Á móti þessari fjölgun fækkar um 12 stöður vegna útboðs á matargerð á Kópavogshæli. Sú breyting átti ekki að leiða til uppsagna starfsfólks og hefur verið tekið tillit til þess að með því að fækka ekki stöðugildum fyrr en frá 1. janúar 1987. Stöðuheimildir við spítalana eru samtals 2.038,4 og skiptast sem hér segir:

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild .....	932,3
Geðdeild .....	433,7
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra .....	182,2
Stöðdeildir, rannsóknastofur .....	222,3
Þjónustudeildir .....	267,9

Í heild nemur framlag vegna launa 1.788.170 þús.kr. og hækkar um 24,6% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram almennar launahækkunar skýrist af framangreindum stöðum vegna núverandi og nýrrar starfsemi svo og vegna vanreiknaðra launa við fjárlagagerð 1986 sem leiðrétt hefur verið með 50.000 þús.kr. aukafjárveitingu á þessu ári. Önnur gjöld vegna rekstrar nema 868.669 þús.kr. og sértekjur eru 227.557 þús.kr. Í eftirfarandi töflu sést skipting rekstrarframlags á hvert viðfangsefni og breyting frá fjárlögum 1986:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild .....	982.244	1.165.053	182.809	18,6
Geðdeild .....	334.322	415.508	81.186	24,3
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra .....	115.810	135.343	19.533	16,9
Stöðdeildir, rannsóknastofur .....	154.199	189.525	35.326	22,9
Þjónustudeildir .....	477.943	523.853	45.910	9,6
Samtals	2.064.518	2.429.282	364.764	17,7

Hækkun er mismikil enda um tilfærslur að ræða á milli viðfangsefna og því ekki fyllilega sambærilegt milli ára. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 35.000 þús.kr. og eru 15.000 þús.kr. af því til úrbóta í eldvarnamálum spítalanna. Til almennra eignakaupa og lækningatækja eru áætlaðar 57.000 þús.kr. Minni háttar eignakaup eru hins vegar áætluð á hvert rekstrarviðfangsefni fyrir sig. Til framkvæmda við K-byggingu eru ráðgerðar samtals 73.300 þús.kr. Þar af eru 12.100 þús.kr. vegna kaupa á línuhraðli, 9.200 þús.kr. vegna útboðsverks 2 en í því verki fest að steypa upp um það bil 1/3 hluta alls hússins. Því verki lýkur um n.k. áramót. Næsti framkvæmdaáfangi er innrétting hússins og tekur verkið a.m.k. tvö ár. Til þessa verks eru alls áætlaðar 50.000 þús.kr. Til stjórnunar eru ætlaðar 2.000 þús. kr. Að lokum er 50.000 þús.kr. framlag vegna endurbyggingar hússins að Ármúla 1a sem keypt var á árinu 1986 fyrir rannsóknastofur ríkisspítala og Háskóla Íslands ásamt fleiri stofnunum.

#### **381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða nemur nú 120.000 þús.kr. en var 82.130 þús.kr. í fjárlögum 1986. Styrkur til rekstrar heilsuverndarstöðva nemur 3.267 þús.kr. sem er nokkurn veginn sama krónutala og í fjárlögum 1986 en þessi liður dregst nú jafnt og þétt saman eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar áfram. Byggingarstyrkir til DAS í Hafnarfirði og St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi falla niður en þeir námu 6.494 þús.kr. og 6.685 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í sérstöku fylgiskjali er yfirlit um byggingarmál heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

#### **384 Borgarspítalinn í Reykjavík**

Að tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er áætlun um rekstur Borgarspítalans í Reykjavík sett fram sem sérstakt viðfangsefni í fjárlögum og þannig færð af daggjaldakerfi sjúkratrygginga. Jafnframt verða 12 önnur sjúkrahús flutt af sjúkratryggingum á föst fjárlög. Vísast til greinargerðar um Tryggingastofnun ríkisins, vegna þessarar ákvörðunar. Vegna stærðar og sérstöðu í samanburði við önnur sjúkrahús er áætlun Borgarspítalans sett fram á sérstökum fjárlagalið en áætlun allra annarra sjúkrahúsa er á fjárlagalið 08-388 ásamt Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum og Sólvangi í Hafnarfirði en þau tvö voru flutt af daggjaldakerfinu í ársbyrjun 1986. Áætlun fyrir Borgarspítalann nær til Borgarspítalans í Fossvogi, hjúkrunardeildar á Heilsuverndarstöð við Barónsstíg, Hvítabandsins við Skólavörðustíg (bæði hjúkrunardeildar og göngudeildar), Arnarholts á Kjalarnesi, Endurhæfingardeildar við Grensásveg og dagvistun geðdeildar við Eiríksgötu. Áætlunin byggist á 1.010,5 föstum stöðugildum fyrir rúmlega 430 rúm, auk dagvistunar og göngudeilda. Auk þess er gert ráð fyrir um 20 stöðum sjúkraliðanema við spítalann. Framlag til launa nemur alls 828.224 þús.kr., til annarra rekstrargjalda eru áætlaðar samtals 469.027 þús.kr. og sértekjur 205.497 þús.kr. Vegna meiri háttar viðhalds áætlast 15.000 þús.kr. og til meiri háttar tækjakaupa 25.000 þús.kr. Hvort tveggja hefur fram til þessa verið fjármagnað af rekstrardaggjöldum. Framlag til byggingarframkvæmda er áætlað eins og áður undir fjárlagalið 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Minni háttar eignakaup og almennt rekstrarviðhald er áætlað með öðrum rekstrargjöldum.

#### **385 Framkvæmdasjóður aldraðra**

Framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra nemur 115.000 þús.kr. en var 95.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Miðað er við að gjald í sjóðinn hækki um 10,5% og nemi 1.105 kr. á hvern skattgreiðanda.

**386 St. Jósefsspítali, Landakoti**

Heildarfjárveiting til spítalans nemur nú 552.870 þús.kr. Í fjárlögum 1986 var framlag til spítalans sett fram sem tilfærsla og ekki greint á milli launa og annarra gjalda. Vegna uppfærslu á launalið er nauðsynlegt að greina á milli og er því framsetningu breytt aftur til fyrra horfs. Til rekstrar eru áætlaðar 537.170 þús.kr. sem er hækkun um 16,6% frá gildandi fjárlögum. Laun vegna rekstrar nema 405.528 þús.kr. og hækka um 18,1%. Byggist áætlunin á 430,7 grunnheimildum auk launa sérfræðinga sem taldir eru 31 við spítalann. Skiptast heimildir þannig að 36,7 heimildir eru vegna hjúkrunardeildar í Hafnarbúðum en spítalinn tók við rekstri hennar í ársbyrjun 1986. Á Landakotsspítala teljast hins vegar 394 heimildir auk sérfræðinga. Stöðum fjölgar um eina frá gildandi fjárlögum og er það staða aðstoðarlæknis sem leiða á til lækkunar yfirvinnu. Önnur gjöld vegna rekstrar eru 191.630 þús.kr. og hækka um 14% frá gildandi fjárlögum. Sértekjur eru áætlaðar 59.988 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 5.700 þús.kr. og til ýmissa meiri háttar eignakaupa 10.000 þús.kr.

**387 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**

Framlagi til sjúkrahússins er nú skipt í laun og önnur gjöld og er það í samræmi við skýringar við fjárlagalið 08-386 hér að framan. Heildarframlag til sjúkrahússins nemur 477.266 þús.kr. Þá er meðtalið framlag til nýbyggingar 10.000 þús.kr., framlag til meiri háttar eign- og tækjakaupa 8.000 þús.kr. og framlag til meiri háttar viðhalds 6.000 þús.kr. Framlag til nýbygginga er að hluta til ætlað til lokauppgjors á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á árunum 1985 og 1986. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins annast eftirlit og uppgjör þessa verks. Framlag til rekstrar nemur 453.266 þús.kr. og er það um 20% hækkun frá gildandi fjárlögum. Laun eru 326.912 þús.kr. og hækka um 21,7% frá fjárlögum 1986. Aukin starfsemi er fyrirhuguð frá og með 1. júní vegna stækkunar hjúkrunardeildar í Seli og fjölgar stöðuheimildum við spítalann um 11,4 stöður vegna þessa. Einnig hefur verið heimiluð staða yfirlæknis við rannsóknadeild sjúkrahússins. Samtals eru stöðuheimildir því 383,5 við sjúkrahúsið. Til annarra gjalda eru áætlaðar 165.524 þús.kr. og sértekjur áætlaðar 39.170 þús.kr.

**388 Ýmis sjúkrahús**

Í greinargerð um Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar, kemur fram að öll helstu sjúkrahús landsins flytjast nú af daggjaldakerfi og verða þess í stað sérstök viðfangsefni í fjárlögum og vísast til þeirrar greinargerðar þar sem þessi tilflutningur er nánar skýrður. Tvö sjúkrahús, Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og Sólvangur í Hafnarfirði, voru sérstök viðfangsefni á þessum fjárlagalið í fjárlögum 1986 en nú bætast 13 sjúkrahús við. Fjárhagsáætlanir byggja á ákveðnum stöðufjölda fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli á föst laun fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.s.frv. Við áætlun annarra rekstrargjalda var stuðst við og höfð hliðsjón af ársreikningum fyrir nokkur ár. Áætlun fyrir önnur rekstrargjöld en laun felur í sér almennt rekstrarviðhald og minni háttar tækjakaup sem fjármögnuð hafa verið af daggjaldatekjum til þessa. Áætlunin byggist á óbreyttri starfsemi sjúkrahúsanna nema hvað varðar nýja hjúkrunardeild á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki sem felst í áætluninni. Nefndin gerði einnig tillögu um óskiptan viðhaldslið til meiri háttar viðhalds 11.500 þús.kr. og verður honum skipt í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjöldi stöðugilda að tillögu nefndarinnar og skipting framlaga á hvert sjúkrahús:

	Laun Pús.kr.	Önnur gjöld Pús.kr.	Sértekjur Pús.kr.	Alls Pús.kr.	Fjöldi stöðugilda
Sjúkrahúsið Akranesi .....	133.697	67.179	17.249	183.627	160
Sjúkrahúsið Húsavík .....	75.359	34.146	9.912	99.593	91
Sjúkrahúsið Sauðárkróki .....	84.994	36.483	4.803	116.674	84
Sjúkrahúsið Siglufirði .....	40.267	19.309	2.596	56.980	53
Sjúkrahúsið Ísafirði .....	46.620	20.739	6.110	61.249	61
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum .....	58.823	32.995	8.927	82.891	68
Sjúkrahúsið Neskaupstað .....	50.022	27.208	2.628	74.602	58
Sjúkrahúsið Keflavík .....	57.870	29.015	14.756	72.129	66
Sjúkrahúsið Patreksfirði .....	19.902	13.753	944	32.711	27
Sjúkrahúsið Seyðisfirði .....	20.693	12.771	1.212	32.252	26
Sjúkrahúsið Egilsstöðum .....	30.994	13.339	767	43.566	39
Sjúkrahúsið Selfossi .....	72.537	33.628	9.757	96.408	87
Héraðshælið Blönduósi .....	41.623	17.347	3.151	55.819	56
Sólvangur, Hafnarfirði .....	76.420	26.731	2.456	100.695	120
Samtals	809.821	384.643	85.268	1.109.196	996

### 391 Heilsugæslustöðvar

Nafnbreyting hefur orðið á þessum fjárlagalið en hann hét áður Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Heildarframlag nemur 228.315 þús.kr., þar af 6.000 þús.kr. til viðhalds heilsugæslustöðva. Til rekstrar eru áætlaðar 222.315 þús.kr. sem er um 37,7% hækkun frá fjárlögum 1986. Laun og önnur gjöld hækka umfram almennar launa- og verðlagshækkunar og eru skýringar eftirfarandi: Áætlað er fyrir 117 stöðum lækna en þær voru 106 í fjárlögum 1986. Þrjár nýjar stöður hafa verið heimilaðar í Reykjavík á árinu 1986, þar af ein með tilflutningi frá heimilislæknakerfi. Tvær stöður til viðbótar eru til ráðstöfunar frá 1. janúar 1987. Loks fjölga lækniheimildum um 2 stöður heilsugæslulækna í Kópavogi og 4 stöður heilsugæslulækna í Hafnarfirði. Hér er um tilfærslur að ræða úr sjúkratryggingakerfinu og telst þá ákvæðum laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, fullnægt hvað varðar heilsugæslustöðvar og starfsemi þeirra á þessum tveimur stöðum. Einnig fjölga stöðum hjúkrunarfræðinga um tíu, þar af um þrjár í Reykjavík vegna tilfærslu úr heilsuverndarkerfi í heilsugæslustöðvar. Ein ný stöðuheimild er á heilsugæslustöð á Seyðisfirði og önnur á heilsugæslustöð á Hvolsvelli. Aðrar fimm eru ekki staðbundnar heldur til ráðstöfunar síðar. Samtals er því áætlað fyrir 243,4 stöðum á heilsugæslustöðvum, 117 stöðum lækna og 126,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Önnur gjöld eru fyrst og fremst kostnaður við námsferðir lækna, svo og ferðakostnaður innanlands í tengslum við starfið. Báðir þessir liðir hafa hækkað mikið og var við síðustu fjárlagagerð ekki séð fyrir mikilli hækkun á samningsbundnum bifreiðastyrk. Hefur þegar verið veitt aukafjárveiting vegna þess kostnaðar á árinu 1986.

### 399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting þessa fjárlagaliðar og samanburður við fjárlög 1986. Eitt nýtt viðfangsefni bætist nú við *1.85 Heilbrigðisáætlun*. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* er áætlað fyrir 4.000 þús. kr. greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans vegna skuldar sem myndast hefur vegna þátttöku íslenskra heilbrigðisstétta á undanförunum árum. Í fjárlögum 1986 eru 3.000 þús.kr. til greiðslu upp í skuld þessa og stefnt er því að greiða hana upp á þrem árum.

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Eitufnanefnd	871	1.152	281	32,3
Daggjaldanefnd	1.050	1.405	355	33,8
Framkvæmdastjórn WHO	347	-	-347	.
Manneldisráð	719	839	120	16,7
Áfengis- og fíkniefnanefnd	620	219	-401	-64,7
Krabbameinsfélag Íslands	15.000	15.778	778	5,2
Minningarsjóður Landspítalans	3.000	3.000	0	0,0
Hjartavernd	4.300	4.528	228	5,3
Norrænt átak gegn krabbameini	1.000	1.050	50	5,0
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	722	804	82	11,4
Atvinnusjúkdómar	200	-	-200	.
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	2.388	2.469	81	3,4
Matvælarannsóknir	260	269	9	3,5
Blóðrannsóknir	743	-	-743	.
Reykingavarnir	3.600	3.785	185	5,1
Rhesusvarnir	764	-	-764	.
Ljósmeðrælaun	2.699	1.860	-839	-31,1
Sjúkraflug	1.500	-	-1.500	.
Heilbrigðisáætlun	-	2.334	2.334	.
Ýmis framlög	4.500	7.002	2.502	55,6
Kvartananevnd	124	165	41	33,1
Samtals	44.407	46.659	2.252	5,1

### 09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	%
Yfirstjórn	78.451	94.121	15.670	20,0
Toll-og skattheimta	346.153	426.186	80.033	23,1
Lífeyrissjóðir, styrktarfé o.fl.	468.753	516.874	48.121	10,3
Annað	552.100	455.663	-96.437	-17,5
Samtals	1.445.457	1.492.844	47.387	3,3
Par af markaður tekjustofn	35.000	45.000	10.000	28,6

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

**101 Hið almenna ráðuneyti**

Framlag til aðalskrifstofu hækkar úr 38.079 þús.kr. í 43.807 þús.kr. eða um 15,0%. Þar af hækka laun um 18,5% en rekstrargjöld um 11,6%. Áætlað er fyrir 31,17 föstum stöðugildum og sem svarar 11,16 stöðum til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 42,33 stöðum.

**103 Ríkisbókhald**

Fjárveiting til ríkisbókhalds hækkar úr 28.571 þús.kr. í 34.211 þús.kr. eða um 19,7%. Launagjöld hækka um 33,6% og verða 25.310 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 18,8% og verða 20.151 þús.kr. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 61,1%, úr 7.326 þús.kr. í 11.800 þús.kr. Heimiluð stöðugildi eru nú 26,5 því að á árinu 1986 voru staðfestar 8 nýjar stöður af ráðninganefnd ríkisins.

**104 Ríkisfjárhirsla**

Framlag til embættis ríkisféhirðis hækkar úr 9.035 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.348 þús.kr. eða um 25,6%. Launagjöld hækka um 41,4% og verða 8.046 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs lækka hins vegar úr 3.344 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 3.302 þús.kr. eða um 1,3%. Skýringin á hækkun launagjalda umfram almennar launahækkunar er að nú er áætlað fyrir launum starfsmanna til að sinna sérstökum verkefnum sem svara til 1,5 starfs. Heimiluð stöðugildi fastráðinna starfsmanna eru eftir sem áður 8,17. Alls er því áætlað fyrir launum fyrir störf sem samsvara 9,67 stöðum.

**105 Ríkislögmaður**

Með lögum nr. 51/1985 var stofnað embætti ríkislögmanns og tóku lögin gildi um síðustu áramót. Jafnframt flutti embættið í húsnæði að Sölvhóls götu 7. Framlag til embættisins hækkar úr 2.766 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 4.755 þús.kr. eða um 71,9%. Launagjöld hækka um 119,6% og verða 4.208 þús.kr. Hækkun umfram almennar launahækkunar skýrist af fjölgun starfsmanna um einn fulltrúa og vegna þess að áætlað er fyrir aukinni yfirvinnu. Þannig er áætlað fyrir þremur föstum stöðugildum og launum eins ritara undir öðrum dagvinnulaunum. Rekstrargjöld hækka um 47,0% og verða 547 þús.kr. Þessi hækkun er eingöngu vegna þess að kostnaður, sem áður var færður á aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis, flyst á embætti ríkislögmanns, svo sem húsnæðis- og ferðakostnaður.

**201 Ríkisskattstjóri**

Framlag nemur alls 53.461 þús.kr. eða 30,6% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 30,8% og verða 42.369 þús.kr. Rekstrargjöld hækka úr 8.534 þús.kr. í 11.092 þús.kr. eða um 30,0%. Þar af nema minni háttar eignakaup 770 þús.kr. Rekstrargjöld hækka umfram almennar verðlagshækkunar vegna hækkunar húsaleigu og aukins húsnæðis. Auk þess eru liðnir ferðakostnaður og sérfræðiþjónusta hækkaðir sérstaklega vegna aukinnar starfsemi rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Heimiluð stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum, 45,5, og auk þess er áætlað fyrir tveimur starfsmönnum til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 47,5 stöðum.

**202—212 Skattstofur**

Heildarframlag til skattstofanna nemur 188.745 þús.kr. og hækkar um 35.749 þús.kr. frá fjárlögum 1986 eða 23,4%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur. Engar breytingar hafa orðið á fjölda stöðuheimilda á skattstofunum og eru þær 159,77:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Skattstofan í Reykjavík .....	50.509	61.885	11.376	22,5
Skattstofa Vesturlands .....	8.017	9.555	1.538	19,2
Skattstofa Vestfjarða .....	5.907	6.991	1.084	18,4
Skattstofa Norðurlands vestra .....	7.140	7.883	743	10,4
Skattstofa Norðurlands eystra .....	14.012	16.747	2.735	19,5
Skattstofa Austurlands .....	7.328	10.019	2.691	36,7
Skattstofa Suðurlands .....	8.300	9.560	1.260	15,2
Skattstofa Vestmannaeyja .....	3.541	4.135	594	16,8
Skattstofa Reykjaness .....	21.268	24.756	3.488	16,4
Skattstofur, sameiginleg útgjöld .....	26.974	37.214	10.240	38,0
Samtals	152.996	188.745	35.749	23,4

Hækkun á framlagi til skattstofanna stafar fyrst og fremst af almennum launahækkunum auk þess sem tekið er mið af rekstrartölum ríkisreiknings 1985. *Skattstofa Austurlands* sker sig þó úr vegna mikillar hækkunar útgjalda. Ástæðan er sú að skattstofan flytur á árinu 1986 úr 82 fermetra leiguhúsnaði í húsnaði sem er 400 fermetrar að stærð. Rekstrarkostnaður, þ.m.t. ræstingakostnaður, húsaleiga, umhirða lóðar o.fl., eykst því að sama skapi. Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsviðfangsefni er vart að ræða á skattstofunum en veittar eru 300 þús.kr. til viðhalds á embættisbústað skattstjóra Vestfjarða og 1.000 þús.kr. til kaupa á tölum undir liðnum *skattstofur, sameiginleg útgjöld*.

#### 214 Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd

Útgjöld ríkissjóðs hækka úr 7.465 þús.kr. í 9.255 þús.kr. eða um 24,0%. Launagjöld hækka um 27,2% og verða 7.878 þús.kr. Rekstrargjöld um hækka 4,0% milli ára. Undir minni háttar eignakaupum eru áætlaðar 320 þús.kr. til kaupa á tölum. Heimilud stöðugildi eru 6,5 í gildandi fjárlögum 1986 en nú er áætlað fyrir launum sjö starfsmanna því að ráðninganevnd heimilaði á árinu 1986 hálf stöðugildi ritara.

#### 251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 22.115 þús.kr. í 31.616 þús.kr. eða um 43,0%. Launagjöld hækka um 54,5% og verða 31.915 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 23.568 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 31.318 þús.kr., eða um 32,9%. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 43,0% milli ára. Launagjöld hækka vegna viðurkenningar á meiri yfirvinnu og öðrum launagreiðslum til samræmis við raunverulega starfsemi. Sama gildir einnig um áætlun rekstrargjalda.

#### 261 Tollstjórinn í Reykjavík

Framlag nemur 55.794 þús.kr. en var 50.433 þús.kr. í fjárlögum 1986 og hækkar því um 10,6%. Launagjöld hækka um 18,4% en rekstrargjöld lækka um 9,9%. Skýring á lækku rekstrargjalda er að þau voru ofáætluð í fjárlögum 1986. Heimilud stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum 1986 eða 65 að tölu auk þriggja starfsmanna sem ráðnir eru til að sinna sérstökum verkefnum eða samtals 68 starfsmenn. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar er 720 þús.kr. sem skiptist þannig að til kaupa á húsgögnum og skrifstofuvélum eru áætlaðar 300 þús.kr. og 420 þús.kr. til kaupa á nýrri bifreið.

**263 Tollgæsla**

Fjárveiting til tollgæslunnar nemur 75.415 þús.kr. og hækkar um 19,7% frá fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 17,2% og verða 64.919 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 10.201 þús.kr. í 13.686 þús.kr. eða um 34,2%. Hækkun rekstrar-gjalda umfram almennar verðlagshækkanir skýrist af hækkun húsaleigu í tollstöðvar-húsinu auk þess sem reikningstölur 1985 gefa tilefni til leiðréttingar. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur 940 þús.kr. og er til endurnýjunar á bifreið og til tækjakaupa.

**282 Tollamál**

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður*. Hækkar fjárveiting til þessa liðar um 41,5% og verður 6.250 þús.kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrsla, upplýsingabæklinga og tollskrár. Auk þess greiðast af þessum lið útgjöld vegna Tollvarðaskólans. Hitt viðfangsefnið *tölvuvæðing* er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi við tollafgreiðslu en frá árinu 1981 hefur verið unnið að þessu máli. Fjárveiting til liðarins nemur 5.650 þús.kr. sem er hækkun um 875 þús.kr. frá fjárlögum.

**381 Uppbætur á lífeyri**

Útgjöld nema alls 516.874 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum 1986 er 468.753 þús.kr. Hækkunin er því 48.121 þús.kr. eða 10,3%.

**402 Fasteignamat ríkisins**

Framlag hækkar úr 19.362 þús.kr. í 23.421 þús.kr. eða um 21,0%. Launagjöld hækka um 26,8% og verða 25.572 þús.kr. Heimiluð stöðugildi í fjárlögum 1986 eru 27,5 en nú er áætlað fyrir launum fyrir 28,5 störf. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði nýtt stöðugildi matsmanns á Norðurlandi eystra á árinu 1986. Launagjöld hækka einnig vegna aukinnar yfirvinnu. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 11.875 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 14.159 þús.kr. eða um 19,2%. Er þá tekið mið af reynslu liðinna ára. Sértekjur eru áætlaðar 17.110 þús.kr. og hækka um 25,1% milli ára. Fjárveiting til meiri háttar stofnkostnaðar nemur alls 800 þús.kr. sem skiptast þannig að 300 þús.kr. eru veittar til kaupa á húsgögnum, 350 þús.kr. til kaupa á tölvum og 150 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa.

**481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum**

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða samkvæmt 6. grein frumvarpsins svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Fjármálaráðherra hefur árlega verið veitt heimild til þess að greiða fé úr ríkissjóði vegna uppgjöra af ýmsum toga, vegna húsakaupa fyrir ríkisstofnanir og til ýmiss konar bótagreiðslna, svo sem vegna búfjársjúkdóma. Framlag á árinu 1987 er alls 120.000 þús.kr. en var 28.650 þús.kr. í fjárlögum 1986. Auk þess sem þegar er sagt um þennan fjárlagalið er einkum tvennt sem skýrir hækkun á fjárframlaginu. Nú er tekinn upp í 6. gr. frumvarpsins nýr liður sem veitir fjármálaráðherra heimild til húsakaupa og nauðsynlegrar lántöku fyrir ríkisstofnanir þegar fullreynt þykir að það er talið hagkvæmara en að leigja húsnæði. Leitað hefur verið leiguhúsnæðis fyrir ýmsar stofnanir, t.d. Verðlagsstofnun, Lyfja-nefnd, skipulagsstjóra, Hollustuvernd ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins. Viðunandi



leigukjör hafa ekki boðist. Í fjárlögum síðari ára hefur verið heimild til kaupa á húsnæði fyrir Stjórnarráðið. Nokkur ráðuneytanna eru nú í dýru leiguhúsnæði. Leigusamningur fyrir húsnæði Hagstofu Íslands rennur senn út og þá verður nauðsynlegt að endurnýja samninginn, leita að nýju leiguhúsnæði eða falast eftir húsnæði til kaups. Þá er þess að geta að bætur vegna búfjársjúkdóma hafa fyrst og fremst verið vegna niðurskurðar á riðuveiku fé. Samkvæmt nýgerðum samningi stjórnvalda og hagsmunasamtaka bænda um verðabyrgð á framleiðslu mjólkur og kindakjöts mun Framleiðnisjóður landbúnaðarins greiða á næstu árum fyrir búháttabreytingum, þar á meðal með því að bæta bændum niðurskurð á búfé. Ósamið er um hver verður hlutur ríkissjóðs í bótagreiðslum vegna niðurskurðar á búfé en ætla verður að úr ríkissjóði þurfi að inna af hendi greiðslur vegna niðurskurðar sem var ákveðinn og framkvæmdur áður en samkomulagið var gert.

**901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins**

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins starfar skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Stofnunin annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbýr verkútboð og gerð verksamninga. Nefnd, sem fyrrverandi fjármálaráðherra skipaði til þess að kanna starfsemi framkvæmdaeldar annars vegar og Innkaupastofnunar ríkisins hins vegar, hefur skilað álit. Þar er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um starfsemi beggja stofnananna. Nú er unnið að fjárhagsuppgjöri og skilagreinum um ýmsar opinberar byggingar, sbr. yfirlit í frumvarpinu um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

**971 Ríkisábyrgðasjóður**

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1987 nemur alls 100.000 þús.kr., þar af er áhættugjald ríkisábyrgða 45.000 þús.kr., en það er markaður tekjustofn sjóðsins. Áætlað er að meginhluti framlagsins gangi til greiðslu af lánnum sem hvíla á svonefndum raðsmíðaskipum umfram söluverð þeirra. Þá er reiknað með að greiðslur kunni að falla á sjóðinn vegna samgöngufyrirtækja og e.t.v. annarra aðila sem hafa fengið ríkisábyrgðir.

**981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö stofnkostnaðarviðfangsefni. Til viðfangsefnisins *Laugavegur 166* er áætlað að verja 5.500 þús.kr. og til byggingar *stjórnsýsluhúss á Ísafirði* 17.000 þús.kr. Framlag til Laugavegar 166 er ætlað til þess að ljúka ýmsum frágangi utanhúss. Óráðið er um nýtingu þriðju, fjórðu og fimmtu hæðar hússins en Námsgagnastofnun er ætlaðar fyrsta og önnur hæð til starfsemi sinnar. Ríkissjóður stendur að **rúmlega** 30 hundraðshlutum byggingar stjórnsýsluhúss á Ísafirði. Þar er áformað að hýsa m.a. skrifstofu bæjarfógeta, skattstofu, lögreglustöð og fulltrúa verðlagsstjóra. Framlagið er miðað við kostnaðarhluta ríkissjóðs í næsta byggingaráfanga en þá verður lokið við framkvæmdir utanhúss og vinna hafin við innréttingu.

**989 Launa- og verðlagsmál**

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 100.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Liðurinn fellur nú brott.

**999 Ýmislegt**

Fjárveiting lækkar úr 215.953 þús.kr. í 189.742 þús.kr. eða um rúmlega 12%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Pús. kr.	Frumvarp 1987 Pús. kr.	Breyting	
			Pús. kr.	%
Símakostnaður og burðargjöld	20.511	18.702	-1.809	-8,8
Skýrsluvéla­kostnaður vegna launagreiðslna	21.559	22.097	538	2,5
Skýrsluvéla­kostnaður vegna tekjubókhalds	27.506	28.689	1.183	4,3
Kjarasamningar	1.385	1.434	49	3,5
Tryggingabætur skv. kjarasamningum	659	766	107	16,2
Kjararannsóknir	210	233	23	11,0
Bókhaldskerfi ríkisins	1.624	1.642	18	1,1
Ýmis sameiginlegur kostnaður	9.837	10.387	550	5,6
Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	17.381	16.400	-981	-5,6
Lífeyrissjóðir sjómanna	690	724	34	4,9
Lífeyrissjóður bænda	32.200	33.843	1.643	5,1
Millipinganeindir	100	117	17	17,0
Dómkröfur og málskostnaður	9.073	5.475	-3.598	-39,7
Ýmis innheimtukostnaður	8.595	15.987	7.392	86,0
Pungaskattsálagning með ö­kumælum	1.280	1.446	166	13,0
Endurgreiðsla söluskatts vegna snjó­moksturs	12.000	12.000	-	.
Til útgáfumála skv. ákvörðum þingflokka	9.800	9.800	-	.
Óviss útgjöld	38.200	10.000	-28.200	-73,8
Bókhaldskerfi ríkisins, stofnkostnaður	3.343	-	-3.343	.
Samtals	215.953	189.742	-26.211	-12,1

### 10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefna­flokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Pús. kr.	Frumvarp 1987 Pús. kr.	Breyting	
			Pús. kr.	%
Yfirstjórn	15.177	22.756	7.579	49,9
Póst- og símamál	100.000	-	-100.000	.
Vegamál	1.957.851	2.135.000	177.149	9,1
Önnur samgöngumál	867.383	1.036.145	168.762	19,5
Samtals	2.940.411	3.193.901	253.490	8,6
Þar af markaðir tekjustofnar	2.112.346	2.260.000	147.654	7,0

Tekjur af mörkuðum tekjustofnum samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir: Tekjur af þungaskatti hækka úr 675.000 þús.kr. í 725.000 þús.kr. Tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni eru áætlaðar 1.410.000 þús.kr. samanborið við 1.320.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Samtals nema tekjur af þessum tekjustofnum 2.135.000 þús.kr. en 1.995.000 þús.kr. á árinu 1986. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 15.000 þús.kr. í 15.500 þús.kr. Tekjur af skipaskoðunargjaldi eru áætlaðar 4.500 þús.kr. samanborið við 4.346 þús.kr. í fjárlögum 1986. Gert er ráð fyrir að tekjur af flugvallaskatti verði 102.000 þús.kr. en þær voru áætlaðar 95.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Tekjur af sérleyfisgjaldi, sem renna í Sérleyfissjóð, eru áætlaðar óbreyttar frá fjárlögum 1986 eða 3.000 þús.kr.

#### **101 Aðalskrifstofa**

Fjárveiting til aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins hækkar úr 15.177 þús.kr. á árinu 1986 í 22.756 þús.kr. eða um 49,9%. Það er fernt sem skýrir þessa hækkun. Í fyrsta lagi er nú áætlað fyrir launum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði ráðherra-bifreiðar undir þessum fjárlagalið í stað fjárlagaliðar undir forsætisráðuneyti. Viðbót-arútgjöld aðalskrifstofunnar af þessum sökum eru um 1.200 þús.kr. Í öðru lagi veða nefndalaun þungt í launagjöldum aðalskrifstofunnar og þóknun fyrir nefndastörf hefur hækkað meira en almennir launataxtar. Í þriðja lagi er áætlað fyrir launum ritara ráðherra en það var ekki gert í fjárlögum 1986. Útgjöld vegna þessa nema um 700 þús.kr. Loks er gert ráð fyrir 300 þús.kr. fjárveitingu til kaupa á tölvubúnaði en engin slík fjárveiting var í fjárlögum 1986.

#### **102 Póst- og símamálastofnunin**

Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 100.000 þús.kr. til Póst- og símamálastofnunarinnar undir þessum fjárlagalið. Hér er um að ræða skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Í fjárlögum 1986 er jafnframt gert ráð fyrir því að Póst- og símamálastofnunin greiði 180.000 þús.kr. arð í ríkissjóð. Þetta hefur stofnunin ekki gert og því er lagt til að stofnuninni verði ekki skilað hlut hennar í greiðslum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Fjárlagaliðurinn fellur því niður. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunarinnar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

#### **211 Vegagerð ríkisins**

Framlag til Vegagerðar ríkisins hækkar úr 1.957.851 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 2.135.000 þús.kr. eða um 9,0%. Framlagið er miðað við áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegamála, bensíngjaldi og þungaskatti, en þær eru áætlaðar 2.135.000 þús.kr. Því er ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum.

#### **321 Strandferðir, framlög**

Framlög undir þessum lið nema samtals 211.606 þús.kr. samanborið við 190.850 þús.kr. á árinu 1986. Hækkunin er 10,9%. Fjárveiting til Skipaútgerðar ríkisins hækkar úr 117.550 þús.kr. á árinu 1986 í 138.306 þús.kr. eða um 17,7%. Með þessari fjárveitingu getur fyrirtækið staðið við skuldbindingar sínar vegna reksturs og fjármagnskostnaðar á árinu 1987. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabáta og vöruflutninga* nemur 73.300 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1986. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárens þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

#### **331 Vita- og hafnamálaskrifstofan**

Fjárveiting til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar um 26,3% og verður 20.273 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri skrifstofunnar og mannhald miðað við 25 starfsmenn eins og verið hefur. Launagjöld hækka úr 17.561 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 24.389 þús.kr. eða um 38,9%. Að hluta til skýrist þessi hækkun með almennum launataxta- og flokkahækkunum en einnig er gert ráð fyrir meiri vinnu við söluverkefni en í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 3,5% frá árinu 1986 og verða 8.464 þús.kr. Þá er gert ráð fyrir 400 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjabúnaði á skrifstofuna. Sértekjur hækka um 26,6% og nema 12.980 þús.kr. og skýrist hækkun þeirra af auknum verkefnum á árinu 1987.

### 332 Vitastofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 52.878 þús.kr. á árinu 1986 í 61.001 þús.kr. eða um 15,4%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá því sem verið hefur og mið tekið af niðurstöðu ríkisreiknings 1985. Úthald vitaskips er miðað við 50 daga eins og er í fjárlögum 1986. Til vitabygginga eru veittar 12.600 þús.kr. en 13.370 þús.kr. á árinu 1986. Framlagið er fyrst og fremst ætlað til rafvæðingar vita.

### 333 Hafnamál

Fjárveiting til hafnamála hækkar um 83.672 þús.kr. eða 70,9% frá fjárlögum 1986 og verður 201.611 þús.kr. Munar hér mest um stóraukið framlag til hafnaframkvæmda frá því sem er á árinu 1986. Framlag til landshafnar í Þorlákshöfn er eingöngu til greiðslu skuldar vegna dýpkunar í höfninni á árinu 1986. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Hafnarannsóknir og mælingar	8.117	8.284	167	2,1
Ferjubryggjur	3.700	3.293	-407	-11,0
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	74.000	160.000	86.000	116,2
Sjóvarnargarðar	10.000	8.900	-1.100	-11,0
Landshafnir, endurgreiðsla lána	4.622	1.734	-2.888	-62,5
Landshöfn Rífi	900	-	-900	.
Landshöfn Þorlákshöfn	4.000	4.400	400	10,0
Landshöfn Keflavík-Njarðvík	600	-	-600	.
Hafnabótasjóður, framlag	12.000	15.000	3.000	25,0
Samtals	117.939	201.611	83.672	71,0

### 341 Siglingamálastofnun ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 4,8% milli ára og verður 30.492 þús.kr. Þessi hækkun er minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og skýrist það af því að gert er ráð fyrir aukinni þátttöku skipaeigenda í rekstri stofnunarinnar með hækkun gjaldskrár. Því er gert ráð fyrir hækkun sértekna úr 4.274 þús.kr. á árinu 1986 í 9.472 þús.kr. eða um 121,6%. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri stofnunarinnar og mannhald er miðað við 39,5 fastar stöður. Launagjöld hækka um 25,9% milli ára og verða 27.229 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 10,1% og verða 11.535 þús.kr. Veittar eru 1.200 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum samanborið við 1.248 þús.kr. á árinu 1986.

### 342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Í lögum nr. 21/1986, um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, er kveðið á um skipun sérstakrar nefndar fimm kunnáttumanna er rannsaki orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast, öll slys þar sem manntjón verður og önnur sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka. Þessi nefnd er kölluð rannsóknanefnd sjóslysa og kemur hún í stað sjóslysanefndar. Því breytist heiti fjárlagaliðarins. Veittar eru 900 þús.kr. til rannsóknanefndar sjóslysa samanborið við 1.026 þús.kr. fjárveitingu til sjóslysanefndar í fjárlögum 1986. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnanna *björgunarbúnaður Sigmunds* og *öryggismál og sjómannaámskeið* en samtals voru veittar 5.600 þús.kr. til þessara verkefna á árinu 1986.

#### 471 Flugmálastjórn

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 11,7% frá fjárlögum 1986 og verður 348.342 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfi stofnunarinnar og starfsmannahald miðað við 177,25 fastar stöður og 16,5 stöður fyrir lausráðna starfsmenn. Launagjöld hækka úr 163.276 þús.kr. á árinu 1986 í 199.805 þús.kr. eða um 22,4%. Hækkun launagjalda skýrist einkum af því að flugumferðarstjórar fengu flokkahækkanir á árinu 1986 auk þess sem álagsgreiðslur voru rangt reiknaðar í fjárlögum 1986. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 0,9% frá árinu 1986 og verða 135.561 þús.kr. Skýring á þessari litlu hækkun milli ára er lækkun olíuverðs sem hefur áhrif á reksturskostnað flugvalla um allt land. Þá lækka afnotagjöld af fjarskiptalínunum eftir að Póst- og símamálastofnunin tók alfarið við rekstri á símasambandi við útlönd. Sértekjur eru áætlaðar 57.024 þús.kr. en 43.884 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 29,9%. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem birst hefur í fjárlögum síðustu ára að notendur þjónustu greiði sem stærstan hluta hennar. Í apríl s.l. heimiluðu samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið flugmálastjórn af hefja framkvæmdir við tengingu ratsjár á Stokksnesi við flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík en slík tenging mun auka öryggi flugumferðarstjórnar á svæðinu austur af landinu. Kostnaður við verkið er áætlaður um 30.000 þús.kr. og verður endurgreiddur af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) á næstu tíu árum. Á árinu 1986 hefur þegar verið veitt 7.000 þús.kr. aukafjárveiting til verkefnisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veittar verði 10.000 þús.kr. til þessa verkefnis á árinu 1987. Veittar eru 60.000 þús.kr. til almennra framkvæmda á flugvöllum landsins samanborið við 61.000 þús.kr. á árinu 1986.

#### 485 Ýmis framlög

Nokkrar breytingar verða á þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1986. Þannig falla nú niður viðfangsefni *fræðsluefni um öryggismál sjómanna, sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip og ferðamálasamtök* en framlag til þeirra nam alls 1.650 þús.kr. Eitt nýtt viðfangsefni, *rannsóknanefnd flugslysa*, er tekið upp. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi yfirlits:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Flugbjörgunarsveitir .....	750	794	44	5,9
Tilkynningarskylda íslenskra skipa .....	3.600	4.201	601	16,7
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna .....	500	-	-500	.
Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip .....	900	-	-900	.
Ferðamálasamtök .....	250	-	-250	.
Rannsóknanefnd flugslysa .....	-	750	750	.
Samtals	6.000	5.745	-255	-4,3

#### 651 Ferðamálaráð

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 18.901 þús.kr. á árinu 1986 í 19.809 þús.kr. eða um 4,8%. Framlag til reksturs skrifstofunnar í Reykjavík hækkar um 30,8% og verður 4.809 þús.kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem er í fjárlögum 1986, 4 fastráðnum mönnum. Í fjárlögum 1986 eru veittar 223 þús.kr. til kaupa á tölvu og telex-tæki en engin fjárveiting er til meiri háttar eignakaupa á árinu 1987. Rekstur skrifstofunnar í Reykjavík kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Á viðfangsefninu *ferðamál*

skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 kemur fram fjárhæðin er Fríhöfnin í Keflavík skilar til Ferðamálaráðs en henni skal varið í samræmi við 8. gr. fyrrnefndra laga. Leitað er heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 til skerðingar á lögbundnum skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs.

#### 652 Veðurstofa Íslands

Framlag til Veðurstofu Íslands hækkar úr 102.624 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 117.008 þús.kr. eða um 14,0%. Helstu breytingar í rekstri stofnunarinnar eru þær að *fjarskiptadeild* er lögð niður og starfsemin flutt á aðrar deildir. Eftir standa þá 15 viðfangsefni (9 deildir) og þar af eru nokkur með einungis einn eða tvo starfsmennum. Launagjöld hækka um 22,5% sem skýrist alfarið af almennum launabreytingum milli ára. Föst störf eru 61,17 og ráðið í 2,5 til að sinna sérstökum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 38.508 þús.kr. í 39.903 þús.kr. eða um 3,6%. Hækkunin er heldur minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og er skýringin lækkun á fjarskipta- og símagjöldum til Póst- og símamálastofnunarinnar frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1986. Veittar eru 5.100 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði samanborið við 4.995 þús.kr. á árinu 1986. Stærsti hluti fjárens rennur til kaupa á tölvu sem Veðurstofan hefur haft á kaupleigusamningi síðustu ár og ýmsum öðrum tölvubúnaði.

#### 656 Landmælingar Íslands

Fjárveiting til Landmælinga Íslands hækkar um 43,0% og verður 16.358 þús.kr. Hækkun milli ára umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar skýrist að mestu leyti af ofátun sértekna stofnunarinnar í fjárlögum 1986. Veitt hefur verið 4.000 þús.kr. aukafjárveiting til leiðréttingar á þessu á árinu 1986. Þannig hækka sértekjur stofnunarinnar minna milli ára en útgjöld hennar. Launagjöld hækka um 41,0% og verða 18.443 þús.kr. Starfsmannahald er miðað við 19,25 föst störf og 2,0 sem lausráðið er í. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 19,6% og verða 27.793 þús.kr. Sértekjur hækka úr 28.694 þús.kr. á árinu 1986 í 33.478 þús.kr. eða um 16,7%. Veittar eru 3.600 þús.kr. til tækjakaupa samanborið við 3.820 þús.kr. í fjárlögum 1986.

### 11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokkna iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	17.335	21.923	4.588	26,5
Iðnaðarmál .....	297.086	326.274	29.188	9,8
Orkumál .....	1.015.638	637.590	-378.048	-37,2
Samtals	1.330.059	985.787	-344.272	-25,9
Par af markaðir tekjustofnar .....	131.000	44.000	-87.000	-66,4

Í fjárlögum 1986 eru áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins 131.000 þús.kr. sem skiptist þannig: Verðjöfnunargjald af raforku 110.000 þús.kr. (gjaldið var fellt niður frá og með 1. mars 1986) og rafmagnseftirlitsgjald 21.000 þús.kr. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins. Verðjöfnunargjald af raforku Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

var fellt niður með ákvæði í lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Á árinu 1987 er áætlað að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi nemi 37.000 þús.kr. í stað 21.000 þús.kr. í fjárlögum 1986 og tekjur af byggingariðnaðarsjóðsgjaldi 7.000 þús.kr.

#### 101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækkar úr 17.335 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 21.923 þús.kr. eða um 26,4%. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar má rekja til þeirrar ákvörðunar að áætla fyrir launum bifreiðastjóra ráðherra og reksturskostnaði ráðherrabifreiðar á aðalskrifstofu ráðuneytanna en ekki á fjárlagalið undir forsætisráðuneyti. Útgjöld aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækka af þessum sökum um 1.200 þús.kr. frá fjárlögum 1986. Veittar eru 500 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði samanborið við 382 þús.kr. á árinu 1986. Sértekjur hækka um 67,3% og verða 4.290 þús.kr. Hér er aðallega um að ræða tekjur vegna skráningar vörumerkja.

#### 201 Iðntæknistofnun Íslands

Framlag til Iðntæknistofnunar Íslands hækkar um 6,5% frá fjárlögum 1986 og verður 51.274 þús.kr. samanborið við 48.175 þús.kr. á árinu 1986. Launagjöld hækka úr 37.000 þús.kr. í 49.440 þús.kr. eða um 33,6%. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 2,3% og verða 41.313 þús.kr. Þessi hækkun er minni en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til og stafar það af því að sérstöku, tímabundnu verkefni stofnunarinnar lýkur í árslok 1986. Sértekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 47.879 þús.kr. samanborið við 35.885 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 33,4%. Sértekjur standa undir rúmlega 48% af útgjöldum stofnunarinnar. Til kaupa á tækjabúnaði eru veittar 8.400 þús.kr. samanborið við 6.685 þús.kr. á árinu 1986 og er hér um að ræða ýmiss konar rannsóknatæki. Í lok ársins 1986 lýkur sérstöku verkefni, framleiðniátaki, sem heimilað var og fé veitt til í fjárlögum 1985 og 1986. Hins vegar er ráðgert að hefja nýtt tveggja ára verkefni *vörubröun í iðnaði* á árinu 1987. Af þessum sökum lækka útgjöld á viðfangsefninu *nýiðnaðarrannsóknir* um 47,2% milli ára en áætlað er fyrir nýja verkefninu á sérstöku viðfangsefni. Þessi breyting hefur ekki áhrif á starfsmannafjölda stofnunarinnar frá því sem verið hefur. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting stöðugilda stofnunarinnar á viðfangsefni og fjárveitingar til viðfangsefna í fjárlögum 1986 og frumvarpi til fjárlaga 1987:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	12,0012.888	14.254	10,6	
Iðntækniþjónusta .....	32,0011.904	11.247	-5,5	
Nýiðnaðarrannsóknir .....	7,6010.219	5.392	-47,2	
Verkstjórnarnámskeið .....	1,00931	850	-8,7	
Námskeið í stjórn vinnuvéla .....	0,67988	906	-8,3	
Eftirmenntun í iðju og iðnaði .....	2,004.560	4.805	5,4	
Vörubröun í iðnaði .....	3.00-	5.420	.	
Tækjabúnaður .....	.	6.685	8.400	25,7
Samtals	58,2748.175	51.274	6,4	

- 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**  
Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 24.478 þús.kr. í 28.366 þús.kr. eða um 15,8%. Gert er ráð fyrir að fjölga um 3,6 stöðugildi sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og verða þau nú 7,6. Starfsmenn í föstum störfum eru 36. Á móti kostnaði við fjölgun starfsmanna kemur hækkun sértekna. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 39,7% og verða 36.394 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 25,1% og verða 14.186 þús.kr. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar endurspeglast í hækkun sértekna. Sértekjur hækka úr 16.239 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 27.214 þús.kr. eða um 67,6%. Veittar eru 5.000 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum samanborið við 3.343 þús.kr. á árinu 1986.
- 221 Lánasjóðir iðnaðarins**  
Í fjárlögum 1986 eru veittar 28.000 þús.kr. til Iðnlánasjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði 25.000 þús.kr. Heimildar verður leitað til að víkja frá ákvæðum 9. gr. laga nr. 55/1984, um breyting á lögum um Iðnlánasjóð. Þar segir að framlag ríkissjóðs skuli nema 4/7 hlutum af áætluðum tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi en þær eru áætlaðar um 75.000 þús.kr. á árinu 1987.
- 235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög**  
Í fjárlögum fyrir árið 1986 eru veittar 4.500 þús.kr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Með lögum nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, voru felld úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Þessi fjárlagaliður fellur því niður. Fjárveiting til Útflutningsráðs Íslands er á fjárlagalið undir viðskiptaráðuneyti.
- 289 Jöfnunargjald**  
Hér eru færðir til gjalda 2/3 hlutar af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi í iðnaði, en þær nema 290.000 þús.kr., sbr. 3. gr. fjárlagafrumvarps. Fjárveiting á árinu 1987 nemur 193.000 þús.kr. samanborið við 165.000 þús.kr. á árinu 1986.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög**  
Framlag til verkefna undir þessum fjárlagalið hækkar um 5% og verður 14.634 þús.kr. samanborið við 13.933 þús.kr. í fjárlögum 1986. Þessa hækkun má alfarið rekja til almennra verðlagsbreytinga. Engar sérstakar breytingar eru ráðgerðar á einstökum viðfangsefnum og því þykir ekki ástæða til að fjalla um þau.
- 301 Orkustofnun**  
Framlag til Orkustofnunar hækkar úr 129.066 þús.kr. í 141.264 þús.kr. eða um 9,4%. Launagjöld hækka um 24,7% og verða 128.496 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga heimildum til að ráða starfsmenn frá því sem verið hefur og er fjárveiting miðuð við 89,75 föst störf auk 22,25 starfa til að anna tímabundnum verkefnum. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 73.163 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 96.868 þús.kr. eða um 32,4%. Á móti hækka sértekjur um 68,3% og verða 84.100 þús.kr. Veittar eru 3.000 þús.kr. til tækjakaupa samanborið við 2.865 þús.kr. í fjárlögum 1986.
- 302 Rafmagnseftirlit ríkisins**  
Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins hækkar úr 20.022 þús.kr. í 39.936 þús.kr. eða um 99,5%. Starfsemi stofnunarinnar hefur ávallt verið umfangsmeiri en fram kemur í fjárlögum og nú er lagt til að fjárlögin gefi rétta mynd af umfangi stofnunarinnar.



Starfsmannahald er miðað við 21 mann í föstu starfi og 4 í tímabundnu starfi. Alls er því gert ráð fyrir 25 starfsmönnum við stofnunina. Auk þess hefur áætlun um yfirvinnu verið tvöfölduð frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1986 og miðast við 13.300 klst. á árinu. Launagjöld hækka því um 58,8% milli ára og verða 23.026 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 6.195 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 14.918 þús.kr. eða um 140,8%. Til kaupa á ýmsum tækjabúnaði eru veittar 2.320 þús.kr. samanborið við 334 þús.kr. á árinu 1986. Til samanburðar við fjárveitingu til Rafmagnseftirlitsins má nefna að áætlaðar tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi á árinu 1987 eru 37.000 þús.kr.

### 371 Orkusjóður

Framlag til Orkusjóðs nemur 299.390 þús.kr. samanborið við 194.604 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkunin er 53,8%. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar í fjárlögum 1986 og frumvarpi 1987 á einstök viðfangsefni og breyting milli ára. Þar sem ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við Orkusjóð þarf að endurskoða fjármál sjóðsins fyrir afgreiðslu fjárlaga. Nánar er fjallað um fjárreiður Orkusjóðs í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Rekstur Orkusjóðs .....	904	1.000	96	10,6
Notendur utan samveitna .....	1.700	1.700	-	-
Lánagreiðslur, framlög .....	139.000	223.690	84.690	60,9
Lán til jarðhitaleitar .....	10.000	10.000	-	-
Sveitarafvæðing .....	10.000	10.000	-	-
Styrking dreifikerfis í sveitum .....	30.000	50.000	20.000	66,7
Lán til einkarafstöðva .....	3.000	3.000	-	-
Samtals	194.604	299.390	104.786	53,9

### 380 Verðjöfnunargjald af raforku

Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, var ákveðið að fella úr gildi lög nr. 114/1985, um breyting á lögum nr. 120/1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu. Frá 1. mars s.l. hafa því orkukaupendur í landinu ekki þurft að greiða verðjöfnunargjald af raforku en tekjurnar af því hafa runnið til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Nú hefur verið ákveðið að ríkissjóður yfirtaki hluta af skuldum þessara orkufyrirtækja og greiði þar með afborganir og vexti af þeim eins og hverjum öðrum skuldum ríkissjóðs. Því fellur þessi fjárlagaliður niður í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987. Í fjárlögum fyrir árið 1986 voru veittar 405.000 þús.kr. í þessu skyni. Sjá ennfremur umfjöllun um Rafmagnsveitur ríkisins í greinargerð um B-hluta frumvarpsins.

### 382 Olíunotkun til húshitunar, styrkur

Í fjárlögum 1986 eru veittar 34.946 þús.kr. til greiðslu olíustyrkja. Hinn 6. september 1986 tilkynnti iðnaðarráðuneytið að frá og með 4. ársfjórðungi 1986 féllu olíustyrkir til húshitunar niður enda hefur verð á olíu lækkað verulega á árinu. Því fellur þessi fjárlagaliður niður í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.

**399 Ýmis orkumál**

Fjárveiting lækkar úr 232.000 þús.kr. á árinu 1986 í 154.000 þús.kr. eða um 33,6%. Framlög til aðgerða á sviði orkusparnaðar lækka úr 10.000 þús.kr. í 8.000 þús.kr. og framlög til setlagarannsóknna lækka úr 2.000 þús.kr. í 1.000 þús.kr. Framlög til niðurgreiðslu á rafhitun nema 145.000 þús.kr. samanborið við 220.000 þús.kr. á árinu 1986. Rafhitunartaxtar Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hafa um nokkurt skeið verið greiddir niður sem svarar um 32 aurum á kílóvattstund eða um 16% af áætluðum framleiðslukostnaði. Fyrirhugað er að leita leiða til að draga úr útgjöldum vegna þessa á árinu 1987.

**12 Viðskiptaráðuneyti**

Útgjöld til helstu málefnaflokkna viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Frumvarp 1987	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	23.467	30.421	6.954	29,6
Niðurgreiðslur .....	1.090.000	1.090.000	-	-
Annað .....	27.124	37.930	10.806	39,8
Samtals	1.140.591	1.158.351	17.760	1,6

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á framlagi til málefnaflokkna ráðuneytisins.

**101 Aðalskrifstofa**

Fjárveiting til skrifstofunnar er 30.421 þús.kr. en var 23.467 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 29,6%. Fjárveitingin skiptist þannig að til *yfirstjórnar* er veitt 27.502 þús.kr. sem er 27,3% hækkun frá fjárlögum 1986. Áætlað er fyrir nýrri stöðu fulltrúa og nemur kostnaður við hana 600 þús.kr. Starfsmannaheimildir yrðu þannig 14 talsins. Til viðfangsefnisins *samstarfsráðherra Nordurlanda* eru veittar 2.519 þús.kr. sem er 35,5% hækkun frá fjárlögum 1986. Framlag til þessa verkefnis hækkar miðað við reynslu síðustu ára. Til kaupa á skrifstofubúnaði eru nú ætlaðar 400 þús.kr. en 334 þús. kr. voru veittar til þessa í fjárlögum 1986.

**201 Niðurgreiðslur á vöruverði**

Fjárveiting undir þessum fjárlagalið er 1.090.000 þús.kr. eða sama fjárhæð og í fjárlögum 1986 eins og þau voru afgreidd í febrúar skv. lögum nr. 3/1986. Heildarframlag skiptist þannig að til Lífeyrissjóðs bænda renna 112.000 þús.kr. og 978.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvernig niðurgreiðslum á einstökum vöruflokkum verður háttáð á árinu 1986.

**902 Verðlagsstofnun**

Framlag nemur 31.670 þús.kr. en var 25.925 þús.kr. í fjárlögum 1986. Hækkun á milli ára er 22,2%. Til reksturs er veitt 30.070 þús.kr. sem er 18,2% hækkun frá fjárlögum 1986. Þá er 800 þús.kr. veitt til endurnýjunar húsnæðis og 800 þús.kr. til kaupa á bifreið fyrir embættið. Stofnunin býr við þrengsli og er nú unnið að úrbótum í því efni.

#### 910 Útflutningsráð Íslands

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, eru tekjur ráðsins þessar: Tekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða (sem hafði reyndar þegar verið afnumið, sbr. 17. gr. laga nr. 24/1986), tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984, árgjöld, þóknun fyrir veitta þjónustu, sérstök framlög og framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 5.000 þús.kr. á árinu 1987. Starfsemi ráðsins er enn ekki fullmótuð enda tóku lögin ekki gildi fyrr en 1. október 1986. Ríkissjóður hefur styrkt útflutnings- og markaðsstarfssemi með ýmsum hætti á liðnum árum. Þannig hefur utanríkisráðuneytið fengið fjárveitingu til þess að kosta markaðsfulltrúa í London auk þess sem greiddur hefur verið hluti af kostnaði við starfsemi markaðsfulltrúa í New York. Þá voru veittar 4.500 þús.kr. til *Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins* í fjárlögum 1986 en sú stofnun leggst nú af samkvæmt fyrrnefndum lögum. Á næstu vikum mun tilhögun útflutnings- og markaðsmála verða til umfjöllunar hjá hlutadeigandi stjórnvöldum og skipan starfseminnar mótuð.

#### 13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 36.352 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 46.561 þús.kr. eða um 28,1%.

#### 101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 26.230 þús.kr. á árinu 1986 í 34.691 þús.kr. eða um 32,3%. Launagjöld hækka um 40,4% og verða 22.605 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 10.222 þús.kr. í 12.124 þús.kr. eða um 18,6%. Á móti hækkun launa- og annarra gjalda kemur 70,1% hækkun sértekna og eru þær áætlaðar 1.298 þús.kr. á árinu 1987. Veittar eru 1.260 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði samanborið við 669 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1986. Féð skiptist þannig að 350 þús.kr. renna til kaupa á húsgögnum, 710 þús.kr. til greiðslu á eftirstöðvum af verði símsstöðvar, sem keypt var á árinu 1986, og 200 þús.kr. til kaupa á ýmiss konar skrifstofubúnaði. Starfsmenn aðalskrifstofunnar eru 22 í föstum störfum og ráðið er í 5,6 störf til að anna ýmsum verkefnum. Það er einum starfsmanni fleira en áætlað var í fjárlögum 1986. Kostnaður vegna þessa er um 750 þús.kr. Hækkun annarra gjalda vegna reksturs umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af hækkun rafreikniþjónustu og útgáfukostnaðar frá fjárlögum 1986 enda er ráðgert að vinna af kappi við úrvinnslu gagna úr manntalinu frá 1981.

#### 102 Þjóðskráin

Framlag hækkar úr 10.122 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 11.870 þús.kr. eða um 17,3%. Umsvif hafa aukist á síðustu árum með vaxandi eftirspurn eftir þjónustu á þessu sviði og gert er ráð fyrir að svo verði einnig á árinu 1987. Starfsmenn eru 8 í föstum störfum og ráðið er í 6,5 störf til að anna tímabundnum verkefnum. Er það fjölgun um einn starfsmann frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1986. Launagjöld hækka um 29,9% milli ára og verða 9.172 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 36,9% frá fjárlögum 1986 og verða 8.822 þús.kr. Á móti hækkun útgjalda kemur hækkun sértekna um 86,3% og verða þær 7.184 þús.kr. Veittar eru 1.060 þús.kr. til kaupa á ýmsum búnaði. Ötullega hefur verið unnið að endurskipulagningu þjóðskrárinnar og aukinni tölvuvæðingu og fyrirsjáanlegt er að það mun leiða til minni yfirvinnu þegar fram í sækir.

## 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokkna fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986 Þús. kr.	Frumvarp 1987 Þús. kr.	Breyting	
			Þús. kr.	%
Yfirstjórn .....	31.632	35.158	3.526	11,2
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir .....	3.550.000	3.440.000	-110.000	-3,1
Samtals	3.581.632	3.475.158	-106.474	-3,0

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlags til málefnaflokkna ráðuneytisins:

### 101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting hækkar úr 23.722 þús.kr. í fjárlögum 1986 í 27.666 þús.kr. eða um 16,6%. Launagjöld hækka um 27,7% og verða 15.418 þús.kr. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1986 og fjöldi starfsmanna verður óbreyttur, 14 menn. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 5,2% og verða 11.758 þús.kr. Hækkunin er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Til hagræðingarverkefna eru veittar 6.324 þús.kr. en í fjárlögum 1986 er gert ráð fyrir 6.195 þús.kr. fjárveitingu til þeirrar starfsemi. Helstu verkefni á árinu 1986 hafa verið úttekt á Skógrækt ríkisins, athugun á skipulagi löggæslu á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við norska sérfræðinga og ýmiss konar útgáfu- og fræðslumál. Þannig hefur verið gefið út rit um arðsemismat, rit um endurbætur í opinberum rekstri og brátt kemur út rit um stefnu ríkisins í starfsmannamálum. Auk þess hefur verið lausráðinn einn maður til að semja handbók um opinberar framkvæmdir og endurskoða ýmis ákvæði í byggingarstaðli er sérstaklega snerta hið opinbera.

### 182 Tölvumál

Fjárveiting lækkar úr 6.000 þús.kr. á árinu 1986 í 5.692 þús.kr. eða um 5,1%. Launagjöld hækka úr 915 þús.kr. í 1.057 þús.kr. eða um 15,5%. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, einum manni í föstu starfi og öðrum ráðnum til að sinna sérstökum verkefnum. Á árunum 1985 og 1986 hefur mikið verið unnið við þróun kerfis fyrir fjárlagagerð en gert er ráð fyrir að vinna á því sviði verði minni á árinu 1987 en verið hefur. Við gerð þessa frumvarps tóku nokkur ráðuneyti þátt í tilraun við tölvuvinnslu fjárlagagagna. Af öðrum verkefnum má nefna ýmiss konar ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um tölvumál og aðstoð við útboð og mat á tilboðum um vél- og hugbúnað. Í þessu sambandi má nefna tölvuvæðingu hjá ÁTVR, Lyfjaverslun ríkisins og tölvuvinnslu þinglýsinga. Með útboðum hefur einnig náðst umtalsverð lækkun á einmanningstölvum og ýmsum búnaði fyrir þær og hafa ríkisstofnanir notið góðs af þessu. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 8,1% og verða 335 þús.kr. Veittar eru 4.300 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði en 4.775 þús.kr. í fjárlögum 1986. Á árinu 1986 hefur þessu fé verið varið til tölvuvæðingar hjá utanríkisráðuneytinu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna tölvuvinnslu þinglýsinga. Auk þess hefur verið keyptur tölvubúnaður fyrir ráðuneytið sjálft svo og önnur ráðuneyti vegna fjárlagagerðar.

## 991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 nemi 3.440.000 þús.kr. samanborið við 3.550.000 þús.kr. í fjárlögum 1986. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum í frumvarpinu:

	Frumvarp 1987 M.kr.
Innlend lán .....	280
Innlend lán, gengisbundin .....	40
Spariskírteini vegna innlausnar .....	150
Seðlabanki Íslands:	
Langtímalán .....	160
Yfirdráttur á viðskiptareikningum .....	300
Erlend lán .....	2.510
Samtals	3.440

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

## 5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Nú er í fyrsta sinn fjallað sérstaklega um fjárreiður fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Á undanförunum árum hefur umfjöllun um fjárlagaliði í B-hluta verið takmörkuð en hún hefur nær einskorðast við framlög úr A-hluta. Áhersla hefur verið lögð á að skýra framlag ríkissjóð úr A-hluta en minna lagt upp úr umfjöllun um afkomu fyrirtækjanna, fjárfestingu þeirra og verðlagningu þjónustunnar. Áformað er að ríkisreikningsnefnd, en hún ákvarðar um breytingar á framsetningu og uppgjörshætti ríkisreikninga og fjárlaga, taki m.a. reikningskil fyrirtækja og sjóða í B-hluta til endurskoðunar á næstu mánuðum.

Í þessu frumvarpi hafa fjárhæðir í B-hluta verið færðar til áætlaðs verðlags um áramót 1986 með sama hætti og í A-hluta frumvarpsins. Í sumum tilvikum er sá grunnur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggja á ótraustur og þarf að hafa það í huga. Fram hefur komið í inngangi að athugasemdum með frumvarpinu að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurmeta fjárhagsstöðu margra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og annað. Umsvif B-hlutaaðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis- fyriræki	Lána- stofnanir	Sjóðir	Annað	B-hluti samtals
Gjöld .....	13.592	1.806	659	180	16.237
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl. ....	16.276	1.659	500	167	18.603
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs .....	255	2.563	503	26	3.347
Mismunur .....	2.939	2.416	344	13	5.712
Veitt lán .....	—	5.967	45	—	6.012
Fjárfesting .....	1.882	5	98	7	1.992
Afborganir lána .....	420	1.318	26	10	1.774
Skil í ríkissjóð .....	2.983	—	—	—	2.983
Annað, sjóðsbreytingar o.fl. ....	153	122	218	—	493
Innheimtar afborganir .....	—	683	43	—	726
Afskriftir .....	1.398	—	—	4	1.402
Tekin lán .....	620	4.240	—	—	4.860
Annað, ráðstöfun eigin fjár .....	3.420	2.489	344	13	6.266

Tekjuafgangur fyrirtækja og sjóða nemur samtals 5.712 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 2.983 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 2.550 m.kr., Póst og símamálastofnunin 200 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 140 m.kr., Flugmála- stjórn á Keflavíkurflugvelli 38 m.kr., Sala varnarliðseigna 20 m.kr., Hoppdrætti Háskóla Íslands 22,5 m.kr. og Lyfjaverslun ríkisins 12 m.kr. Til fjárfestingar renna alls 1.992 m.kr. Veigamestu fjárfestingarnar eru þessar: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 986 m.kr., Póst- og símamálastofnunin 425 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 175 m.kr., ÁTVR 95 m.kr. og Ríkisútvarpið 138 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 4.860 m.kr. Ráðgert er að afla byggingasjóðunum 3.490 m.kr. lánsfjár á árinu 1987, þ.e. 3.440 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 50 m.kr. vegna skyldusparnaðar ungmenna, nettó. Þá er miðað við að A- hluti ríkissjóðs taki 1.370 m.kr. að láni og endurláni til B- hlutaaðila eins og fram kemur í 1.gr. frumvarpsins. Þeir aðilar B-hluta sem munu njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru þessir: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 520 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 100 m.kr. og Lánasjóður íslenskra námsmanna 750 m.kr.

Verður nú vikið að einstökum fyrirtækjum og sjóðum, eftir því sem ástæða þykir til og upplýsingar leyfa, til skýringar á fjárreiðum þeirra.

## 22 Menntamálaráðuneyti

### 201 Hoppdrætti Háskóla Íslands

Heildarútgjöld 1987 eru áætluð 434.610 þús.kr. eða 40% hærri en útgjöld á reikningsárinu 1985. Tekjur hoppdrættisins eru áætlaðar 547.110 þús.kr. Gengið er út frá óbreyttu miðaverði frá 1986 en það hækkaði um 67% í ársbyrjun 1986. Áætlaður rekstrarhagnaður er 112.500 þús.kr. og verður honum ráðstafað þannig að 22.500 þús.kr. renna til ríkissjóðs og 90.000 þús.kr. til byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands.

### 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi Hoppdrættis Háskóla Íslands en það er áætlað 22.500 þús.kr. Hluti fjárens er ætlaður til byggingar á rannsóknahúsi við Iðntæknistofnun Íslands á Keldnaholti. Húsið verður reist í samvinnu við Reykjavíkurborg og er ætlað að hýsa starfsemi á sviði lífefna- og líftæknirannsókna.

### 871 Unglingaheimili ríkisins

Heildarútgjöld verða samtals 25.500 þús.kr. og hækka um 15% frá reikningi 1985. Framlag ríkissjóðs er áætlað 6.490 þús.kr. og tekjur af vistgjöldum 19.010 þús.kr. Þá er gengið út frá um 80% nýtingu vistrýmis. Á árinu 1985 var keypt viðbótarhúsnæði fyrir starfseminna. Starfsmannþörf var þá jafnframt endurmetin og eru nú 23 stöðuheimildir við stofnunina. Áðurnefndar forsendur virðast ekki hafa staðist þar eð nýting vistrýmis á árinu 1985 var aðeins 56% og stefnir í svipaða nýtingu 1986.

### 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var ráðstöfunarfé sjóðsins við það miðað að lánveitingar yrðu lækkaðar um 30% frá árinu á undan. Þannig var fjárveiting til sjóðsins ákveðin 865 m.kr., lántaka 400 m.kr. og áætlaðar lánveitingar 1.062 m.kr. Snemma árs þótti sýnt að endum yrði ekki náð saman og fallist á að veita sjóðnum

aukafjárveitingu að fjárhæð 258 m.kr. Við þetta jókst ráðstöfunarfé ársins úr 1.265 m.kr. í 1.523 m.kr. Að undanfögnu hefur nefnd, sem skipuð var af menntamálaráðherra með fulltrúum beggja stjórnarflokkanna, unnið að nýju lagafrumvarpi um sjóðinn. Verði það að lögum liggur ekki ljóst fyrir hvaða áhrif það muni hafa á rekstur og afkomu sjóðsins. Hins vegar bendir flest til að eldri lög muni að minnsta kosti gilda fyrir úthlutun námslána kennsluárið 1986/1987, en reynslan sýnir að um 2/3 hlutar lánveitinga ársins eru greiddir út á vormisseri. Frumvarpstölur fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna eru miðaðar við svipað ráðstöfunarfé og í ár eða 1.615 m.kr. Þar af er fjárveiting 865 m.kr. og lántaka 750 m.kr.

**970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**

Tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum 10% af tekjum ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps af auglýsingum og afnotagjöldum. Hluttur sjóðsins er áætlaður 85.000 þús.kr. Þar af eru 37.000 þús.kr. frá hljóðvarpi og 48.000 þús.kr. frá sjónvarpi. Samkvæmt útvarpslögum eiga aðflutningsgjöld og sölugjald af innfluttum sjónvarps- og útvarpstækjum að renna til Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins. Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru en ríkisútvarpið hefur í áætlun sinni metið þær 50.000 þús.kr. Í þessu frumvarpi er við það miðað að lögum verði breytt þannig að aðflutningsgjaldtekjur renni í ríkissjóð. Ráðstöfunarfé sjóðsins skerðist því að sama skapi. Ekki er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins til byggingarframkvæmdanna. Fjármál ríkisútvarpsins, þar með framkvæmdasjóðs, þarfnast nánari umfjöllunar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

**971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp**

Heildarútgjöld eru áætluð 404.680 þús.kr. sem er 29% hærri niðurstaða en í reikningi 1985. Þar af eru yfirfærslur til framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins 37.000 þús.kr. Tekjur hljóðvarps eru alls áætlaðar 371.450 þús.kr. og hækka um 19% frá reikningi 1985. Samkvæmt endurskoðari tekjuáætlun útvarpsins verða tekjur ársins 1986 um 330.000 þús.kr. og til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessu frumvarpi þarf stofnunin um það bil 10% hækkun á verði auglýsinga og afnotagjöldum. Til fjárfestingar eru áætlaðar 27.000 þús.kr. sem fara fyrst og fremst til kaupa á tækjabúnaði.

**972 Ríkisútvarpið, sjónvarp**

Heildarútgjöld eru áætluð 543.431 þús.kr. og eru 20% hærri en á reikningsárinu 1985. Þar af eru yfirfærslur til framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins 48.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar hækki um 27% miðað við heildartekjur 1985. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun sjónvarps fyrir árið 1986 eru tekjur áætlaðar um 400.000 þús.kr. og til að ná fram áætluðum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi þyrfti um 23% hækkun á gildandi gjaldskrá. Til fjárfestingar eru áætlaðar 33.000 þús.kr. og er þar um að ræða kaup á tækjum og búnaði.

**973 Þjóðleikhúsið**

Heildarútgjöld og tekjur Þjóðleikhússins hafa á síðustu árum vikið töluvert frá fjárlagatölum hvers árs. Hér að neðan eru settar upp helstu kennitölur um starfsemina.

	Reikningur 1985 þús.kr.	Fjárlög 1986 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
Rekstrargjöld án afskrifta og viðhalds .....	154.657	131.987	151.540
Tekjur af seldri vöru og þjónustu .....	126.464	68.734	72.350
Aðrar tekjur .....	—	3.805	3.720
Framlag ríkissjóðs .....	46.155	59.448	75.470
Tekjur samtals .....	172.619	131.987	151.540
Ríkisframlag sem hluti gjalda .....	30%	45%	50%

Heimiluð stöðugildi við leikhúsið eru 88,67. Á árinu 1985 voru greidd laun sem svara til 126 ársverka. Þá var yfirvinna sem svarar til 40% greiddra dagvinnulauna. Hluttur ríkisframlags í heildargjöldum nam um 30% á árinu 1985 en horfur eru á að tekjur leikhússins 1986 verði minni en á árinu 1985. Í árslok 1985 var uppsöfnuð viðskiptaskuld leikhússins við ríkissjóðs 45.000 þús.kr., án verðbóta og vaxta. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis eru horfur á að í árslok 1986 muni þessi skuld hafa tvöfaldast. Frumvarpstölur fyrir leikhúsið fyrir árið 1987 byggja að mestu á fjárlögum ársins 1986. Til viðhalds á Þjóðleikhúsbyggingunni eru áætlaðar 7.500 þús.kr. en sambærileg fjárhæð nam 6.500 þús.kr. 1986. Nefnd starfar nú á vegum menntamálaráðuneytisins að athugun á málum leikhússins. Hún hefur enn ekki skilað álitni en nauðsynlegt sýnist að leikhúsinu verði fundinn fjárhagsgrundvöllur.

#### 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi 69.580 þús.kr. eða 10% hærrí en útgjöld reikningsársins 1985, þar af hækka launagjöld um 18%. Við hljómsveitina eru starfandi 64 hljóðfæraleikarar auk annarra starfsmanna þannig að stöðuheimildir eru alls 68,5. Tekjur hljómsveitarinnar eru samkvæmt lögum af miðasölu og 10% af skemmtanaskatti. Þá skipta eignaraðilar með sér kostnaði í eftirtöldum hlutföllum: Ríkissjóður 56%, ríkisútvarp 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs er nú áætlað 29.210 þús.kr. að viðbættum 3.950 þús.kr. skemmtanaskatti eða samtals 33.160 þús.kr. Tekjur hækka um 28% frá fjárlögum 1986 og um 11% frá reikningi 1985.

### 23 Utanríkisráðuneyti

#### 101 Fríhöfn, Keflavíkurlflugvelli

Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 307.050 þús.kr. og er það 21% hækkan frá reikningsárinu 1985. Ástæðan fyrir því að útgjöld á árinu 1987 hækka umfram verðlagshækkanir eru flutningur Fríhafnarinnar í nýju flugstöðina á Keflavíkurlflugvelli í apríl 1987. Leigugjöld eru áætluð um 15.000 þús.kr. auk þess sem aðrir rekstrarliðir hækka. Starfsmannaheimildir við Fríhöfnina eru alls 48 og í ljósi endurmats á starfsmannaþörf hefur verið ákveðið að fækka þeim í 42. Áætlaður kostnaður við hönnun og smíði innréttinga í verslun Fríhafnarinnar er 22.400 þús.kr. og fjármagnast sú framkvæmd af rekstrartekjum fyrirtækisins. Fríhöfninni er einnig ætlað að skila 140.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1987 og eru þar með taldar markaðar tekjur og skil ríkissjóðs til ferðamálaráðs.



**111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**

Heildarútgjöld eru áætluð 55.158 þús.kr. og hækka um 13% frá reikningi 1985. Lítil hækkun milli ára skýrist af því að rekstrarkostnaður flugstöðvar er nú aðskilinn frá rekstri Flugmálastjórnar. Tekjur fyrirtækisins, sem aðallega eru flugvallargjöld og greiðslur varnarliðsins fyrir þjónustu stofnunarinnar, eru alls áætlaðar 92.173 þús.kr. Flugmálastjórn er ætlað að skila 38.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1987.

**114 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur**

Rekstur flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er nýr liður í fjárlagafrumvarpinu. Rekstur stöðvarinnar hefst væntanlega í apríl 1987 en þá er ráðgert að taka bygginguna í notkun. Rekstrarútgjöld og tekjur eru skiljanlega óviss. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur gert áætlun um rekstrarkostnað og tekjur fyrir árið 1987. Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra hafa ákveðið að sett verði stjórn yfir rekstur stöðvarinnar með fulltrúum beggja aðila. Stjórn þessi mun senn skipuð. Á miðju ári 1987 falla afborganir af lánum sem tekin hafa verið til að kosta byggingu stöðvarinnar. Gert er ráð fyrir því að flugstöðin standi undir afborgunum lána en að ríkissjóður leggi henni árlega til viðbótarfé ef nauðsyn krefur. Vextir á byggingartíma eru taldir með fjárfestingu og þar áætlað fyrir þeim. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir 32.800 þús.kr. til afborgana af framkvæmdalánum.

**115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging**

Alls er áformað að verja 986.000 þús.kr. til framkvæmda við flugstöðina á árinu 1987. Með þessari fjárútgöngu er reiknað með að framkvæmdum verði lokið á fyrri hluta árs 1987. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 520.000 þús.kr. erlendri lántöku til verksins og móttframlag Bandaríkjanna er 466.000 þús.kr. Samkvæmt samningi greiða Bandaríkin 20 milljónir dollara til framkvæmda við flugstöðina.

**118 Ratsjárstöðvar, rekstur**

Á árinu 1987 er í fyrsta skipti gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna nýrra ratsjárstöðva á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Heimilað hefur verið að reisa þessar ratsjárstöðvar og endurnýja stöðvarnar á Keflavíkurflugvelli og Stokksnesi. Framvegis verður rekstur þessara stöðva í höndum Íslendinga. Bandaríkjamenn munu endurgreiða allan kostnað við reksturinn. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1987 verði 22.000 þús.kr. og er eingöngu vegna þjálfunar starfsmanna og tengds kostnaðar. Rekstur sjálfra stöðvanna mun væntanlega hefjast í ársbyrjun 1988.

**121 Sala varnarliðseigna**

Heildarútgjöld eru áætluð 53.240 þús.kr. og er það 29% hækkun frá reikningsárinu 1985. Tekjur eru aftur á móti taldar verða 71.280 þús.kr. og skil fyrirtækisins í ríkissjóð verði 20.000 þús.kr. á árinu 1987.

**24 Landbúnaðarráðuneyti**

**221 Áburðarverksmiðja ríkisins**

Heildarútgjöld verksmiðjunnar eru áætluð 824.118 þús.kr. eða 10% lægri en útgjöld reikningsárið 1985. Þetta skýrir minni framleiðsla, skipulagsbreytingar og lækkan á hráefnisverði. Áætlaðar tekjur af sölu áburðar eru 796.310 þús.kr. Þá er gert ráð fyrir 58 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar og að verð á áburði hækki um 30% frá

gildandi verði á árinu 1986. Þessi verðhækkun jafngildir niðurgreiðslum á áburði á árinu 1986 en þá runnu til verksmiðjunnar 170.000 þús.kr. í þeim tilgangi. Unnið hefur verið að hagræðingarstarfi í verksmiðjunni, m.a. með aukinni sjálfvirkni í framleiðslunni og fækkun starfsmanna. Til fjárfestingar eru ætlaðar 35.000 þús.kr., fyrst og fremst til kaupa á nauðsynlegum tækjabúnaði.

### 236—239 Grænifóðurverksmiðjur

Hentugt þykir að fjalla sameiginlega um ríkisverksmiðjurnar fjórar. Framleiðsla sumarið 1986 var alls 2.934 tonn. Að viðbættum birgðum fyrri ára eru alls 9.750 tonn til nú, haustið 1986. Söluverðmæti birgðanna er talið vera um 127.000 þús.kr. Fjárhagsáætlun verksmiðjanna fyrir árið 1987 er sett fram í samræmi við tillögur landbúnaðarráðuneytisins en í yfirlitum hér að neðan er gerður samanburður við reikning ársins 1985.

	Reikningur 1985 þús.kr.	Frumvarp 1987 þús.kr.
Rekstrargjöld án afskrifta .....	88.795	110.050
Fjármagnskostnaður .....	38.306	32.407
Gjöld alls .....	127.101	142.457
Tekjur af seldri vöru og þjónustu .....	94.125	154.450
Aðrar tekjur .....	7.596	10.130
Framlög .....	7.211	—
Tekjur alls .....	108.932	164.580
Mismunur gjalda og tekna .....	-18.169	22.123

Á þessu sést að mismunur gjalda og tekna, fyrir afskriftir, var neikvæður um 18.169 þús.kr. á árinu 1985. Þegar dregnar höfðu verið frá inneignir og skammtímakröfur voru heildarskuldir í lok sama árs 160.000 þús.kr. Áætlun fyrir árið 1987 felur í sér fulla starfsemi í verksmiðjunum. Óvíst er hver sala afurða verður 1986 og 1987 og þar með rekstrarafkoma fyrirtækjanna.

## 25 Sjávarútvegsráðuneyti

### 211 Fiskimálasjóður

Aðaltekjustofn sjóðsins hefur verið 0,8% af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við setningu laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var þessi tekjustofn tekinn af sjóðnum. Tekjur sjóðsins þ.e. fjármunatekjur, standa ekki undir rekstrar- og fjármagnsútgjöldum. Með hliðsjón af þessu er augljóst að taka verður ákvörðun um framtíð sjóðsins.

### 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Heildarútgjöld eru áætluð 11.590 þús.kr. Tekjur eru áætlaðar 6.182 þús.kr. og eru fyrir leigu á húsnæði til ýmissa stofnana, svo sem Ríkisútvarps, Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Framlag ríkissjóðs er áformað 5.408 þús.kr. og skiptist þannig að til greiðslu launa vegna húsgæslu renna 408 þús.kr. og 5.000 þús.kr. til viðhalds utanhúss.

## 26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

### 371 Kirkjubýggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubýgginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins samkvæmt sömu lögum eru framlag ríkissjóðs. Árið 1981 var það ákveðið 600 þús.kr. og skyldi fylgja breytingum á byggingavísitölu miðað við 1. júlí ár hvert, þá hefur sjóðurinn tekjur af gjöfum sem honum berast. Framlag ríkissjóðs nú er 3.246 þús.kr.

### 372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 21/1963 er að veita kirkjugarðsstjórnnum lán til girðingar og fegrunar kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Helsti tekjustofn sjóðsins er 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum.

### 373 Kristnisjóður

Meginmarkmið kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæðis í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður samkvæmt lögum nr. 35/1970. Einnig laun sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust, og skal þá miðað við hámarkslaun presta. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu er nú 7.570 þús.kr. að viðbættum 2.172 þús.kr. vegna afborgunar af láni sem sjóðurinn tók í tengslum við kaup á Suðurgötu 22 í Reykjavík.

## 27 Félagsmálaráðuneyti

### 271—272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986 var breytt lögum um Húsnæðisstofnun og tóku hin nýju lög gildi 1. september s.l. Með þeim er meðal annars gert ráð fyrir að hámarkslán til einstaklinga hækki stórlega. Lagabreytingin fól einnig í sér að felld voru niður lögbundin framlög ríkissjóðs sem ákveðið hlutfall af útlánum sjóðanna. Þess í stað er við það miðað að fjármögnunun byggingarsjóðanna sé að mestu með skuldabréfa-kaupum lífeyrissjóða. Þetta er gert með þeim hætti að tengja saman lánveitingar til einstaklings og skuldabréfakaup hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem hann á aðild að. Þannig getur lánþegi aðeins fengið hámarkslán úr byggingarsjóðnum að því tilskildu að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir að lágmarki 55% af ráðstöfunarfé sínu. Nokkur óvissa er um áhrif hinna nýju lána á eftirspurn eftir lánsfyrirgreiðslu úr sjóðunum auk þess sem óljóst er um kaup fjölmargra lífeyrissjóða á skuldabréfum bæði í ár og á næsta ári. Þó er þess vænst að flestir kaupi bréf fyrir 55% af ráðstöfunarfé. Nýverið hafa verið gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kjör þeirra bréfa, þ.e. annars vegar til ársloka 1986 og hins vegar á árinu 1987 og 1988. Samningarnir til ársloka 1986 fólu í sér lánstíma á bilinu 15 til 30 ár og vexti 6,5%. Samningurinn um lánskjör 1987 og 1988 gerir ráð fyrir svipuðum lánstíma og að vextir bréfanna lækki í 6,25% á árinu 1987 og í 5,9% 1988. Jafnframt felur seinni samningurinn í sér að öll skuldabréf sem lífeyrissjóðirnir eiga hjá Húsnæðisstofnun og Framkvæmdasjóði með lægri vöxtum en 4,16% verði breytt í 4,2% vexti. Áætlað verðmæti þessara bréfa nemur 5,2 milljörðum króna, þar af skuldar Húsnæðisstofnun um 3 milljarði króna og Framkvæmdasjóður 2,5 milljarð króna. Ljóst er að þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur í lækkun vaxta á lántökum byggingarsjóðanna þá verður

vaxtamismunur á inn og útlánunum. Lánveitingarnar eru í flestum tilvikum með 3,5% vöxtum og 40 ára lánstíma. Forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna nemi 1.300.000 þús. kr., þar af renna 1.000.000 þús.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 300.000 þús.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Í töflu nr. .. í töfluviðauka er sýnt greiðslufirlit sjóðanna á árunum 1986 og 1987.

## 28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

### 273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Eins og nafn sjóðsins ber með sér er hlutverk hans að greiða bætur til þeirra félaga í stéttarfélögum sem atvinnulausir eru og eiga til þeirra rétt samkvæmt lögum nr. 64/1981. Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi lögboðin iðgjöld atvinnurekenda sem innheimt eru af innheimtumönnum ríkissjóðs og skilað með framlagi ríkissjóðs sem er tvöföld upphæð iðgjaldanna. Í öðru lagi framlag sveitarsjóða sem er jafnhátt iðgjaldi atvinnurekenda og svo í þriðja lagi ávöxtunartekjur. Framlag ríkissjóðs, að meðtöldu iðgjaldi atvinnurekenda, samkvæmt ofanskráðu er nú 427.788 þús.kr.

### 311 Ríkisspítalar, þvottahús

Rekstrargjöld eru áætluð 70.470 þús.kr. og að auki eru 8.000 þús.kr. ætlaðar til stofnkostnaðarverkefna. Upphæðin skiptist þannig að til endurnýjunar í matsal og endurbóta og málunar utanhúss fara 3.500 þús.kr. og til kaupa á vélbúnaði og tækjum eru ætlaðar 4.500 þús.kr. Fjármagni til rekstrar og framkvæmda aflar stofnunin með sértekjum, en þvottahúsið ásamt saumastofu og dauðhreinsunardeild selur þjónustu sína og framleiðslu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

### 378 Læknishéraðasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 59/1983 að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna. Auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum. Framlag ríkissjóðs nú er 1.000 þús.kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1986.

## 29 Fjármálaráðuneyti

### 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Niðurstaða rekstrar er áætluð 1.358.067 þús.kr. sem er 21% hærri fjárhæð en í ríkisreikningi 1985. Af heildarútgjöldum eru 1.041.700 til kaupa á vörum og hráefni til endursölu. Áætlaðar heildartekjur af sölu áfengis og tóbaks nema 3.991.297 þús.kr. Er það 34% hærri upphæð en í reikningi 1985 og 12% hærri fjárhæð en áætluð sala samkvæmt fjárlögum 1986. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 2.550.000 þús.kr. verði skilað í ríkissjóð og 87.030 þús.kr. auk 16.430 þús.kr. afskrifta verði ráðstafað til afborgana af lánunum og til fjárfestingar. Fjárfesting er alls áformuð fyrir 95.000 þús.kr. Skuldbindandi samningur er um framkvæmdir í Kringlunni við Kringlumýrarbraut. Ákveðið er að ný verslun ÁTVR opni þar í ágúst 1987. Húsnæðið verður afhent ÁTVR í ársbyrjun 1987 og kostnaður við innréttingar, frágang o.fl. er áætlaður um 40.000 þús.kr. Árið 1977 gerðist ÁTVR aðili að sameiginlegri byggingu í Mjóddinni í Breiðholtshverfi. Framkvæmdum hefur árlega verið skotið á frest, þangað til haustið 1986 að boðin var út uppsteypa og utanhúsfraðgangur á umræddu húsnæði. Áformað er að verja 55.000 þús.kr. í þessa byggingu á árinu 1987.

### 102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 262.140 þús.kr. sem er 26% hærra en á reikningsárinu 1985. Auk þess eru 10.000 þús.kr. ætlaðar til framkvæmda, annars vegar eru 7.000 þús.kr. til kaupa á sötthreinsunarsamstæðu og hins vegar eru 3.000 þús.kr. ætlaðar til breytinga á húsnæði. Ekki verður farið af stað með aðrar framkvæmdir nú, en sýnt er að breytinga er þörf í húsnæðismálum stofnunarinnar í næstu framtíð. Stofnuninni er gert að skila 12.000 þús.kr. í ríkissjóð.

### 103 Innkaupastofnun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 687.090 þús.kr. sem er 20% hækkun frá reikningsárinu 1985. Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum stofnunarinnar og verið hefur. Umfangsmesti liður í rekstri stofnunarinnar eru innkaup á vöru og hráefni til endursölu. Sá liður eru áætlaður 657.000 þús.kr. og á móti eru seldar vörur og þjónusta áætlaðar 681.570 þús.kr. Því lætur nærri að meðalálagning stofnunarinnar sé 3,5% eins og tíðkast hefur.

## 30 Samgönguráðurneyti

### 101 Póst- og símamálastofnunin

Gjöld stofnunarinnar eru áætluð 3.240.260 þús.kr. og hækka um 15% frá fjárlögum 1986. Þá er gert ráð fyrir að fjárfesting verði 425.000 þús.kr. eða 10% lægri fjárhæð en í fjárlögum 1986. Þá er stofnuninni gert að skila 200.000 þús.kr. í ríkissjóð. Við gerð fjárlaga í desember 1986 var miðað við um 17% hækkun gjaldskrár. Auk rekstrar-kostnaðar átti það að standa undir 471.000 þús.kr. fjárfestingu, flýttigreiðslu af lánum sem næmi 100.000 þús.kr. og skilum á 188.000 þús.kr. í ríkissjóð. Í ársbyrjun 1986 voru gjaldskrár margra opinberra fyrirtækja ýmist lækkaðar eða þeim haldið óbreyttum enda voru verðforsendur fyrir árið 1986 allt aðrar en við afgreiðslu fjárlaga í desember 1985. Póst- og símamálastofnunin fékk þó 25% hækkun á pósthúðargjöldum í ársbyrjun 1986 sem svarar til 6—7% hækkunar á heildartekjum fyrirtækisins. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er því erfið um þessar mundir. Það hefur hvorki getað staðið í skilum með arðgreiðslur til ríkissjóðs né flýttigreiðslur af lánum hjá ríkissjóði, samtals 288.000 þús.kr. Til viðbótar þessu stefnir í verulegan greiðsluhalla hjá fyrirtækinu í árslok 1986. Í þessu frumvarpi er miðað við að fyrirtækið skili í ríkissjóð 200.000 þús.kr. á árinu 1987. Fjárfesting á árinu 1986 var ákveðin í fjárlögum 471.000 þús.kr. og virðist sú áætlun ætla að standast. Á árinu 1987 er aftur á móti miðað við 425.000 þús.kr. fjárfestingu. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og símamálastofnuninni hefði 20% hækkun gjaldskrár sem tæki gildi 1. október 1986 í för með sér 550.000 þús.kr. hækkun tekna til áramóta 1987. Ef hins vegar 20% hækkun tæki gildi 1. apríl 1987 þá mundu tekjur aukast um 313.000 þús.kr. til ársloka 1987.

### 211 Skipaútgæða ríkisins

Áætlað er að rekstrarumsvif fyrirtækisins verði svipað á árinu 1987 og í ár. Fjárveiting úr A-hluta er miðuð við það. Framlag ríkissjóðs er áætlað 138.306 þús. kr. og hækkar um 16,6% frá fjárlögum. Síðustu fimm árin hefur orðið mikil endurnýjun á skipakosti fyrirtækisins auk þess sem ný vöruskemmi var byggð við Reykjavíkurhöfn og tekin í notkun í október 1982. Þessar fjárfestingar voru að mestu fjármagnaðar með erlendum lántökum. Á undanförunum árum hefur greiðslubyrði fyrirtækisins af lánum verið mjög þung og hefur ríkisframlagið að mestu gengið til að mæta henni. Forsendur frumvarpsins fela í sér að rúm 83% ríkisframlagsins fari til að mæta afborgunum og vöxtum af lánum samanborið við um 77% í ár.

### 672 Sérleyfissjóður

Sjóðurinn stendur straum af kostnaði við rekstur Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmálanefndar samkvæmt lögum nr. 29/1983 og reglugerð nr. 641/1983. Hann fær tekjur sem eru árlegt gjald og leyfishöfum er skylt að greiða af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum. Gjald þetta var ákveðið 170 kr. á hvert sæti 1983 og er tekið mið af byggingarvisitölu. Skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum sjóðsins eru áætlaðar 3.000 þús.kr. á árinu 1987.

## 31 Iðnaðarráðuneyti

### 231 Sementsverksmiðja ríkisins

Heildarútgjöld, að frádregnum afskriftum, eru áætluð 371.820 þús.kr. en það er 35.342 þús.kr. hærri fjárhæð en í reikningi 1985. Framleiðslukostnaður á sementi í árslok 1986 er talinn verða lítið hærri en á framleiðslu ársins 1986. Tekjuáætlun fyrir árið 1987 er miðuð við sölu á 110 þús. tonnum af sementi og óbreyttu verði, þ.e. 4.850 kr. fyrir tonnið. Verksmiðjan hefur á síðustu árum verið að breyta þurrkunarbúnaði þannig að nú eru notuð kol til hitunar í stað olíu. Til nauðsynlegrar fjárfestingar í tækjum og búnaði er talið að verja þurfi 18.060 þús.kr.

### 321 Rafmagnsveitur ríkisins

Fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins markast mjög af yfirtöku ríkissjóðs á áhvilandi skuldum fyrirtækisins. Á móti er Rafmagnsveitunum gert að taka verðtryggt lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 600 m.kr. til 25 ára og 7% vöxtum. Lánskjörin og lánsfjárhæðin miða að því tengja lánstímann við líftíma mannvirkja og greiðslugetu fyrirtækisins. Þá á fyrirtækið að geta staðið undir vöxtum og afborgunum af lánum sem kunna að verða tekin til framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingum til fyrirtækisins úr ríkissjóði. Áætluð fjárfesting á árinu 1987 nemur 175 m.kr. sem fjármagnaðar eru með 100 m.kr. lántöku og 75 m.kr. af eigin tekjum. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að fjalla um gjaldskrármál fyrirtækisins.

### 371 Orkusjóður

Í athugasemdum A-hlutans er gerð grein fyrir fjárveitingum til Orkusjóðs á árinu 1987 og verður ekki endurtekið hér. Hins vegar er rétt að geta þess að fyrirsjáanlegar eru breytingar á umfangi lánamála sjóðsins. Á liðnum árum hefur sjóðurinn m.a. haft milligöngu um lánveitingar til ýmissa orkufyrirtækja. Fjárins hefur að mestu verið aflað með lántöku Orkusjóðs hjá Endurlánum ríkissjóðs sem nú eru í A-hluta. Fram hefur komið í greinargerð frumvarpsins að ráðgert er að A-hluti ríkissjóðs yfirtaki áhvilandi skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Hér er um að ræða yfirtöku lána að verðgildi um 4,5 milljarða króna en á móti fær ríkissjóður skuldabréf frá fyrirtækjunum fyrir um 2 milljarða króna og mun lengri lánstíma. Lántökur Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins hafa að miklu leyti farið um Orkusjóð. Yfirtaki ríkissjóður skuldinnar þarf að fella niður samsvarandi skuldir Orkusjóðs sem eru við A-hluta ríkissjóðs. Þetta uppgjör hefur ekki farið fram en það mun hafa áhrif á greiðsluafkomu Orkusjóðs. Niðurstaða mun liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

## 6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, þ.e. bæði veittum og teknum lánum, ásamt áætlun um greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um bókfærðar skuldir ríkissjóðs og veitt lán til aðila utan A-hluta ríkissjóðs. Mismunur tekinna og veittra lána gefur eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs til kynna. Að lokum er gefið yfirlit um skuldbindingar í veittum ábyrgðum ríkissjóðs og fyrirhuguðum ábyrgðaveitingum á árinu 1987.

### 6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var tekin upp breytt skilgreining á A-hluta ríkissjóðs sem samrýmist betur þjóðhagsreikningum og gefur gleggri mynd af umfangi lánastarfsemi ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs samkvæmt þeirri skilgreiningu fyrir árin 1981—1985 ásamt áætlun 1986 og 1987 (m.kr.):

**Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1981—1987**  
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
<b>1. Tekin lán</b> .....	<b>4.999</b>	<b>10.190</b>	<b>18.915</b>	<b>26.895</b>	<b>37.559</b>	<b>42.558</b>	<b>44.073</b>
Innlend lán .....	2.094	3.247	5.458	6.060	10.744	13.043	14.278
Innlend lán, gengisbundin ..	158	211	975	1.338	1.185	1.133	1.013
Erlend lán .....	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630	28.382	28.782
<b>2. Veitt lán</b> .....	<b>3.655</b>	<b>8.035</b>	<b>13.048</b>	<b>18.182</b>	<b>23.715</b>	<b>22.277</b>	<b>21.822</b>
Lán tengd innl. verðlagi ....	913	1.500	3.114	4.168	5.776	6.785	5.769
Gengisbundin lán .....	2.742	6.535	9.934	14.014	17.939	15.492	16.053
<b>3. Tekin lán umfram veitt lán</b> ....	<b>1.344</b>	<b>2.155</b>	<b>5.867</b>	<b>8.713</b>	<b>13.844</b>	<b>20.281</b>	<b>22.251</b>
Veitt lán í % af teknum lánum .	73,1	78,9	69,0	67,6	63,1	52,3	49,5
<b>4. Hlutfall af VLF</b>							
Tekin lán .....	20,9	27,6	30,2	33,0	34,0	29,7	28,5
Veitt lán .....	15,3	21,8	20,8	22,3	21,5	15,6	14,1
Tekin lán umfram veitt lán .	5,6	5,8	9,4	10,7	12,5	14,1	14,4

**Tímabilið 1981—1985.** Yfirlitið sýnir að skuldastaða ríkissjóðs hefur versnað nokkuð á tímabilinu 1981—1985. Þó kemur á óvart að ríkisskuldin nam aðeins 34% af vergri landsframleiðslu í árslok 1985, þar af voru ríflega tveir þriðju hlutar skuldir við útlönd eða um 23% af VLF. Hluttur erlendra skulda ríkissjóðs hefur hækkað úr 55% í árslok 1981 í 68,2% í árslok 1985. Á hinn bóginn hefur vægi gengisbundinna útlána ríkissjóðs haldist nokkuð stöðugt yfir tímabilið og numið um 75% af stöðutölum veittra lána. Tekin lán umfram veitt lán eða með öðrum orðum hrein skuld ríkissjóðs vegna tekjuhalla fyrri ára nam 12,5% af VLF í árslok 1985 og hefur ríflega tvöfaldast á umræddu tímabili.

**Tímabilið 1986—1987.** Í síðustu tveim dálkum yfirlitsins er reynt að áætla líklegar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1986 og 1987 miðað við áætlað verðlag í árslok 1986. Tekið er mið af þeim áætlunum sem hér eru kynntar fyrir árin 1986 og 1987. Að auki er tekið tillit til fyrirhugaðra breytinga á veittum lánum ríkissjóðs í árslok 1986 vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til að bæta

fyrirtækjunum tekjumissi vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku. Yfirtekin lán nema alls um 4.500 m.kr., þar af eru um 3.500 m.kr. gengisbundin lán og um 1.000 m.kr. verðtrygð. Á móti fær ríkissjóður skuldabréf að fjárhæð alls 2.000 m.kr. tengd innlendu verðlagi. Þar af er yfirtekin krafa Rafmagnsveitna ríkisins á Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 1.000 m.kr. og veitt ný lán til Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 600 m.kr. og Orkubús Vestfjarða 400 m.kr., verðtrygð til 25 ára. Áhrif þessa koma fram í lækkun veittra lána um 2.500 m.kr., þar af lækka gengisbundin lán um 3.500 m.kr. en lán tengd innlendu verðlagi hækka um 1.000 m.kr. Þá voru Jarðvarmaveitur ríkisins seldar Landsvirkjun á árinu 1986 og að auki var stofnað hlutafélag um Jarðboranir ríkisins. Ríkissjóður yfirtekur áhvílandi skuldir fyrirtækjanna og veitir að hluta lán á móti. Ekki hefur verið gengið endanlega frá þessum lánabreytingum.

Áhrif framangreindra ráðstafana og horfur í ár koma skýrt fram í yfirlitinu. Þannig lækkar staða veittra lána sem hlutfall af VLF úr 21,5% árið 1985 í 15,6% 1986. Jafnframt eykst hrein ríkisskuld verulega milli áranna eða úr 12,5% af VLF í 14,1%.

Miðað við horfur í ár og áætlun fyrir árið 1987 nema erlendar skuldir ríkissjóðs um 65,3% af heildarskuldum ríkissjóðs í árslok 1987 eða tæp 19% af VLF. Samkvæmt yfirlitinu lækka skuldir ríkissjóðs úr 33,9% af VLF í árslok 1985 í um 28,5% í árslok 1987. Rétt er þó að hafa í huga að staða veittra lána lækkar enn meira og í raun hækkar hrein skuld ríkissjóðs úr 12,5% af VLF í tæp 14,4% 1987.

Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs á liðnum árum hefur verið sala spariskírteina. Handhafar/eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist verulega á undanförunum 2—3 árum. Í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar 14—16 árum eftir útgáfu en eru þó bundin mun skemmri tíma og eru innleysanleg áður ef eigandi þeirra óskar. Stærstur hluti spariskírteina á undanförunum árum hefur verið með binditíma á bilinu 3—5 ár. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg hvenær sem er ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti en í árslok 1985 nam verðgildi útistandandi spariskírteina með vöxtum og verðbótum alls 6.220 m.kr. Á sama tíma nam innlausnarvirði spariskírteina, sem voru innleysanleg þá, 2.022 m.kr.

Fyrri hluta þessa árs bauð ríkissjóður spariskírteini á innlendum fjármagnsmarkaði með 7—9% vöxtum umfram verðtryggingu og með þriggja til sex ára binditíma. Í kjölfar kjarasamninganna í lok febrúar og ráðstafana í efnahagsmálum voru vextir þessara bréfa lækkaðir í júnímánuði í 7,5—8%. Nýverið ákvað fjármálaráðherra að hætta sölu nýrra spariskírteina til ársloka 1986 og geta nú aðeins þeir sem eiga innleysanleg eldri spariskírteini fengið svonefnd skiptiskírteini með 6,5% raunvöxtum og föstum gjalddaga í ársbyrjun 1989. Ákvörðunin um að hætta sölu skírteina var tekin til þess að greiða fyrir samningum um kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum húsbýggingasjóðanna.

Eftirfarandi yfirlit sýnir annars vegar þá flokka spariskírteina sem koma til lokainnlausnar á tímabilinu 1987—1990 og hins vegar er yfirlit um aðra innleysanlega flokka á sama tímabili (m.kr.):



### Innleysanleg spariskírteini ríkissjóðs 01.10.1986—1990

	Fyrsta innlausnar- ár	Lokainn- lausnar- ár	Nafn- vextir	Verðgildi útistandandi skírteina 01.10.1986
Flokkar sem eru til lokainnlausnar á tímabilinu 01.10.1986—1990:				
<b>Frá 01.10.1986 til ársloka, samtals</b>				<b>186</b>
Flokkur 1971/I	1976	1985	5,0	2
Flokkur 1972/I	1977	1986	5,0	20
Flokkur 1972/II	1977	1986	8,4	139
Flokkur 1985/IC	1986	1986	5,0	25
<b>1987, samtals</b>				<b>259</b>
Flokkur 1973/I	1978	1987	9,12	244
Flokkur 1985/IIC	1987	1987	4,94	15
<b>1988, samtals</b>				<b>453</b>
Flokkur 1973/II	1979	1988	9,12	204
Flokkur 1974/I	1979	1988	9,12	249
<b>1989, samtals</b>				<b>213</b>
Flokkur 1984/ISDR	1989	1989	9,0	57
Flokkur 1986/ID	1989	1989	6,5	156
<b>1990, samtals</b>				<b>60</b>
Flokkur 1985/ISDR	1990	1990	9,0	49
Flokkur 1985/IISDR	1990	1990	9,0	11
Önnur innleysanleg spariskírteini sem ekki koma til lokainnlausnar á tímabilinu: 01.10.1986:				
<b>Flokkar 1975—1983</b>		1993—2003	2,5—4,3	<b>1.329</b>
<b>1987, samtals</b>				<b>1.072</b>
Flokkur 1984/I	1987	1998	5,08	386
Flokkur 1984/II	1987	1998	8,0	510
Flokkur 1984/III	1987	1998	8,0	176
<b>1988, samtals</b>				<b>2.561</b>
Flokkur 1985/IA	1988	1999	7,0	1.500
Flokkur 1985/IIA	1988	1999	7,0	1.061
<b>1989, samtals</b>				<b>102</b>
Flokkur 1986/I3A	1989	2000	7,0	102
<b>1990, samtals</b>				<b>652</b>
Flokkur 1985/IB	1990	2000	6,71	15
Flokkur 1985/IIB	1990	2000	6,71	1
Flokkur 1986/I4A	1990	2000	8,5	585
Flokkur 1986/1B	1990	2000	8,16	15
Flokkur 1986/II4A	1990	2000	7,5	36

Mikil óvissa ríkir um innlausn spariskírteina á næstu árum og ræðst hún að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Áætlun um innlausn fyrir tímabilið 1987—1990 tekur í fyrsta lagi mið af því hve mikið er til lokainnlausnar á hverju ári. Til viðbótar er reynt að meta líklega innlausn innleysanlegra skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum. Þeir flokkar, sem valda einna mestri óvissu, eru þeir sem bera lægri raunvexti en standa til boða á markaðnum nú og á næsta ári. Ætla má að þeir komi til innlausnar á næstu árum.

Í áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987 er miðað við að aflað verði 1.500 m.kr. með sölu spariskírteina. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 1.150 m.kr., þar af eru 150 m.kr. vegna vaxta. Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs með spariskírteinum nemur því 500 m.kr. á árinu 1987.

Þess er vænst að innlausn spariskírteina verði svipuð á árinu 1988 en lækki síðan nokkuð síðustu tvö árin. Miðað er við að á árinu 1987 komi til nokkurrar innlausnar á skírteinum með lægri vöxtum. Á árinu 1988 verður komið mun betra jafnvægi á innleysanleg skírteini með hlutfallslega lágum vöxtum en á móti kemur hækkun á spariskírteinum með lokainnlausn. Árin 1989 og 1990 lækkar verðgildi spariskírteina með lokainnlausn verulega og nýir innlausnarhæfir flokkar bera tiltölulega háa raunvexti. Áætlunin gerir ráð fyrir að innlausnin nemi alls 1.150 m.kr. árið 1988 en lækki síðan í 800 m.kr. árið 1989 og í 600 m.kr. árið 1990.

Frá og með árinu 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina að þau fela í sér ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrstu flokkar þessara skírteina verða innleysanlegir á árinu 1987. Þannig fær ríkissjóður svigrúm til að segja upp skírteinum með háum raunvöxtum þegar hagstæðari lánskjör bjóðast. Í áætlun fyrir tímabilið 1987—1990 er ekki gert ráð fyrir að þessi ákvæði verði nýtt.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1986—1990. Fjárhæðir ársins 1986 eru á meðalverðlagi en á tímabilinu 1987—1990 er miðað við áætlað verðlag í árslok 1986:

#### Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1986—1990

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1986	1987	1988	1989	1990
<b>1. Tekin ný lán</b> .....	<b>6.869</b>	<b>4.850</b>	<b>5,2</b>	<b>6,0</b>	<b>7,2</b>
Sala spariskírteina .....	2.100	1.500	1,5	1,2	1,2
Verðbréfakaup bankakerfis .....	850	1.650	1,8	1,8	1,8
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða .....	625	—	—	—	—
Erlend lán .....	3.294	1.700	1,9	3,0	4,2
<b>2. Afborganir af teknum lánum</b> .....	<b>4.255</b>	<b>3.335</b>	<b>4,1</b>	<b>5,0</b>	<b>6,1</b>
Innlausn spariskírteina .....	1.720	1.000	1,0	0,7	0,7
Önnur innlend lán .....	1.185	1.035	1,8	2,3	2,7
Erlend lán .....	1.350	1.300	1,3	2,0	2,7
<b>3. Tekin lán, nettó (1—2)</b> .....	<b>2.614</b>	<b>1.515</b>	<b>1,1</b>	<b>1,0</b>	<b>1,1</b>
Spariskírteini, nettó .....	380	500	0,5	0,5	0,5
Önnur innlend lán, nettó .....	290	615	—	-0,5	-0,9
Erlend lán, nettó .....	1.944	400	0,6	1,0	1,5
<b>4. Veitt ný lán</b> .....	<b>1.104</b>	<b>1.370</b>	<b>1,4</b>	<b>1,4</b>	<b>1,4</b>
Lán tengd innlendu verðlagi .....	—	—	—	—	—
Gengisbundin lán .....	1.104	1.370	1,4	1,4	1,4
<b>5. Innheimtar afborganir</b> .....	<b>1.846</b>	<b>1.825</b>	<b>2,0</b>	<b>2,2</b>	<b>2,2</b>
Af lánum tengdum innlendu verðlagi .....	756	1.016	0,9	0,8	0,7
Af gengisbundnum lánum .....	1.090	809	1,1	1,4	1,5
<b>6. Veitt lán, nettó (4—5)</b> .....	<b>-742</b>	<b>-455</b>	<b>-0,6</b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,8</b>
<b>7. Tekin lán, nettó umfram veitt lán, nettó (3—6)</b> .....	<b>3.356</b>	<b>1.970</b>	<b>1,7</b>	<b>1,8</b>	<b>1,9</b>
<b>8. Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>					
Tekin lán, nettó .....	1,8	1,0	0,7	0,6	0,6
Veitt lán, nettó .....	-0,5	-0,3	-0,4	-0,5	-0,5
Tekin lán, nettó, umfram veitt, nettó .....	2,3	1,3	1,1	1,1	1,1

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánnum ríkissjóðs á tímabilinu 1987—1990 byggir í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Teknum (veittum) lánnum ríkissjóðs í árslok 1985 samkvæmt lánaskrá, 2) teknum (veittum) lánnum á árinu 1986 samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1986, 3) teknum (veittum) lánnum 1987 miðað við forsendur þessa frumvarps og 4) teknum (veittum) lánnum 1988 og 1989 samkvæmt langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem hér er skýrð í 8. kafla.

Mikil óvissa ríkir um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu missirum. Áætlun um endurgreiðslur af skuldbindingum, sem ekki hefur nú þegar verið stofnað til, sem og þeim sem eru háðar breytilegum vaxtakjörum, verður ævinlega háð óvissu og ræðst af þróun lánsfjármarkaðarins.

Forsendur áætlunarinnar miða við að innlendra lána annarra en spariskírteina sé aflað með verðbréfa kaupum bankakerfis af ríkissjóði og séu þau með svipuðum kjörum og í ár, þ.e. verðtryggð til 5 ára með jöfnum árlegum afborgunum og 7% vöxtum. Þá er gert ráð fyrir að skuld ríkissjóðs í Seðlabanka verði skuldbreytt fyrir árlök 1986, þannig að ekki komi til afborgana á árinu 1987. Með þessu móti lækka afborganir ríkissjóðs um 960 m.kr. á árinu 1986. Miðað er við að hið nýja lán endurgreiðist með fimm jöfnum árlegum greiðslum, í fyrsta sinn 1988, og beri 7% vexti. Þá er miðað við að tekin erlend lán og gengisbundin veitt lán séu með breytilegum vöxtum og 10 ára lánstíma að meðaltali.

Breytilegir vextir hafa farið mjög lækkandi það sem af er þessu ári og eru ýmis teikn á lofti um jafnvel enn frekari lækkun. Til að mynda námu svonefndir LIBOR-vextir af dollarlánnum 8% frá ársbyrjun 1986 og fram í mars. Í apríl lækkuðu þeir þeir í 7% og í ágúst urðu þeir lægstir eða tæp 6%. Í september hafa þessir vextir hækkað aftur lítils háttar og eru í 6,25% í lok mánaðarins. Forsendur frumvarpsins eru þær að LIBOR-vextir af dollarlánnum nemi 7% á árinu 1987 en lækki síðan í 6,5% árið 1988 og haldist síðan óbreyttir út tímabilið. Það skiptir þjóðarbúið miklu hvernig breytilegir vextir þróast hverju sinni því að um 50% af erlendum skuldum þjóðarinnar eru háðar breytilegum vöxtum. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu lækkun vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum til um 350 m.kr. lækkunar á vaxtagreiðslu þjóðarinnar út á við á heilu ári. Hlutdeild erlendra skulda ríkissjóðs sem ber breytilega vexti er nokkru lægri en í erlendum skuldum þjóðarbúsins. Í árslok 1985 var þetta hlutfall um 41% og nú er útlit fyrir að hlutfallið hækki eitthvað á árinu 1986. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 130 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslubyrði annars vegar og innheimtu hins vegar af lánnum yfir tímabilið 1987—1990 (m.kr.):

**Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum  
ríkissjóðs 1987—1990**

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.					
	1987		1988		1989		1990	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
<b>A. Greiðslur af teknum lánnum</b>	<b>3.335</b>	<b>3.440</b>	<b>4,1</b>	<b>3,4</b>	<b>5,0</b>	<b>3,3</b>	<b>6,1</b>	<b>3,3</b>
1) Áhvílandi lán í árslok 1985	2.890	2.945	3,1	2,8	3,4	2,5	3,9	2,3
Seðlabanki Íslands	—	160	0,5	0,2	0,5	0,1	0,5	0,1
Innlausn spariskírteina	1.000	150	1,0	0,2	0,7	0,1	0,7	0,1
Gengisbundin lán innanlands	120	40	0,1	0,0	0,2	0,0	0,2	0,0
Önnur innlend lán	540	135	0,5	0,1	0,5	0,1	0,5	0,1
Erlend lán	1.230	2.460	1,0	2,3	1,5	2,2	2,0	2,0
2) Tekin lán 1986	445	195	0,5	0,1	0,5	0,1	0,5	0,1
Innlend lán	375	145	0,4	0,1	0,4	0,1	0,4	0,1
Erlend lán v/viðb.halla	70	50	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
3) Tekin lán 1987—1989	—	—	0,5	0,2	1,1	0,4	1,7	0,6
Innlend lán	—	—	0,3	0,1	0,7	0,2	1,1	0,3
Erlend lán	—	—	0,2	0,1	0,4	0,2	0,6	0,3
4) Yfirdráttur í Seðlabanka	—	300	—	0,3	—	0,3	—	0,3
<b>B. Innheimta af veittum lánnum</b>	<b>1.825</b>	<b>2.119</b>	<b>2,0</b>	<b>2,3</b>	<b>2,2</b>	<b>2,2</b>	<b>2,2</b>	<b>2,1</b>
1) Veitt lán í árslok 1985	1.695	1.260	1,7	1,2	1,7	1,0	1,6	0,9
Tengd innlendu verðlagi	916	377	0,8	0,4	0,7	0,4	0,6	0,3
Gengisbundin lán	779	883	0,9	0,8	1,0	0,6	1,0	0,6
2) Veitt lán 1986	130	109	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Tengd innlendu verðlagi	100	70	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Gengisbundin lán	30	39	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
3) Veitt lán 1987—1990	—	—	0,1	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
Gengisbundin lán	—	—	0,1	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
4) Dráttavextir af skammtíma kröfum	—	750	—	0,8	—	0,8	—	0,8
<b>C. Nettó-ústreymi afborgana og vaxta</b>	<b>1.510</b>	<b>1.321</b>	<b>2,1</b>	<b>1,1</b>	<b>2,8</b>	<b>1,1</b>	<b>3,9</b>	<b>1,2</b>

Niðurstöður framangreindra athugana benda til verulegs ústreymis umfram innstreymi af lánareikningum ríkissjóðs. Þannig nemur hrein greiðslubyrði ríkissjóðs 2.831 m.kr. vegna þessa eða ríflega 7% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987. Horfur um greiðslur á tímabilinu 1988—1990 benda til að þetta hlutfall fari hækkandi.

Að lokum er athyglisvert að endurgreiðslur erlendra lána sveiflast verulega yfir tímabilið. Þannig eru horfur á að erlendar afborganir ríkissjóðs nemi svipaðri fjárhæð á árunum 1987 og 1988 eða um 1,3 milljarða króna en hækki síðan verulega á næstu tveimur árum eða í 2,0 milljarða 1989 og í 2,7 milljarða á árinu 1990.

## 6.2 Staða ríkisábyrgða

Fram hefur komið að skuldbindingar ríkissjóðs á lánnum ná ekki aðeins til bókfærðra skulda, heldur einnig til ábyrgða á lánnum ýmissa aðila. Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförunum árum (m.kr.):

### Skráðar ríkisábyrgðir 1980—1985

Ár	Verðlag í lok hvers árs			Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir samtals, verðlag í árslok 1985
	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán		
1985	275	4.979	12.873	18.127	18.127
1984	302	4.006	10.355	14.663	18.046
1983	241	3.598	6.599	10.438	15.109
1982 <sup>1)</sup>	—	—	3.346	5.618	14.147
1981 <sup>2)</sup>	—	—	—	2.044	8.524
1980 <sup>2)</sup>	—	—	—	1.365	7.272

1) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.

2) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1985 jafngildir þetta 16,4% af VLF. Þar af nema gengisbundin lán rúm 70% og hefur hlutdeild þeirra aukist nokkuð í skráðum ábyrgðum á síðustu árum en þau voru tæp 60% af heildarábyrgðum ríkissjóðs í árslok 1982.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Við mat á áhættu þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila á láni með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og krafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum eða ekki. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á ríkisábyrgðum á tímabilinu 1982—1984 kemur í ljós að þær eru að langstærstum hluta með sjálfskuldarábyrgð eða 97—98% þeirra.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun ábyrgða í grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega einna þyngst í veittum ríkisábyrgðum (m.kr.):

#### Flokkun ríkisábyrgða 1980—1985 eftir skuldurum

Fast verðlag í árslok 1985

Ár	Framkvæmdasjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkun	Aðrir	Ábyrgðir samtals
1985	8.554	4.796	832	3.945	<b>18.127</b>
1984	7.384	5.081	1.012	4.569	<b>18.046</b>
1983	4.949	5.239	1.075	3.846	<b>15.109</b>
1982	3.637	6.058	1.147	3.305	<b>14.147</b>
1981	2.268	3.173	976	2.107	<b>8.524</b>
1980	1.875	3.524	1.213	660	<b>7.272</b>

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Hlutdeild þessara aðila í veittum ríkisábyrgðum var hæst árið 1980 eða rúm 90% en hefur verið tiltölulega stöðug hin árin eða á bilinu 74—78% af heildinni. Í dálkinum, sem ber heitið Aðrir, eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og einkaaðilar. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförunum árum. Útgjöld Ríkisábyrðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1980—1985 vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

**Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila  
lána með ríkisábyrgð 1980—1985**

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Innleystar kröfur .....	43	61	89	193	248	238
– Endurgreiðslur skuldara .....	–37	–61	–67	–91	–121	–204
Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs .....	6	0	22	102	127	34

Í árslok 1985 námu kröfur ríkissjóðs vegna vanskila ýmissa aðila við Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð alls 454 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum með hliðsjón af vanskilum í árslok 1984 (m.kr.):

**Kröfur ríkissjóðs vegna vanskila ýmissa aðila við  
Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð eftir málaflokkum**

	1984	1985
1. Hafnalán .....	13	15
2. Raforkulán .....	14	29
3. Fiskiðnaður .....	3	5
4. Togaralán .....	91	143
4. Samgöngur .....	77	162
5. Hitaveitulán .....	15	15
6. Landbúnaður .....	63	1
7. Aðrir .....	77	84
Samtals .....	353	454

Af heildarvanskilum við Endurlán ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð námu skuldir B-hluta fyrirtækja 153 m.kr. í árslok 1985 samanborið við um 70 m.kr. í árslok 1984.

**6.3 Veittar ríkisábyrgðir 1987**

Hér að framan hefur verið gefið yfirlit um stöðutölur ríkisábyrgða. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1987 miða við að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 3.140 m.kr. og skiptast þær þannig (m.kr.):

**Veittar ríkisábyrgðir 1987**

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	<b>500</b>
Landsvirkjun .....	400
Próunarfélag Íslands hf. ....	100
2. Sveitarfélög .....	<b>350</b>
3. Lánastofnanir .....	<b>2.230</b>
Framkvæmdasjóður Íslands .....	100
Fiskveidasjóður .....	840
Byggðastofnun .....	750
Iðnlánasjóður .....	440
Iðnþróunarsjóður .....	100
4. Atvinnufyrirtæki .....	<b>60</b>
Breiðafjarðarferja .....	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum .....	25
5. Samtals (1+...+4) .....	<b>3.140</b>

Í yfirlitinu felst að ráðgert er að veita opinberum aðilum ríkisábyrgðir fyrir lántökum að fjárhæð 850 m.kr. á árinu 1987, þar af eru 500 m.kr. til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og 350 m.kr. til hitaveitna sveitarfélaga. Fyrir þessum lántökum er gerð grein í kafla 7.2 þar sem er fjallað um opinberar framkvæmdir og lánsfjárráðstöfun á árinu 1987.

Þá eru ábyrgðarveitingar fyrir erlendum lántökum lánastofnana áætlaðar 2.230 m.kr. á árinu 1987. Í kafla 7.3 er fjallað um fjárfestingarlánasjóðina og lánsfjárpörf þeirra og vísast til þeirra skrifa. Hins vegar er rétt að taka fram að 840 m.kr. lántökuheimildir Fiskveiðasjóðs eru annars vegar 520 m.kr. vegna greiðsluhalla og hins vegar 320 m.kr. vegna útlána sjóðsins. Þá er heimild Bygðastofnunar til erlendra lántöku áætluð alls 750 m.kr., þar af er ráðgert að 300 m.kr. gangi til almennra útlána, 150 m.kr. til innlendra skipasmíðaverkefna og 300 m.kr. vegna sérstakra lánveitinga til fiskvinnslustöðva.

Að lokum er ráðgert að veita ríkisábyrgðir fyrir lántökum tveggja atvinnufyrirtækja að fjárhæð alls 60 m.kr. á árinu 1987. Annars vegar er fyrirhuguð 35 m.kr. erlend lántaka til að fjármagna 1. áfanga í smíði Breiðafjarðarferju. Hins vegar er 25 m.kr. heimild til ríkisábyrgðar fyrir erlendri lántöku Herjólfss hf. í Vestmannaeyjum vegna fyrirhugaðrar skipasmíði.

## 7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hafa Framkvæmdasjóður Íslands, Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1987 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1987, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

### 7.1 Heildarfjárfesting

Í spá fyrir árið 1986, sem gerð var í apríl 1986, var gert ráð fyrir að heildarfjárfesting yrði óbreytt frá fyrra ári. Þessi spá var endurskoðuð í ágúst og var niðurstaðan hin sama þegar á heildina er litið. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 4,9% og íbúðarbyggingar verði jafnmiklar og árið áður. Aftur á móti er talið að opinberar framkvæmdir dragist saman um 8,8%. Heildarfjármunamyndun er áætluð 28.900 m.kr. og talin nema 20,2% af landsframleiðslu. Hækkun byggingarvísitölu frá 1985 til 1986 er áætluð 23-24% en erlendur kostnaður er talinn hækka um 18%.

#### Fjármunamyndun 1986-1987

	Áætluð	Áætlun	Magnbreytingar	
	útkoma	1987	frá fyrra ári	
	1986	Verðlag	Áætluð	Áætlun
	Verðlag	í árslok	útkoma	1987
	ársins	1986	1986	1987
	M.kr.	M.kr.	%	%
1. Atvinnuvegir .....	15.060	15.169	4,9	-3,1
2. Íbúðarhús .....	6.490	7.570	0,0	10,0
3. Opinberar framkvæmdir .....	7.350	8.261	-8,8	6,0
4. Samtals .....	28.900	31.000	0,0	2,2
5. Fjármunamyndun sem hlutfall vergri landsframleiðslu .....	20,2%	20,1%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1987 muni aukast um 2,2% frá fyrra ári og nema 31.000 m.kr. á áætluðu verðlagi í árslok 1986. Hlutfall fjármunamyndunar er áætlað 20,1% af landsframleiðslu. Byggingarvísitala er talin hækka um 6% frá meðaltali 1986 til ársloka. Á árinu 1987 er talið að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 3,1%. Áætlað er að íbúðarbyggingar muni aukast um 10% vegna stórauðinna lána Húsnæðisstofnunar ríkisins. Opinberar framkvæmdir eru taldar aukast um 6% eftir rúmlega þriðjungssamdrátt árin 1982-1986.

**Atvinnuvegir.** Fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast saman um 3,1% árið 1987. Á árunum 1984-1986 varð aukning í fjárfestingu atvinnuveganna tæp 40%. Áætlað er að fjárfesting í landbúnaði dragist saman um 10% 1987 eftir um fjórðungs aukningu hvort árána 1985 og 1986. Stafar þessi aukning af byggingu fiskeldisstöðva. Fjármunamyndun í fiskveiðum er talin verða nær tvöfalt meiri 1986 en árið áður. Á árinu verður lokið við raðsmíðaskipin fjögur, sem verið hafa í byggingu nokkur síðustu ár, og mikið er um endurbætur skipa bæði innan lands og utan. Fjárfesting í fiskveiðum er talin verða svipuð bæði árin 1986 og 1987. Þetta eru kaup á einum skuttogara til landsins 1987. Fyrirhugaðar eru miklar endurbætur fiskiskipa sem framkvæmdar verða í Póllandi. Endurbætur voru gerðar á einum af japönsku skuttogurunum í ár. Endurbætur skipa innanlands eru taldar verða álíka miklar á næsta ári og í ár. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fiskvinnslufyrirtækja verði svipaðar bæði árin 1986 og 1987.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um kísilmálmverksmiðju en auknar líkur eru taldar á að samið verði við enska fyrirtækið Rio Tinto Zinc um byggingu hennar á Reyðarfirði og gætu framkvæmdir hafist á næsta ári. Endanleg ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr en síðar á árinu. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir 10% samdrætti framkvæmda í öðrum iðnaði. Árið 1985 voru framkvæmdir með mesta móti og var þá lokið við byggingu steinullarverksmiðju á Saudárkróki. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir 5% aukningu í þessari grein.

Fjármunamyndun í flutningatækjum er talin dragast saman um 11,7% á árinu 1987. Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús eru taldar dragast saman um 5%. Áætlað er að fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum verði álíka mikil árin 1986 og 1987.

**Íbúðarbyggingar.** Árið 1985 drógust íbúðarbyggingar saman um 15% og hafin var bygging fjórðungi færri íbúða en árið áður. Í ár er gert ráð fyrir svipuðum framkvæmdum og í fyrra. Á árinu 1987 er talin verða 10% aukning í framkvæmdum við íbúðarhús. Það var liður í kjarasamningunum í febrúar 1986 að stórauka lán Húsnæðisstofnunar ríkisins til íbúðabygginga. Hafa ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins verið samþykkt og tóku þau gildi 1. september 1986.

**Opinberar framkvæmdir.** Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera aukist um 6% árið 1987. Á árunum 1982-1986 drógust opinberar framkvæmdir saman um rúmlega þriðjung. Nær allur samdrátturinn stafar af samdrætti orkuframkvæmda.

Raforkuframkvæmdir eru taldar dragast saman um 11% 1987. Framkvæmdir Landsvirkjunar eru miðaðar við að Blönduvirkjun verði gangsett 1991. Áætlað er að hitaveituframkvæmdir aukist um 8% en vatnsveituframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar bæði árin 1986 og 1987. Samgönguframkvæmdir eru taldar aukast um 10,3%. Talið er að vegagerð verði álíka mikil 1987 og í ár en áætlað er að 8% aukning verði í gatna- og holræsagerð. Áætlað er að framkvæmdir við hafnir aukist um tæplega 80%. Lokið verður við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli á árinu 1987. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera aukist um 8,8%. Ákveðið er að stórauka framlög til byggingar þjóðarbókhjóðu á næstu þremur árum.



**Fjárfesting og atvinnuhorfur.** Í fjárfestingarspánni fyrir 1987 felst aukning í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er nemur 4-5%. Á þessu ári er gert ráð fyrir aukningu er nemur 1% en árið 1985 er talinn hafa orðið 4% samdráttur. Heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1987 ætti því að geta orðið álíka mikil og hún var á árinu 1984.

## 7.2 Opinberar framkvæmdir - opinber lánsfjárför

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 8.261 m.kr. á árinu 1987. Í því felast nokkur aukin umsvif miðað við yfirstandandi ár eða 6,0%. Þá ber að hafa í huga að opinberar framkvæmdir hafa dregist verulega saman á undanförunum árum. Þannig er útlit fyrir að þær dragist saman um 8,8% á árinu 1986 auk 10,5% samdráttar 1985 og 1,7% samdráttar 1984.

Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1987 sýna aukningu á öllum sviðum opinberrar mannvirkjagerðar nema raforkuframkvæmda en þær eru taldar dragast saman um 11%. Þannig eru horfur á að hita- og vatnsveituf framkvæmdir aukist um 5,9%, samgöngumannvirki um 10,3% og opinberar byggingar um 8,8%. Í töflu 11 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda nemur 26,7% af heildarfjárfestingu í landinu samanborið við áætlun um 25,4% árið 1986. Hlutdeild opinberra framkvæmda hefur dregist verulega saman á undanförunum árum eða úr þriðjungi heildarframkvæmda í um fjórðung. Tölur 12 - 17 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1987.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1987 (m.kr.):

### Fjármögnun opinberra framkvæmda 1987

	Áætluð fjárfesting 1987	Fjármögnun		
		Fjárveit- ing	Úr rekstri eða sjóðum	Lán- tökur
1. Raforku- og rafveituf framkvæmdir .....	1.085	63	522	500
2. Hita- og vatnsveitur .....	1.010	20	920	70
3. Samgöngumannvirki .....	4.126	1.430	2.176	520
4. Byggingar .....	2.040	1.225	815	—
5. Samtals .....	8.261	2.738	4.433	1.090
6. Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar .....	100,0	33,1	53,7	13,2

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema um þriðjungi heildarfjármögnunar þeirra eða um 2.738 m.kr. á árinu 1987. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri ríflega helming framkvæmdakostnaðarins eða 4.433 m.kr. Loks er miðað við að afla alls 1.090 m.kr. með beinum lántökum.

Veigamestu raforkuframkvæmdirnar árið 1987 eru á vegum Landsvirkjunar 550 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 175 m.kr. og sveitarfélaga 257 m.kr.

Hita- og vatnsveituf framkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 730 m.kr. og er miðað við að þær framkvæmdir verði fjármagnaðar að fullu með eigin tekjum fyrirtækjanna.

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í samgöngumannvirkjum á árinu 1987. Þar vega þyngst framkvæmdir við vega- og gatnagerð eða alls 2.204 m.kr. Þá er ráðgert að ljúka byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir í því skyni nema 988

m.kr. Að síðustu er áætlað að framkvæmdir hjá Pósti og símamálastofnuninni nemi 425 m.kr. og Ríkisútvarpi 138 m.kr. vegna byggingar útvarpshúss og kaupa á tækjabúnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Loks er áformað að verja 301 m.kr. til hafnargerðar og er þar um að ræða framhald framkvæmda frá yfirstandandi ári.

Fyrirhugað er að verja 2.040 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1987 og er það nokkur aukning miðað við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 8,8%. Stærstur hluti þessa fjármagns rennur til sjúkrahúsa eða 770 m.kr. og 860 m.kr. til byggingar skóla og íþróttamannvirkja.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun einstakra opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986, og áætlun frumvarpsins 1987 (m.kr.):

### Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986 og 1987

	Lánsfjár- lög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Láns- fjár- áætlun 1987
<b>1. Ríkissjóður, A-hluti</b> .....	<b>6.125</b>	<b>4.850</b>
Par af endurlánað til B-hluta .....	960	1.370
Byggingarsjóður ríkisins .....	150	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	400	750
RARÍK, almennar framkvæmdir .....	90	100
Orkusjóður .....	20	-
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli .....	300	520
<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b> .....	<b>560</b>	<b>500</b>
Landsvirkjun .....	540	400
Orkubú Vestfjarða .....	20	-
Próunarfélag Íslands hf. ....	-	100
<b>3. Sveitarfélög</b> .....	<b>130</b>	<b>350</b>
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness .....	60	.
Hitaveita Akureyrar .....	40	.
Fjarhitun Vestmannaeyja .....	10	.
Hitaveita Egilsstaða og Fella .....	6	.
Hitaveita Reykjahlíðar .....	6	.
Aðrar hitaveitur .....	8	.
<b>4. Ráðstöfun (1+ 2+3) = Fjáröflun (5+6)</b> .....	<b>6.815</b>	<b>5.700</b>
<b>5. Innlend fjáröflun</b> .....	<b>3.575</b>	<b>3.150</b>
Útgáfa spariskírteina .....	2.100	1.500
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða .....	625	-
Verðbréfa kaup bankakerfis .....	850	1.650
<b>6. Erlendar lántökur</b> .....	<b>3.240</b>	<b>2.550</b>
Ríkissjóður .....	2.550	1.700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	560	500
Sveitarfélög .....	130	350

Lánsfjáröflun opinberra aðila er áformuð alls 5.700 m.kr. á árinu 1987. Þar af er ráðgert að afla 3.150 m.kr. innanlands og 2.550 m.kr. með erlendum lántökum. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2.930 m.kr. Erlendar lántökur opinberra aðila eru því í fyrsta sinn um árabil neikvæðar, þ.e. afborganir umfram lántökur, um 380 m.kr. á árinu 1987.

Í athugasemdunum hér að framan hefur framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B-hluta ríkissjóðs þegar verið gerð skil. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

**Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs.** Lántökur þessara aðila eru áætlaðar alls 500 m.kr. á árinu 1987. Samsvarandi lántökur í ár nema 560 m.kr. samkvæmt lánsfjárlögum 1986.

Eins og á undanförunum árum vegur lántaka Landsvirkjunar þyngst eða 400 m.kr. á árinu 1987. Ráðgerðar framkvæmdir fyrirtækisins nema 550 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins á næsta ári verða einkum við jarðgangnagerð og byggingu stöðvarhúss við Blöndu í samræmi við gildandi verksamninga. Miðað er við að fyrirtækið skili 150 m.kr. úr eigin rekstri upp í framkvæmdir á árinu 1987. Að lokum miða áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1.285 m.kr., þar af eru 763 m.kr. af erlendum lánnum. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.733 m.kr. á árinu 1987, þar af eru 1.383 m.kr. til útlanda.

Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema 40 m.kr. á árinu 1987 og munu þær að fullu fjármagnaðar úr rekstri. Í kjölfar kjarasamninganna í febrúar síðast liðnum var verðjöfnunargjald af raforku fellt niður en Orkubú Vestfjarða hefur á liðnum árum fengið 20% af þessum tekjustofni í sinn hlut til að bæta rekstrarstöðu sína. Að undanförunu hefur starfað nefnd á vegum fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra sem hefur meðal annars skodað afkomumöguleika fyrirtækisins til langs tíma. Niðurstaða nefndarinnar fól í sér tillögu þess efnis að ríkissjóður yfirtaki áhvílandi skuldir fyrirtækisins, um 900 m.kr., til að bæta því upp tekjumissinn af verðjöfnunargjaldinu og veiti Orkubúinu lán á móti að fjárhæð 400 m.kr. til 25 ára. Með þessu móti er reynt að létta greiðslubyrði fyrirtækisins og tengja hana líftíma mannvirkja þess.

Próunarfélagi Íslands hf. er ætluð 100 m.kr. lántökuheimild á árinu 1987. Áætluð lántaka félagsins í ár nemur 190 m.kr. og er það út á óráðstafaða heimild þess frá árinu 1985. Með lögum nr. 3/1986 var felld niður 100 m.kr. lántökuheimild félagsins í lánsfjárlögum 1986. Samkvæmt 3. tl. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta 380 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1987.

**Sveitarfélög.** Á undanförunum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum.

Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Því hefur ekki verið tekin ákvörðun um ábyrgðarveitingar til einstakra veitna. Áður en heimild til ríkisábyrgðar verður veitt er nauðsynlegt að fjármál þessara fyrirtækja verði könnuð frekar og á grundvelli þess tekin ákvörðun um heimildir einstakra veitna til lántöku á árinu 1987. Gengið er út frá að erlendar lántökur sveitarfélaga nemi eigi hærri fjárhæð en 350 m.kr. á árinu 1987 og er sú fjárhæð óskipt að svo stöddu.

### 7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 16 að tölu og þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 7.938 m.kr. á árinu 1987, þar af íbúðalánasjóðir 4.441 m.kr. eða 56% og atvinnuvegasjóðir 3.497 m.kr. eða 44%. Er þetta 4% hærra fjárhæð en áætluð útlán 1986 samkvæmt lánsfjáráætlun það ár eftir umfjöllun og breytingar Alþingis, sbr. lög nr. 3/1986. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 24,7% en lækkun atvinnuvegasjóða nemur 14,7%. Til að standa undir útlánnum þurfa sjóðirnir að taka að láni 6.644 m.kr. Þeir fá framlög og skatttekjur er nema 2.156 m.kr. en eigin fjármögnun þeirra verður neikvæð um 862 m.kr.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Hluti lánsfjár í heildarútlánnum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförunum árum stærsti þátturinn í fjármögnun þeirra. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánnum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 83,7% á árinu 1987. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli einstakra sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðisjóður sig úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1987 um 650 m.kr. Önnur fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun í heild skilar engu til nýrrar ráðstöfunar.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförunum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegum lánsfjár. Jafnframt hefur að undanförunni verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsæri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er komin í viðunandi horf.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1986 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 2.030 m.kr. Á árinu 1987 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni 3.480 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða sem skiptist þannig að íbúðarlánasjóðir fá 3.440 m.kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. Talið er að þetta jafngildi um 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, en áætlað ráðstöfunarfé þeirra 1987 nemur 6.258 m.kr.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir hafi sjálfir heimild til að annast eigin lántöku. Sjóðunum er því í sjálfsvald sett hvernig þeir standa að lántökumálum sínum. Þetta er stefnubreyting. Fram að þessu hefur Framkvæmdasjóður í aðalatriðum haft milligöngu um lántökur atvinnuvegasjóðanna. Þessi stefna byggðist á því að hagkvæmara sé að láta einn aðila um lántökurnar en dreifa þeim á marga staði, ekki síst að því er varðar erlendar lántökur.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum og lánamálum byggist hins vegar á því að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna var ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmdasjóð, heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmstu kjörum sem bjóðast og er fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna því sýnd í meðfylgjandi töflum í samræmi við það. Hámark er sett á bæði innlenda og erlenda lántöku hvers sjóðs.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1987 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 20 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Áætlað er að lántökur Framkvæmdasjóðs hjá viðskiptabönkunum nemi 400 m.kr. á árinu 1987.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 664 m.kr. á árinu 1987, þar af 484 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmasjóður þurfa að taka erlend lán er nema 100 m.kr. og áætlað er að innlend fjáröflun sjóðsins, önnur en framangreind lántaka hjá viðskiptabönkunum, nemi 64 m.kr. á árinu 1987.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður mjög mikill á árinu 1987. Sjóðurinn áætlar að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 960 m.kr. Hugsanlega má lækka þann halla með lækkun sjóðsinnstæðu um 50 m.kr. og sé ekki reiknað með vaxtaafslætti, skuldbreytingum á lánum eða aukningu á vanskilum á árinu 1987 má hugsanlega auka innheimtu af lánum um 260 m.kr. Eigin fjármögnun sjóðsins yrði þá neikvæð um 650 m.kr. Greiðsluhalli sjóðsins yrði sama fjárhæð, þar sem með nýjum lögum um útflutningsgjald falla nú niður tekjur sjóðsins af FOB-verði útfluttra sjávarafurða. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 520 m.kr. og afli lánsfjár innanlands að fjárhæð 130 m.kr. Útlán Fiskveiðasjóðs 1987 eru áætluð 400 m.kr. í beinar lánveitingar, sem fjármagnaðar verða með 320 m.kr. erlendum lánum og 80 m.kr. innlendu lánsfé, og áætlað er að yfirtekin erlend lán vegna tækja, viðgerða og breytinga o.fl. á fiskiskipum nemi 760 m.kr. Útlán sjóðsins verða þá samtals 1.160 m.kr. á árinu. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa, né heldur vegna innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis, þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 72/1985.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 597 m.kr. 1987. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 300 m.kr. og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, um 95 m.kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 992 m.kr. á árinu 1987. Þessu til viðbótar koma síðan lán Bygðastofnunar og Þróunarfélagsins hf. til iðnaðar.

Erlend lántaka Bygðastofnunar vegna almennra lána er samkvæmt lánsfjáraætlun 1987 300 m.kr. og getur stofnunin þá veitt lán og styrki í þeim flokki að fjárhæð 480 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin taki erlent lán vegna innlends skipasmíðaiðnaðar að fjárhæð 150 m.kr. Þá var ákveðið á árinu 1986 að veita fiskvinnslufyrirtækjum 300 m.kr. fyrirgreiðslu vegna rekstrarerfiðleika. Seðlabanki féllst á tímabundna fjármögnun þar til heimildar yrði aflað til erlendar lántöku. Óvíst er hve stór hluti kemur til greiðslu fyrir áramót en sótt er um heimild til lántökunnar í lánsfjárlagafrumvarpi 1987. Útlán stofnunarinnar á árinu 1987 gætu því numið samtals 930 m.kr.

Hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur verið ákveðin lenging á lánstíma á lánum til bænda vegna erfiðrar fjárhagsstöðu margra þeirra. Þá er ákveðið að deildin yfirtaki lausaskuldalán bænda við Veðdeild Búnaðarbankans og taki að sér að kosta forfallþjónustu bænda. Eigið ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar landbúnaðarins verður vegna þessa neikvætt árið 1987 um 67 m.kr. Ráðgert er að Framkvæmasjóður veiti deildinni 300 m.kr. lán á árinu og að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni 40 m.kr. lán í samræmi við ákvæði laga. Útlán deildarinnar á árinu gætu þá numið 273 m.kr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins fær nú aukið hlutverk í fjármögnun á fjárfestingu í landbúnaði. Ráðstöfunarfé sjóðsins, sem að meginstofni til er framlag úr rikissjóði, nemur

240 m.kr. Sjóðurinn mun á árinu 1987 greiða með ýmsum hætti fyrir búháttabreytingum, meðal annars með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnutækifærum.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 100 m.kr. til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið. Útlán Ferðamálasjóðs á árinu munu nema sömu eða svipaðri fjárhæð þar eð eigið ráðstöfunarfé er ekki umtalsvert. Á árinu 1986 voru útlán Ferðamálasjóðs áætluð um 48 m.kr.

Loks er þess að geta að Framkvæmdasjóður hefur á árinu 1986 lánað fé til nokkurra fiskeldisfyrirtækja. Lágmarksþarfir til útlána 1987 eru 180 m.kr.

#### 7.4 Innlend lánsfjáröflun og bankakerfi

Um árabíl hefur framboð á innlendu lánsfé verið minna en eftirspurn opinberra aðila og atvinnuvega. Innlendir lánsfjármarkaður hefur tekið verulegum breytingum í kjölfar verðtryggingar og hærri raunávöxtunar og gegnir hann nú vaxandi hlutverki varðandi útvegum lánsfjár til langs tíma.

Ný lög og reglur setja nú sterkan svip á lánsfjármál og starf bankanna. Á miðju ári 1985 voru settar reglur um Verðbréfaþing Íslands og ný lög nr. 86 og 87/1985 um viðskiptabanka og sparisjóði tóku gildi í ársbyrjun 1986. Þá ganga í gildi ný lög, nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, frá og með 1. nóvember næstkomandi og ný lög um Húsnæðisstofnun og fjármögnun byggingarsjóðanna tóku gildi 1. september á þessu ári. Loks er að nefna að á síðasta þingi var frumvarp um dráttarvexti o.fl. lagt fram til kynningar á Alþingi.

Nýju löginn um bankakerfið færa m.a. vaxtaákvörðun að fullu til banka og sparisjóða en svigrúm þeirra til vaxtaákvörðunar hefur verið aukið á síðustu árum. Frjálsræði til vaxtaákvörðunar ásamt hjöðnun verðbólgu mun væntanlega verða til þess að fjárskuldbindingar til skamms tíma beri raunvexti ekki síður en lán til lengri tíma.

Ríkisstjórnin hefur sett að markmiði sem næst hallalaus viðskipti við útlönd á árinu 1987. Tekjuhalli ríkissjóðs er talinn verða um eitt prósent af landsframleiðslu og auknu innlendu sparifé er beint til byggingarsjóðanna. Þessi atriði valda verulegu álagi á innlendan lánamarkað og má m.a. ætla að vextir verði enn um sinn allhár af þessum sökum. Samningar við lífeyrissjóðina um vexti á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar 1987 gefa þó vísbendingu um það að vextir á langtímaskuldum fari lækkandi en samkomulag náðist um 6,25%.

*Spariskírteini og ríkisvixlar.* Stefnt er að sölu spariskírteina ríkissjóðs 1987 fyrir 500 m.kr. umfram innlausn og er hún áætluð um 1000 m.kr. Um innlausnina ríkir nokkur óvissa. Á yfirstandandi ári hefur sala nýrra spariskírteina gengið vel, einkum fyrri hluta ársins er raunvextir voru 7-9%. Með starfsemi Verðbréfaþings Íslands eflist vettvangur fyrir viðskipti með eldri spariskírteini, þannig að eigendur eiga auðveldara með að selja þau þótt ekki sé komið að innlausn. Má ætla að þetta auki vinsældir spariskírteina ríkissjóðs, auk þess sem viðskiptin gefa mikilvæga vísbendingu um markaðsverð bréfa og markaðsvexti.

Ríkisvixlar voru síðast seldir árið 1984. Slíkir pappírar henta til að mæta árstíðabundinni fjárþörf ríkisins eða öðrum skammtímasveiflum enda er lánstíminn gjarnan aðeins fáir mánuðir. Sé þeim vel tekið má byggja upp nokkurn stofn ríkisvixla sem má nýta til að mæta fjárþörf ríkissjóðs til lengri tíma. Nú er talinn betri grundvöllur fyrir sölu ríkisvixla en var 1984. Mikil aukning verðbólgu undir lok þess árs olli verulegri óvissu og eyðilagði markaðinn fyrir óverðtryggðar skuldbindingar eins og ríkisvixlar eru. Ráðgert er að bjóða almenningi, og þá ekki síst bankakerfinu, ríkisvixla til kaups á árinu 1987.

*Verðbréfakaup lífeyrissjóða* eru einn veigamesti liður innlendar lánsfjáröflunar. Undanfarnir ár hafa lög kveðið á um að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða skuli varið til

Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

21

kaupa á verðbréfum viðurkenndra fjárfestingarlánasjóða. Á árinu 1985 var talið að hlutfall þetta hafi í reynd numið 34% og 32% á árinu 1984. Með lögum nr. 54/1986 var breytt eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og eru nú lánveitingar til einstaklinga tengdar skuldabréfakaupum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs af Húsnæðisstofnun. Þannig fær einstaklingur aðeins hámarkslán hjá stofnuninni að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðrum kosti fær lánþeginn skerta lánsfjárhæð í samræmi við ákvæði laganna.

Á yfirstandandi ári er talið að lífeyrissjóðir verji um 50% ráðstöfunarfjár síns í verðbréfakaup af fjárfestingarlánasjóðum. Þetta hlutfall er mjög óvíst þar sem samningar um kaup margra lífeyrissjóða eru enn ófrágengnir.

Áætlað er að iðgjöld af launagreiðslum til lífeyrissjóða aukist á þessu og næstu árum, vegna breytinga á iðgjaldsstofni í samræmi við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári. Með þetta í huga og líklegar kauptaxtabreytingar til ársloka 1986 er spáð um 22,4% hærri iðgjaldtekjum lífeyrissjóða á árinu 1987 en í ár. Endurgreiðslur af veittum lánnum lífeyrissjóðanna vaxa hins vegar hægar. Útlán sjóðanna hafa að vísu verið verðtryggð hin síðari ár en hækkunar raunvaxta að undanfögnu gætir þó enn lítið þar sem takmarkaður hluti fyrri lána ber hina háu raunvexti. Reynist verðbólga svo lág sem að er stefnt er talið að endurgreiðslur af veittum lánnum verði um 14,6% hærri 1987 en á þessu ári. Ráðstöfunarfé sjóðanna verður því alls um 6.258 m.kr. eða 19% hærra en talið er að það verði í ár. Miðað er við að 55% ráðstöfunarfjárins eða um 3.440 m.kr. renni til byggingarsjóðanna á árinu 1987.

Óvíst er hvernig lífeyrissjóðir muni verja þeim 45% ráðstöfunarfjárins sem byggingarsjóðir gera ekki tilkall til. Enn um sinn munu sjóðfélagar nýta lánsrétt sinn hjá sjóðunum í einhverjum mæli en jafnframt má búast við því að lífeyrissjóðir leiti í auknum mæli á verðbréfamarkaði og kaupi bæði skuldabréf opinberra aðila og atvinnufyrirtækja.

*Verðbréfakaup bankakerfis* af opinberum aðilum hafa þróast inn á nýjar brautir á árinu 1986. Á árinu var samið við banka og sparissjóði um kaup á sérstökum bréfum af Seðlabankanum vegna lánsfjárfarfar ríkissjóðs. Eru bréfin til 5 ára. Áætlað er að heildarfjárhæðin verði um 790 m.kr. auk þess sem innlánsstofnanir keyptu spariskírteini ríkissjóðs snemma á árinu fyrir um 60 m.kr.

Í lánsfjáráætlun 1987 er ráðgert að afla ríkissjóði 1.650 m.kr. lánsfjár frá bönkum og sparissjóðum. Eru þá meðtaldir ríkisvíxlar sem innlánsstofnanir gætu keypt á frjálsum markaði. Áætlaðar afborganir til innlánsstofnana 1987 af lánnum teknum 1986 nema um 80 m.kr. Hrein aukning lána til ríkissjóðs yrði því um 1.570 m.kr. Þetta er veruleg hækkun frá yfirstandandi ári og takmarkar getu innlánsstofnana til að veita önnur lán á næsta ári. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að lána til langs tíma sé í auknum mæli aflað innanlands.

Viðskiptabankarnir hafa á undanförunum árum veitt Framkvæmdasjóði nokkra lánsfjárfyrirgreiðslu með því að kaupa af honum verðbréf til 10 ára sem svarar tilteknum hluta innlánsaukningar. Undanfarin ár hefur verið miðað við 4% af aukningu innlána en í reynd hefur framkvæmdin verið sveigjanleg. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að ný lán af þessum toga verði um 380 m.kr. á móti um 100 m.kr. afborgunum eldri lána. Á árinu 1987 er stefnt að því að bankar kaupi skuldabréf af Framkvæmdasjóði fyrir um 400 m.kr. en afborganir eldri lána eru áætlaðar um 180 m.kr.

Fram er komið að bankakerfið er í auknum mæli að verða ein veigamesta uppspretta innlends lánsfjár bæði fyrir ríkissjóð, Framkvæmdasjóð og að sjálfsögðu fyrir atvinnuvegi og einstaklinga. Skal hér gerð stutt grein fyrir peningamálaáætlun fyrir árið 1987.

Á yfirstandandi ári hafa innlán í bankakerfinu aukist verulega umfram útlán. Líklegt er að meðaltal peningamagns og sparifjár verði rúmlega 32% af landsframleiðslu 1986 samanborið við um 30% 1985. Á meðan raunvextir haldast háir má búast við að þetta hlutfall hækki en það féll undir 20% á verðbólguárunum. Ráðstöfunarfé bankakerfisins er því ört vaxandi. Bankakerfið mun því verða færara en áður að veita opinberum aðilum og atvinnuvegum nauðsynlega lánsfjárfyrirgreiðslu.

Eftirfarandi tafla sýnir dæmi um helstu peningamálastærðir 1987. Miðað er við að verðbólga verði 3% frá upphafi til loka ársins 1987, landsframleiðsla aukist um 2,2% og að meðalinnlánsvextir verði um 5%.

### Peningamálaáætlun 1986 og 1987

	Staða 31.12.85 m.kr.	Hreyfing frá upphafi til loka árs		Hreyfing milli ára	
		Áætlun 1986 m.kr.	Dæmi 1987 m.kr.	Áætlun 1986 %	Dæmi 1987 %
1. Erlend skammtímaáætlun banka- kerfisins, nettó .....	3.838	3.400	1.660		
2. Innlendir liðir, nettó .....	48.014	6.600	4.790	13,7	8,8
<b>3. Samtals (1+2) = (4+5) .....</b>	<b>51.852</b>	<b>10.000</b>	<b>6.450</b>		
4. Peningamagn og sparifé .....	39.228	9.700	5.800	24,7	11,9
5. Löng erlend lán til endurlána ...	12.624	300	650		

